

23

Aðstæður margra bænda eru í raun mjög streituvaldandi



26

Auka þarf virði ullarinnar



32–34

Hættu rekstri þúsund kinda fjárbús og sneru sér alfarið að ferðaþjónustu

# Bændablaðið

4. tölublað 2019 • Fimmtudagur 28. febrúar • Blað nr. 533 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Um 250 manns mættu á opinn fund Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi miðvikudagskvöldið 25. febrúar þar sem ráðherra kynnti frumvarp sitt um innflutning á ófrosnu kjöti til landsins. Mjög skiptar skoðanir voru um málefnið á fundinum þótt ráðherra hafi ekki verið „jarðaður" á fundinum eins og sumir töldu jafnvel að myndi gerast fyrir fundinn. Í upphafi fundar var ráðherra færð áskorun formanna 42 félagasamtaka bænda til ríkisstjórnar Íslands þar sem fram kemur að bændur leggist alfarið gegn frumvarpi ráðherra sem felur í sér heimild til þess að flytja inn hrátt ófrosið kjöt og fersk egg. – Sjá nánar um fundinn á bls. 4. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

### Grafalvarleg staða vegna aukinnar útbreiðslu ofurbakteríu:

# „Því miður eru sýklalyfin að hætta að virka"

## – segir Lance Price, prófessor við George Washington-háskóla

**Á fundi um lýðheilsu og matvæli sem haldinn var í Súlnasal Hótel Sögu þann 21. febrúar kom fram að nýgengi smits af völdum ofurbaktería vegna ofnotkunar sýklalyfja víða um heim fer hratt vaxandi. Því fylgir ört hækkandi dánartíðni.**

Lance Price, prófessor við George Washington-háskóla í Bandaríkjunum, og Karl G. Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands, fluttu þar erindi og sögðu stöðuna á Íslandi einstaka á heimsvísu. Því væri afar mikilvægt að verja þá stöðu með öllum tiltækum ráðum.

*Fundur í skugga lagafrumvarps*

Fundurinn, sem haldinn var að frumkvæði Framsóknarflokksins, var á sama tíma og landbúnaðarráðherra var að hefja kynnningu á frumvarpi til laga um innflutning á fersku ófrosnu kjöti og eggjum. Frumvarpið tekur til breytinga á lögum um dýrasjúkdóma, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með þessu frumvarpi er ríkisvaldið að mæta niðurstöðum EFTA-dómstóls og Hæstaréttar Íslands um að Íslendingum sé óheimilt vegna aðildar að EES að beita viðskiptahindrunum við innflutning á matvælum, m.a. með því að hafa frystiskyldu á fersku kjöti.

Lance Price og Karl bentu á að staðan væri jafnvel enn alvarlegri á heimsvísu en ella þar sem æ fleiri gerðir af sýklalyfjum væru að verða óvirk vegna stöðugt öflugri ofurbaktería. Sagði Price að mikið andvaraleysi ríkti um þessa stöðu í heiminum. Af og til kæmi í fréttum frásagnir af nýjum ofurbakteríum, en þær fréttir hyrfu fljótt og svo virtist sem fólk héldi að þar með væri búið að kippa málum í liðinn og allt væri orðið eðlilegt á ný. Veruleikinn væri allt annar. Ofurbakteríurnar væru bara ekkert á förum og ástandið sé stöðugt að versna. Þá sjái lyfjafyrirtækin ekki heldur næga gróðavon í að setja af stað kostnaðarsama þróunarvinnu við hönnun nýrra og öflugri sýklalyfja. Þess vegna eru engin ný slík lyf að koma á markaðinn.

*Sýklalyfin að hætta að virka*

„Því miður eru sýklalyfin að hætta að virka og við að verða uppiskroppa með úrræði. Það er heldur ekki verið að framleiða nein ný lyf sem duga. Við stefnum því inn í stöðu eins og var fyrir tíma sýklalyfjanna.

Við erum að fara inn í tíma þar sem við getum ekki lengur læknað jafnvel algengustu sýkingar eins og í þvagblöðru með hefðbundnum sýklalyfjum. Nú eru komnar bakteríur sem hafa þol gegn þessum lyfjum. Þegar ekki er hægt að stöðva sýkinguna og drepa bakteríuna í þvagblöðrunni, þá fer hún upp í nýrun og þaðan út í blóðið og drepur viðkomandi."

Sagði hann stöðuna í þessum efnum hafa gjörbreyst á undanförnum tíu árum. Eftir því sem sýkingarnar yrðu erfiðari, þá yrði stöðugt kostnaðarsamara fyrir heilbrigðiskerfið að meðhöndla sjúklingana og það leiddi til fleiri dauðsfalla. Þess vegna sé afar mikils virði ef hægt sé að koma í veg fyrir að þetta ástand skapist og þar séu Íslendingar enn í einstakri stöðu á heimsvísu.

„Nú er áætlað að 100 þúsund Bandaríkjamenn deyi árlega vegna smits frá lyfjaónæmum bakteríum," sagði dr. Lance Price.

***– Sjá viðtal við Lance Price á bls. 24 og umfjöllun á bls. 28–29** /HKr.*

### Bændasamtök Íslands:

# Sindri Sigurgeirsson lætur af formennsku

**Sindri Sigurgeirsson, sem verið hefur formaður Bændasamtaka Íslands frá 2013, hefur óskað eftir því að stíga til hliðar. Hann tekur við nýju starfi í apríl sem svæðisstjóri Arionbanka á Vesturlandi með aðsetur í Borgarnesi. Í ljósi þeirra breytinga lætur hann af öllum trúnaðarstörfum fyrir samtök bænda.**



Sindri Sigurgeirsson.



Guðrún Tryggvadóttir.

„Um þessar mundir er ég búinn að starfa að félagsmálum bænda í um tuttugu ár. Þetta hefur verið lærdómsríkur tími og gríðarmiklar breytingar orðið. Þau sex ár sem ég hef verið formaður Bændasamtakanna hafa verið annasöm og krefjandi en umfram allt skemmtilegur tími. Oft hefur blásið hressilega á móti í umræðu um landbúnaðarmál en alltaf er jafn ánægjulegt að sjá hvað velvild almennings er mikil gagnvart íslenskum bændum. Á þessum tíma hef ég kynnst mörgu fólki úr öllum greinum samfélagsins, með mismunandi skoðanir á öllu því sem tengist landbúnaði. Öllu þessu fólki vil ég þakka gott samstarf og hressileg skoðanaskipti. Samstarfsfólki mínu og framvarðasveit landbúnaðarins þakka ég kærlega fyrir frábært samstarf," segir Sindri Sigurgeirsson.

Við formannsembættinu tekur þann 1. mars núverandi varaformaður samtakanna, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti í Bárðardal í S-Þingeyjarsýslu. Guðrún er menntaður kennari en rekur sauðfjárbú í Svartárkoti með systur sinni og fjölskyldum þeirra. Þar er einnig rekið menningar- og fræðslusetur auk ferðaþjónustu í Kiðagili í sömu sveit.

Guðrún er fyrsta konan til að gegna formennsku í heildarsamtökum bænda á Íslandi, allt frá því að þau fyrstu voru stofnuð undir nafninu „Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag" árið 1837. Bændasamtök Íslands voru stofnuð í núverandi mynd árið 1995.

Við þessar breytingar verður einnig breyting á stjórn Bændasamtakanna. Guðrún Lárusdóttir, bóndi í Keldudal í Hegranesi í Skagafirði, sem er fyrsti varamaður í stjórn, tekur sæti í aðalstjórn frá 1. mars. Guðrún Lárusdóttir er einnig formaður Búnaðarsambands Skagfirðinga.

FRÉTTIR

Innflutningsmálin:

# Fundaröð ráðherra

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra stendur nú fyrir fundaröð á landsbyggðinni þar sem frumvarp atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins varðandi innflutning á búvörum – þar á meðal ófrystu kjöti, hráum eggjum og ógerilsneyddri mjólk – er til umræðu. Frumvarpið liggur í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar til 6. mars.**

Talið er að um 250 manns hafi sótt fyrsta fundinn, sem haldinn var í Þingborg í Flóa á mánudaginn en síðasti fundurinn verður haldinn í Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum þriðjudaginn 5. mars. */smh*

**Fundadagskráin er eftirfarandi:**

- Fimmtudagur 28. feb. kl. 12.00: Þjóðminjasafnið, Reykjavík.
- Fimmtudagur 28. feb. kl. 20.00: Félagsheimilið Hlíðarbær, Hörgársveit.
- Mánudagur 4. mars kl. 20.30: Hótel Hamar, Borgarnesi.
- Þriðjudagur 5. mars kl. 20.00: Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum.



**Fundargestir í Þingborg.** Mynd / MHH

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# Ársfundur BÍ 15. mars

**Ársfundur Bændasamtaka Íslands verður haldinn á Hótel Örk í Hveragerði föstudaginn 15. mars nk. Hætt var við áður auglýstan fundartíma og viðburðinum frestað um viku vegna yfirvofandi verkfalls Eflingarfólks sem starfar í hótelgeiranum.**

Hefðbundin aðalfundarstörf hefjast klukkan 9.00 og standa til hádegis. Eftir hádegi, klukkan 13.00, hefst opin ráðstefna þar sem umfjöllunarefnið er sérstaða íslensks landbúnaðar. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun ávarpa gesti og í kjölfarið verða haldin erindi, meðal annars um smitsjúkdóma og sýklalyfjaónæmi, viðhorf til matvælaframleiðslu og lýðheilsu, lífræna ræktun og nýsköpun til sveita.

Um kvöldið kl. 20.00 verður blásið í veislulúðra og haldin bændahátíð á Hótel Örk þar sem íslenskar búvörur verða í öndvegi. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og heimamaður í Hveragerði, sér um veislustjórn. Sólmundur Hólm og fleiri skemmtikraftar stíga á svið og ballhljómsveitin Allt í einu leikur fyrir dansi.

Miðapantanir á bændahátíðina eru á vefnum bondi.is en viðburðurinn er nánar auglýstur á bls. 5 hér í blaðinu. */TB*



Rósa Birna Þorvaldsdóttir sýndi stóðhestinn Ellert frá Baldurshaga en hann er eini hesturinn í heiminum sem er ýruskjóttur. Átta folöld komu undan Ellerti síðasta sumar, fjögur þeirra eru ýruskjótt. Myndir / MHH

Hrossaræktarsamtök Suðurlands með fræðslusýningu fagaðila í hestamennsku:

# „Púlsinn“ tókst frábærlega í Ölfushöllinni

**„Púlsinn“, viðburður sem Hrossaræktarsamtök Suðurlands stóðu fyrir í Ölfushöllinni laugardaginn 23. febrúar, tókst frábærlega.**

„Já, við erum mjög sátt við daginn sem tókst vel og er vonandi kominn til að vera,“ segir Sigríkur Jónsson, formaður samtakanna. Á deginum komu hestamenn saman á fræðslusýningu fagaðila í hestamennsku þar sem almenningi og öðrum gafst kostur á að fá innsýn í heim þeirra sem hafa lifibrauð sitt af hestamennsku. */MHH*



Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, setti „Púlsinn“ með því að fara nokkra hringi í reiðhöllinni á hestvagni og hvetja hestamenn til dáða.



Ólafur Andri Guðmundsson og Máfur frá Kjarri voru með flotta stóðhestasýningu þar sem Ólafur Andri fór vel yfir kosti hestsins og svaraði fyrirspurnum áhorfenda.

Afgerandi meirihluti, eða 89,41%, mjólkurframleiðenda vill ekki afnema kvótakerfið:

# Mikilvægt veganesti fyrir okkur inn í framtíðina

– segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda

**Niðurstaða er fengin í atkvæðagreiðslu mjólkurframleiðenda um framtíð kvótakerfis í mjólkurframleiðslu. Mikill meirihluti, eða 89,41%, vill ekki afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu.**

„Þessi skýra niðurstaða er gott og mikilvægt veganesti fyrir okkur inn í framtíðina,“ sagði Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, þegar niðurstöður lágu fyrir.

***88,35% innleggjenda greiddu atkvæði***

Atkvæðagreiðslan var rafræn og stóð yfir í eina viku, en lauk í dag kl. 12.00. Hún fór fram í samræmi við ákvæði gildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Hver mjólkurframleiðandi hafði eitt atkvæði án tillits til fjölda aðstandenda að búinu, aðildar að Bændasamtökum Íslands eða Landssambandi kúabænda.



**Arnar Árnason.** Mynd / HKr.

Á kjörskrá voru 558 innleggjendur og alls greiddu 493 atkvæði, eða 88,35%. Atkvæði féllu þannig:

- *50 eða 10,14% sögðu: Já, ég vil afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu*
- *441 eða 89,41% sögðu: Nei, ég vil ekki afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu*
- *2 eða 0,41% völdu að taka ekki afstöðu.*

Niðurstaðan er stefnumarkandi fyrir fulltrúa bænda við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar sem fram fer síðar á þessu ári. Nú verða áherslur mótaðar í ljósi þessarar niðurstöðu og stefnumörkunar um aðra þætti samningsins sem koma þurfa til endurskoðunar.

***Niðurstaðan kom formanni þægilega á óvart***

„Það kom mér þægilega á óvart hversu góð þátttakan var, hún er



okkur mjög mikilvæg, ekki síður en sá eindregni vilji sem fram kemur meðal bænda. Það er gott fyrir okkur sem stöndum í brúnni að sjá þessa miklu samstöðu í greininni og kemur sérlega vel að hafa þetta sterka bakland þegar samningaviðræður hefjast við ríkisvaldið,“ sagði Arnar Árnason.

***Stefnumarkandi niðurstaða***

Niðurstaðan er stefnumarkandi við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar sem fram fer síðar á þessu ári. */MÞÞ/HKr.*

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM92595




## Microflex regnkuldagalli

Vnr. 5790 LR33

Hlýr vatnsheldur galli með styrktum saumum og flipa yfir rennilás. Uppfyllir kröfur staðalsins EN471. Litur: Appelsínugulur/navy. Stærðir: S-4XL.




## Fristads samfestingur

Vnr. 9613 P154880

Einn vinsælasti samfestingurinn frá Fristads. Vasar á lærum, mjög endingargóður. Litir: Svartur, kóngablár, navyblár og grár. Stærðir: XS-2XL.




## Dimex úlpa

Vnr. 9609 6691

Hlý, vattfóðruð úlpa úr polyester og bómull. Létt og lipur með brjóstvösum, m.a. fyrir farsíma. Litur: Svartur. Stærðir: S-3XL.




## Dimex Basic buxur

Vnr. 9609 620

Góðar mittisbuxur með vatns- og blettavörn, styrktum saumum og hnjápúðavösum. Litur: Svartur. Stærðir: 44-64.




## Jalas mokkasíur

Vnr. 9615 JALAS4450

Slitsterkir öryggisskór með hitaþolnum sólum úr nítríl og hitaþolnum, sterkum saumum. Leðurskór með il- og távörn. Litur: Svartur. Stærðir: 35-48.




## Dunlop Purofort S5 stígvél

Vnr. 9655 D460933

Stígvél með il- og távörn og höggdeyfi í sóla. Einangrun: Allt að -20°C. Litur: Svartur. Stærðir: 37-48.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

**FRÉTTIR**

Hugsanleg sameining Norðlenska og Kjarnafæðis:

# Ágætur gangur sagður í málinu

**Búsæld, eigandi Norðlenska, ráðgerir að halda hluthafafund seinnipartinn í mars þar sem staða mála varðandi hugsanlegan samruna matvælaframleiðslufélaganna Norðlenska og Kjarnafæðis verður kynnt hluthöfum.**

„Vinna við væntanlegan samruna Norðlenska og Kjarnafæðis er í gangi og gengur ágætlega,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Málið er unnið í samstarfi við ráðgjafa hjá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Nú er verið að vinna við tilkynningu til samkeppnisyfirvalda en samruni er háður samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Tilkynnt var um hugsanlega sameiningu félaganna tveggja í ágúst í fyrra og hefur verið unnið að málinu síðan þá. Eigendur félaganna mátu stöðuna á þann veg að sameinað félag væri betur í stakk búið til að veita viðskiptavinum sínum og birgjum, ekki síst bændum, gæðaþjónustu á góðu verði.

Verði sameining félaganna að veruleika svo sem stefnt er að verður til öflugt félag í matvælaframleiðslu, en um 320 ársverk eru hjá félögunum tveimur, víða um land. */MÞÞ*



# Opinn fagráðsfundur

## – Fagfundur sauðfjárræktarinnar

**Fagráð í sauðfjárrækt boðar til fundar í Bændahöllinni föstudaginn 1. mars. Þar verða kynntar niðurstöður úr ýmsum verkefnum tengdum sauðfjárrækt og umræða tekin um ræktunarstarfið.**

*Áherslur í kynbótastarfi ræddar*

Gunnar Þórarinsson, formaður fagráðs, mun fara yfir helstu verkefni ráðsins og Eyþór Einarsson ráðunautur yfir helstu þætti í kynbótastarfinu. Undir þessum lið verða fengnir fulltrúar frá þremur sauðfjárbúum til að færa fram sína sýn á áherslur í ræktunarstarfinu í nútíð og framtíð. Það eru þeir Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti, Jón Gíslason, Hofi og bræðurnir Bjarki og Sigþór Sigurðssynir frá Skarðaborg.

*Rekstur sauðfjárbúa*

Á fundinum munu þau María Svanþrúður Jónsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason kynna helstu niðurstöður átaksverkefnis þar sem safnað hefur verið saman rekstrargögnum sauðfjárbúa árin 2014–2017.

*Rannsóknarverkefni frá Lbhí*

Flest ár eru unnin nokkur spennandi lokaverkefni af nemendum Lbhí sem tengjast sauðfjárrækt. Á fundinum verða kynntar niðurstöður úr þrem BS verkefnum sem unnin hafa verið undir handleiðslu Emmu Eyþórsdóttur og Eyjólfs Ingva Bjarnasonar. Verkefnin fjalla um vanhöld lamba, burðarerfiðleika og skyldleikarækt og eru höfundar þeirra þær Nanna Lilja Níelsdóttir, Pálína Pálsdóttir og Unnur Jóhannsdóttir. Þá mun Jóhannes Sveinbjörnsson fjalla um áhrifaþætti á haustþunga lamba, en nýverið kom út rit hjá LbhÍ sem byggir á uppgjöri gagna frá Hestbúinu fyrir 12 ára tímabil.

*Um kjötgæði*

Síðastliðið haust gerðu sérfræðingar hjá Matís samanburð á kjötgæðum skrokka af sambærilegum lömbum sem var slátrað annars vegar í handverkssláturhúsi og hins vegar í hefðbundinni afurðastöð. Guðjón Þorkelsson mun kynna niðurstöður úr þessu verkefni. Hann mun einnig segja frá hugmyndum sem Svíar eru að vinna með varðandi þróun á kjötmati. Þá munu þeir Óli Þór Hilmarsson hjá Matís og Eyþór Einarsson, RML, kynna nýjan bækling um meðferð sláturlamba og lambakjöts.

*Sauðfjársjúkdómar*

Charlotta Oddsdóttir, sérfræðingur á Keldum, mun gera grein fyrir niðurstöðum úr verkefninu „Öndunarfærasjúkdómar hjá sauðfé“ sem gekk út á að skoða lungu í sláturlömbum og greina tíðni óheilbrigðra lungna auk spurningalista sem lagður var fyrir bændur. Charlotta mun einnig greina frá því hver staðan er í rannsóknum á lambleysi gemlinga. Síðan mun Hrafnkatla Eiríksdóttir kynna meistaraverkefni sitt í búvísindum frá Kaupmannahafnarháskóla sem fjallar um lungnaorma í sauðfé.

*Verðlaunaafhending sæðingastöðvanna*

Árlega eru útnefndir tveir framúrskarandi hrútar úr hrútahópi sæðingastöðvanna. Það er annars vegar besti lambafaðirinn og hins vegar mesti kynbótahrútur sæðingastöðvanna. Fulltrúar sæðingastöðvanna afhenda ræktendum hrútanna verðlaun og sauðfjárræktarráðunautar RML munu fara yfir feril hrútanna og rökstuðning fyrir valinu.

*Fundurinn fer fram í Bændahöllinni og hefst kl. 12.30. Áætlað er að dagskrá ljúki kl. 17.00. Þátttaka er öllum opin.*



Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, færði Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúaðarráðherra áskorun til ríkisstjórnar Íslands í upphafi fundarins. Var hún frá 42 félagasamtökum bænda þar sem formenn samtakanna leggjast alfarið gegn frumvarpi ráðherra sem felur í sér heimild til þess að flytja inn hrátt ófrosið kjöt og fersk egg. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Fundur í Þingborg um innflutningsfrumvarp ráðherra vegna EES:

# 42 félagasamtök bænda mótmæltu frumvarpinu

**Um 250 manns mættu á opinn fund Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra í félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi miðvikudagskvöldið 25. febrúar þar sem ráðherra kynnti frumvarp sitt um innflutning á ófrosnu kjöti til landsins.**

Mjög skiptar skoðanir voru um málefnið á fundinum þótt ráðherra hafi ekki verið „jarðaður“ á fundinum eins og jafnvel var talið að myndi gerst fyrir fundinn. Kristján Þór gerði grein fyrir forsögu málsins, afleiðingar þess og hvernig íslenskur landbúnaður þyrfti að bregast við nái frumvarpið í gegn á Alþingi.

*Félagasamtök bænda mótmæla*

Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, færði ráðherra áskorun til ríkisstjórnar Íslands í upphafi fundarins frá 42 félagasamtökum bænda þar sem formenn samtakanna leggjast alfarið gegn frumvarpi ráðherra sem felur í sér heimild til þess að flytja inn hrátt ófrosið kjöt og fersk egg.

„Verði frumvarpið að veruleika felur það í sér fullkomna uppgjöf í baráttu okkar Íslendinga fyrir því að verja lýðheilsu þjóðarinnar og íslenskra búfjárstofna sem hafa sérstöðu í alþjóðlegu samhengi,“ segir m.a. í áskoruninni.

*Frumvarpið í samráðsgátt*

Hægt er að kynna sér frumvarpið og gera athugasemdir við það á samráðsgátt stjórnvalda til 6. mars. Fram kom hjá ráðherra að í málinu liggur fyrir aðgerðaráætlun í 12 atriðum til að tryggja öryggi matvæla, vernd búfjárstofna og aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðslu.

Í frumvarpinu felst afnám leyfisveitingakerfisins og þar með frystiskyldunnar varðandi vörur framleiddar innan EES-svæðisins. Þá viðheldur frumvarpið leyfisveitingakerfinu og þar með frystiskyldunni varðandi vörur sem upprunnar eru utan EES-svæðisins og frá Sviss og Færeyjum.

Sérstakar ráðstafanir verða gerðar varðandi kampýlóbakter og í frumvarpinu verður heimild til álagningar stjórnvaldsseta.

Bændur sem tóku til máls lýstu miklum efasemdum við frumvarpið og gagnrýndu ráðherra fyrir að standa ekki í lappirnar og hlúa frekar að íslenskum landbúnaði með kjafti og klóm. */MHH*



Kristján Þór Júlíusson í ræðustól að kynna fyrir bændum og búaliði frumvarpið um innflutninginn á ófrosnu kjöti til landsins. Sagðist hann ánægður með fundinn í Þingborg sem hann stýrði sjálfur og sá um frá A til Ö. Hann mun einnig funda með bændum í Borgarfirði, Eyjafirði og á Austurlandi næstu daga, auk fundar sem hann mun halda um málið í Reykjavík.



Núverandi formaður Bændasamtaka Íslands, Sindri Sigurgeirsson og Haraldur Benediktsson, fyrrverandi formaður, ræða við Katrínu Andrésdóttur og Svein Ingvarsson í Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á fundinum.






Fundarmönnum stökk varla bros á vör á fundinum enda innflutningur á ófrosna kjötinu alvarlegt mál í þeirra augum.



# Ársfundur Bændasamtaka Íslands 2019

**Föstudaginn 15. mars** verður ársfundur Bændasamtakanna haldinn á Hótel Örk í **Hveragerði**. Hefðbundin aðalfundarstörf verða um morguninn en eftir hádegi verður haldin opin ráðstefna þar sem fjallað verður um sérstöðu íslensks landbúnaðar, sýklalyfjaónæmi, heilsufar manna og dýra auk nýsköpunar í landbúnaði. Um kvöldið verður slegið upp veislu á Hótel Örk þar sem bændur landsins skemmta sjálfum sér og öðrum fram á rauða nótt.

## Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar?

### Ráðstefnudagskrá
föstudaginn 15. mars
kl. 13.00-16.00

**Setning ráðstefnu:**
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður BÍ

**Ávarp:**
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

**Einstök staða íslensks landbúnaðar er varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaónæmi**
Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Landspítalann

**Hvernig tölum við um lýðheilsu og matvælaframleiðslu?**
Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu

*Kaffihlé*

**Lífræn ræktun – Hvert er lífræn framleiðsla að stefna í heiminum?**
Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, hagsmunafélags framleiðenda sem stunda lífræna ræktun

**Ný tækifæri í landbúnaði og sölu á afurðum bænda**
Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi

**Íslenska ullin: vannýtt auðlind**
Hulda Brynjólfsdóttir, bóndi og eigandi smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna

**REKO á Íslandi – sala á búvörum í gegnum Facebook**
Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Matarauði Íslands

*Pallborðsumræður fyrir kaffihlé og að erindum loknum*

**Fundarstjóri:**
Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands

### Bændahátíð á Hótel Örk
föstudaginn 15. mars
kl. 20.00

**Þriggja rétta máltíð á Hótel Örk**

**Matseðill**

**Forréttur** Léttsteiktur humar á salatbeði, marineraðir tómatar og sítrónusósa

**Aðalréttur** Hægeldaður lambahryggvöðvi, kartöfluterrine, bakað rótargrænmeti og jurtasósa

**Eftirréttur** Skyrostakaka, bláber, hafrar og sítrónusorbet

**Skemmtiatriði**

Sólmundur Hólm
Tónlistaratriði
Hjörtur Benediktsson fer með gamanmál
Ballhljómsveitin Allt í einu

**Veislustjóri:**
Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins

Aðgöngumiði á bændahátíð kostar **8.900 kr.** fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð **11.900 kr.**
Miðapantanir í síma 563-0300 og á vefsíðunni bondi.is. Frestur til að panta miða er til og með 12. mars.

Upplýsingar um hótel- og gistirými í Hveragerði er að finna á vefnum **www.hveragerdi.is.**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

**Bændablaðið**

*– Málgagn bænda og landsbyggðar –*

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Hið heilaga ESB

**Ekki er annað að sjá en að áhugafólk um feit embætti við borð ofurskriffinna Evrópusambandsins í Brussel sé að takast það ætlunarverk sitt að lauma Íslandi, Noregi og Liectenstein með lævísum blekkingum undir stjórn Evrópusambandsins. Það virðist vera að gerast án þess að löndin gerist þar formleg aðildarríki. Þar með er verið að fótumtroða sjálfstæði þessara ríkja og lýðræðislegan ákvörðunarrétt borgaranna um eigin málefni.**

Tók steininn úr þegar greint var frá því í norskum fjölmiðlum nýverið að verið væri að ræða innan EES fyrirmæli frá ESB um að öll lagafrumvörp norska Stórþingsins og Alþingis Íslendinga og reglur sveitarfélaga skuli senda til ESB þremur mánuðum áður til samþykktar. Þar segir m.a.:

„Þegar stjórnvöld eða sveitarfélög hyggjast taka nýjar ákvarðanir sem hafa áhrif á þjónustumarkaðinn munu þau skyldug að tilkynna framkvæmdastjórn ESB, og eftirlitsaðila ESA, a.m.k þremur mánuðum áður en ákvörðunin öðlast gildi. Í þeim tilvikum þar sem þeir telja að ákvörðun muni fela í sér mismununarmeðferð mismunandi þjónustuveitenda, þá skal framkvæmdastjórnin eða ESA stöðva slíkar ákvarðanir.“

Þetta kemur ofan á látlausan áróður undanfarna mánuði fyrir því að Íslendingar gefi eftir sjálfsákvörðunarrétt um orkumál í eigin landi í hendur ESB í gegnum lög um orkupakka 3. Þetta kemur líka ofan í afar umdeilda tollasamninga um innflutning landbúnaðarafurða við ESB þar sem lýðheilsa þjóðar virðist engu máli skipta þegar rætt er um hagsmuni verslunar yfir landamæri. Peningahyggjan er þar sett í öndvegi en heilsa og líf fólks og dýra er afgangsstærð. Meira að segja dómarar æðstu dómstóla EES og íslenska ríkisins virðast láta sér í léttu rúmi liggja þótt virtir vísindamenn, bæði innlendir og erlendir, með yfirgripsmikla þekkingu í sjúkdómum manna og dýra, hafi varað við afleiðingum af slíku árum saman. Nei, peningalegir hagsmunir skulu sko ráð för, skítt með afleiðingarnar. Líf fólks og dýra á svo sannarlega ekki að fá að njóta hins fræga vafa í þessu tilfelli.

Án efa hlýtur Hitler gamli að skrækja af fögnuði yfir þessari þróun, sitjandi á fjósbitanum hjá höfðingjanum í neðra. Það sem honum tókst ekki með sínum milljónaher gráum fyrir járnum, er jakkaklæddum skriffinnum í Brussel nú að takast með penna eina að vopni. Einhvern tíma hefðu menn örugglega slegið svona nokkru á forsíður blaða undir fyrirsögninni „LANDRÁÐ,“ en uss, uss, svona tala menn ekki í návist Guðs vors ESB.

Hér hefur hver reglugerðin af annarri frá ESB verið stimpluð góð og gild og oftast athugasemdalaust. Virðist þá gilda einu hvort slík reglugerðarinnleiðing eigi yfir höfuð nokkurn skapaðan hlut við íslenskan veruleika. Svo yppta menn bara öxlum ef einhverjum dettur sá dónaskapur í hug að gagnrýna flumbruganginn.

Til að réttlæta ófögnuðinn er gjarnan settur fram sá frasi að þetta sé allt gert í þágu íslenskra neytenda. Þannig er málatilbúnaðurinn t.d. í kringum innleiðingu á innflutningi ferskra landbúnaðarafurða. Ferskt skal það vera og alveg tryggt að ekki sé þá heldur hrófláð við glænýjum og ferskum evrópskum lyfjaónæmum ofurbakteríum. Það eru sem sé sérstakir hagsmunir íslenskra neytenda að þeir fái að sitja við sama borð og þeir evrópsku þegar kemur að úthlutun sýkinga sem læknavísindin hafa ekki lengur nein úrræði til að ráða við. Við skulum fyrir alla muni ekki trufla slíkt ferli. – Í nafni hins almáttuga og heilaga ESB – AMEN. */HKr.*

# Fardagar



**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

**Í byrjun desember 1999 héldu Landssamtök sauðfjárbænda aðalfund sinn í Bændahöllinni. Á þessum fundi steig ungur borgfirskur sauðfjárbóndi sín fyrstu skref í félagsmálum bænda. Þessi fundur var eftirminnilegur enda mikið tekist á um væntanlegan sauðfjársamning, m.a. um nýja gæðastýringu í sauðfjárrækt.**

Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, ávarpaði fundinn og sagði meðal annars: „… að afkoma sauðfjárbænda væri óásættanleg. Gæðastýring væri grundvöllur framfara og afkomubáttu í framtíðinni. Jafn tekjulaus grein og sauðfjárræktin er, hefur ekki burði til að kaupa framleiðslurétt.“ Kempurnar Ari Teitsson, þá formaður BÍ og Aðalsteinn í Klausturseli, þá formaður LS, voru húðskammaðir fyrir of litla fjármuni, of miklar breytingar og ósanngjarna skiptingu á ríkisstuðningi.

Það er vafalítið að þessi fundur hreyfði verulega við félagsmálaáhuganum hjá mér þótt ég væri langyngstur fundarmanna. Nokkrum mánuðum síðar hringdi ég svo í mann sem ég hafði aldrei áður talað við og sagði: „Þú ert Haraldur Benediksson, er það ekki? Við erum víst að fara sem fulltrúar Borgfirðinga á Búnaðarþing.“ Í mars 2001 sitjum við „drengirnir“ okkar fyrsta Búnaðarþing og síðan þá erum við báðir búnir að vera formenn Bændasamtaka Íslands.

### *Í mörg horn að líta*

Miklar breytingar hafa orðið í íslenskum landbúnaði frá þessum tíma. Tæknibreytingar hafa orðið í öllum daglegum verkefnum bænda, bú hafa stækkað og þeim hefur einnig fækkað. Enn fremur hefur verið hörð umræða um matvælaverð, Evrópusambandsumsókn auk þess sem eldgos höfðu veruleg áhrif á landbúnað á sumum svæðum.

Frá því að ég tók við sem formaður Bændasamtakanna í mars 2013 hefur svo sem ekki verið nein lognmolla. Það hefur verið harkalega tekist á um tollamál, matvælaverð, innflutning á hráu ófrosnu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum. Við höfum farið í gegnum umræðu um dýravelferð og erfitt verkfall dýralækna. Menntun í landbúnaði og málefni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hafa einnig verið ett af hagsmunamálum BÍ.

Innri málefni samtakanna hafa einnig verið í deiglunni. Afnám búnaðargjaldsins og upptaka félagsgjalda hefur kallað á endurskipulagningu í rekstri hagsmunafélaga bænda. Það er eðlilegt að skoða reglulega hvernig hagræða megi í félagskerfi bænda og auka skilvirkni.

Gerð búvörusamninganna, sem tóku gildi 2017, var stórt verkefni sem reyndi mikið á samtök bænda og kallaði á mikil skoðanaskipti. Þeir voru umdeildir, bæði meðal almennings og bændanna sjálfra. Aldrei áður hafa einstaka samningar milli ríkis og bænda verið afgreiddir samtímis og aldrei áður til tíu ára. Slíkt bauð upp á tækifæri til að horfa á heildarmyndina yfir starfsskilyrði landbúnaðarins. Því miður varð markaðsbrestur í sölu á lambakjöti sem hefur valdið miklum erfiðleikum í greininni síðustu tvö ár. Margt bendir þó til að þar sjáum við fram á betri tíma.

Til viðbótar við þetta hefur náttúran minnt reglulega á sig, fé hefur fennt í hríðarbyljum í sumarlok, tún hafa kalið í stórum stíl í heilu héruðunum og íslenskir bændur hafa stundað fóðuröflun fyrir kollega sína á Norðurlöndum.

### *Nýr formaður tekur við keflinu*

Eftir viðburðaríkt ár er komið að leiðarlokum hjá mér í forystu fyrir bændur. Fardagar voru á síðustu öld þekkt hugtak um þann tíma að vori eða snemmsumars þegar menn skyldu flytjast búferlum af einni jörð yfir á aðra. Það mætti líkja því við að nú sé komið að snemmbúnum fardögum hjá mér.

Um næstu mánaðamót mun ég stíga til hliðar sem formaður Bændasamtakanna. Ástæðan er að ég hef verið ráðinn svæðisstjóri Arion banka á Vesturlandi og mun ég hefja þar störf í byrjun apríl, með aðsetur í Borgarnesi. Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti í Bárðardal, varaformaður Bændasamtakanna, mun taka við sem formaður. Fyrsti varamaður, Guðrún Lárusdóttir í Keldudal, mun koma inn í stjórnina. Guðrún í Svartárkoti hefur um árabil verið formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og sýnt þar forustu og frumkvæði sem sýnir sig ágætlega í félagsþátttöku á svæðinu.

Ég hafði sjálfur forgöngu um það 2017, á 180 ára afmæli samtaka bænda á Íslandi, að setja á fót starfshóp um aukna félagsþátttöku kvenna innan samtakanna. Það er því einkar ánægjulegt að í fyrsta sinn í rúmlega 180 ár skuli kona gegna formennsku og kynjahlutfallið í stjórninni lagast einnig við innkomu varamanns.

Það eru í dag miklir umbrotatímar í íslenskum landbúnaði eins og verið hefur undanfarin ár. Margt er fram undan. Endurskoðun búvörusamninga, efling félagsþátttöku í Bændasamtökunum og stanslaus barátta við að vernda sérstöðu og starfsskilyrði íslensks landbúnaðar eru dæmi um verkefni sem liggja fyrir. Það er því síður en svo auðvelt fyrir mig að taka ákvörðun um að hverfa frá við þessar aðstæður og mér þykir leitt ef einhverjir verða fyrir vonbrigðum. Ný tækifæri koma ekki alltaf á heppilegum tíma.

Eins og við öll vitum er enginn ómissandi og Bændasamtökin búa yfir miklum mannauð hvort sem um er að ræða starfsfólk, stjórnarmenn eða trúnaðarmenn í röðum bænda alls staðar í félagskerfinu. Þeim öllum treysti ég vel til að vinna áfram ötullega að þeim verkefnum sem eru í gangi.

### *Munum eftir bændum framtíðarinnar*

Þessi ár mín í forystu fyrir bændur hafa verið lærdómsrík og skemmtileg. Oft hefur blásið hressilega á móti í umræðu um landbúnaðarmál en alltaf er jafn ánægjulegt að sjá hvað velvild almennings er mikil gagnvart íslenskum bændum. Bændur sjálfir þurfa hins vegar að huga að eigin orðræðu og hvetja til samstöðu og virðingar sín á milli. Innanbúðarátök um uppbyggingu stuðningskerfisins eru of veigamikil á kostnað baráttu fyrir hærra verði á sjálfum afurðunum. Bændur dagsins í dag þurfa að hafa þroska til að setja sína eigin hagsmuni til hliðar og undirbúa jarðveginn fyrir bændur framtíðarinnar.

Þó svo að sauðfjársamningurinn frá árinu 2000 hafi verið umdeildur og formenn BÍ og LS hafi fengið það óþvegið á sínum tíma hefur hann elst ágætlega. Oft er það nefnt á fundum að þetta hafi verið tímamótasamningur og sumir segja einfaldlega að þetta sé besti samningur sem gerður hafi verið.

Allan þann tíma sem ég hef starfað að félagsmálum bænda hef ég kynnst mörgu fólki úr öllum greinum samfélagsins, með mismunandi skoðanir á öllu því sem tengist landbúnaði. Öllu þessu fólki vil ég þakka gott samstarf og hressileg skoðanaskipti. Öllu samstarfsfólki mínu, íslenskum bændum og framvarðasveit landbúnaðarins þakka ég kærlega fyrir frábært samstarf.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Hreðavatn, Grábrók og Bifröst í Borgarfirði. Hreðavatn er allstórt stöðuvatn í mjög fallegu umhverfi í Norðurárdal í Mýrasýslu. Það liggur í 56 m hæð yfir sjó, er 1,14 ferkílómetrar að flatarmáli og mesta dýpi í vatninu er 20 metrar. Hrauná rennur úr því um Grábrókarhraun, að mestu neðanjarðar. Vatnið er örskammt frá hringvegi 1.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



140 básar eru í fjósinu, 120 fyrir mjólkandi kýr og 20 fyrir geldneyti. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Biskupstungur:

# Nýtt og glæsilegt 200 milljóna króna fjós á Spóastöðum

**Nýlega var tekið í notkun nýtt, glæsilegt og fullkomið fjós á bænum Spóastöðum í Biskupstungum í Bláskógabyggð. Fjósið er um 1550 fermetrar að stærð með 140 básum. Það tók aðeins sjö og hálfan mánuð að byggja fjósið.**

Það eru bræðurnir á Spóastöðum og foreldrar þeirra sem byggðu fjósið en það eru þeir Þórarinn og Ingvi Þorfinnssynir, eiginkona Þórarins er Hildur María Hilmarsdóttir og foreldrarnir eru þau Þorfinnur Þórarinsson og Ásta Jóhannesdóttir.

Um er að ræða stálgrindarhús frá Landstólpa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og þaðan komu innréttingarnar líka. Pálmatré sá um steypuvinnuna, Jötunn um fóðurkerfið og mjaltaþjónarnir tveir koma frá VB landbúnaði. „Við erum í skýjunum með nýja fjósið og mér sýnist kýrnar vera það líka, þær eru allavega mjög ánægðar og láta fara vel um sig í öllu þessu plássi sem þær hafa. Við erum að læra á tæknina og allar græjurnar sem fylgja svona fjósi en það kemur vonandi fljótt," segir Þórarinn. Stefnt er að því að hafa opið hús í fjósinu fyrir sveitunga og aðra áhugasama með vorinu. /MHH



Bræðurnir Ingvi og Þórarinn Þorfinnssynir eru í skýjunum með nýja fjósið, tæknina og allan aðbúnað fyrir gripina í því.



Það fer sérstaklega vel um kálfana í nýja fjósinu á hálminum enda mjög rúmt hjá þeim og aðbúnaður þeirra til fyrirmyndar.



Frjótæknirinn, Sverrir Ágústsson, er reglulegur gestur í fjósinu á Spóastöðum þar sem hann sér um að sæða kýrnar með sæði úr úrvals nautum.




Fóðurkerfið er magnað í nýja fjósinu en heyið kemur á færibandi að ofanverðu og dettur á fóðurganginn þar sem kýrnar bíða eftir því að éta það af bestu lyst. Gefið er fimm sinnum á dag.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 220

Eftir ósómavísur **Ágústar á Sauðanesi** í síðasta vísnaþætti, er hollt að hverfa til kveðskapar sem flokka má undir bændamenningu. Bændaríma **Haraldar Zophoníassonar** á Jaðri við Dalvík, var kveðin í marsmánuði ársins 1932. Haraldur var prýðilega hagorður og hafði stórgott vald á bragarháttum. Bændaríma hans ber þess líka vott þar sem hann ferðast um Svarfaðardal bæ af bæ með bragtól sín. Þessi vísnaþáttur helgast gjörvallur þeirri hringferð. Rímuna orti Haraldur undir ýmsum bragarháttum og hefur rímnakveðskapinn undir hætti aldýrrar stafhendu:

*Til að setja saman ljóð*
*svo að geti orðið góð,*
*hjálpar bið ég bljúgur þig*
*Braga-Iðunn, styrk nú mig.*

*Blendið kýs ég bragaval:*
*bændavísur kveða skal.*
*Stefnir fyrst mín stefjaskrá*
*strandar ysta bæinn á.*

*Sinnisglaður, Jónsson Jón*
*jafnlundaður græðir Frón;*
*böli þrotinn halur hress*
*heldur Kotið-Sauðaness.*

*Á Sauðanesi heldur hjú*
*hirðir fés og stundar bú,*
*burðarstóri bóndinn Jón,*
*blíður, rór og frír við tjón.*

*Sitt á Karlsá bætir bú*
*beitir fals í sannri trú,*
*Þorsteinskundur Þórarinn*
*þarna stundar búskapinn.*

*Útgerð stundar ótrauður*
*óðalsbóndinn Þorleifur.*
*Viður bóla bætir lönd*
*byggir Hól á Upsaströnd.*

*Býs á Felli fáskiptinn,*
*frír við hrelling, Jóhann minn;*
*lyndiskátur, lipur vel,*
*löngum státinn rær í sel.*

*Í Háa-Gerði byggir best*
*brjótur sverða, skap með hresst;*
*víða á storðu velþekktur*
*í verki og orði Sigurður.*

*Situr Koti-Efsta á,*
*-akkersgota stýrir sá-*
*Antonssonur Þorsteinn þar*
*því að vonum kennir mar.*

*Annar býr þar örvaþór,*
*orðaskýr, í geði rór;*
*Friðbjörn heitir seggur sá,;*
*sinnisteitur bús við stjá.*

*Í Miðkoti ekkja býr,*
*á því sloti ræður skýr.*
*Hringananna á hlýra fróns*
*heitir Anna dóttir Jóns.*

*Stefán klækjum stýrir hjá;*
*stjórnar Lækjarbakka sá.*
*Veit ég fróður veigagrér*
*vænn og góður drengur er.*

*Arnór gætir Upsarans;*
*er það mætur runnur brands.*
*Brátt er greppsins baga gjörð,*
*býr á hreppsins eignajörð.*

*Stefán fróður drýgir dáð*
*og dyggðagróður, vítt um láð.*
*Bör- sá –kesju ber gott orð,*
*Brims- á –nesi ræður storð.*

*Boðnarmjöð skal blanda á ný,*
*Böggvisstöðum að ég sný:*
*Loftur ræður löndum þar,*
*lipur græðir krónurnar.*

*Í Árgerði unir best,*
*oft á ferðalagi sést,*
*lærður, fróður, laus við tjón*
*læknir góður Sigurjón.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*



FRÉTTIR



Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar á Árskógs-strönd.

### Hátíð handverksbruggara á Árskógsstönd:

# 15 íslensk og 2 tékknesk brugghús taka þátt

## – og halda upp á 30 ára afmæli bjórsins á Íslandi

**„Hér er góð stemning og mikil tilhlökkun, þetta er allt að smella saman hjá okkur," segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar á Árskógsströnd, en þar á bæ verður blásið til Bjórhátíðar á morgun, 1. mars, þegar 30 ár eru liðin frá því bjór var leyfður á Íslandi.**

Þátttakendur í hátíðinni eru handverksbrugghús sem starfandi eru víða um land, en alls taka 17 slík brugghús þátt, 15 þeirra íslensk og 2 tékknesk. Þau eru í eigu vina Agnesar og eiginmanns hennar, Ólafs Þrastar Ólafssonar, stofnenda Bruggsmiðjunnar. Fyrsti bruggmeistari þeirra, David Masa, á annað og hitt eiga þeir sem selja byggið sem Bruggsmiðjan notar í framleiðslu sína.

Agnes segir að sú hugmynd hafi kviknað að gera eitthvað í tilefni 30 ára bjórafmælisins á Íslandi. „Við sáum fyrir okkur eitthvað lítið og huggulegt en þetta varð að heilmiklum viðburði. Við sendum út póst á öll handverksbrugghúsin hér á landi og er skemmst frá því að segja að viðtökur urðu ljómandi góðar, fóru fram úr okkar björtustu vonum, þannig að hátíðin varð strax í upphafi stærri í sniðum en við sáum fyrir okkur fyrst," segir hún. Alls eru ríflega 20 lítil brugghús starfandi á Íslandi og dreifast þau um allt land.

Bruggsmiðjan, sem tók til starfa haustið 2006, var fyrsta handverksbrugghúsið hér á landi og ruddi þannig brautina fyrir þá sem á eftir komu. „Við vildum gjarnan gera eitthvað af þessu tilefni og vekja athygli á þeirri grósku sem ríkjandi er hjá okkur sem starfrækjum litlar bruggsmiðjur um land allt," segir Agnes.



*Mikil gróska hjá handverksbrugghúsum*

Brugghús hafa verið sett upp víða um land undanfarin ár. „Það er virkilega gaman af þessu og við erum himinlifandi yfir þátttökunni, meirihluti þeirra brugghúsa sem starfrækt eru hér á landi tekur þátt," segir hún. Hvert og eitt þeirra mun kynna sína framleiðslu og starfsemi á hátíðinni og gefst gestum kostur






Veitingastaður og bjórböð Kalda á Árskógsströnd.

á að smakka og spjalla. Tuttugu ára aldurstakmark er á hátíðina og í boði verða rútuferðir frá Dalvík og Akureyri. Þá hafa verið í gangi tilboð á gistingu fyrir þátttakendur víða í Eyjafirði. Veislustjóri er Júlíus Júlíusson, gjarnan kenndur við Fiskidaginn, og þá er Erpur Eyvindsson svonefndur veislukóttur.

*Kaldabandið þenur hljóðfæri og raddbönd*

Kaldabandið mun troða upp á hátíðinni, en starfsmenn Bruggsmiðjunnar skipa það band.

Körfuuppboð verður einnig á dagskrá en með því er ætlunin að safna fé til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis. Bruggsmiðjan tók í mars í fyrra þátt í fjáröflun fyrir það félag með framleiðslu og sölu á léttöli og færði félaginu að því loknu 1,8 milljónir króna. Góðgerðarhluti starfsemi Bruggsmiðjunnar gengur undir nafninu Vertu kaldur.

*Umfangsmikil ferðaþjónusta*

Bruggsmiðjan á Árskógssandi hefur vaxið mjög að umfangi frá því hún tók til starfa fyrir ríflega 12 árum. Tæp tvö ár eru frá því hin vinsælu Bjórböð voru opnuð við hlið Bruggsmiðjunnar og hafa þau svo sannarlega slegið í gegn. Bruggsmiðjan hefur alla tíð tekið á móti gestum og kynnt starfsemi sína og þannig að hluta tekið þátt í ferðaþjónustu á svæðinu.

Með tilkomu Bjórbaðanna hefur sá hluti starfseminnar aukist til muna. Alls starfa um 30 manns hjá fyrirtækjunum tveimur þannig að félögin eru í hópi stærstu fyrirtækja í sveitarfélaginu. /MÞÞ



Bára Hlín Kristjánsdóttir, Þórgnýr Thoroddsen og Haukur Páll Finnsson standa að baki hugmyndinni að Álfi brugghúsi. Myndir / Álfur brugghús

### Álfur brugghús býr til bjór úr afgangsafurðum íslenskra kartöflubænda:

# Um 50% hráefnisins er kartöfluhýði frá Þykkvabæjarkartöflum

**Álfur brugghús bruggar bjór úr íslensku kartöfluhýði og byggi. Um 50% hráefnisins er kartöfluhýði sem fæst úr Þykkvabæjarkartöflum. Fjórar gerðir eru komnar á markað og sú fjórða væntanleg.**

Haukur Páll Finnsson segir að auk hans standi Bára Hlín Kristjánsdóttir og Þórgnýr Thoroddsen að baki hugmyndinni að Álfi brugghúsi.

„Álfur er afrakstur frumkvöðla og starfsstöðvarverkefnis sem varð til fyrir rúmu ári og er nú orðið að veruleika. Hugmyndin varð til í kringum umræður um bjór, bjórdrykkju og matarsóun og hvernig megi draga úr henni. Faðir minn, sem er eigandi Þykkvabæjar, sagði einu sinni við mig að hann vissi til þess að það væri hægt að brugga bjór úr kartöflum og að í sinni framleiðslu félli til talsvert af kartöfluhýði sem gaman væri að geta nýtt á annan hátt en að dreifa því á sanda til landgræðslu."

*Kartöfluhýði og bygg*

„Eins og er nýtum við hluta þess kartöfluhýðis sem fellur til hjá Þykkvabæjar í framleiðsluna hjá okkur. Það tók okkur um ár að finna bestu aðferðina til að vinna sterkju úr hýðinu með byggi en það er gert til að fá ensím úr byggi í framleiðsluna. Meðal þeirra



Brugghúsið framleiðir um 500 lítra á viku.



Vörumerki Álfs brugghús.

afbrigða að humlum sem Álfur notar eru citra, cascade og loral.

Brugghúsið er í Kópavogi og sem stendur erum við að framleiða um 500 lítra á viku og er bjórinn fáanlegur á tveimur börum í Reykjavík og sá þriðji á leiðinni inn."

Álfur er framleiddur í nokkrum útgáfum og styrkleikum. Búálfur hvítöl er 6%, Húsálfur Pale er 5% og Blómaálfur Saison er 4,7%, auk þess sem unnið er að gerð Ljósálfs Lager sem verður 4,7%

*Bara á kútum*

Haukur segir að viðtökurnar séu góðar og betri en hann hefði þorað að vona. „Strax fyrstu dagana seldust fullt af kútum og mikið um hrós fyrir góðan bjór. Sem stendur er bjórinn einungis fáanlegur á kútum en við stefnum á að koma takmörkuðu magni af Álfi á flöskum í Vínbúðir." /VH

### Þekkir þú einhvern sem skarar fram úr í matvælageiranum?

# Tilnefningar til Embluverðlauna hefjast 1. mars

Embluverðlaunin, sem eru norræn matarverðlaun, verða veitt í Reykjavík 1. júní næstkomandi í tengslum við norrænt kokkaþing í Hörpu. Allan marsmánuð getur almenningur tilnefnt fulltrúa í sjö verðlaunaflokka á vefslóðinni emblafoodaward.com. Skráningarfrestur er til og með 31. mars 2019. Það eru bændasamtök á Norðurlöndunum sem standa að Embluverðlaununum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina.

*Sjö keppnisflokkar*

Flokkarnir sjö sem hægt er að tilnefna í eru eftirfarandi:

- **Hráefnisframleiðandi Norðurlanda**
- **Matvælafrumkvöðull Norðurlanda**
- **Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda**
- **Matarblaðamaður Norðurlanda**
- **Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir marga**
- **Mataráfangastaður Norðurlanda**
- **Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni**

Þriggja manna dómnefnd á Íslandi mun velja einn fulltrúa í hverjum flokki. Hann keppir síðan við fulltrúa frá hinum Norðurlöndunum. Sagt verður frá því hverjir koma til með að berjast um hituna þann

embla
Nordic food awards 2019

2. maí. Dómnefndir frá öllum Norðurlöndunum koma saman 31. maí og velja sigurvegara.

Mikil hátíð verður í kringum Embluverðlaunin en búist er við fjölda gesta til Íslands í tengslum við viðburðinn. Meðal annars verður fyrirlestradagskrá í Hörpu, kynnisferðir í sveitina með áhugasama og kokkakeppni sem norræna kokkahreyfingin stendur fyrir. /TB


BETRA FYRIR
UMHVERFIÐ
NÝTT
Okkur hjá Norðlenska er annt um umhverfið.
Því höfum við nú tekið í notkun nýja og
vistvæna pappabakka undir ferskvöru sem
leyst hafa plastbakkana af hólmi.
Veldu umhverfisvænni valkost frá Norðlenska.
NORÐLENSKA
– VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU
www.nordlenska.is


ergo
Heyþyrla?
Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun
en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.
Kynntu þér möguleikana á ergo.is

FRÉTTIR

### Skýrsla norsku EAT-samtakanna:

# Mataræði verði innan þolmarka plánetunnar

## – Skýrslan vekur hörð viðbrögð og sögð óábyrg

**Nýverið gáfu EAT-samtökin, sem eru hugarfóstur norska læknisins Gunhild Stordalen, út skýrslu um hvernig hægt verði að brauðfæða tíu milljarða manns árið 2050 á heilnæman og sjálfbæran hátt þannig að jörðin þoli það.**

Samtökin, ásamt 37 sérfræðingum á sviði heilsu, næringu, sjálfbærni, matvælakerfum, hagfræði- og stjórnmálastefnu hafa unnið við skýrsluna í þrjú ár.

*Skýrslan vekur hörð viðbrögð*

Skýrslan sem ber heitið „Food in the Anthropocene: the EAT – Lancet Commission on healthy diets from sustainable food systems", kom út á dögunum og var einnig birt í hinu virta læknatímariti The Lancet. Innihald hennar hafa vakið hörð viðbrögð í Noregi, sérstaklega innan landbúnaðargeirans þar sem meðal annars hefur verið talað um óábyrgan málflutning og óraunhæf markmið. Hér er litið á aðalinnihaldsefni skýrslunnar svo hver getur dæmt fyrir sig.

*Um 11 milljónir dauðsfalla á ári*

Samkvæmt skýrslunni eigum við að borða mun minna af kjöti en við gerum í dag. Mælt er með því að borða 7 grömm af nautgripa- eða lambakjöti, 7 grömm af svínakjöti og 29 grömm af alifuglakjöti á dag. Árið 2017 neyttu Norðmenn að meðaltali 146 grömm af kjöti á dag, undir einn fimmti af þessu var alifuglakjöt. Í skýrslunni segir einnig að við ættum að neyta 28 gramma af fiski og 13 gramma af eggjum sem samsvarar einu og hálfu eggi á viku. Af mjólk og mjólkurvörum eigum við að neyta 250 gramma á dag en smjör hefur sinn eigin flokk í skýrslunni og mælt er með að neyta þess ekki yfirhöfuð. Einnig er fólk hvatt til að minnka neyslu á grænmeti með sterkju eins og kartöflur og í staðinn ættu stærri hlutar af inntöku kaloría að koma frá heilkorni og hnýði. Neysla á hnetum, ávöxtum, grænmeti og belgjurtum ætti að tvöfalda á heimsvísu.

Í skýrslunni kemur fram að með því að fylgja mataræðinu sem þar kemur fram geti það komið í veg fyrir um 11 milljónir dauðsfalla á ári hverju ásamt því að mataræðið sé innan þolmarka plánetunnar þegar kemur að notkun á landsvæðum, næringarefnum, fersku vatni, tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og loftslagsbreytingum.

*Ekki óraunhæfur boðskapur*

Tveir aðalhöfundar skýrslunnar, Walter Willet, prófessor við Harvardháskóla og Johan Rockström, prófessor hjá Stockholm Resilience Centre, segja erfitt að ímynda sér meira truflandi kerfi en matarkerfið eins og það sé nú í heiminum sem á sama tíma eyðileggi umhverfið og grefur undan heilsu manna.

Willett viðurkennir að 14 grömm af kjöti á dag sé hið mest umdeilda í skýrslunni þó að hann segi jafnframt að þetta sé ekki svo róttækt. Hann bendir á að þetta sé minna magn en það sem fólk í Miðjarðarhafslöndunum borðaði þegar það mældist heilbrigðasta fólk í heimi.

Willet segir að við jarðarbúar verðum að hafa bjartsýna sýn og að boðskapur skýrslunnar sé ekki óraunhæfur. Mataræðið sé svipað og hefðbundið Miðjarðarhafsmataræði. Nú séu 30 ár til stefnu með sjálfbærri matvælaframleiðslu sem krefst þess að við notum ekki meira landsvæði, verndum núverandi líffræðilegan fjölbreytileika, minnkum vatnsnotkun og meðhöndlum vatn á ábyrgan hátt. Minnkum köfnunarefna- og fosfórmengunina til muna, sleppum ekki út koltvísýringi og verðum ekki völd að meiri aukningu í metan- og köfnunarefnalosun. Þegar kemur að því að breyta rétt í matvælum sé það ekki eingöngu forsenda fyrir því að uppfylla Parísarsáttmálann og vera innan ramma markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni, heldur geti það verið besti möguleiki okkar til að bæta líf og heilsu fólks og að tryggja sameiginlega framtíð okkar á jörðinni. */Bondebladet – ehg*



**Samkvæmt skýrslu Eat-samtakanna á helmingur þess sem við borðum að vera grænmeti og ávextir. Á myndinni má sjá hinn helminginn eftir því hversu margar kaloríur við eigum að neyta úr ólíkum fæðutegundum.**
Mynd / The Eat – Lancet Commision

## Heildargróðurhúsaáhrif flugferða frá Osló

mælt í kílóum $CO_2$-ígilda - miðað við 1 farþega með mismunandi farangur fram og til baka og hvað það jafngildir mörgum árum í meðalkjötneyslu sömu manneskju

| Frá Osló til: | 1 farþegi $CO_2$ í kg. | Með 8 kg farangur | Fjöldi ára með m. kjötneyslu | Með 25 kg farangur | Fjöldi ára með m. Kjötneyslu |
|---|---|---|---|---|---|
| Bergen | 233 | 240,64 | 0,4 | 278,44 | 0,5 |
| Tromsø | 353 | 381,44 | 0,7 | 441,56 | 0,8 |
| London | 497 | 536,60 | 1,0 | 621,20 | 1,1 |
| París | 544 | 587,56 | 1,0 | 679,72 | 1,2 |
| Kanarí | 1208 | 1304,84 | 2,3 | 1510,04 | 2,7 |
| New York | 1512 | 1639,80 | 2,9 | 1910,88 | 3,4 |
| Bangkok | 2160 | 2344,32 | 4,2 | 2736,36 | 4,9 |

*Heimild: Bondebladet*

### Kolefnisfótspor kjöts lítið í samanburði við flugferðir:

# Flugferð Norðmanns til Taílands jafngildir meðalneyslu hans á kjöti í fimm ár

**Í kjölfar skýrslu EAT-samtakanna setti norska Bændablaðið upp grein með staðreyndum um hversu mikið kolefnisfótspor er af flugferðum til mismunandi landa samanborið við neyslu á kjöti. Þar kom í ljós að flugferð frá Noregi til Taílands fram og til baka með farangur hefur jafnmikil áhrif á umhverfið eins og allt kjöt sem meðal Norðmaður neytir í fimm ár.**



**Boeing 737 vél norska flugfélagsins Norwegian.** Mynd / Norwegian

Undanfarið hefur samfélagsumræðan um umhverfið og kjötneyslu farið hátt í Noregi og er oft talað um að rauða kjötið sé það versta fyrir umhverfið og Norðmenn hvattir til að draga úr neyslu þess. Í skýrslu EAT-samtakanna er hvatt til þess að fólk borði sjö grömm af nautgripa- eða lambakjöti, sjö grömm af svínakjöti og 29 grömm af alifuglakjöti á dag. Á sama tíma og þessari umræðu er haldið rækilega á lofti er hálfgerður tvískinnungur í því að Norðmenn fljúga sem aldrei fyrr. Því ákváðu blaðamenn norska Bændablaðsins að fá ráð hjá ýmsum sérfræðingum og mælistofnunum til að setja upp svart á hvítu hversu mikið flugferðir til mismunandi landa menga samanborið við kolefnisfótspor við framleiðslu kjöts.

Allar flugferðirnar voru reiknaðar sem fram og til baka ferðir. Þar kom í ljós að ferð til London frá Osló með handfarangur hefur jafnmikil áhrif á umhverfið eins og neysla á kjöti hjá meðal Norðmanni í eitt ár.

*Ferð til Taílands jafngildir meðalneyslu á kjöti í fimm ár*

Tvær slíkar ferðir til Bergen frá höfuðborginni hafa sömu áhrif. Ferðist fólk hins vegar til Taílands frá Osló hefur það jafnmikil umhverfisáhrif eins og neysla á kjöti í fimm ár.

Ferð til New York frá Osló með farangur þýðir jafnmikið fyrir umhverfið eins og allt kjöt sem meðal Norðmaður neytir fram á mitt ár 2022.

*Vafasamt að skella skuldinni á jórturdýr og kjötneyslu*

Það er því harla erfitt að kenna kjötinu einu og saman um mengun jarðarinnar og hefur það komið mörgum á óvart í Noregi hversu mikið vægi það fær í umræðunni.

Jórturdýr standa aðeins fyrir um 4 prósentum af árlegri losun í Noregi og marga aðra jákvæða þætti mætti telja upp með tilveru þeirra eins og líffræðilega fjölbreytni, menningarlandslag, ferðamenn, búsetu og virkni um allt land, að mati Christian Anton Smedshaug, framkvæmdastjóra AgriAnalyse. */Bondebladet - /ehg*


**Fulltrúar Háskóla Íslands og Matís eftir undirritun samnings um samstarfið.** Mynd / Björn Gíslason

### Byggðastofnun:

# Styrkir vegna fjarvinnslustöðva

**Byggðastofnun hefur veitt fjóra styrki vegna verkefna á sviði fjarvinnslustöðva, samtals að upphæð 60 milljónir króna.**

Markmiðið með framlögum til fjarvinnslustöðva er að koma opinberum gögnum á stafrænt form og eins að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Við mat á umsóknum var stuðst við þætti eins og íbúaþróun, samsetningu atvinnulífs og atvinnustig og þróun á starfsmannafjölda viðkomandi stofnunar undanfarin ár.

Þau verkefni sem fengu styrk að þessu sinni eru vegna skönnunar og skráningar þinglýstra skjala, sem Sýslumaðurinn á Vestfjörðum hefur umsjón með. Verkefnið fær 6 milljónir króna á ári í þrjú ár, samtals 18 milljónir króna. Þá fær Þjóðfræðistofan á Ströndum einnig 6 milljónir króna árlega í þrjú ár, samtals 18 milljónir, vegna söfnunar upplýsingar og skráningar menningararfs.

Þá hlaut Fjarvinnsla á Djúpavogi styrk að upphæð 21 milljón króna, vegna skráningar minningarmarka, en styrkþeginn er Minjastofnun Íslands. Loks hlaut Háskóli Íslands 9 milljóna króna styrk vegna vinnu við gagnagrunn sáttanefndabóka sem eru gjörðabækur sáttanefnda. Gert er ráð fyrir því að í það minnsta þrjú störf skapist vegna þessara verkefna. */MÞÞ*

### Háskóli Íslands og Matís í samstarf í rannsóknum, nýsköpun og kennslu:

# Ætlað að efla fræðilega og verklega menntun í matvælarannsóknum

**Matís og Háskóli Íslands hafa gert samning um samstarf í rannsóknum, nýsköpun og kennslu.**

Samstarfinu er ætlað að efla fræðilega og verklega menntun á sviði matvælarannsókna og matvælaöryggis. Lögð verður sérstök áhersla á samstarf í rannsóknum og nýsköpun, meðal annars á leiðbeiningu meistara- og doktorsnema í verkefnum tengdum Matís og samvinnu um nýtingu rannsóknatækja og búnaðar.

Í tilkynningu frá Matís kemur fram að tenging menntunar og samfélag sé rauði þráðurinn í samstarfi Matís við menntastofnanir.

Tilgangur samstarfsins verður þannig að auka hæfni og möguleika starfsfólks í rannsóknum og að vera með í og leiða innlend og alþjóðleg verkefni með áherslu á hagsmuni Íslands. Einnig að mennta og þjálfa upp starfsfólk fyrir íslenskan matvælaiðnað og íslenskt samfélag, samnýta starfsfólk, aðstöðu og búnað til að geta yfirleitt stundað öflugar rannsóknir á hagkvæman hátt og aflað, framkvæmt og skilað verkefnum fljótt og vel.

Í tilkynningunni kemur fram að það verði gert með því að ráða sameiginlegt starfsfólk, ráða nemendur í doktorsnám í verkefni á vegum Matís sem í flestum tilfellum séu unnin í samvinnu við fyrirtæki á Íslandi. Loks verði nemendum boðið upp á verkefni í mastersnámi sem eru oftast unnin í samvinnu við fyrirtæki og/eða stofnanir. */smh*



WEICON
20% afsláttur í mars
Efnavörur fyrir framleiðslu,
viðhald og viðgerðir
FOSSBERG EHF VÉLAVERSLUN
FOSSBERG
Dugguvogi 6 • 104 Rvk • www.fossberg.is • 5757 600




can-am BRP
TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á
OUTLANDER
450L 6X6
VERÐ ÁN VSK
1.605.000 KR
VERÐ MEÐ VSK
1.990.000 KR
OUTLANDER
650 FB 6X6
VERÐ ÁN VSK
2.250.000 KR
VERÐ MEÐ VSK
2.790.000 KR
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR



Andri Björn Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Háræktar ehf.

## Nýtt fyrirtæki í matjurtarækt, Hárækt ehf., sem sérhæfir sig í lóðréttri ræktun:

# Hátækniræktun innanhúss

## – Fyrstu plönturnar komnar í verslanir Krónunnar og markaðssettar undir vörumerkinu VAXA

**Hárækt ehf. er nýtt fyrirtæki í matjurtarækt sem sérhæfir sig í lóðréttri ræktun innanhúss [Vertical framing]. Ræktuninni er stýrt þannig að skapaðar eru kjöraðstæður fyrir plönturnar allan ársins hring. Nýting á rými við lóðrétta ræktun er mjög góð og sparar því pláss.**

Undanfarin ár hefur færst í vöxt að salat, krydd og blaðplöntur séu ræktaðar við raflýsingu og við það sem er kallað lóðrétt ræktun á borðum sem staflað er hvert ofan við annað. Ræktun með þessu móti sparar pláss og ræktandinn hefur fullkomna stjórn á umhverfisaðstæðum sem viðkoma ræktuninni.

Andri Björn Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Háræktar ehf., segist hafa farið að skoða möguleikann á að setja upp ræktun á matjurtum fyrir rúmlega tveimur árum og að það liggi mikil vinna að baki því að koma ræktuninni á laggirnar.

### *Alltaf þörf fyrir góðan mat*

„Ég er viðskiptafræðingur að mennt og hef starfað í fjármálageiranum í London og Sviss áður en ég flutti aftur heim fyrir um tveimur árum. Mig hefur lengi langað að hefja eigin rekstur og hef alltaf haft áhuga á mat og fylgst með því sem var að gerast á Íslandi utan frá.

Mín skoðun er sú að Ísland hafi mikla sérstöðu í alþjóðlegu samhengi þegar horft er til framtíðarinnar, sérstaklega hvað varðar hreint vatn og græna orku sem við getum nýtt til dæmis í matvælaframleiðslu. Svo er þjóðin fámenn og oft sem tækninýjungar breiðast hratt út og fólk er jákvætt fyrir nýjungum.

Heimurinn er að breytast, fólki er að fjölga hratt og við þurfum því að bæta hagkvæmni með því að finna leiðir til að fæða fleiri með sama plássi eða jafnvel minna. Það er og verður alltaf þörf fyrir matvæli og ekki síst hrein og góð matvæli sem auðveldlega má rækta hér á landi og ég tel að Ísland sé vel í stakk búið til að leiða sjálfbæra framleiðslu á matvælum,“ segir Andri.

### *Hugmyndin kviknaði á veitingahúsi*

„Hugmyndin að því að hefja lóðrétta ræktun kom í spjalli við félaga mína á veitingastað og þýskan vin minn sem hafði verið að skoða svipaða ræktun í Þýskalandi og Austurríki. Hugmynd sú kallast Auqapnonics þar sem er fiskeldi samhliða ræktuninni. Sjálfum finnst mér það ekki eins spennandi og ræktunin ein og sér og fór því að skoða hana og skoða hverjir hafa verið að gera hvað á Íslandi og annars staðar í heiminum.

Fljótt á litið er vöxturinn í lóðréttri ræktun í dag mestur í Asíu þar sem landnýting skiptir miklu en Bandaríkin hafa líka verið að taka við sér og vöxturinn í lóðréttri ræktun hraður. Ég sá fljótlega að fyrirtæki í þessum geira eru að fá töluvert fjármagn til starfseminnar og mér þótti þetta strax áhugavert.“

### *Talsvert dýrt að starta ræktuninni*

Húsnæðið sem Hárækt hefur til umráða er um 1000 fermetrar að grunnfleti en ræktunarflöturinn töluvert stærri, þar sem ræktað er á nokkrum hæðum og nýtingin á gólffletinum því mjög góð.

Hann vill ekki gefa upp hvað kostnaðurinn við uppsetningu aðstöðunnar hefur kostað en segir að það þurfi töluvert kapítal í að koma upp svona hátæknigróðurhúsi innanhúss. Hins vegar næst hagvæmni fram með betri nýtingu á landi, orkusparneytari lýsingu og fullkominni stýringu á umhverfi.

„Ég er þannig gerður að ég skoða vel það sem ég tek mér fyrir hendur og eftir að hafa reiknað dæmið fram og aftur var ég sannfærður um að svona ræktun gæti borgað sig. Auk mín og fjölskyldu minnar hefur Mata ehf. lagt fjármagn til verkefnisins enda með mikla reynslu í matvælageiranum og gott að fá þá inn.“



„Lóðrétt“ ræktun á pöllum undir LED-lýsingu.



Ræktunin er ekki komin á fullt en allar tegundir sem prófaðar hafa verið hafa komið vel út.

### *Enn að prófa okkur áfram*

Ræktun hófst í lok desember síðastliðinn og að sögn Andra er hann enn að koma sér fyrir og prófa sig áfram. „Við erum enn í uppkeyrslu fasa og að prófa okkur áfram með tegundir og yrki til að rækta salat, krydd og það sem eru kallaðar sprettur. Ræktunin er því ekki komin í full afköst enn, þrátt fyrir það hafa allflestar tegundir sem við höfum prófað komið mjög vel út.

Tækin sem notuð eru til ræktunarinnar eru að mestu leyti flutt inn enda að hluta til mjög sérhæfð. Í dag eru fjórir starfsmenn í fullu starfi hjá Hárækt að Andra meðtöldum og einum garðyrkjufræðingi og að hans sögn allir enn að læra inn á tæknina, ræktunina og allt ferlið í kringum reksturinn.

### *Ræktunarferlið að mestu leyti sjálfvirkt*

„Ræktunarferlið er þannig að við ræktum innanhúss í hillum og í stýrðu umhverfi og lokuðu ræktunarrými þar sem plöntunum eru búnar kjöraðstæður til vaxtar allt árið um kring og eins alla daga.

Eftir að fræjunum er sáð eru plönturnar ræktaðar í vatni og undir LED-ljósum þannig að það skín aldrei á þær sólarljós. Áburðargjöf er sjálfvirk í gegnum vökvunarvatnið sem er í hringrásarkerfi og því endurnýtt og ræktunin því að mestu leyti sjálfvirk þótt mannshöndin komi víða við í ferlinu. Við notum heldur ekki nein varnarefni til ræktunarinnar þannig að varan er alveg laus við allt slíkt.

Hita-, rakastig og lýsing í hverri ræktunarhillu er sérstillt fyrir þá tegund sem er verið að rækta þar hverju sinni, sem gefur okkur því sveigjanleika til að rækta margar tegundir í einu.“

### *Góðar viðtökur*

Andri segir að fyrstu plönturnar séu komnar í verslanir hjá Krónunni og að þær séu markaðssettar undir vörumerkinu VAXA.

„Við erum þegar byrjaðir að dreifa á veitingastaði og stór eldhús í gegnum Mata og hafa viðbrögðin verið mjög góð.“ /VH

# GRÍPTU BOLTANN!

**FRAMLEIÐNISJÓÐUR LANDBÚNAÐARINS OG RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS STANDA Í MARSMÁNUÐI FYRIR FUNDAHERFERÐ MEÐ ÞAÐ MARKMIÐ AÐ HVETJA TIL NÝSKÖPUNAR Í SVEITUM.**

Aðalfyrirlesari fundanna er Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta og mun hann flytja erindi sem ber nafnið ***leiðin til sigurs***. Erindið fjallar um árangursríka markmiðssetningu og hvað þarf til að ná framúrskarandi árangri. Fjallað er um uppbyggingu liðsheildar, samskipti og innleiðingu breytinga.

Að auki verða fengnir til leiks reynsluboltar í sölu vöru og þjónustu beint frá býli, sem munu miðla af reynslu sinni varðandi þróun og markaðssetningu.

Þá verður erindi frá ráðunautum RML varðandi ýmsa sjóði sem hægt er að sækja styrki í, ásamt því hvernig umsóknarferlið fer fram.

*19. mars kl. 13:00 - Ýdalir í Aðaldal*
*19. mars kl. 20.00 - Svalbarðsskóli, Þistilfirði*
*20. mars kl. 13:00 - Valaskjálf, Egilsstöðum*
*20. mars kl. 20:00 - Hótel Bláfell, Breiðdalsvík*
*21. mars kl. 13:00 - Hótel Smyrlabjörg, Suðursveit*
*21. mars kl. 20:00 - Hótel Kirkjubæjarklaustur*

**Fundirnir verða öllum opnir og eru sem flestir hvattir til að mæta.**



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
RML

Solis HATTAT

VALLARBRAUT

**HEILDARFJÖLDI NÝSKRÁÐRA DRÁTTARVÉLA ÁRIÐ 2018**

VIÐ HJÁ VALLARBRAUT ERUM ÞAKKLÁTIR FYRIR VIÐTÖKURNAR Á ÁRINU 2018.
VIÐ STEFNUM AÐ ÞVÍ AÐ GERA ENN BETUR Á ÞESSU ÁRI OG MUNUM ÁFRAM VINNA AÐ ÞVÍ AÐ BJÓÐA GÓÐ TÆKI Á GÓÐU VERÐI.

*Tekið saman af TÉKKLANDI samkv. gögnum frá SAMGÖNGUSTOFU



SOLIS 90





SOLIS 26 með tækjum



HATTAT T4110 Perkins. 113 hestöfl






SOLIS 50 með tækjum

HATTAT 113 hestöfl með samlitum tækjum

HATTAT Solis NUGENT ROYAL ENFIELD DELEKS JPM TRAILERS KANE TRAILERS JAR-MET

vallarbraut.is S-8411200 & 8417300 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

FRÉTTIR

Þjóðhagsspá:
# Spáð 3,8% verðbólgu



**Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar er útlit fyrir að verg landsframleiðsla aukist um 1,7% í ár. Það er nokkuð minni aukning miðað við meðalvöxt síðustu fimm ára sem er um 4,4%. Í ár er spáð 3,8% verðbólgu.**

Verri horfur í ár má meðal annars rekja til minni útflutnings, en reiknað er með tæplega 3% aukningu þjóðarútgjalda. Næstu ár er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði á bilinu 2,5–2,8%. Gert er ráð fyrir að hægja muni á vexti einkaneyslu í ár og að hann verði 3,6%.

Hægt hefur á fjárfestingu að undanförnu og er áætlað að hún aukist um rúmlega 1% í ár en vaxi hraðar eftir það. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarstig verði lítillega yfir meðaltali síðustu 20 ára. */VH*



Húnaþing vestra vinnur að því að taka við eignarhaldi Félagsheimilisins á Hvammstanga, en tvö félög á svæðinu eiga í sameiningu 14% hlut í því á móti sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið Húnaþing vestra:
# Vill eignast félagsheimilið á Hvammstanga að fullu

**Húnaþing vestra vinnur að því að taka við eignarhaldi Félagsheimilisins á Hvammstanga. Sveitarfélagið á 86% hlut í húsinu en Kvenfélagið Björk og Ungmennafélagið Kormákur eiga 14%.**

Óformlegar viðræður hafa farið fram milli eigenda en uppi eru hugmyndir um að kvenfélagið og ungmennafélagið afsali sér sínum hlut en fái samning um afsláttarkjör af leigu næstu 25 árin í staðinn. Talið er að þetta sé besta færa leiðin til að hægt sé að fara í uppbyggingu og lagfæringu á húsnæðinu, sem ella gæti tafist um mörg ár.

Í bókun sem samþykkt var í sveitarstjórn á dögunum segir að ljóst sé að meðeigendur sveitarfélagsins í félagsheimilinu hafi ekki það fjármagn sem þurfi til að vinna að nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum á húsnæðinu, en ástand þess sé ekki sæmandi því góða starfi sem þar fer fram. Verði af þessum áformum mun Félagsheimilið á Hvammstanga verða líkt og hver önnur B-hluta stofnun sveitarfélagsins. */MÞÞ*






Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra hefur úthlutað 80 milljónum króna til menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar á starfssvæði Eyþings. Styrkirnir voru afhentir við athöfn í Tjarnarborg í Ólafsfirði.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra:
# Styrkir veittir til margvíslegra verkefna

**Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra hefur úthlutað 80 milljónum króna til menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar á starfssvæði Eyþings, í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.**

Uppbyggingarsjóði bárust samtals 132 umsóknir, þar af 50 til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 82 til menningar. Samþykkt var að veita 78 verkefnum styrkvilyrði að upphæð 80 milljónum króna, en samtals var sótt um tæpar 308 milljónir króna.

### *Norðurstrandarleið fær mest*

Norðurstrandarleið, sem svo er nefnd, ferðamannavegur frá Hvammstanga til Vopnafjarðar, alls um 800 kílómetra leið, hlaut hæsta styrkinn, 5 milljónir króna, en unnið hefur verið að uppbyggingu þessa nýja ferðamannavegar um skeið. Verksmiðjan á Hjalteyri hlaut 4 milljónir, N4 sjónvarpsstöð fékk sömu upphæð til að gera þætti um norðlensk jarðgöng og samfélagsleg áhrif þeirra, Hælið, setur um berkla á Kristnesi, fékk 2,5 milljónir króna og Framfarafélag Ólafsfjarðar einnig 2,5 milljónir vegna fiskeldis í landi.

Sjóðurinn er samkeppnissjóður og veitir verkefnastyrki til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála. Samningurinn er hluti af samningi milli Eyþings og ríkisins um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019. */MÞÞ*

# Byggðastofnun kannar staðsetningu starfa á vegum ríkisins

**Byggðastofnun hefur undanfarin ár gert könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins, fyrst um áramótin 2013 til 2014 og árlega síðan. Nýjasta könnunin liggur nú fyrir en hún miðast við áramótin 2017 og 2018. Almennt hefur stöðugildum fjölgað milli ára.**

Fram kemur í úttekt Byggðastofnunar að stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu hafi fjölgað um alls 329, tæp 2% á milli ára, í Hafnarfirði fækkaði störfum um rúm 3% og um rúm 11% í Mosfellsbæ, sem rekja má til lokunar lögreglustöðvar og færslu starfa þaðan og til Reykjavíkur. Fjölgun stöðugilda á Seltjarnarnesi nemur um 30%, en þar munar mestu um tilkomu starfsstöðvar.

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 15 eða tæp 2% og er Akranes eina sveitarfélagið í þeim landshluta þar sem stöðugildum fjölgar milli ára, eða um 6,2% og er einkum bundin við Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Stöðugildum á vegum ríkisins fækkaði í Borgarbyggð, Grundarfirði og Stykkishólmi. Á Vestfjörðum stendur fjöldi stöðugilda í stað á milli ára, fjölgun varð á Ísafirði, en fækkun t.d. í Bolungarvík, Reykhólahreppi, Strandabyggð og Vesturbyggð.

### *Landsvirkjun bætir við störfum fyrir norðan*

Óverulegar breytingar urðu á Norðurlandi vestra, stöðugildum fjölgaði um 6 í allt eða rúmt 1% og munar þar helst um fjölgun stöðugilda hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands vestra á Blönduósi. Hvað Norðurland eystra varðar fjölgaði stöðugildum í þeim fjórðungi um 74 eða um 4%. Á Akureyri fjölgaði stöðugildum um 4,1%, alls um 59 störf en hlutfallslega munar mest um 50% fjölgun stöðugilda hjá Landsvirkjun í Skútustaðahreppi, alls 9,5 stöðugildi.

Á Austurlandi fjölgaði um 14 störf á milli ára, 2,5%. Stöðugildum fækkaði í Fjarðabyggð, um 11,5, eða 4,7% en aukning varð á Fljótsdalshéraði þar sem stöðugildum fjölgaði um 22,5 eða um tæp 10%. Breytingar snúast að mestu leyti um störf hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

### *Aukning hjá þjóðgörðum*

Aukning varð á stöðugildum á Suðurlandi um 49 í allt eða 3,5%, en sem dæmi fjölgaði störfum hjá Vatnajökulsþjóðgarði í Hornafiði um 13. Heildarfjölgun stöðugilda í Bláskógarbyggð er um 11% og þar munar um fjölgun starfa hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Stöðugildum fjölgaði um 122,5 á Suðurnesjum eða um tæp 10% milli ára, einkum í Reykjanesbæ en m.a. fjölgaði störfum hjá Lögreglustjóra Suðurnesja, Landhelgisgæslunni, Tollstjóra og Isavia. */MÞÞ*

Sauðárkrókur:
# Byggðastofnun byggir nýtt hús undir starfsemina

**Framkvæmdir eru hafnar við byggingu á nýju skrifstofuhúsnæði fyrir Byggðastofnun að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki, en Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tók fyrstu skóflustunguna fyrir nokkru.**

Fyrsti áfangi verksins er jarðvinna, en til stendur að bjóða byggingu hússins út á næstunni og standa vonir til að framkvæmdum við húsbygginguna verði að fullu lokið um mitt ár 2020.



Byggðastofnun reisir nýtt hús undir starfsemi sína að Sauðármýri á Sauðárkróki, jarðvinna stendur yfir en stefnt að því að framkvæmdum ljúki um mitt ár 2020.

### *Hagkvæmast að byggja nýtt*

Byggðastofnun fluttist frá Reykjavík til Sauðárkróks árið 2001 og hefur frá þeim tíma verið í leiguhúsnæði sem hentar starfseminni ekki lengur. Í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins hefur farið fram ítarlegt mat á valkostum í húsnæðismálum Byggðastofnunar á Sauðárkróki og er niðurstaðan að hagkvæmast sé að byggja hús sem sérstaklega er lagað að þörfum hennar. Meðal þess sem haft hefur verið í huga við hönnun hússins er að þar verði snertistöðvar sem hægt verður að bjóða starfsmönnum annarra stofnana eða ráðuneyta til afnota um lengri eða skemmri tíma.

### *Störf án staðsetningar*

Má í því sambandi minna á að með samþykkt stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024 hefur Alþingi mótað stefnu um störf án staðsetningar og er stefnt að því að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024. Það er vel til þess fallið að styrkja og efla ímynd Byggðastofnunar sem sjálfstæðrar stofnunar sem vinnur að mikilvægum málum lands og þjóðar. Það treystir hana einnig í sessi til framtíðar á Sauðárkróki, segir í frétt á vefsíðu Byggðastofnunar. Þar kemur einnig fram að starfsmenn séu 27 talsins. */MÞÞ*

# Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni




**Heimild:** Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt.-des. 2018.

Lestur Bændablaðsins:

**BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI**

**45,6%**
á landsbyggðinni

**20,4%**
á höfuðborgarsvæðinu

**29,5%**
landsmanna lesa Bændablaðið

**Bændablaðið**

**Hvar auglýsir þú?**

**BÆNDAHÖLLIN VIÐ HAGATORG**

**Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is**

# STEKKUR

## Ýsa dregin úr flórnum

**Í fornri japanskri þjóðsögu segir að í jörðinni búi stór fiskur og jarðskjálftar verði þegar hann hreyfir sig. Til þess að koma í veg fyrir að hann sprikli er hann vaktaður af guði með stóra steinkylfu. Þegar athygli guðsins reikar burtu, notar fiskurinn tækifærið og hreyfir sig með sporðaköstum og jörðin skelfur.**

Í bókinni Sjö þættir íslenskra galdramanna segir frá galdramanni nokkrum sem hét Þorvaldur og bjó á Sauðanesi við Eyjafjörð. Vinnukona nokkur var lengi í vist hjá Þorvaldi og mat hann hana mikils. „Maður nokkur var í þingum við vinnukonu þessa, og varð hún barnshafandi af hans völdum. Fékk hún þá svo mikla löngun í nýja ýsu, að hún gat ekki um annað hugsað. Þetta var á áliðnum vetri og fiskilaust við Eyjafjörð, svo sem jafnaðarlega er um það leyti árs. Kvað svo mikið að þessum kenjum stúlkunnar, að hún missti alla lyst á öðrum mat, og var óttast um, að hún mundi svelta sig í hel; þótti húsbændum hennar óvænlega horfast. Eitt kvöld spurði Þorvaldur hana, hvort hún gæti etið nýja ýsu, þótt hún væri úr flórnum, en hún kvaðst mundu geta það, hvaðan sem hún fengist. Svo var baðstofunni á Sauðanesi háttað, að pallar voru í báðum endum, kýr undir pöllunum, en flórinn undir pallstokknum. Þá tók Þorvaldur fiskiöngul sinn og færi, renndi fram af pallinum ofan í flórinn, að því er mönnum sýndist, og kvað vísu. Kona sú, er sagan er eftir höfð, kvaðst hafa heyrt hana ung og ekki numið, en það mundi hún, að öngull og færi var nefnt í vísunni. Að lítilli stundu liðinni dró Þorvaldur spriklandi ýsu á önglinum og kastaði henni til vinnukonunnar. Ekki er getið um, hvort hún hafi etið hana eða ekki, en hitt er almælt, að ekki hafi hana langað jafnmikið í ýsu eftir það og getið þá líka etið annan mat.“

Einu sinni mættust tvær kerlingar á ferð. Þær áttu heima langt hvor frá annarri, svo þær þurftu að setjast niður og segja hvor annarri tíðindi úr sinni sveit. Þær sáu, að þær gátu slegið tvær flugur í einu höggi, svo þær tóku upp sjálfskeiðunga og mat og fengu sér bita. Bar nú margt á góma, og meðal annars segir önnur kerlingin, að það hafi nýlega rekið fjarskalega fágætan fisk í sinni sveit. Hin spyr hvaða fiskur það hafi verið, en það man hún ómögulega. Þá fer hin að telja upp ýmsa fiska, sem hún mundi eftir, en aldrei átti hún kollgátuna.

„Ekki vænti ég, það að hafi nú verið stökkull?"
„Og sussu nei."
„Það skyldi þó aldrei hafa verið marhnútur?"
„Vertu í eilífri náðinni, ekki hét hann það."
„Það hefur þó víst ekki verið skata?"
„Issi sissi nei."
„Nú, það mun þó ekki hafa verið ýsa?"
„Jú, ýsa var það, heillin,“ sagði þá hin og hnippti í lagskonu sína, en til allrar óhamingju mundi hún ekki eftir því, að hún var með opinn hníf í hendinni, svo hnífurinn fór á hol í síðuna á hinni kerlingunni, og sálaðist hún þar á þeirri stundu. /VH

**NYTJAR HAFSINS**

# Tíu stærstu í tímans rás

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



**Kvótahæsta fyrirtækið, HB Grandi, samanstendur af ekki færri en 13 félögum. Ætla má að á annað hundrað útgerðir standi að baki 10 kvótahæstu útgerðum landsins.**

Kvótakerfið var tekið upp á árinu 1984 og síðan þá hafa orðið gríðarlegar breytingar. Sjávarútvegsfyrirtækin eru bæði færri og stærri og öflugri en áður. Enda var að því stefnt að unnt væri að færa kvóta á milli skipa og útgerða til að auka hagræði. Skipaflotinn var á þessum árum miklu stærri en afrakstursgeta fiskistofna sem leiddi til ofveiði og afar bágrar stöðu sjávarútvegsins.

Til að stemma stigu við ofveiði var ákveðið að velja þá leið að setja heildaraflamark (kvóta) á nokkrar fisktegundir. Hvert skip fékk hlutdeild í aflamarki í hverri tegund í samræmi við aflareynslu. Þetta tvennt, hagræðing og sjálfbærni veiða, átti að tryggja atvinnuöryggi. Í kerfinu voru einnig ákvæði til stemma stigu við óheftum flutningi kvóta á milli byggðarlaga en reynslan hefur sýnt að þau ákvæði hafa að mestu reynst haldlaus eftir 1991.

Í upphafi voru sjö tegundir settar undir aflamark: þorskur, ýsa, karfi, ufsi, grálúða, skarkoli og steinbítur. Tvær síðastnefndu tegundirnar voru síðan teknar úr aflamarki. Aflamarkskerfið var í fyrstu ekki einhlítt en það var fest í sessi 1991. Í dag eru flest allar nytjategundir okkar háðar aflamarki og eru hluti af kvótakerfinu. Sérstakt stjórnkerfi er að vísu fyrir makríl.

*Ein útgerð tekin sem dæmi*

Hér er ekki ætlunin að fjalla um þróun kvótakerfisins og þau mörgu álitamál sem hafa verið og eru uppi um ágæti þess. Hins vegar verður litið á þá þróun sem hefur orðið hjá stærstu útgerðarfélögunum og birtir listar yfir 10 kvótahæstu útgerðir á mismunandi tíma frá upphafi og fram til dagsins í dag. Fyrir valinu urðu árin 1984 og 1990 og fiskveiðiárin 2002/2003 og 2018/2019. Þessar töflur eru þó af ýmsum ástæðum ekki samanburðarhæfar að öllu leyti þótt þær sýni þróunina á heildina litið. Við fyrri hluta þessa tímabils er stuðst við skýrslu Auðlindanefndar frá árinu 2000 en eftir það við gögn á vef Fiskistofu og víðar.

Of langt mál yrði að rekja sögu allra þessara fyrirtækja. Gripið verður til þess ráðs að fara ofan í saumana á tilurð eins þeirra, HB Granda sem er kvótahæsta útgerðin, enda má segja að samrunaferlið á bak við HB Granda sé í hnotskurn saga flestra annarra útgerða sem prýða topp tíu listann.

*Bæjarútgerðir áberandi*

Þá er komið að því að skoða fyrstu töfluna sem sýnir aflamark 10 kvótahæstu útgerða árið 1984. Samanlagt eru þessar útgerðir með rúm 21% kvótans í þeim fáu tegundum sem í boði eru.

Það fyrirtæki sem hefur mesta hlutdeild er Bæjarútgerð Reykjavíkur (BÚR) með um 4% af heildarkvótanum. Í fjórða sæti er Bæjarútgerð Hafnarfjarðar en bæði fyrirtækin voru í eigu sveitarfélaga. Þá er Útgerðarfélag Akureyringa hf. í öðru sæti sem var í meirihlutaeigu Akureyrarbæjar. Það er því ljóst að bæjarútgerðir voru áberandi á þessum tíma. Þá er athyglisvert að fjögur fyrirtækja á listanum eru nú hluti af HB Granda sem síðar verður vikið að.


Nýjustu skip Granda, Engey og Akurey, í höfn í Reykjavík. Mynd / Grandi

### Stærstu útgerðir (samsteypur) fiskveiðiárið 1984 (Fáeinar botnfisktegundir)

| Röð | Útgerð | Hlutdeild |
|---|---|---|
| 1. | Bæjarútgerð Reykjavíkur | 4,1% |
| 2. | Útgerðarfélag Akureyringa hf | 3,7% |
| 3. | Samtog hf | 2,0% |
| 4. | Bæjarútgerð Hafnarfjarðar | 1,8% |
| 5. | Síldarvinnslan hf | 1,8% |
| 8. | Útgerðarfélag Skagfirðinga | 1,8% |
| 7. | Miðnes hf | 1,6% |
| 8. | Einar Guðfinnsson hf | 1,6% |
| 9. | Ísbjörninn hf | 1,6% |
| 10. | Ögurvík hf | 1,4% |
| | Samtals | 21,4% |

Heimild: Skýrsla Auðlindanefndar 2000

### Stærstu útgerðir (samsteypur) fiskveiðiárið 1990 (Fáeinar botnfisktegundir)

| Röð | Útgerð | Hlutdeild |
|---|---|---|
| 1. | Útgerðarfélag Akureyringa hf | 4,3% |
| 2. | Grandi hf | 3,5% |
| 3. | Samherji hf | 2,4% |
| 4. | Síldarvinnslan hf | 1,9% |
| 5. | Skagstrendingur hf | 1,9% |
| 6. | Ögurvík hf | 1,8% |
| 7. | Miðnes hf | 1,6% |
| 8. | Skagfirðingur hf | 1,6% |
| 9. | Haraldur Böðvarsson & Co | 1,5% |
| 10. | Þormóður-rammi hf | 1,4% |
| | Samtals | 21,9% |

Heimild: Skýrsla Auðlindanefndar 2000

### Tíu kvótahæstu í upphafi fiskveiðiárs 2002/2003

(Upphafsúthlutun í loðnu. - Sjá skýringu í grein)

| Röð | Útgerð | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1. | Samherji hf | 7,2% |
| 2. | Útgerðarfélag Akureyringa hf | 5,5% |
| 3. | Þorbjörn Fiskanes hf | 5,2% |
| 4. | Þormóður rammi - Sæberg hf | 4,6% |
| 5. | Haraldur Böðvarsson hf | 4,2% |
| 6. | Grandi hf | 3,8% |
| 7. | Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf | 3,4% |
| 8. | Vísir hf | 3,2% |
| 9. | Vinnslustöðin hf | 3,0% |
| 10. | Fiskiðjan Skagfirðingur hf. | 2,5% |
| | Samtals | 42,6% |

Heimild: Fiskistofa

*Grandi og Samherji komast á blað*

Árið 1990 er orðin nokkur breyting á listanum yfir 10 stærstu útgerðirnar, eins og sjá má í næstu töflu. Heildarhlutdeild 10 kvótahæstu hefur þó lítið breyst frá 1984. Útgerðarfélag Akureyringa hf. er komið efst á listann og hefur aukið hlutdeild sína nokkuð með kaupum á kvóta. Bæjarútgerðirnar eru horfnar af listanum en í staðinn eru komin fyrirtækin Grandi hf. og Samherji hf. sem eiga eftir að láta til sín taka næstu árin.

*Grandi hf. varð til við samruna BÚR og Ísbjarnarins árið 1985*

Árið 1988 seldi Reykjavíkurborg svo sinn hluta í Granda til einkaaðila. Samherji hf. stækkaði mikið við kaup á skipum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Þá má sjá að Samtog hf. er horfið af listanum. Félagið hafði verið leyst upp og kvóti þess rann til útgerðarfélaga í Vestmannaeyjum.

Það er rétt að nefna að vöxtur og samþjöppun aflaheimilda á sér stað annars vegar með samruna fyrirtækja og hins vegar með kaupum á þeim aflaheimildum sem bjóðast. Samruni er í flestum tilfellum yfirtaka eins félags á öðru en þó eru nokkur dæmi um tvö félög sem hafa sameinast og eignarhaldið er í höndum beggja aðila.

*Samþjöppun í kjölfar frjáls framsals*

Nú verður farið fljótt yfir sögu og litið á 10 stærstu útgerðirnar 1. september 2002, þ.e. í upphafi fiskveiðiársins 2002/2003. Á því ári var úthlutað upphafskvóta í loðnu. Hafa ber í huga að á þennan lista vantar úthlutun í uppsjávartegundum eins og kolmunna og norsk-íslenskri síld. Kvóti í þeim tegundum fylgir almanaksárinu. Þegar þær tegundir eru teknar með í reikninginn færast stóru uppsjávarfélögin, eins og Síldarvinnslan og Ísfélag Vestmannaeyja, upp í topp tíu.

Hvað sem því líður þá hefur átt sér stað veruleg samþjöppun á rúmum áratug í kjölfar frjáls framsals aflahlutdeildar sem tekið var upp árið 1991. Tíu kvótahæstu eru þarna komin með um 43% af öllum úthlutuðum kvóta.

Samherji hefur nú tekið áberandi forystu eftir sameiningar/yfirtökur nokkurra félaga og trónir í efsta sæti með rúm 7% úthlutaðs kvóta.

Útgerðarfélag Akureyringa er í öðru sæti en breytingar hafa orðið á eignarhaldi. Eimskipafélagið er nú aðaleigandi þess og Eimskip er

reyndar einnig aðaleigandi Haraldar Böðvarssonar hf.

Grandi siglir nokkuð lygnan sjó og er í 6. sæti næst á eftir HB hf. Grandi hafði þó bætt við sig kvóta. Árið 1990 hafði Hraðfrystistöð Reykjavíkur hf. sameinast Granda. Árið 1995 eignaðist Grandi allt hlutafé í fyrirtækinu Faxamjöli hf. og fyrirtækið var síðan sameinað Granda í árslok 2002.

***Miklar hrókeringar***

Fjórða og síðasta taflan sýnir kvótahæstu útgerðirnar í mars 2018 samkvæmt útreikningi Fiskistofu. Þar eru allar tegundir teknar með, bæði þær sem úthlutað er í upphafi fiskveiðiárs og þær sem fylgja almanaksárinu.

Fram að þeim tíma höfðu orðið miklar hrókeringar hjá stærstu fyrirtækjun en við skulum aðeins líta á þær sem tengjast Granda eða HB Granda eins og félagið nefnist í dag.

Hverfum til ársins 2004 en þá runnu stórútgerðirnar Grandi og Haraldar Böðvarssonar saman og úr varð HB Grandi. Það félag varð þá kvótahæsta fyrirtæki landsins. Í framhaldi af því er vert að skoða hvaða útgerðir stóðu að baki Haraldi Böðvarssyni og um leið að baki HB Granda.

Haraldur Böðvarsson hf. varð til árið 1991 við samruna fjögurra fyrirtækja á Akranesi. Þau voru Haraldur Böðvarsson & Co, Sigurður hf. (dótturfélag HB & Co.), Heimaskagi og Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. Árið 1996 sameinaðist Krossvík hf. HB hf. Árið 1997 sameinast HB og Miðnes hf. í Sandgerði en Miðnes var í hópi þeirra 10 stærstu bæði árin 1984 og 1990.

Þess má svo geta að árið 2003 verður Haraldur Böðvarsson hf. hluti af sjávarútvegsstarfsemi Eimskipafélags Íslands.

## Tíu kvótahæstu í upphafi fiskveiðiárs 2002/2003

*(Upphafsúthlutun í loðnu. - Sjá skýringu í grein)*

| Röð | Útgerð | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1. | Samherji hf | 7,2% |
| 2. | Útgerðarfélag Akureyringa hf | 5,5% |
| 3. | Þorbjörn Fiskanes hf | 5,2% |
| 4. | Þormóður rammi - Sæberg hf | 4,6% |
| 5. | Haraldur Böðvarsson hf | 4,2% |
| 6. | Grandi hf | 3,8% |
| 7. | Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf | 3,4% |
| 8. | Vísir hf | 3,2% |
| 9. | Vinnslustöðin hf | 3,0% |
| 10. | Fiskiðjan Skagfirðingur hf. | 2,5% |
| | **Samtals** | **42,6%** |

*Heimild: Fiskistofa*

## Tíu kvótahæstu í mars 2018

(Allar tegundir í aflamarki. Sjá skýringu í grein)

| Röð | Útgerð | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1. | HB Grandi hf | 10,9% |
| 2. | Samherji Ísland ehf | 6,3% |
| 3. | Síldarvinnslan hf | 6,0% |
| 4. | Þorbjörn hf | 4,7% |
| 5. | Vinnslustöðin hf | 4,4% |
| 6. | FISK-Seafood ehf | 4,2% |
| 7. | Skinney-Þinganes hf | 4,2% |
| 8. | Ísfélag Vestmannaeyja hf | 3,9% |
| 9. | Rammi hf | 3,6% |
| 10. | Vísir hf | 3,5% |
| | **Samtals** | **51,7%** |

*Heimild: Fiskistofa*

Árið 2004 var viðburðarríkt hjá HB Granda því þá sameinaðist félagið einnig Tanga á Vopnafirði og útgerð uppsjávarskipsins Svans RE.

***Tíu stærstu með allt að 55%***

Í samantekt Fiskistofu frá því í mars í fyrra var HB Grandi, kvótahæsta fyrirtækið, með 10,9% af heildinni. Samherji Íslands var í öðru sæti með 6,3% og Síldarvinnslan í því þriðja með 6%. Síldarvinnslan er jafnframt eina fyrirtækið sem eftir er undir sama nafni og það var á topp tíu listanum 1984.

Tíu stærstu 2018 eru með tæp 52% af heildinni. En þegar ÚA, dótturfélag Samherja, er tekið með og Bergur Huginn, dótturfélag Síldarvinnslunnar, eru 10 stærstu með allt að 55%.

Samkvæmt núgildandi lögum má ekkert útgerðarfyrirtæki eiga meira en 12% af verðmætum heildarkvótans reiknað í þorskígildum. Þorskígildistuðlar eru notaðir til að finna verðmæti annarra tegunda gagnvart þorski.

Síðastliðið haust dró enn til tíðinda en þá festi HB Grandi kaup á Ögurvík sem var með töluverðar aflaheimildir. Nú í mars næstkomandi birtir Fiskistofa nýjar tölur um kvótahæstu útgerðirnar og þá er spurning hvort HB Grandi sé ekki farinn að nálgast 12% kvótaþakið.

***Á annað hundrað félaga á bak við 10 stærstu***

Í samantektinni hér að framan eru nefnd um það bil 13 fyrirtæki sem standa á bak við HB Granda. Sömu sögu er að segja af flestum öðrum fyrirtækjum á listanum þótt það hafi ekki verið rakið hér. Ekki er ólíklegt að 10 kvótahæstu útgerðirnar sem eru á listanum 2018 séu samansettar af eitthvað á annað hundrað fyrirtækjum stórum og smáum.

Þótt HB Grandi hafi hérna verið nefndur sem dæmigert fyrirtæki um samþjöppun hefur félagið þó þá sérstöðu að það hefur verið á hlutabréfamarkaði síðan 1992. Eignarhald aðaleigenda var nokkuð stöðugt lengst af en á síðasta ári urðu stór viðskipti með hlutabréf í félaginu og nýr aðaleigandi kom inn.

***Stærstur hluti gengið kaupum og sölum***

Hér hefur verið vikið að vexti og samþjöppun aflaheimilda hjá 10 kvótahæstu fyrirtækjunum með áherslu á HB Granda. Ljóst er að stór hluti kvótans hefur skipt um eigendur. Árið 2008 kom til dæmis fram samkvæmt könnun Landssambands íslenskra útvegsmanna að 87% af upphaflega kvótanum sem úthlutað var árið 1984 hefðu skipt um eigendur og verið keypt af þáverandi útgerðum.

Þá má nefna í lokin sem dæmi um þróunina að í upphafi fiskveiðiársins 2002/2003 voru 50 kvótahæstu útgerðir handhafar um 74% kvótans, fiskveiðiárið 2009/2010 voru 50 stærstu með 84,91% kvótans og fiskveiðiárið 2018/2019 voru 50 stærstu með um 90% kvótans. Allt ber því að sama brunni. Hér er ótalið ýmis eignatengsl því stóru útgerðirnar eiga sumar hverjar umtalsverðan hlut í öðrum félögum sem reiknast ekki með í samantekt Fiskistofu á hlutdeild útgerða í heildarkvótanum.



Meistaraverkefni um kjötgæði hrossakjöts, vöruþróun og markaðssetningu:

# Folaldakjöt er náttúrulega meyrt kjöt

**Í rannsókn Evu Margrétar Jónudóttur á kjötgæðum hrossakjöts, sem unnin var í tengslum við meistaraverkefni hennar í matvælafræði við Háskóla Íslands, kemur fram að allir hrossakjötsvöðvarnir – frá lund til innra læris – séu frá náttúrunnar hendi meyrir.**

Að sögn Evu eru markverðustu niðurstöðurnar líklega þær að meyrni folaldavöðva breytist lítið frá slátrun; strax á þriðja degi er kjötið meyrt og helst þannig fram á 14. dag – og verður gjarnan meyrara með tímanum. Í samanburði við lambakjöt kemur í ljós að á sjöunda degi frá slátrun eru vöðvarnir svipað meyrir úr lambi og folaldi; þótt á heildina litið sé folaldakjötið örlítið meyrara. Munar þar mest um meyrni hryggvöðva og lunda úr folaldaskrokknum.

*Gagnlegar upplýsingar*

„Ástæða þess að við hjá Matís erum að vinna að þessum rannsóknum á hestakjöti núna er til þess að safna saman öllum handhægum upplýsingum á einn stað. Upplýsingar sem kostað hefur verið til að afla þurfa að vera aðgengilegar öllum þeim sem þurfa á þeim að halda. Upplýsingar frá okkur munu sérstaklega gagnast þeim sem eru að kaupa og selja hrossakjöt, bæði innanlands og úti í heimi.

Þær munu ekki síður nýtast í starfsþjálfun fyrir fólk sem vinnur og selur hrossakjöt og sem fræðsluefni. Vonin er sú að ávinningurinn verði aukin sala á hestakjöti sem mun þá líka skila sér í vasann hjá bændum landsins sem kvarta gjarnan yfir lágu afurðaverði og að kjötið sé ekki metið að þeim verðleikum sem það á skilið," segir Eva.

*Fyrsta rannsókn sinnar tegundar*

Að sögn Evu hefur slík rannsókn aldrei verið gerð á Íslandi. „Það hafa verið gerðar svipaðar rannsóknir á hrossakjöti erlendis, til dæmis á Ítalíu og Spáni, en hrossakjötið þar er ekki sambærilegt okkar. Okkar hrossakjöt hefur sérstöðu vegna þessarar mjúku fitu, hefur hátt hlutfall Omega 3 fitusýra – og annarra hollra fitusýra sem – kemur beint úr íslensku grasi. Að sjá svona fínar mælingar á folaldakjötinu á þriðja degi, sem er ekki raförvað, sýnir að það eru tækifæri fyrir okkur til þess að vinna það snemma og pakka strax því þannig getum við lengt geymsluþolið.



Eva Margrét Jónudóttir vinnur að meistaraverkefni í matvælafræði um kjötgæði hestakjöts, vöruþróun og markaðssetningu. Niðurstöður úr meyrnirannsókn hennar sýna að folaldakjöt er náttúrulega meyrt kjöt.



Warner-Bratzler áferðarmæling er notuð til að meta meyrnina.





Áður en meyrnin var mæld voru vöðvarnir eldaðir með *sous vide* aðferðinni, í klukkutíma við 68 gráður.

*Meyrnin mæld með Warner-Bratzler aðferðinni*

Að sögn Evu lögðu hrossabændur á Suðurlandi til þrjú folöld sem slátrað var á Hellu 3. desember 2018. „Öllum vöðvum var skipt upp í fjórar sneiðar til að mæla lit, efnasamsetningu, bragðgæði/meyrni með vörumati og skurðkraft/suðurýrnun. Ein fór í litmælingu, önnur í efnamælingu, þriðja í vörumat og sú fjórða í Warner-Bratzler áferðarmælingu og mælingar á suðurýrnun. Fyrir vörumat, áferðarmælingu og suðurýrnun voru vöðvarnir eldaðir með Sous Vide-aðferð í klukkutíma við 68 gráður.

Warner-Bratzler aðferð virkar þannig að vél sker eftir stillingu í gegnum kjötbita á ákveðið mörgum sekúndum og segir okkur hversu miklu afli hann þarf að beita til þess að komast í gegnum bitann. Bitarnir eru skornir í litla teninga sem eru einn sinnum einn sentimetri og skorið er með V-laga gróp þvert á vöðvaþræði. Mælingarnar voru gerðar eftir 3, 7, 11 og 14 daga geymslu við 2–4 gráður, eftir slátrun. Hver vöðvi úr hverju folaldi var mældur að minnsta kosti þrisvar sinnum alla dagana, sem gera allt í allt um 500 mælingar, svo niðurstöðurnar ættu að vera nokkuð nákvæmar. Þessi aðferð er mjög góður mælikvarði til þess að skoða meyrni kjöts. Allt kjötið fær sömu meðferð og mælt með sömu stillingum á vélinni svo samanburður sé sem öruggastur.

Það er gjarnan talað um að kjöt sem mælist 5,0 kg í skurðkrafti eða undir sé meyrt og þess vegna ekki annað hægt en að halda því fram að þetta séu mjög jákvæðar niðurstöður," segir Eva. /smh




Samanburður á meyrni lambakjöts og folaldakjöts. Gögnin um lambið er fengin úr bakkalár-lokaverkefni Rakelar Maríu Sigurþórsdóttur.




| Dagar frá slátrun | 3 | 7 | 11 | 14 |
|---|---|---|---|---|
| Meðaltal allra mælinga dags | 4,19 | 4,18 | 4,15 | 3,46 |
| Staðalfrávik allra mælinga dags | 1,27 | 1,20 | 1,28 | 0,98 |

Lægra gildi stendur fyrir meyrara kjöt.

| Dagar frá slátrun | 3 | 7 | 11 | 14 |
|---|---|---|---|---|
| Lundir | 2,80 | 3,16 | 2,92 | 2,28 |
| Hryggvöðvi | 4,21 | 4,04 | 4,23 | 3,49 |
| Innralæri | 5,54 | 5,17 | 5,59 | 4,14 |
| Ytralæri | 4,19 | 4,01 | 4,37 | 3,91 |
| Læristunga | 3,34 | 4,99 | 4,62 | 2,62 |
| Endi á ytralæri (Culotte) | 3,81 | 3,82 | 2,77 | 2,79 |
| Klumpur | 4,77 | 4,20 | 4,04 | 3,43 |
| Mjaðmasteik | 3,91 | 3,60 | 3,86 | 3,94 |
| Bringuvöðvi | 5,11 | 4,75 | 5,42 | 4,41 |
| Bógvöðvi | 3,17 | 4,05 | 3,68 | 3,61 |

# Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka akstureiginleika



www.hrimnir.shop
runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA

HRÍMNIR

## Styrkir til þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins*** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Í nautgriparækt eru þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsóknir og þróunarverkefni.

Í sauðfjárrækt eru hver þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

Í garðyrkju eru styrkhæf -ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www. fl.is/þróunarfé**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.

**Umsóknarfrestur er til 1. apríl n.k.**

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins í síma 430 4300 og á netfangið thorhildur@fl.is.

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins***
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

## List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 22. mars 2019.**

### MAT Á UMSÓKNUM

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **10. maí 2019**.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

List fyrir alla

ÍSTEKA

**SELDU HRYSSUR TIL LÍFS**

# Hrossabændur óska eftir hryssum

**Mega vera þriggja til fimmtán vetra**

## Hækkað verð!

**Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.**

**Sækjum frítt** á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

***Geymið auglýsinguna!***

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

# Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

## Mikil vakning í trjárækt á sama tíma og gengið hefur verið verulega á regnskógana í heiminum:

# Tré þekja nú 2,24 milljónum ferkílómetra stærra svæði en fyrir 35 árum

### – Skógar Evrópu eru mun stærri nú en fyrir hundrað árum og mesta endurheimt skóga hefur verið í Rússlandi



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Þrátt fyrir að verulega hafi verið gengið á regnskóga heimsins á undanförnum 35 árum árum, þá hafa skógar í heild á jörðinni stækkað, svo undarlega sem það kann að virðast. Tré þekja nú um 2,24 milljónum ferkílómetra stærra svæði en þau gerðu fyrir einni öld, samkvæmt rannsókn sem birt var í tímaritinu Nature á síðasta ári.**

Rannsóknin sem leidd var af Xia-Peng og Mathew Hansen í Maryland háskólanum í Bandaríkjunum er m.a. byggð á mælingum með gervihnöttum á árunum frá 1982 til 2016. Var þá jörðinni svæðisskipt þar sem tré eru 5 metrar eða hærri, gróður undir 5 metra hæð, graslendi, landbúnaðarland, berangur, sandar, túndra og klettar.

*Endurheimt skóglendis hefur verið með einsleitari ræktun*

Í rannsókninni kemur fram að skógrækt yfirgnæfir þá skógareyðingu sem átt hefur sér stað í regnskógunum. Gallinn á þessu er samt sá að með skipulagðri skógrækt manna verða skógarsvæðin einsleitari. Skógarkrónan ekki eins þétt og skógarnir ekki eins fjölskrúðugir af plöntum og dýralífi og villtu frumskógarnir sem verið er að eyða.

*Viðsnúningur í hugsun eftir seinni heimsstyrjöld*

Mikil skógareyðing átti sér stað í Evrópu fram yfir seinni heimsstyrjöldina, en þá hófst viðsnúningur sem enn stendur. Á Íslandi náðu þessar hugmyndir ekki að skjóta rótum að neinu ráði fyrr en um eða eftir 1970 og eiginlega ekki að neinu marki fyrr en síðustu 30 árin.

Richard Fuchs hjá Wageningen-háskóla í Hollandi stýrði rannsóknarverkefni sem ætlað var að sýna hnignun og vöxt skóglendis í Evrópu frá árinu 1900. Samkvæmt rannsókninni eru skógar Evrópu grænni nú en fyrir 100 árum.

Um aldamótin 1900 var harla lítið eftir af upprunalegum skógum í Evrópu. Gríðarlega hafði þá verið gengið á skógana vegna notkunar á timbri í byggingar, skip og eldivið, m.a. til húshitunar og fyrir málmiðnaðinn. Aðeins mun nú vera að finna um 140.000 hektara af gömlum upprunalegum frumskógum í Evrópu.

Eftir stríð hafa orðið miklar breytingar víða um álfuna með stóraukinni skógrækt. Þess má sjá mjög glöggt merki í Frakklandi, á Spáni, í Portúgal og á Ítalíu. Í Bretlandi og þá ekki síst í Skotlandi og á Írlandi hefur umfang skóga margfaldast, þótt graslendi sé enn langstærsti hluti gróðurþekjunnar.

*Eftirstríðsvakning í skógrækt*

Eftir aldamótin 1900 og sérstaklega eftir seinni heimsstyrjöldina hófu Evrópuríkin umfangsmikla endurrækt skóga sem stendur enn. Þótt timbur hafi áfram verið nýtt af miklum krafti, m.a. til pappírsgerðar, þá hafa iðnfyrirtækin séð það í hendi sér að gjöreyðing skóga þýddi um leið dauða fyrirtækjanna sem lifðu á timbri sem hráefni. Í pappírsiðnaðinum var því fljótlega farið að stunda þá iðju að í stað hvers trés sem fellt var var plantað tveim í staðinn til að tryggja sjálfbærni greinarinnar.

Mest er nýtt af barrtrjám, þ.e. furu og greni, og tiltölulega mjúkum trjávið í pappírsgerð. Þykir hann henta best vegna langra trefja. Kanadamenn hafa verið stórtækir á þessu sviði sem og Svíar, Norðmenn, Finnar og Bandaríkjamenn. Einnig er talsvert nýtt af bómull í fínni pappírsgerð. Þá hefur færst mjög í aukana að endurvinna pappír. Mest er um endurvinnslu á pappír sem fellur til í prentsmiðjum, enda er hann hreinni og betur flokkaður en almennt gerist við flokkun frá heimahúsum. Þannig borgar sig ekki að endurvinna hvaða pappír sem er og endar illa flokkaður pappír oftar en ekki í brennslustöðvum sem umbreyta honum í hitaorku og raforku.

*Aukin tækni í landbúnaði leiddi til endurheimtar skóga*

Vegna aukinnar tækni í landbúnaði þurfti líka minna ræktarland en áður til að ná sömu eða meiri uppskeru. Var þá líka farið í að rækta upp skóga á landinu sem ekki var nýtt.

Nú er um 35% lands í ríkjum Evrópusambandsins þakin skógi. Þar er að langmestu leyti um að ræða skóga sem ræktaðir hafa verið upp af mannavöldum í stað skóga sem höggnir hafa verið á síðustu árhundruðum.

Dýralíf sem þreifst í gömlu skógunum hnignaði mjög og sumar tegundir dóu út, en með aukinni skógrækt hefur dýralíf að einhverju leyti verið að taka við sér á ný frá 1920.

Mesti ávinningurinn í endurheimt skóga er á svæðum sem hætt er að nýta undir landbúnað í Evrópu, Asíu og í Norður-Ameríku. Þá er bent á að hækkandi hitastig nær pólsvæðum jarðar hjálpi þar til sem og gríðarleg skógræktarverkefni sem búið er að setja í gang í Kína.

*Óarðbært ræktarland hverfur aftur undir skóg*

Gríðarleg endurheimt skóga hefur verið í Rússlandi og fyrrum Sovétríkjum. Fuchs skýrir það með því að bændur hafi hætt að nýta óarðbært ræktarland og að skógurinn hafi hreinlega tekið það yfir. Svipuð þróun hefur átt sér stað í Póllandi og í Rúmeníu.

*Mest aukning skógarsvæða er í Rússlandi*

Á heimsvísu er mesta skógaraukningin í Rússlandi, eða sem nemur 790.000 ferkílómetrum samkvæmt rannsókn Xia-Peng og Mathew Hansen í Maryland-háskóla. Þá nemur aukning meginlandsskóga um 726.000 ferkílómetrum. Á




Richard Fuchs hjá Wageningen-háskóla í Hollandi stýrði rannsóknarverkefni sem ætlað var að sýna hnignun og vöxt skóglendis í Evrópu frá árinu 1900. Samkvæmt rannsókninni eru skógar Evrópu grænni nú en fyrir 100 árum.






Hrikaleg eyðing frumskóga í Brasilíu hefur verið ganrýnd um allan heim. Þrátt fyrir þá eyðingu hefur skóglendi aukist í heild á heimsvísu.



Pappírsiðnaðurinn nýtir gríðarmikið af trjám en á vegum hans er líka plantað meira af trjám en höggvin eru vegna vinnslunnar.



Í þorpi einu á Indlandi gróðursetja íbúarnir 11 tré í hvert sinn sem stúlkubarn fæðist.

norðlægum svæðum nemur aukningin 463.000 ferkílómetrum. Í Kína er aukningin 324.000 ferkílómetrar. Í Bandaríkjunum er hún 301.000 ferkílómetrar. Á heittempruðum svæðum er aukningin síðan sem nemur um 280.000 ferkílómetrum.

Í rannsókn Maryland-háskóla kemur líka fram að mesta skógareyðingin hefur átt sé stað í hitabeltinu og heittempraða beltinu. Þannig hafa tapast um 332.000 ferkílómetrar af regnskógum og 373.000 ferkílómetrar af öðrum hitabeltisskógum. Svonefndir þurrskógar í hitabeltinu hafa minnkað um 184.000 ferkílómetra, en á því svæði hefur skógareyðingin líka verið hlutfallslega hröðust á árunum 1982 til 2016 eða 15%.

### *Skógareyðing gríðarleg í regnskógum Brasilíu*

Af löndum heims hefur skógareyðingin verið langmest í Brasilíu, eða 399.000 ferkílómetrar, sem er meira en samanlögð skógareyðing á fyrrnefndu tímabili í sex löndum, þ.e. Kanada, Rússlandi, Argentínu og í Paragvæ.

### *Skógarþekjan hefur minnkað en tré eru á stærra svæði en áður*

Samkvæmt rannsókn Xia-Peng og Mathew Hansen í Maryland-háskóla hefur gróðurþekja skógarkrónunnar minnkað frá 1982 um 1,33 milljónir ferkílómetra á heimsvísu, eða um 4,2%. Segja skýrsluhöfundar að þetta stemmi nokkuð vel við tölur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þótt skilgreiningar á skógi með tilliti til samsetningar séu nokkuð ólíkar.

Þegar tekið er mið af skógrækt sem átt hefur sér stað á sama tíma þá nemur hún 2,24 milljón kílómetrum. Þannig hefur heildar skógarsvæðið stækkað úr 31 í rúmlega 33 milljónir ferkílómetra, eða um 7,1% síðan 1982.

Benda skýrsluhöfundar á að trjáþekja á landi sé ekki endilega það sama og skógarþekja, aðallega vegna minni þéttleika gróðurkrónunnar í ræktuðum skógum en frumskógunum í hitabeltinu.

### *Kínverjar og Indverjar í miklu skógræktarátaki*

Nýlegar fregnir frá NASA, geimvísindastofnun Bandaríkjanna, staðfesta þessar fregnir að hluta og sýna gríðarlega aukningu á skógrækt í Kína og á Indlandi á síðustu tuttugu árum. Í þessum löndum hefur myndast mikill áhugi fyrir skógrækt sem viðleitni við að berjast gegn gróðurhúsaáhrifum og hafa menn verið að slá þar hvert metið af öðru í gróðursetningu.

### *Indverjar plöntuðu 66 milljónum trjáa á 12 klukkustundum*

Sem dæmi þá slógu Indverjar eigið heimsmet sem skráð er í heimsmetabók Guinness í gróðursetningu áhugamanna á trjám á 12 klukkustundum. Þá komu saman 1,5 milljónir Indverja á bökkum Narmada-árinnar í Madhya Pradesh héraði og potuðu niður 66 milljón trjáplöntum á hálfum sólarhring. Þá er nefnt að í þorpi einu á Indlandi gróðursetji íbúarnir 11 tré í hvert sinn sem stúlkubarn fæðist.

Indverjar hafa sett þá stefnu að verja sem nemur 6 milljörðum dollara til að endurheimta skóga þannig að skógar þeki 12% af Indlandi fyrir árið 2030. Með þessu m.a. hyggjast Indverjar jafna að mestu koltvísýringsútblástur þjóðarinnar. Á fyrstu sjö mánuðum ársins 2018 plöntuðu íbúar Uttar Pradesh héraðs um 49,3 milljónum trjáplantna.

### *Maðurinn stórtækastur bæði í eyðingu og endurheimt skóga*

Í rannsókninni sem gerð var í Maryland-háskóla kemur fram að um 60% af þeim breytingum sem átt hafa sér stað á skóglendi jarðar frá 1982 stafar af mannavöldum, bæði endurheimt og eyðing. Um 70% af eyðingu regnskóganna hefur sem dæmi orsakast af mannavöldum.

### *Engin ný sannindi*

Í dag eru uppi mikil áform um ræktun skóga til að binda koltvísýring í andrúmsloftinu. Er það talin skilvirkasta leiðin sem þekkist í dag í þeim tilgangi. Þar sjá íslenskir skógræktarmenn líka mikla möguleika, en það veltur þó á því að ríki og sveitarfélög spili þar með af fullri alvöru.

Á umræðunni mætti samt ætla að aukin skógrækt sé alveg ný hugmynd sem sprottið hafi upp vegna loftslagsumræðunnar. Rannsóknir vísindamanna sem impráð er á hér að framan sýna þó að það er að verða nær hundrað ár síðan menn fóru af krafti að vinna að endurheimt skóga og fyrst á ofnýttum svæðum í Evrópu. Þar var það í raun neyðin sem kenndi nöktum mönnum að spinna þegar þeir sáu fram á að þeir voru að verða búnir að eyða öllu lífrænu hráefninu sem fékkst úr trjánum og hélt efnahagslífinu gangandi. Þótt nýjar heimsendaspár spretti upp daglega, þá virðist engin ástæða vera til að óttast aldauða skóganna, jafnvel þótt frumskógar í hitabeltinu séu vissulega enn á válista.



Indverjar settu heimsmet er áhugafólk um skógrækt í Madhya Pradesh-héraði potuðu niður 66 milljón trjáplöntum á hálfum sólarhring.









## Vinnuverndarverkefnið „Búum vel“:

# Töluðu um heilsuna í Húnaþingi

## – Heimilislæknir ráðleggur fólki að borða íslenskan mat og sálfræðingur hvetur bændur til að ræða saman um tilfinningar

**Um 40 bændur í Vestur-Húnavatnssýslu fjölmenntu á fund í síðustu viku sem haldinn var í félagsheimilinu Ásbyrgi í Miðfirði til þess að tala um heilsuna. Þar héldu erindi læknirinn Þórður Ingólfsson og sálfræðingurinn Sofia B. Krantz auk þess sem Guðmundur Hallgrímsson fjallaði um vinnuverndarverkefnið Búum vel sem Bændasamtökin hafa rekið um árabil í samvinnu við búnaðarsambönd. Tilefnið var að ræða heilsufar og vellíðan bænda og starfsfólks í landbúnaði. Greinilegt var á mætingu og umræðum fundargesta að málefnið vekur áhuga og er brýnt.**

*Markmið verkefnisins er að fækka slysum í landbúnaði*

Guðmundur Hallgrímsson, verkefnisstjóri vinnuverndarverkefnisins Búum vel, hélt inngangserindi þar sem hann sagði frá tilgangi vinnuverndarstarfs almennt. Hann hefur á síðustu árum farið í heimsóknir á um 240 sveitabæi til þess að ræða vinnuverndar- og öryggismál.

„Þetta er í raun undirbúningur til þess að mæta því eftirliti sem kemur síðar. Við yfirförum ýmis öryggismál á bænum, mikið í kringum vélar, rafmagn og byggingar. Ég fer með hitamyndavél og skoða rafmagnstöflur og ýmis raftæki. Með bændunum er farið yfir aðstöðu í gripahúsum og við skoðum meðal annars brunahættu, útgönguleiðir, vélar og verkfæri innanhúss og vinnuaðstöðu,“ segir Guðmundur. Í heimsóknum til bænda er líka hugað að vinnuaðstöðu og rætt við bændur um ásýnd býlisins. „Við stærum okkur af því að framleiða góðar búvörur og er þá ekki nauðsynlegt að hafa sæmilega snyrtilegt í kringum sig?“ spurði Guðmundur fundarmenn. Hann segir að heilsufarsþátturinn í vinnuverndinni sé nú til umfjöllunar og fundurinn í Ásbyrgi viss tilraun í þeim efnum.

*Eru bændur eins og annað fólk?*

Þórður Ingólfsson er heimilislæknir í Búðardal og hefur starfað þar í um 25 ár. Hann ræddi við fundargesti um heilsufar og hvatti þá til þess að hugsa til framtíðar.

„Eru bændur eins og annað fólk?“ spurði Þórður í upphafi erindis síns og velti því upp hvort bændur fengju sömu sjúkdóma og aðrir og lentu í ápekkum slysum.

„Það fyrsta sem maður getur sagt þegar skoðuð eru veikindi í heild að þá virðast bændur verða minna veikir en aðrir íbúar þessa lands. Þá erum við að tala um talda veikindadaga. Hvernig skyldi standa á því? Jú, er það ekki vegna þess að þeir eru að reka sín bú og verða að vinna?“

Þegar Þórður kom í Búðardal var hann búinn að vera 7 ár í Svíþjóð og vinna þar í heilsugæslu í nokkur ár. „Strax og ég hóf störf í Búðardal fannst mér áberandi mikið um slitgigt. Gerði ekkert meira með það þá en skoðaði það síðar. Nú hefur verið staðfest með rannsóknum að mikið er um slitgigt hjá bændum. Bændur fara t.d. oftar en aðrir í liðskiptiaðgerðir á mjöðmum og hnjám. Munurinn er ekki mikill en hann er marktækur,“ segir Þórður. Heilt yfir séu öll krabbamein sjaldgæfari í bændum en öðrum íbúum landsins samkvæmt mælingum og er sá munur marktækur. „Það er ef til vill ívið meira um sum krabbamein, t.d. húðkrabbamein, sem hefur væntanlega með mikla útiveru að gera vegna sólar,“ segir hann.



Guðmundur Hallgrímsson, verkefnisstjóri Búum vel.

*Heymæðin ekki lengur algeng*

Þórður nefnir heymæðina sem var mikið meira vandamál hér áður fyrr. „Heymæði er oft ruglað saman við frjókornaofnæmi. Heymæði er það sem kallað er á ensku „farmer's lung“ sem er í raun ofnæmi við myglu og jafnvel öðrum hlutum í illa verkuðu heyi. Þegar ég kom í Búðardal sá ég gamla bændur með þennan sjúkdóm en sé hann ekki lengur. Ég get ekki lofað því að búið sé að útrýma heymæðinni en með nútíma heyverkunaraðferðum hefur þetta batnað. Svo eru sumar sýkingar sem eru algengari hjá bændum en öðrum, t.d. sláturbóla sem er svolítið sérstök fyrir þessa stétt,“ segir Þórður og nefnir líka stífkrampa sem væri þó fátíður en gæti leynst í jarðvegi. Í því tilliti minnti hann bændur á að nýta sér bólusetningar.

*Hvernig á að lifa lífinu?*

Þórður segir að erfitt sé að gefa eitt ráð sem gagnast öllum þegar kemur að góðri heilsu. „Auðvitað eigum við að borða og drekka hollt. Við eigum að borða fjölbreyttan mat, kjöt, fisk, grænmeti, grófmeti og lýsi. Við eigum að borða sem minnst af unnum matvælum og borða íslenskan mat. Við vitum hvernig lambakjötið er og vitum að það er hrein vara, rétt eins og nautakjötið og fiskurinn. Við eigum að borða minna af unnum mat en það hefur sýnt sig að hann er ekki alltaf heilnæmur. Þá er ég að tala um pylsur og bjúgu eða slíka fæðu,“ segir Þórður. Hann ráðleggur bændum að taka lýsi því það væri öruggt að við fengjum ekki nægt D-vítamín frá sólinni í skammdeginu.

*Kaffið stendur fyrir sínu*

Sykur og sætindi sem eru hraðvirk og einföld kolvetni eru óholl og sennilega ávanabindandi. Þórður mælir með því að nota lítið af þessum hráefnum í matreiðslu. „Ávaxtasykur er því miður ekki hollari en hvítsykurinn og menn þurfa að muna eftir því, t.d. þegar fólk fær sér ávaxtasafa,“ segir Þórður en hann mælir með kaffidrykkju. „Mér finnst vanta að kaffið njóti sannmælis. Það er sýnt að þeir sem drekka kaffi lifa lengur en þeir sem ekki drekka kaffi. Þeir sem drekka kaffi fá síður sykursýki en þeir sem ekki gera það. Sama á við um sum krabbamein, t.d. ristil- og brjóstakrabbamein. Það er aldrei talað um þetta. Jú, kaffi getur verið vont í magann og fólk getur fengið magasár við að drekka of mikið af því,“ segir Þórður sem varar hins vegar við reykingum og annarri tóbaksnotkun. „Lengi var talið að það væri hollt að drekka 1–2 rauðvínsglös en það er umdeilt enn þá. Sem læknir er ég ekki hingað kominn til að mæla með því að fólk neyti áfengis en við eigum líka að vera hamingjusöm. Allt sem gleður er gott!“



Ingibjörg Sigurðardóttir á Auðólfsstöðum og Ingvar Björnsson á Hólabaki sem stjórnaði fundi. Myndir / TB



Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir á Kollsá II, Guðbjörg Jónsdóttir á Kolbeinsá og Kristín Árnadóttir á Borðeyri.



Þórður Ingólfsson, læknir í Búðardal, gaf bændum góð ráð og Sofia B. Krantz sálfræðingur hvatti þá til að huga að geðheilsunni.

*Viðhöldum bólusetningum*

Þórður hvatti fólk til að viðhalda bólusetningum. „Mér finnst að bændur eigi að passa sig og vera með vörn fyrir stífkrampa. Forðumst slysin og förum varlega. Mætum í skipulagða krabbameinsskoðun. Ennþá er það bara til fyrir konur, þar sem leitað er að legháls- og brjóstakrabbameini.“

*Skimun fyrir krabbameinum*

Þórður segir að lengi sé búið að tala um að hefja skimun fyrir ristilkrabbameini en menn deila um hvaða aðferð á að nota. „Skimunin er gerð á tvennan hátt, með ristilspeglun, sem er best en svolítið dýrt. Það eru til gögn sem sýna að það svari kostnaði. Separ eru teknir en þeir geta breyst í krabbamein. Hin aðferðin er að athuga hvort það sé blóð í hægðum sem er þó ónákvæmt og gefur vafasamari niðurstöður. Það er líka hægt að mæla efni í blóði sem segja til um það hvort líkur séu á því að karlmenn séu með blöðruhálskrabbamein.“ Þórður segir blöðruhálskrabbamein mjög breytilegt og hegði sér með ólíkum hætti. „Það er mjög há prósenta af gömlum körlum sem eru með blöðruhálskrabbamein, t.d. eru níræðir karlmenn sem deyja á bilinu 80–90% með slíkt mein. Svo geta verið yngri menn, kannski í kringum sextugt sem fá blöðruhálskrabbamein og deyja á tveimur árum. Meðferðin er frekar harkaleg og því er ekki mælt með því að skima fyrir þessu hjá einkennalausum.“

*Er ástæða til að leita til læknis?*

Þórður velti upp þeirri spurningu sem margir velta fyrir sér, hvort maður ætti að fara til læknis í tékk. „Ég gæti talið ótal þætti þar. Ef við erum að léttast, höfum ekki matarlyst, breyting verður á hægðum sem varir vikum saman, eða sjáum blóð í þvagi eða eigum erfiðara með að pissa – þá borgar sig að fara til læknis. Ef við finnum hnút sem við vitum ekki hvað er, t.d. í hálsi, brjósti eða finnum eitthvað undir húðinni. Mæði sem er komin og var ekki áður, brjóstverki við áreynslu og fleira. Ég man ekki allt sem hægt er að nefna, en það er fjölmargt.“

Aðspurður um það hvort maður ætti að fara til læknis þó ekkert væri að svaraði Þórður að það gæti verið ráð. „Það er kannski skynsamlegt svona um miðjan aldur, svona 50–60 ára, að fara til læknis og biðja um heilsufarstékk. Eitt allra mikilvægasta sem læknirinn gerir er að spyrja hvernig lífið hafi verið og hvernig þér líður. Hann veitir svo læknisskoðun, tekur blóðprufu og spyr út í erfðir. Sum krabbamein eru arfgeng, t.d. brjóstakrabbamein og blöðruhálskirtilskrabbamein. Flestir innkirtlasjúkdómar, sykursýki og fjölmargt fleira getur verið ættgengt. Læknirinn veit yfirleitt nokkurn veginn um hvað á að spyrja. Blóðþrýstingurinn er að sjálfsögðu mældur. Það er í raun aldrei of seint að fá svona tékk.“

Að lokum segir Þórður að fólk ætti að einbeita sér að því að njóta lífsins og gleyma ekki að hreyfa sig reglulega.

„KK söng eitthvað á þá leið að einfalt líf væri gott. Að vera heiðarlegur er alltaf einfaldast. Flækjum ekki lífið of mikið. Streita og álag er oft eitthvað sem erfitt er að forðast en hægt er að draga úr. Við erum félagsverur og eigum að vera innan um hvert annað,“ segir Þórður Ingólfsson, heimilislæknir í Búðardal. /TB

## Skilningur og samkennd getur hjálpað í erfiðum aðstæðum:

# Aðstæður margra bænda eru í raun mjög streituvaldandi

**Sofia B. Krantz, sálfræðingur og sauðfjárbóndi, hélt erindi í Ásbyrgi í Miðfirði um tilfinningar, þunglyndi, kvíða og streitu. Hún hvatti fundargesti til að tala um tilfinningar sínar.**

Sofia byrjaði á því að sýna bændum mynd af mannsheila. „Líkaminn er eins og mallandi vél sem bara gengur og það má segja að í heilanum séu stjórnstöðvarnar. Miðheilinn tengist tilfinningum, hvötum og ósjálfráðum viðbrögðum okkar. Við erum með ákveðnar grunntilfinningar, eins og kvíða og reiði, ekki ólíkt dýrum. En sérkenni mannsheilans er að þar er mjög mikið af svokölluðu tengisvæði, sér í lagi í ytri lögum heilans og framheila, sem gera okkur kleift að hugsa um alls konar hluti. Við getum hugsað óhlutbundið, ímyndað okkur hluti, hugsað fram og til baka í tíma og erum með sjálfsmynd, sem flest dýr eru laus við,“ segir Sofia sem vék síðan orðum sínum að þunglyndi.

„Það má segja að það slokkni á kerfinu hjá fólki sem er langt leitt af þunglyndi. Megineinkenni þunglyndis er áhugaleysi og depurð. Vonleysi, orkuleysi, þreyta, tregða og framtaksleysi eru allt einkenni þunglyndis, rétt eins og einmanaleiki, tilgangsleysi og úrræðaleysi,“ segir Sofia. Hún bendir á að fordómar séu því miður algengir um ástæður sjálfsvíga. „Vanþekking og fordómar eru verstu óvinir okkar,“ segir hún.

### *Fyrsta tilfinning að koma sér úr aðstæðum*

Sofia segir að allir hafi einhvern tímann upplifað kvíðatilfinningu, svo sem örari hjartslátt, vöðvaspennu, svita, meltingartruflanir og/eða doða í útlimum. Hún segir að fyrsta tilfinning sé að koma sér út úr aðstæðunum. „Að skilja kvíða og hvað hann gerir fyrir okkur getur hjálpað okkur að takast á við vandamálið. Streita stafar af sama líkamskerfi, sem kviknar eðlilega þegar við erum að takast á við einhvers konar verkefni í lífinu. Við getum hins vegar talað um óhóflega streitu þegar streitukerfið er orðið ofvirkt. Streita fylgir gjarnan þegar fólk er undir langvarandi álagi þar sem stjórn okkar er takmörkuð.“

Sofia bendir á að aðstæður margra



Sofia B. Krantz, sálfræðingur hjá Sálfræðisetrinu ehf. á Hvammstanga og Blönduósi. Mynd / Einar R. Haraldsson

bænda séu í raun mjög streituvaldandi um þessar mundir. „Streita getur birst á mjög einstaklingsbundinn hátt. Mótlætisþol okkar minnkar og menn geta orðið viðkvæmir, fljótir í vörn, sveiflast í skapi, verið með stuttan þráð, upplifað lágt sjálfsmat, óöryggi og átt erfitt með að taka ákvarðanir. Streita er stundum fylgifiskur þunglyndis og kvíða en það getur líka verið öfugt. Því er mikilvægt að greina hvert tilfelli fyrir sig til þess að ákveða viðeigandi meðferð,“ segir hún.

### *Er munur á kulnun og streitu?*

Sofia er spurð hver sé munurinn á kulnun (e. burnout) og streitu. „Það má segja að kulnun sé endastöðin, því oft tengist kulnun langvarandi streituvaldandi aðstæðum. Þá snúast viðbrögðin fyrst og fremst um að hlaða batteríin, en það fer jafnframt eftir einstaklingsbundnum þáttum.“

Sofia hvetur fólk ávallt til að leita sér læknisaðstoðar og fara í almenna heilsufarsskoðun ef einhvers konar vanlíðan er farin að hafa truflandi áhrif á daglegt líf. „Líkamlegar ástæður geta líka verið orsakavaldur þunglyndis-, kvíða- eða streitueinkenna, t.d. skjaldkirtilsvandi og fleira.“

### *Þegar tilfinningar valda vandræðum*

Sofia segir að nokkur atriði sé hægt að skoða og prófa þegar tilfinningar eru farnar að valda okkur vandræðum. „Við vitum að tilfinningar hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Við getum lært að stjórna þessum tengslum og haft áhrif á tilfinningar með því að stjórna líkamsstarfsemi okkar, t.d. öndun. Prófum að anda aðeins hægar, aðeins dýpra, niður í maga, aðeins lengur. Sjáum hvað gerist. Sjáum hvort við getum hægt á önduninni, hægt á líkamanum, og hægt á huganum.“

Sofia segir gott ráð að tileinka sér núvitund (e. mindfulness), að vera *hér og nú*. „Núvitund snýst um að beina athyglinni að augnablikinu, af ásettu ráði, taka eftir án þess að dæma. Það er eðlislægt fyrir huga okkar að vera alltaf að dæma, túlka og meta það sem við tökum eftir, þannig að núvitund þarf að æfa og hún krefst fyrirhafnar og þjálfunar.“

### *Aðstæður og fylgitilfinningar*

Sofia hvatti fundargesti til þess að skoða aðstæður sínar hverju sinni. „Ákveðnar tilfinningar kvikna eðlilega í ákveðnum aðstæðum. Fólk má gjarnan spyrja sig: Af hverju er streita að þjaka mig? Eru tilfinningar mínar í samræmi við aðstæður? Er kannski skiljanlegt að mér líður eins og mér líður í þessum aðstæðum? Til dæmis eru margir bændur með áhyggjur af því að þeir ná ekki endum saman. Erfiðar tilfinningar eru ekki endilega rangar. Hvaða tilfinningar vakna t.d. í umræðu um innflutning á hráu kjöti og sýklalyfjaofnæmi? Er það ekki dass af reiði? Við viljum samt geta stjórnað tilfinningum okkar og ekki láta þær stjórna okkur. Þær eru ekki alltaf skynsamlegar þegar þær verða mjög sterkar,“ segir Sofia.

### *Skilningur og samkennd*

Hún segir að ef eitthvað geti hjálpað í erfiðum aðstæðum þá er það skilningur og samkennd. „Samkennd (e. compassion) snýst um að vera næmur fyrir sársauka, eigin og annarra, og vilja gera eitthvað til þess að lina hana, s.s. að vilja hjálpa. Við getum veitt okkur hughreystingu, hvatningu og uppbyggilegar leiðbeiningar, en getum líka verið versti óvinur okkar sjálfra. Hvernig tölum við við okkur? Við getum verið ansi harkaleg inn á við og sagt ljóta hluti, sem við myndum aldrei segja við annað fólk. Sjálfsgagnrýni getur verið mjög hamlandi, jafnvel lamandi. Samkennd hins vegar



Megineinkenni þunglyndis er áhugaleysi og depurð. Mynd / Steini D..

snýst ekki um að bara vera „næs“ við sjálfan sig og útilokar ekki að maður vilji gera betur. Það sem er hjálplegt að gera er ekki alltaf það sem er auðvelt að gera eða það sem við finnum okkur knúin til að gera. Varnarkerfið okkar er alltaf tilbúið að verja okkur, þannig að samkennd krefst oft styrks og hugrekkis,“ segir Sofia.

### *Stjórn, skipulag og markmið*

„Oft er talað um stjórnsemi á neikvæðum nótum, t.d. sem eins konar frekju. Stjórnsemi getur að vísu orðið óhófleg, en auðvitað er oft jákvætt að taka stjórnina. Horfum á aðstæður okkar og spyrjum: Get ég stjórnað þessu eða ekki? Ef ég get stjórnað þessu, fæ ég virkilega eitthvað út úr því? Það er líka mikilvægt að geta stoppað sig af og sagt „nei“. Það er í lagi. Við þurfum ekki einu sinni að gefa ástæðu. Það er staðreynd að sólarhringurinn er bara 24 klukkutímar og við þurfum að forgangsraða. Hvenær geri ég hvað?“ Sofia segir að það hjálpi að setja skipulag og markmið niður á blað, hugsa um rútínur, lífsstíl og hverju við erum að troða inn í sólarhringinn. „Hvernig getum við skipulagt okkur þannig að við komum í veg fyrir að við hrösum? Það er mikilvægt að taka tillit til stöðu og heilsu hverju sinni þegar við setjum okkur markmið. Það er einfaldlega ekki hjálplegt að setja okkur of háleit markmið, sem við stöndum svo ekki undir,“ segir Sofia, sem í lok fundarins hvatti bændur til að tala saman um heilsu og líðan. „Þegar upp er staðið erum við líka hópdýr með meðfædda þörf fyrir að tilheyra, að mynda tengsl, að fá aðstoð og veita aðstoð,“ segir Sofia B. Krantz sálfræðingur. /TB


**Ertu þreyttur eftir daginn?**

**Prófaðu teygjanlegar vinnubuxur!**



- Teygjanlegar í fjórar áttir, eykur hreyfigetu.
- Rip-stopp efni, eykur þægindi og slitstyrk.
- Klofbót styrkt með teygjanlegu efni, eykur hreyfanleika.
- Formbeygð hné og hnjápúðavasar.
- Skyrtustoppari í streng.
- Til í flestum stærðum normal, lengri og styttri skálmar.

KH VINNUFÖT

**Verð: kr. 16.740,-**

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is





## Sérstaða Íslands öfundsverð:

# „Ísland til fyrirmyndar í vörnum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería“

## – segir dr. Lance Price, sérfræðingur í útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og lýðheilsu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is





Dr. Lance Price, prófessor við George Washington-háskóla og sérfræðingur í lýðheilsu og útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Mynd / TB

**Afnám frystiskyldu á innfluttu kjöti er mikið áhyggjuefni, segir sérfræðingur í útbreiðslu sýklalyfjaónæmis og lýðheilsu. Hann segir stöðu Íslands til fyrirmyndar þegar kemur að vörnum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og að sérstaðan glatist verði frystiskyldan afnumin.**

Dr. Lance Price, prófessor við George Washington-háskóla og skóla Milken-lýðheilsustofnunarinnar í Washington, hélt erindi á Hótel Sögu í síðustu viku þar sem fjallað var um lýðheilsu og hrein matvæli. Price er einnig stofnandi og stjórnarformaður samtaka sem kallast Antibiotic Resistance Action Center og sérhæfir sig í viðbrögðum við sýklalyfjaónæmi.

Hann segir að í kjölfar loftslagsbreytinga sé sýklalyfjaónæmi önnur mesta ógn mannkynsins í dag og að Ísland sé til fyrirmyndar í vörnum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería.

Framsögumenn á fundinum Lýðheilsa og hrein matvæli ásamt dr. Price voru Karl G. Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir við sýklafræðideild Landsspítalans, og Herborg Svana Hjelm, forstöðukona Matartímans.

### *Sérstaða Íslands stórmerkileg*

Í fyrirlestrinum talaði dr. Price um of- og misnotkun á sýklalyfjum í landbúnaði og áhrif þess á sýklalyfjaónæmi í fólki og lýðheilsu.

„Sérstaða Íslands þegar kemur að sýklalyfjaónæmi er stórmerkileg og gríðarlega áhugaverð. Sýklalyfjaónæmi í fólki á Íslandi er það lægsta sem þekkist í heiminum þrátt fyrir að notkun fólks á sýklalyfjum sé svipuð og í Evrópu.

Skyldi ástæða þess vera sú að loftið og vatnið á Íslandi er hreinna en víða annars staðar eða skyldi ástæðan vera sú að sýklalyfjanotkun í landbúnaði er mun minni á Íslandi en annars staðar í heiminum? Á Íslandi eru í gildi strangar reglur um notkun sýklalyfja í landbúnaði og þeim er framfylgt. Auk þess sem á Íslandi gilda strangar reglur um innflutning á kjöti frá öðrum löndum og innflutningnum fylgir frystiskylda.“

Price segir að þrátt fyrir að í Evrópusambandinu séu í gildi reglur um að bannað sé að nota sýklalyf sem vaxtarörvandi í landbúnaði sé farið í kringum þær reglur á ýmsan hátt, til dæmis með því að segja að notkun sé til að fyrirbyggja sýkingar.

Mín skoðun er sú að það geti verið fleiri ástæður þess að sýklalyfjaónæmi er lágt á Íslandi en þær helstu eru að reglur um lyfjanotkun í landbúnaði eru strangar og að til landsins má ekki flytja inn ferskt ófrosið kjöt.“

### *Frystiskyldan mikilvæg*

„Allir sem skoðað hafa útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería vita að þær geta hæglega breiðst út með kjöti og það að frysta kjötið dregur úr útbreiðslu þeirra og að þær berist til landsins.“

Í samtali við Bændablaðið lýsti Price furðu sinni á að landbúnaðarráðherra ætli að leggja fyrir Alþingi tillögu um að leyfa skuli innflutning á hráu ófrosnu kjöti, ferskum eggjum og ógerilsneyddri mjólkurvörur til landsins.

„Satt best að segja veldur þetta mér furðu og áhyggjum og ég tel öruggt að sýklalyfjaónæmi í landinu eigi eftir að aukast verði innflutningur á ófrystu kjöti leyfður. Hvað sem öllu eftirliti varðar þá er slíkt eftirlit yfirleitt handahófskennd sýnataka og aðeins lítill hluti kjötsins sem fluttur er inn skoðaður.

Einnig skiptir máli hvaðan kjötið er flutt inn og í hvaða landi það er framleitt. Kjöt sem er flutt milli landa er oft framleitt í einu landi, pakkað í öðru og flutt til þess þriðja. Þannig að ef vel á að standa að eftirlitinu verður að taka sýni úr kjötinu á öllum stigum framleiðslunnar og bæði í upprunaog pökkunarlandinu.

Þegar kemur að notkun á sýklalyfjum í landbúnaði er ástandið í löndum Evrópusambandsins víða slæmt og það er verst í Suður-Evrópu og ef við lítum til landa eins og Brasilíu, Suður-Afríku, Indlands og Kína, sem flytur mikið út af kjöti, þá er sýklalyfjaónæmi mjög mikið.“

### *Kampýlóbakter-sýking lág á Íslandi*

Price segir að frystiskylda á kjöti dragi mest úr hættunni á kampýlóbakter-sýkingum og ef litið sé til sýkinga af völdum kampýlóbakter á Íslandi og annars staðar í heiminum þá sé hún mjög lág á Íslandi og öfundsverð.

Þegar Price er spurður hvort ekki sé hætta á að fólk beri með sér sýklalyfjaónæmar bakteríur til landsins segir hann að það geti auðvitað gerst. „Möguleikinn er alltaf til staðar en ef litið er til fjölda ferðamanna sem hafa komið til Íslands undanfarin ár virðast líkurnar ekki vera miklar. Ég hef skoðað þetta og samkvæmt mínum upplýsingum ferðast Íslendingar mikið og gríðarlegur fjöldi ferðamanna sem heimsækir landið miðað við mannfjölda.

Auðvitað getur fólk á ferðalagi sýkst og borið með sér sýklalyfjaónæmar bakteríur en það virðist ekki hafa valdið auknu hlutfalli sýkinga á Íslandi.

Munurinn á mögulegri sýkingu úr kjöti eða frá fólki er talsverður. Kjöt er handleikið og við borðum það þannig að bakteríur í kjöti geta borist í meltingarfærin og valdið sýkingu. Fólk á ferðalagi borðar oft á veitingahúsum og er sjaldnast að meðhöndla hrátt kjöt og borðar það eldað. Líkamleg snerting við ferðamenn er einnig í flestum tilfellum takmörkuð og hreinlætisaðstaða er góð og það dregur verulega úr sýkingarhættu. Ég tel líka sjaldgæft að bakteríur í þörmum manna berist þeirra á milli með snertingu.

Kjöt er aftur á móti handleikið og geymt með öðru kjöti í kjötborðum. Bakteríur, hvort sem þær eru sýklalyfjaónæmar eða ekki, geta því hæglega borist manna á milli eftir að fólk hefur komið við kjöt eða þá milli kjötbita í kjötborðum verslana.“



Frá fundi sem Framsóknarmenn stóðu fyrir í Súlnasal á Hótel Sögu um lýðheilsu og hrein matvæli. Þar fór dr. Lance Price yfir þróun og vöxt sýklalyfjaónæmra baktería í heiminum og lýsti mikilvægi þess að Ísland verði með öllum tiltækum ráðum þá sérstöðu sem hér hefur verið og væri einstök á heimsvísu. Mynd / HKr.

### *Ekkert land í heimi í sömu stöðu*

Price segir að annað sem verði að líta til í sambandi við innflutning á kjöti og ekki síst hráu kjöti sé heilsufarsstaða búfjár í landinu.

„Ég hef ekki fengið tækifæri til að heimsækja íslenskan bóndabæ en mér skilst að það sé mjög lítið um sjúkdóma í íslensku búfé þrátt fyrir litla notkun á sýklalyfjum í landbúnaði og ef til vill er lítið um sýkingar einmitt vegna þess.

Ekkert land í heimi er í sömu stöðu. Mér skilst að á Íslandi séu ekki stór verksmiðjubú eins og ég þekki vel frá Bandaríkjunum og annars staðar í heiminum og í Evrópusambandinu. Reynslan sýnir að búfé sem er alið við aðstæður verksmiðjubúa þarf meira á sýklalyfjum að halda en ef það er alið á minni býlum. Þrengsli verksmiðjubúanna eru mikil og snerting dýranna einnig og smithætta mikil. Þegar dýrin eru síðan orðin veik er hægt að komast framhjá reglugerðum Evrópusambandsins um notkun sýklalyfja og samhliða því að gefa lyf í lækningaskyni og nota þau sem vaxtarörvandi.“

### *Bakteríur í grænmeti*

„Ekki má gleyma því að sýklalyfjaónæmar bakteríur geta einnig borist í fólk með ávöxtum og grænmeti, ekki síst þar sem er notaður búfjáráburður við ræktunina. Yfirleitt er búfjáráburði safnað í nokkra mánuði og síðan dreift yfir akra án þess að vera meðhöndlaður á nokkurn hátt. Þannig að ef bakteríurnar berast með búfjáráburði í plönturnar geta þær smitast í menn. Það er því nauðsynlegt að þvo hrátt grænmeti vel áður en þess er neytt,“ segir dr. Lance Price, prófessor og sérfræðingur í útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og lýðheilsu, að lokum.





- Selenhúðaður fjölkorna gæðaáburður
- Kalkríkara úrval sem dregur úr sýringu jarðvegs
- Nutricharge vörur auka aðgengileika fosfórs
- Húðað H-N úrefni - hagkvæmur valkostur

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar
í síma **540 1138** eða á **aburdur@lifland.is**
og fáðu nánari upplýsingar um áburðarúrvalið.

LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lyngháls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur


# Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins*** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun, kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is,** undir markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:**

a) Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis
c) Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

**Umsóknarfrestur er til 1. apríl n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www. fl.is/ markaðssjóður**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Markaðssjóður.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins í síma 430 4300 og á netfangið thorhildur@fl.is.

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300 – **Næsta blað kemur út 14. mars***



## Smáspunaverksmiðjan Uppspuni:

# Auka þarf virði ullarinnar

### – segir sauðfjárbóndinn og spunakonan Hulda Brynjólfsdóttir í Lækjartúni

**Uppspuni, fyrsta smáspunaverksmiðjan á Íslandi, var tekin í gagnið í júlí 2017 í Lækjartúni, rétt austan við Þjórsá. Með gangsetningu verksmiðjunnar varð í fyrsta skipti á Íslandi unnt að skilja að tog og þel hluta íslensku sauðfjárullarinnar með vélbúnaði.**

Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson eiga og reka Uppspuna, en þau eru sauðfjárbændur með 280 kindur. Nokkurn tíma tók að læra á vélarnar, sem eru alls 12 í verksmiðjunni; bæði hvernig þær virka og eins að fá þær til að gera það sem ætlast er til. Verksmiðjan er nú komin í fulla starfsemi og hefur ekki undan að sinna verkefnum. „Við höfum lært helling en við erum enn blaut á bakvið eyrun. Við erum að verða þokkalega góð í því sem við erum að gera, myndi ég segja,“ segir Hulda.


Flík sem Hulda prjónaði úr tröllabandi, sem er grófasta bandið og unnið úr afgöngum. Myndir / smh


Hulda með samstarfskonu sinni, Björgu Kristínu Björgvinsdóttur, við eina af vélum Uppspuna, dráttarvél sem jafnar lyppurnar fyrir spunann.

*Fjórir starfsmenn við Uppspuna*

„Við erum þrjár hér alla daga, auk Tyrfings, sem er vélamaðurinn á svæðinu enda vélsmiður að mennt,“ segir Hulda spurð um hvernig gengið hafi fyrstu misserin og um starfsmannahaldið við rekstur svona verksmiðju.

„Við vorum búin að vera að hugsa einhverjar leiðir til að auka tekjurnar þar sem sauðfjárbúskapur er nú ekki sérstaklega arðsamur. Við vorum búin að finna fyrir þessum mikla áhuga á ull, bæði hér á landi og sérstaklega í útlöndum þar sem mikil virðing er borin fyrir íslensku ullinni – og við finnum í raun fyrir mikilli aðdáun á henni,“ segir Hulda um það hvernig hugmyndin að þessari spunaverksmiðju hafi kviknað. „Ég hafði verið að prófa mig áfram með það að handspinna og selja í gegnum netið, líka bara óunna ull. Áhuginn erlendis frá var mikill og varð hvatning til að ég fór að skoða það alvarlega að setja upp svona litla spunaverksmiðju. Við spurðum Google að því í nóvember 2016 hvað Mini-Mill væri og þegar það var ljóst leið ekki nema um einn mánuður þar til við vorum búin að panta eina slíka til okkar.

Við erum að vinna okkar eigin ull auðvitað og svo kaupum við aðeins af nágrönnum okkar – auk þess sem við þjónustum fólk líka; vinnum ull sem fólk síðan tekur heim á bæ og selur sínar prjónavörur þar. Það er mikil ásókn í þessa þjónustu og við reynum að sinna henni í það minnsta til jafns við okkar eigin vinnslu. Núna er þetta þannig að það þarf að bíða í um þrjá mánuði eftir þjónustu hjá okkur,“ segir Hulda.

*Sýnishornin seljast vel*

Á efri hæð verksmiðjunnar er snotur verslun þar sem garn og prjónavörur frá Huldu sjálfri er til sölu, en einnig handverk frá öðrum úr héraði. „Við erum bæði með þessa verslun okkar á staðnum en bjóðum líka upp á að senda út á land og við höfum einnig fengið pantanir erlendis frá. Í síðustu viku fengum við meira að segja pöntun frá Ástralíu, ullarlandinu sjálfu, frá þarlendri konu sem komst á snoðir um okkur í gegnum Instagram. Við erum ekki komin með netverslun, þannig að fólk þarf bara að hafa beint samband við mig ef það hefur áhuga á okkar vörum.

Ég hef undanfarið aðallega verið að prjóna sýnishorn fyrir verslunina, sem eru líka til sölu. Þá er það aðallega sýnishorn af því sem hægt er að gera. Þau hafa selst ágætlega þannig að ég hef fengið nokkra einstaklinga til liðs við mig til að prjóna þessi sýnishorn með mér.

Það kemur prjónafólk til okkar af öllu landinu og svo höfum við þjónustað Fræðasetrið um forystufé.

Við erum í raun eini valkosturinn á Íslandi fyrir þetta fólk, því Ístex tekur ekki við minna en 250 kílóa pöntunum í einum lit. Það er enginn einstaklingur sem þarf að láta vinna fyrir sig slíkt magn.

Við spinnum garn í þeim grófleika sem beðið er um. Algengast er að spinna tvíband sem er jafnþykkt og léttlopinn. Svo er hægt að fá allan skalann og tröllabandið er það grófasta sem unnið er úr afgöngum. Það er líka boðið upp á að fá afgreiddar lyppur eða kembur, ef viðskiptavinurinn vill sjálfur vinna áfram með efnið, til dæmis spinna eða þæfa það.“

*Eftirfylgni með vélbúnaðinum var innifalin*

Í vélunum tólf í Uppspuna er verkaskiptingin í grundvallaratriðunum með þessum hætti: fyrst er hráefni þvegið, þá tætt, síðan er tekið ofan af (þel skilið frá togi) og svo er kembt, undið eða spunnið.

Það er ekki bara vélakosturinn sem starfsfólkið í Uppspuna hefur þurft að læra á, að sögn Huldu. „Það er bara svo margt við íslensku ullina sem þarf að læra inn á. Það er auðvitað heilmikill munur á ull lamba og fullorðins fjár – en það skiptir líka máli hvernig skepnan hefur verið fóðruð og hversu hrein ullin er þegar hún kemur að vinnslunni.

Áður en við réðumst í kaupin fórum við út með svolitla ull til að athuga hvort þetta myndi virka fyrir okkur. Síðan komu fulltrúar frá söluaðilanum í Kanada til okkar og voru með okkur í viku á meðan verið var að setja vélarnar upp og komu svo aftur síðar og voru aðra viku við kennslu – og þetta var innifalið í kaupunum.“

*Geitafiðan unnin í Uppspuna*

Þegar Uppspuni hóf starfsemi sína varð í fyrsta skipti möguleiki á Íslandi að vinna geitafiðu í vél. Hulda segir geitafiðuna vera afar dýrmætt hráefni sem verður kasmír þegar hún er orðin að garni og eitt af verðmætari hráefnum heims. „Til eru angórugeitur og kasmírgeitur og íslenska geitin er sumsé kasmírgeit. Geitabændur höfðu áður þurft að senda hráefni sitt út til að láta vinna það fyrir sig í svipuðum vélum og við erum með hér. Það er hins vegar svo sem ekkert mikil framleiðsla hér úr geitafiðunni, bæði eru geitabændur fáir sem geta framleitt eitthvað og svo er vinnslan á fiðunni seinleg. Bæði er þetta hellings vinna fyrir geitabændurna, en líka hér hjá okkur – sem gerir þetta mjög kostnaðarsamt ferli. Þess vegna eru geitafiðuafurðirnar mjög dýrar, en ef það fjölgar eitthvað bændunum sem geta látið vinna fyrir sig þá ætti nú verðið að lækka eitthvað, með auknu framboði. Ég get alveg séð það fyrir mér að þarna séu ákveðin viðskiptatækifæri fyrir geitabændur.“

*Plöntutrefjar til textílvinnslu*

Að sögn Huldu er líklega svigrúm fyrir tvær til þrjár svona smáspunaverksmiðjur til viðbótar á landinu. „Mér skilst að það sé unnið að undirbúningi að reisa sambærilega verksmiðju í Öxarfirðinum, að það sé unnið að fjármögnun á verkefninu.

Það fer reyndar dálítið eftir því hvort spunavinnsla á öðrum efnum en ull muni aukast hversu mikið svigrúmið er, eins og til dæmis þaratrefjum. Við höfum talsvert verið að leika okkur að því að blanda ýmsum hráefnum saman við ullina; silki-, rósa- og mjólkurpróteinum og



Uppspuni. Heildarkostnaður við verkefnið var rúmar 40 milljónir.

jafnvel íslenskum þara – sem er mjög spennandi.

Það eru miklir möguleikar í vinnslu á alls konar plöntutrefjum og við höfum náð ágætum árangri með blöndun á þeim við íslensku ullina. Margir þeirra sem aðhyllast „veganhugsjónina“ telja að það sé betra að klæðast fötum úr plasti en ull sem mér finnst ákaflega rangt, því ullarfatnaður er náttúrulegur, skaðar ekki dýrin og er algjörlega í takt við þá hugsjón. Að blanda henni við þara – og ég tala nú ekki um ef hægt væri að gera flík eingöngu úr þara – hlýtur að vera mikilvægur kostur fyrir þá sem vilja vera vegan.

Svo eru vísbendingar um að fatnaður sem er unninn úr þaratrefjum taki síður í sig líkamslykt hvers konar, eins og til dæmis táfýlu. Þá bjóða þessar plöntutrefjar upp á meiri fjölbreytileika í hönnun á prjónavörum,“ segir Hulda um hugsanlegan ávinning af slíkri vinnslu umfram ullarvinnsluna.

Í dag er þó ekki hægt að vinna trefjarnar í þræði hér á Íslandi, en ef það breyttist væri alveg kominn grundvöllur fyrir aðra spunaverksmiðju til að helga sig eingöngu slíkum spuna. Afkastagetan er nefnilega ekki nema svona tíu til tólf kíló á dag og við erum með það mikið að gera í ullinni að við myndum ekki vilja taka kannski hálft ár í að vinna bara þara.“

*Ullin skammarlega ódýrt hráefni*

Það er samt ekkert sem segir að þarinn yrði endilega ódýrara hráefni sem gæfi af sér ódýrari vöru. Ullin er skammarlega verðlítil núna og í raun lítill sómi sýndur. Það þarf að hækka verð til bænda því það hefði í för með sér að þeir myndu vanda sig betur við framleiðsluna – skila ullinni fallegri til þeirra sem vinna úr henni. Bændur sjá enga ástæðu til að gera eitthvað sérstakt fyrir ullina ef þeir fá ekkert fyrir hana. Mér finnst sérstakt að vinsælasta prjónagarn á Íslandi – og víðar – sé ódýrasta garnið sem hægt er að kaupa, eins og plötulopinn. Mér þætti bara viðeigandi að verð á garni fylgdi bara markaðnum. Innflutt garn er almennt dýrara en innlent garn.

Í dag er það þannig að reyfið borgar varla rúninginn. Það þarf að auka virði ullarinnar og það þarf að gera það með ýmsu móti. Hækka verð til bænda og þróa ullarvinnslu og hönnunarhlutann betur líka. Við misstum til að mynda eiginlega af lestinni í þeirri miklu þróun á útivistarfatnaði sem varð fyrir nokkrum árum síðan. Við héldum bara áfram að hanna og prjóna okkar lopapeysur á meðan ýmsar aðrar þjóðir fóru á fullt í að hanna undirföt fyrir útivistarfólk. Nú er hins vegar hægt að aðskilja þelið í vélum hjá okkur sem opnar möguleika fyrir hönnun og vinnslu á alls kyns slíkum flíkum. En þá þyrfti að stækka verksmiðjuna okkar og/eða fjölga verksmiðjum,“ segir Hulda.

Vélar Uppspunaverksmiðjunnar kostuðu 25 milljónir og hlaut verkefnið styrk úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi, auk þess sem hópfjármögnun fór fram í gegnum vefinn indiegogo.com. Svo þurfti að fara í framkvæmdir við húsið sem átti að hýsa verksmiðjuna og áætlar Hulda að heildarkostnaður við verksmiðjuna hafi verið rúmar 40 milljónir króna. */smh*


Hulda í versluninni á efri hæðinni í Uppspuna.










RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## STARF FAGSTJÓRA BÚFJÁRRÆKTAR OG ÞJÓNUSTUSVIÐS

*Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins* auglýsir eftir fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs. Um er að ræða stjórnendastarf á öðru af tveimur fagsviðum í nýju skipuriti.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Faglegur leiðtogi og fyrirliði teymis sem vinnur að búfjárrækt og þjónustu í landbúnaði.
- Fagsviðið hefur meðal annars umsjón með ræktunarstarfi búfjárkynja, almennri þjónustu og ráðgjöf til landbúnaðar.
- Fagstjóri ber lykilábyrgð á stýringu mannauðs og gætir þess að ráðgjafar á sviðinu nýtist sem best fyrir heildina.
- Fagstjóri ber ábyrgð að innan teymisins séu verkefni og ráðgjöf markviss.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvísinda, raungreina eða náttúruvísinda æskileg.
- Stjórnunarreynslu krafist.
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfsemi RML.

*Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins* er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins **www.rml.is** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars.**

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson hjá klk@rml.is og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir hjá geh@rml.is.




**www.bbl.is**

# Næsta Bændablað kemur út 4. desember

**Bændablaðið**



**FRÉTTASKÝRING**

## Sérfræðingar vara sterklega við óheftum innflutningi á ferskum og ómeðhöndluðum landbúnaðarafurðum:

# Er verið að gera heilsufarslega tilraun þar sem íbúar á Íslandi eru tilraunadýrin?

## – Leikur að eldi með lyfjaónæmar bakteríur – búfjárstofnar með þúsund ára einangrun að baki settir í hættu að kröfu ESB



**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Á fundi um lýðheilsu og matvæli sem haldinn var í Súlnasal Hótel Sögu þann 21. febrúar, hélt Lance Price, prófessor við George Washington-háskóla í Bandaríkjunum, þar erindi ásamt Karli G. Kristinssyni, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans. Töldu þeir báðir að staðan á Íslandi væri enn einstök á heimsvísu. Því væri afar mikilvægt að verja hana með öllum tiltækum ráðum.**

Karl G. Kristinsson sagði m.a. í sínu erindi á fundinum að Ísland hafi algjöra sérstöðu varðandi lágt nýgengi súnu- og dýrasjúkdóma, litla sýklalyfjanotkun og lítið sýklalyfjaónæmi í landbúnaði. Taldi Karl mikilvægt að vekja almenning til umhugsunar um hvort og hvernig það vildi varðveita þessa sérstöðu okkar. Hann sagðist telja það skyldu sína sem sérfræðings á þessu sviði að upplýsa fólk um sína vitneskju.

Hann segir að sérstaða Íslands felist í því að landið er eyja og hér hafi bústofnar verið ræktaðir í einangrun í um 1000 ár. Aðeins um 20% þekktra smitsjúkdóma finnist því í íslensku búfé. Þetta þýði að minni afföll verða vegna sjúkdóma, meðferðarkostnaður sé lægri og afurðatjón minna en þekkist víðast erlendis. Að sama skapi sé íslenskt búfé sérlega viðkvæmt ef hingað berist sjúkdómar erlendis frá.

Lítil tíðni sjúkdóma í íslensku búfé skipti lýðheilsu Íslendinga líka miklu máli. Hér er að sögn Karls lítil tíðni matarsýkinga, færri innlagnir á sjúkrahús en þekkist erlendis vegna súna og lítið um sýklalyfjaónæmi, allavega enn sem komið er. Þetta er afar mikils virði fyrir íslenska heilbrigðiskerfið sé miðað við gríðarlega háa tíðni kamfílóbakteríussmits og salmonellusmits í ríkjum Evrópusambandsins samkvæmt skýrslum European Food Safety Authority (EFSA).

### *Raunveruleg og vaxandi ógn*

Sagði Karl að raunveruleg og vaxandi ógn væri vegna baktería sem eru ónæmar fyrir öllum eða nánast öllum sýklalyfjum. Smithættan væri m.a. frá ferðamönnum, bæði íslenskum og erlendum, matvælum og fóðri. Þá muni aukinn innflutningur auka líkur á því að nær-alónæmar bakteríur nái hér fótfestu og að nýir búfjársjúkdómar berist til landsins.

### *Ekki grín heldur grafalvarlegar staðreyndir*

Sagði hann fólk oft tala í hálfkæringi um af hverju það ætti að hafa áhyggjur af þessu. Það væri oft í útlöndum og yrði ekki meint af að borða erlendar landbúnaðarafurðir. Þessi rök sagði Karl áhugavert að skoða í rannsóknum sem gerðar hafa verið á Landspítala Íslands varðandi fólk sem þangað hefur komið og greinst smitað af kamfílóbakteríum.

### *15 sinnum meiri líkur á smiti á ferðalögum erlendis*

Skoðuð var tíðni þeirra sem komið hafa inn á spítalann með kamfílóbakteríu úr fæðu frá árinu 1996 til 2018 og hverjir af þeim hafi verið að ferðast utanlands og hverjir einungis verið á Íslandi.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru sláandi. Að meðaltali var fjöldi tilfella smitaðra einstaklinga sem eingöngu höfðu dvalist á Íslandi og borðað sinn mat þar yfir þetta tímabil 16,9 á ári. Þeir sem dvalist höfðu erlendis og smitast þar voru hins vegar að meðaltali 258. Með öðrum orðum, þeir sem smitast höfðu af kamfílóbakteríu við neyslu á fæðu á Íslandi voru einungis tæplega 6,6% af þeim fjölda sem smitast hafði af neyslu fæðu í útlöndum. Þetta bendir til að það geti verið nærri 15,3 sinnum meiri líkur á að verða fyrir kamfílóbaktersmiti við neyslu á fæðu í útlöndum en á Íslandi. Þetta eru vísindalegar staðreyndir.

Í rannsókninni kom fram að fjöldi þeirra sem smitast höfðu af kamfílóbakteríu á Íslandi og komu til meðhöndlunar á Landspítalanum var langsamlega mestur árið 1999 og fór yfir 100 manns, en minnkaði svo verulega árið 2000. Fjöldi smitaðra sem komið höfðu frá útlöndum árið 1999 var nær 600 og fór yfir 850 árið 2000.

Þessum niðurstöðum ber nákvæmlega saman við rannsókn sem dr. Tómas Jónsson gerði á fjölda kamfílóbakteríusmitaðra kjúklinga hjá Ísfugli á árunum 200 til 2018. Róttækar breytingar voru gerðar árið 2000 hjá Ísfugli til að koma í veg fyrir kamfílóbakteríusmit.



Prófessorarnir Karl G. Kristinsson og Lance Price hafa verið að bera saman bækur sínar varðandi vaxandi hættu sem heimsbyggðinni stafar af vaxandi tíðni lyfjaónæmra baktería. Þeir vöruðu báðir sterklega við því á opnum fundi á Hótel Sögu nýverið að Íslendingar heimili innflutning á ómeðhöndluðum ferskum landbúnaðarvörum til Íslands. Áhættan af því gæti verið gríðarleg, bæði fyrir bústofna, heilsu þjóðarinnar sem og heilbrigðiskerfið. Myndir / HKr.




| | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Travel | 267 | 341 | 438 | 597 | 859 | | | 225 | 352 | 297 | 325 | 188 | 249 | 262 | 195 | 310 | 218 | 242 | 325 | 273 | 210 | 226 | 235 |
| At Home | 16,3 | 14,7 | 54,9 | 124, | 34,9 | 43,1 | 26,2 | 18,7 | 35,6 | 24,6 | 11,6 | 14,5 | 12,3 | 14,4 | 7,9 | 21,3 | 8,0 | 16,5 | 22,7 | 15,4 | 17,4 | 13,4 | 16,6 |

Tafla sem Karl G. Kristinsson sýndi á fundinum og sýnir fjölda sjúklinga sem meðhöndlaðir hafa verið vegna kamfílóbakteríusmits á árunum 1996 til 2018. Rauðu súlurnar sýna þá sem smitast höfðu á ferðum sínum í útlöndum og þær bláu sýna þá sem smitast höfðu á Íslandi.



Karl G. Kristinsson í ræðustól í Súlnasal Hótel Sögu, en fundurinn var mjög vel sóttur.

Það leiddi til þess að smittilfellum fækkaði úr 44% í 20,4% á einu ári. Síðan hefur smittíðnin verið stöðugt á niðurleið og var í fyrra 0,9 til 2,1% eftir því hvort sýni voru tekin fyrir eða eftir slátrun. Svo lága tíðni er afar sjaldgæft að sjá í kjúklingaframleiðslu á heimsvísu og víða erlendis eru slíkar mælingar ekki gerðar með skipulegum hætti.

Engar tölur virðast vera til um fjölda smittilfella í fólki sem kom frá útlöndum á árunum 2001 og 2002, en öll árin frá bæði fyrir 2001 og frá 2003 til 2018 er sá fjöldi margfaldur á við þá sem smituðust á Íslandi.

Þrátt fyrir að tölur virðist skorta fyrir smitanir í útlöndum í tvö ár af 22, þá er meðaltalið samt 258 á móti 16,9 á Íslandi eða ríflega fimmtánfalt. Líklegt er því miðað við öll hin árin að tíðnin af smiti erlendis geti verið talsvert hærri en niðurstöður rannsóknarinnar sýnir.

Þá kom fram í erindi Karls G. Kristinssonar á Hótel Sögu að í flestum löndum heims sé alls ekki verið að leita að kamfílóbakteríum í kjúklingum. Enda hafa ítrekaðar fréttir borist af því, m.a. í fréttum The Guardian í Bretlandi, að um þrír fjórðu kjúklinga í stórverslunum sé smitaður af kamfílóbakteríum.

Í kjúklingaeldi á Íslandi var sett bann árið 1979 við sölu á ferskum kjúklingum vegna tíðra salmonellu smittilfella. Var tekin upp frystiskylda á öllu kjúklingakjöti. Aðgerðir til að reyna að útrýma salmonellu úr kjúklingum hófust svo fyrir alvöru árið 1992. Árangurinn varð svo góður að aftur var gefið leyfi til að selja ferska kjúklinga hér á landi árið 1995.

### *Heilsufarslega tilraun þar sem íbúar á Íslandi eru tilraunadýrin*

Líkurnar á að fá sýklalyfjaónæmar bakteríur úr landbúnaðarafurðum í Evrópu og Bandaríkjunum eru margfaldar á við það sem búast má við á Íslandi. Ástæðan er tíðni ofurbaktería í nautgripum, alifuglum og grænmeti er margfalt líklegri úti í Evrópu og Bandaríkjunum vegna mikillar notkunar á sýklalyfjum sem vaxtarhvata sem er óþekkt á Íslandi og hefur hér alla tíð verið bannað.

Hættan á að flytja sýklalyfjaónæmar bakteríur til Íslands með ferskum landbúnaðarafurðum hljóta því að vera afar miklar.

Miðað við rannsóknirnar sem gerðar voru á Landspítalanum er vart hægt að draga aðra ályktun en að verið sé að taka gríðarlega heilsufarslega áhættu fyrir heila þjóð. Það er með öðrum orðum verið að gera heilsufarslega tilraun þar sem allir íbúar á Íslandi eru tilraunadýrin ásamt þeim bústofnum sem Íslendingar bera ábyrgð á. Allt er þetta gert að kröfu Evrópusambandsins sem nýtur þar stuðnings áhugafólks á Íslandi um óheft viðskiptafrelsi. Það er líka sagt gert í þágu neytenda og fullyrt að þeim stafi engin hætta af þessu. Það er fullyrt þrátt fyrir vitneskju um að tugir þúsunda deyi nú árlega af völdum fjölónæmra baktería í löndum sem viðskiptin eru við.

### *Í reglum Matvælastofnunar um dreifingu á alifuglakjöti segir m.a.:*

„Afurðum sláturhóps má dreifa óhitameðhöndluðum eða ófrystum þegar fyrir liggja niðurstöður úr eldissýnum viðkomandi sláturhóps um að ekki hafi greinst kampýlóbakter og að sýnið sé ekki eldra en 5 daga gamalt. Ef kampýlóbakter greinist í sýni á eldistímanum eða niðurstöður rannsókna úr eldissýni liggja ekki fyrir eða sýnið er ógilt, þá skulu sláturafurðir viðkomandi alifuglahóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar."

Sama gildir væntanlega fyrir aðrar kjöttegundir. Þetta hlýtur að þýða að hver einasta kjúklingakjöttutla sem flutt verður inn án þess að hafa verið hitameðhöndluð eða fryst verður að fara í gegnum skoðun hjá MAST, hvað sem öllum tollasamningum líður.

### *Ekkert regluverk sem bannar sölu á vörum með sýklalyfjaónæmar bakteríur*

„Í dag er ekkert regluverk til sem bannar eða hamlar sölu á landbúnaðarafurðum með sýklalyfjaónæmar bakteríur," sagði Karl. Til að bregðast við því þyrfti að draga úr innflutningi og gera íslenskan landbúnað sjálfbærari. Einnig að upplýsa almenning um hætturnar af sýklalyfjaónæmi og hvernig það berst. Í dag er einmitt verið að fara þveröfuga leið með auknum heimildum í innflutningi á landbúnaðarafurðum vegna tollasamninga við Evrópusambandið.

### *Um 100 þúsund Bandaríkjamenn deyja árlega af völdum ofubaktería*

Lance Price sagði m.a. á fundinum á Hótel Sögu stöðuna í þessum efnum hafa gjörbreyst á undanförnum tíu árum. Eftir því sem sýkingarnar yrðu erfiðari, þá yrði stöðugt kostnaðarsamara fyrir heilbrigðiskerfið að meðhöndla sjúklingana sem þýddi fleiri dauðsföll. Þess vegna sé afar mikils virði ef hægt sé að koma í veg fyrir að þetta ástand skapist og þar séu Íslendingar enn í einstakri stöðu á heimsvísu.

„Nú er áætlað að 100 þúsund Bandaríkjamenn deyi árlega vegna smits frá lyfjaónæmum bakteríum," sagði dr. Price.



Dr. Lance Price í ræðustól.

### *Sýklalyfjaónæmar bakteríur og annað smit ber að taka alvarlega*

Hann sagði vandann ekki síst liggja í ofnotkun sýklalyfja í eldi á nautgripum og alifuglum. Það leiddi til þess að sýklar mynduðu ónæmi gegn lyfjunum og upp úr því spryttu ofursýklar sem væru þá í holdi dýranna. Þó fólk smitaðist ekki alltaf beint við neyslu á slíku kjöti ef það er matreitt á réttan hátt, hins vegar geti ofursýklarnir auðveldlega smitast frá kjötinu við meðhöndlun og t.d. yfir í grænmeti og fleira og þannig borist í fólk. Úr smituðu kjöti sem ekki er nægilega vel soðið eða steikt geta sýklaónæmar bakteríur lifað góðu lífi og borist í menn. Á þetta hafa Karl G. Kristinsson og fleiri íslenskir sérfræðingar ítrekað bent og varað sterklega við að slakað verði á kröfum. Þar horfa þeir bæði á þá hættu sem íslenskum búfjárstofnum getur stafað af innflutningi smitsjúkdóma sem ekki eru landlægir hér og hættu fyrir almenna borgara og heilbrigðiskerfið.

Ýmsir hafa gert lítið úr þessari áhættu og innflytjendur hafa m.a. bent á öryggið sem felist í vottunum sem fylgja afurðunum frá Evrópu. Margítrekaðar fréttir á undanförnum árum af smitunum og misferli með landbúnaðarvörur í viðskiptum milli landa hafa sýnt að slíkar vottanir eru afar vafasamir pappírar svo ekki sé meira sagt. Ef ríkið ætlar að mæta innflutningi á fersku kjöti með alvöru áhættumati, þá er ljóst að auka þarf verulega fjármagn til eftirlits sem Matvælastofnun mun væntanlega inna af hendi.

### *Læknar þurfa æ oftar að grípa til örþrifaráða*

Nefndi hann nokkrar tegundir salomellu og e cólí ofurbaktería eins og MRSA sem mjög erfitt væri að lækna. Ef hann bærist út í blóðrásina gæti hann hæglega drepið okkur. Til að eiga við slíkar ofurbakteríur hafi læknar verið að grípa til örþrifaráða eins og að nota gamlar tegundir sýklalyfja eins og Kolistín. Slíkt lyf hafi þeir forðast árum saman að nota vegna þess hversu eitrað það er og getur beinlínis verið hættulegt fólki.

„Það er einungis í örvæntingu sem læknar hafa neyðst til að grípa til slíkra lyfja.“

Þá benti Price á að mjög hættuleg staða væri að skapast í löndum eins og Indlandi. Þar væri orðið mikið um ofurbakteríur sem væru ónæmar gagnvart öllum lyfjum sem læknar hefðu í sínu vopnabúri. Nefndi hann dæmi af konu í Bandaríkjunum sem smitast hafði af slíkum bakteríum á ferð sinni á Indlandi. Þessi sjúklingur hafi dáið eftir að hafa greinst með ónæmi gagnvart 26 tegundum sýklalyfja eða öllum tiltækum sýklalyfjum.

„Við höfðum engin önnur sýklalyf til að meðhöndla þessa manneskju. Þarna er um að ræða bakteríur sem eru nú að dreifast um heiminn og við viljum ekki að berist hingað til Íslands.

Þó segja megi að svona bakteríur séu enn tiltölulega sjaldgæfar, þá eru þær virkilega að verða mikil ógn við heilsu okkar og lyfjageirinn er ekki að bregðast við stöðunni.“

### *Ofurbakteríur eru að breyta okkar heimsmynd*

„Ég er hingað kominn til að segja ykkur að ofursýklar eru að breyta heimsmynd okkar. Það er sá sannleikur sem við búum við. Margvíslegar sýkingar munu verða ólæknandi, jafnvel einföldustu e cólí sýkingar eru nú að verða lífshættulegar.“

### *Evrópusambandið taki fyrst til heima hjá sér*

Guðni Ágústsson, fyrrum landbúnaðarráðherra, beindi þeirri spurningu til Lance í lok fundar hverju hann myndi svara ef forsætisráðherra Íslands tilkynnti um heimild til að flytja ferskt kjöt, ógerilsneydda mjólk og egg frá ESB löndum til Íslands og hvort hann teldi að heimila ætti slíkt. Lance sagði augljóst að réttur þjóða til að verja öryggi síns almennings hljóti að koma til álita þegar verið er að ræða milliríkjaviðskipti af þessum toga.

„Ef við horfum á hvernig sýklalyf hafa verið notuð innan Evrópusambandsins, þá er það alveg ljóst að í fjölmörgum löndum ESB er ekki verið að fara eftir reglum sambandsins. Ef Evrópusambandið ætlar að neyða reglur inn á ykkur sem heimila innflutning á slíkum vörum, þá ætti Evrópusambandið fyrst að taka til í þessum málum heima hjá sér. Þegar þeim hefur tekist að koma böndum á málin þar, þá gætu þeir kannski farið að banka upp á hjá ykkur,“ sagði Lance Price.
















SAMGÖNGUR & FJÁRMÖGNUN

### Samgönguráðherra segir enga ákvörðun fyrirliggjandi um álagningu vegtolla og fleiri leiðir komi til greina:

# Ávinningurinn af flýtiframkvæmdum í vegamálum yrði ævintýralegur

## – Arður frá Landsvirkjun og af eignasölu gæti einnig nýst til uppbyggingar vegakerfisins

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is





„Við það þá getum við með vegabótum lækkað um helming áætlaðan 50 til 60 milljarða kostnað af tjónum sem verða á vegunum á hverju ári," segir Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra. Mynd / HKr.

**Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra segir að engin ákvörðun liggi fyrir um vegtolla sem mikið hafa verið í umræðunni að undanförnu. Hefur hann því varpað fram þeirri hugmynd hvort skynsamlegra geti verið að nota arðgreiðslur Landsvirkjunar í uppbyggingu vegakerfisins og bíða með vegtolla í 4-5 ár.**

Viðraði Sigurður þetta í viðtali í þættinum „Á Sprengisandi" á Bylgjunni fyrir skömmu og sagði að samkvæmt samgönguáætlun yrði aukning í framlögum ríkisins næstu árin. Hins vegar væri því ekki að leyna að fólki víða um land fyndist ekki nóg að gert. Það væri staðreynd að það hafi verið gert of lítið og of lengi.

Bændablaðið óskaði eftir frekari útlistun á þessum hugmyndum og tók hús á Sigurði Inga í ráðuneyti hans í síðustu viku.

### *Stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir nýtingu eignatekna*

„Það er sagt í stjórnarsáttmálanum að við ætlum að nýta eignatekjur ríkisins, m.a. í bönkunum, og það gerðum við í fyrstu fjármálaáætluninni. Þá var í fyrsta skipti áætlaður viðbótararður sem hafði ekki verið áður tekinn inn í tekjugrunn ríkisins. Þar voru þó bara áætluð þrjú ár því menn vildu ekki fara mikið lengra fram í tímann þar sem óvissuþættir væru of margir.

Við settum fimm og hálfan milljarð í samgöngur á hverju ári þessa tímabils, þ.e. árin 2019, 2020 og 2021. Það eru í heild 16,5 milljarðar. Þar með vorum við auðvitað búin að fjármagna miklu stærri hluta og miklu hærri upphæð inn í samgöngur heldur en hefur verið gert í mjög langan tíma og kannski aldrei. Þannig leggjum við af stað inn í samgönguáætlunina. Bæði samgönguráðið, sem var búið að stilla upp tillögu inn í ráðuneytinu síðastliðið sumar, sem og við í ráðuneytinu, gerðum okkur grein fyrir af samtölum við fólk sem hingað kom í viðtöl að væntingarnar voru miklu meiri. Umferðarþunginn var orðinn svo mikill að vegirnir báru þetta ekki. Þá hafði umferðarörygginu líka farið verulega aftur og banaslysum því miður fjölgað síðustu árin, þrátt fyrir að slysum hafi hlutfallslega fækkað miðað við umferðarþungann. Alvarleg slys og banaslys hafa verið í kringum 200 á ári í þó nokkuð mörg ár, á meðan flestar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við eru að ná þessu niður.

Áður vorum við meðal fremstu þjóða hvað litla slysatíðni varðar. Eftir gríðarlega fjölgun ferðamanna, aukinn umferðarþunga og aukinn hagvöxt þá liggur fyrir sú staðreynd að allar ríkisstjórnir frá 2011 hafa sett of lítið fé í samgöngumál. Því hafa vegirnir ekki verið nægilega góðir. Umferðarþunginn er orðinn of mikill miðað við aðstæður og slysatíðnin hefur aukist. Þess vegna var það orðað að það þyrfti að gera eitthvað fleira."

### *Hugsað út fyrir boxið og stefnt á flýtiframkvæmdir*

„Í þinginu nefndu menn flýtiframkvæmdir og að hugsa út fyrir boxið. Síðan var samgönguáætlunin samþykkt óbreytt, en þó með tillögum úr þremur starfshópum. Þær vörðuðu annars vegar breytingar á fluginu þar sem ISAVIA yfirtæki reksturinn á millilandafluginu sem Alþingi samþykkti. Einnig að fara í þessa svokölluðu skosku leið varðandi innanlandsflugið.

Önnur tillaga varðaði uppbygginguna á höfuðborgarsvæðinu og stuðning ríkisins við borgarlínu og næstu skref þar að lútandi sem líka var samþykkt.

Í þriðja lagi var samþykkt að þingið heimilaði framkvæmdavaldinu að finna nýjar leiðir við fjármögnun flýtiframkvæmda til að geta gert meira á næstu árum.

Ein hugmyndin sem uppi hefur verið er sú að stofna opinbert hlutafélag (ohf.) og framkvæma meira á næstu árum í gegnum það fyrir lán sem síðan yrði greitt með veggjöldum í til að mynda 20 ár eftir að framkvæmdum lyki."

### *Kerfi fyrir veggjaldainnheimtu ekki tilbúið*

Sigurður segir að þrátt fyrir þessar hugmyndir um veggjöld, þá hafi menn ekki komið sér niður á með hvaða hætti það yrði gert og tæknin til þess sé heldur ekki tilbúin.

„Þetta er bara í vinnslu og samgönguáætlun samþykkir að við getum haldið áfram að vinna á þessum nótum. Til þess höfum við stuðning þingsins.

Við höfum líka sagt, og þar vísa ég í stjórnarsáttmálann, að við séum að leita að þeirri fjármögnun sem þarf til þess að byggja upp."

### *Nýting arðgreiðslna frá Landsvirkjun*

„Í viðtalinu Á Sprengisandi benti ég á að við erum líka að fara að fá inn verulegar arðgreiðslur frá Landsvirkjun og hugsanlega öðrum aðilum. Við gætum líka séð eignatekjur annars staðar frá. Þar gæti verið um að ræða sölu á einhverjum ríkiseignum sem við gætum nýtt í sama tilgangi. Þá gætum við byggt upp án þess að taka lán, hvort sem við settum svo veggjöld á síðar til að greiða þær framkvæmdir eður ei. Það væri þá bara seinni tíma ákvörðun. Ég var eiginlega bara að benda á að þetta væri allt til skoðunar og engin ákvörðun hafi verið tekin. Jafnvel þótt samgönguáætlun hafi samþykkt að nauðsynlegt væri að fara í flýtiframkvæmdir vegna þess að umferðaröryggínu væri ógnað."

*– Er ekki margt sem mælir með því að nýta þannig arð frá Landsvirkjun eða fé úr sölu eigna í stað þess að ríkið sé að taka lán með tilheyrandi vaxtakostnaði?*

„Það sem við þurfum að horfa til í þessu efni er heildarskuldsetning ríkisins. Slíkar framkvæmdir munu auðvitað hafa áhrif á ríkissjóð. Þó við myndum stofna opinbert hlutafélag sem Vegagerðin héldi utan um, yrði það engu að síður skuldasöfnun á vegum ríkisins. Þar verður líka að hafa í huga að við erum með ákveðnar fjármálareglur sem við þurfum að standast.

Vissulega höfum við verið að greiða mjög hratt niður skuldir ríkissjóðs. Sumir hafa bent á að þar sé jafnvel of geyst farið og þörf sé á að ríkið fari út á skuldabréfamarkaðinn til að viðhalda honum með útgáfu á skuldabréfum sem gæti nýst í þessum tilgangi. Ég var því í raun og veru að segja að við séum að skoða margar ólíkar leiðir, en markmiðið er að komast í þessar flýtiframkvæmdir vegna þess að þörfin er svo sannarlega fyrir hendi."

### *Ævintýralegur ávinningur gæti helmingað um 60 milljarða árlegan slysakostnað*

„Ávinningurinn yrði ævintýralegur. Við myndum bæta umferðaröryggið, fækka banaslysum og öðrum alvarlegum slysum. Við höfum dæmi um að það að aðskilja akstursstefnur, eins og t.d. var gert á Reykjanesbrautinni, þá minnkaði slysatíðnin stórkostlega. Miðað við það þá getum við með vegabótum lækkað um helming áætlaðan 50 til 60 milljarða kostnað af tjónum sem verða á vegunum á hverju ári. Það gætum við gert með því að gera endurbætur á meginleiðum frá Reykjavík upp í Borgarnes, austur fyrir Selfoss og með því að tvöfalda þann kafla Reykjanesbrautarinnar sem eftir er.

Þetta yrði þjóðhagslegur sparnaður sem kæmi fram í heilbrigðiskerfinu, löggæslu og kannski fyrst og fremst á vinumarkaði vegna minni örkumlunar vegfarenda."

### *Málið á dagskrá í nýrri fjármálaáætlun*

*- Hvernig taka félagar þínir í ríkisstjórn í svona hugmyndir?*

„Við erum í sjálfu sér að vinna þetta þessa dagana í tengslum við fjármálaáætlun sem nú er gerð á hverju ári til næstu fimm ára. Við erum að stilla þeirri fjármálaáætlun upp og hvernig við getum staðið við þær skuldbindingar sem við viljum standa við. Hvort sem það er samgönguáætlun, uppbygging heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins eða aðrir þættir. Þetta erum við að skoða á sama tíma og hagsveiflan er að fara niður. Ég held því að það sé talsverð áskorun á okkur að finna fjármögnun eftir öðrum leiðum en hefðbundið er.

Það eru margir sem hafa mikla



## Umferðaröryggið mikilvægast

„Númer eitt , tvö og þrjú er umferðaröryggi. Þess vegna eru menn að horfa á vegi þar sem þarf að aðskilja akstursstefnur. Það eru langsamlega arðsömustu framkvæmdirnar."

þekkingu og reynslu í vegamálum sem segja að við munum aldrei ná að byggja upp þessa vegi nema að við förum í einhvers konar flýtiframkvæmd. Það verði að fara í átak og dugi ekki að malla áfram með þeim fjármunum sem við erum tilbúin að forgangsraða meðfram fjárveitingum í heilbrigðiskerfið, menntakerfið og aðra þætti. Slíkt muni ganga of hægt, því umferðarþunginn muni halda áfram að vaxa og viðhald á vegunum að aukast.“

*- Verða menn þá ekki líka að horfa á að með áframhaldandi viðhaldsleysi halda vegirnir áfram að brotna niður og endurbyggingarkostnaður verður þá meiri en ella?*

„Það er rétt og það var því algjört lykilatriði að ríkisstjórnin samþykkti tillögu mína í fyrra um að fara með 4 milljarða úr varasjóði í aukið viðhald. Árið 2016 settum við tæpa 6 milljarða í viðhald til Vegagerðarinnar. Á árinu 2018 settum við upphaflega 8 milljarða í þau verkefni, en bættum 4 milljörðum við. Það veitti ekki af við að takast á við skemmdir eftir erfiðan vetur. Núna erum við því á mun betri stað en fyrir einu ári. Samt er áætlað í samgönguáætlun að setja meiri fjármuni til viðhalds, eða 10 milljarða á ári næstu fimm árin. Svo á það að aukast um 2% á ári út 15 ára samgönguáætlanatímann.“

***Megináherslan á að bæta umferðaröryggið***

*– Varðandi flýtiframkvæmdir þá er víða kallað eftir úrbótum, en menn komnir niður á hvernig framkvæmdum verður forgangsraðað?*

„Menn settu þar upp nokkrar sviðsmyndir. Númer eitt, tvö og þrjú er umferðaröryggi. Þess vegna eru menn að horfa á vegi þar sem þarf að aðskilja akstursstefnur. Það eru langsamlega arðsömustu framkvæmdirnar. Það hefur verið bent á að þegar umferðarþungi er kominn í 5.000 bíla á dag og þar yfir, þá sé nauðsynlegt að huga að því að aðskilja akstursstefnur. Annars aukist slysatíði vegna framanákeyrslu mjög mikið.

Fækkun einbreiðra brúa er líka mikilvægt umferðaröryggismál. Þar hefur Vegagerðin sett fram nýja áætlun um hvernig hægt sé að ganga hraðar til verka en áður. Þá er aftur forgangsraðað út frá umferðarþunga og þessum svartblettum þar sem slysin hafa helst orðið. Í þriðja lagi höfum við verið að horfa á að gera leiðirnar skilvirkari. Bæta umferðarflæði og stytta tíma. Þess vegna hafa líka komið til tals framkvæmdir úti á landi eins og yfir Hornafjarðarfljót með nýrri veglínu og nýrri brú. Það er bæði öryggisatriði hvað varðar fækkun þriggja einbreiðra brúa og 11 km stytting vegalengda. Framkvæmdir við það verk hófust í fyrra. Sama gildir varðandi veginn um Öxi. Þar yrði um að ræða um 60 til 70 km styttingu veglínu upp á Hérað. Ef valið yrði að fara í innheimtu veggjalda þá yrðu þetta framkvæmdir sem yrðu með blandaðri fjármögnun.

Allt er þetta til skoðunar í þessum starfshópi en þjóðhagslegur ávinningur af þessum framkvæmdum yrði margfaldur.“

***Þjóðarsjóðurinn mögulega í bið***

*– Hvað sérðu fyrir þér að arður frá Landsvirkjun gæti skilað inn í þetta dæmi?*

„Nú hafa þeir verið með áætlanir sem tengjast hugmyndum um þjóðarsjóð sem líka er í stjórnarsáttmálanum. Samkvæmt honum ætluðum við fyrst að nýta tekjurnar í uppbyggingu á hjúkrunarheimilum og hins vegar í nýsköpunarsjóð. Í framtíðinni átti arðurinn svo að fara í þjóðarsjóð til að byggja upp viðbótar öryggissjóð sem tæki á náttúruhamfaratjóni, sem við erum ekki tryggð fyrir þó við séum býsna vel tryggð. Það hefur verið metið að þessi sjóður þyrfti ekki að vera „nema“ um 250 milljarðar eða svo.

Áætlanir Landsvirkjunar eru að á næstu árum fari þeir úr því að greiða einn til tvo milljarða í arð til ríkissjóðs á ári í það að greiða 5 til 15 milljarða árlega.

Við þurfum bara að vega og meta hvar skynsamlegast sé að nota fjármunina sem þaðan koma á næstu árum. Við höfum þó hvorki misst sjónar á hugmyndinni um að nýta þá fjármuni í hjúkrunarheimili né nýsköpunarsjóð.“

***Arður bankanna ekki trygg tekjulind til framtíðar***

*– Hvað með að nýta söluandvirði af öðrum eignum ríkisins, eins og bönkum, í slíkar flýtiframkvæmdir?*

„Það er dálítið flókin umræða. Í dag heldur ríkið á allt of stórum hluta af fjármálakerfinu. Í því felst áhætta. Vissulega hafa bankarnir verið að skila umtalsverðum arði sem runnið hefur í ríkissjóð. Þeir sem þekkingu hafa segja að til lengri tíma muni gerast hlutir á bankamarkaði sem geri það að verkum að bankarnir muni ekki skila eins miklum arðgreiðslum. Það snýst m.a. um nýja fjármálatækni sem mun minnka verulega hefðbundið tekjumynstur viðskiptabanka eins og við þekkjum þá.“

## Innlánsreikningar í Seðlabanka

„Menn hafa verið með hugmyndir um að Seðlabankinn opni innlánsreikninga fyrir alla Íslendinga. Þannig getum við greiðslumiðlað með einföldu appi í símanum og á ódýran hátt. Þetta eru seðlabankar í Svíþjóð og í Bretlandi að skoða. Ég veit að Seðlabankinn hjá okkur er líka að skoða þetta.“

## Landsbankinn verði samfélagsbanki?

„Hugsanlega þá að nýta það eignarhald til samfélagslegrar hegðunar í bankakerfinu eða með svokölluðum samfélagsbanka. Það er ekki nóg að ríkið geri það, fjárfestar verða þá að vera tilbúnir til að vera með samfélagslega fjárfestingarhugsun í bankanum.“

***Seðlabankinn skoðar mögulega opnun innlánsreikninga fyrri alla landsmenn***

„Menn hafa verið með hugmyndir um að Seðlabankinn opni innlánsreikninga fyrir alla Íslendinga. Þannig getum við greiðslumiðlað með einföldu appi í símanum og á ódýran hátt. Þetta eru seðlabankar í Svíþjóð og í Bretlandi að skoða. Ég veit að Seðlabankinn hjá okkur er líka að skoða þetta.“

***Sporin hræða varðandi sölu bankanna***

„Þá eru að koma hér netbankar með mjög litla yfirbyggingu sem munu taka skerf af kökunni. Þannig að inn í framtíðina er ekki víst að bankarnir okkar verði þær mjólkurkýr sem þeir hafa verið í fortíðinni. Þar af leiðandi gæti verið skynsamlegt að selja áður en til slíks kemur. Við þurfum hins vegar að fara varlega á því sviði. Spor fortíðarinnar hræða í þeim efnum.“



**„Til þess að samfélagsbanki verði að veruleika þarf samfélagslega hugsun.“**

***Landsbankinn yrði mögulega að samfélagsbanka***

*– En er endilega nauðsynlegt að selja bæði Íslandsbanka og Landsbanka?*

„Nei, við framsóknarmenn teljum að slíkt ætti ekki að gera. Það eru til mismunandi leiðir í þeim efnum. Norðmenn héldu t.d. eftir ákveðnu eignarhaldi í fleirum en einum banka eftir sína bankakrísu á tíunda áratug síðustu aldar. Hér hefur umræðan verið meira í þá átt að halda fyrst og fremst eftir eignarhluta í Landsbankanum, jafnvel að eiga hann allan. Hugsanlega þá að nýta það eignarhald til samfélagslegrar hegðunar í bankakerfinu, eða með svokölluðum samfélagsbanka. Það er ekki nóg að ríkið geri það, fjárfestar verða þá að vera tilbúnir til að vera með samfélagslega fjárfestingarhugsun í bankanum.“

*- Hefur slíkt ekki einmitt reynst vel með Sparkassen í Þýskalandi?*

„Jú, það er vegna þess að fjárfestarnir standa sterkt á bak við hann. Þó svo að einhverjum núverandi banka verði ekki breytt í samfélagsbanka, þá er hugmyndin frábær og skynsamleg. Ég held að við eigum að horfa til þess og þá væri auðvitað hægt að búa til slíkan banka, en það var ekki reifað í hvítbókarskýrslunni um að sameina t.d. Íslandsbanka og Landsbanka.

Í Þýskalandi eru það oft og tíðum sveitarfélög eða fylki sem standa að baki samfélagsbönkunum. Hér gæti það verið sveitarfélögin eða ríkið.“

***Þörf á samfélagslegri hugsun í stað græðgisvæðingar***

„Til þess að samfélagsbanki verði að veruleika þarf samfélagslega hugsun. Ekki bara samfélagslega ákvörðun á þinginu. Það þarf samfélagslega hugsun bæði neytenda og fjárfesta.

Hingað til hefur umræðan verið keyrð svolítið áfram á forsendum græðgisvæðingar. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að halda þessari umræðu á lofti því ég tel að þetta sé leiðin til að takast á við samkeppnina í framtíðinni þar sem bankakerfið verður líklega allt öðruvísi en það er í dag. Þá fer samfélagsbanki kannski miklu skynsamlegri leið heldur en tíðkast hefur í þessu græðgiskapítalíska umhverfi sem við höfum verið í. Þar sem hámarksarðsemi virðist vera megin drifkrafturinn en er ekki endilega skynsamlegasta leiðin að mati okkar framsóknarmanna til að halda gangandi öflugu blönduðu hagkerfi. Þar sem lífshamingja fólks felst ekki í því að græða peninga, heldur að lifa góðu lífi,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson.

## Græðgiskapítalískt umhverfi

„Þá fer samfélagsbanki kannski miklu skynsamlegri leið heldur en tíðkast hefur í þessu græðgiskapítalíska umhverfi sem við höfum verið í. Þar sem hámarksarðsemi virðist vera megin drifkrafturinn en er ekki endilega skynsamlegasta leiðin.“





# Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur —** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is



Breiðavík á suðvesturhluta Vestfjarða. Þar hafa Keran ST. Ólason ferðaþjónustubóndi og Birna Mjöll Atladóttir, hótelstýra byggt upp öfluga ferðaþjónustu, en þau hættu þar sauðfjárbúskap árið 2011. Til gamans má geta þess að samkvæmt málvenju þar á bæ er farið heim í Breiðavík en ekki í Breiðuvík eins og íslenskar beygingarreglur segja til um. Hefur þetta valdið blaðamönnum miklum heilabrotum í gegnum tíðina, enda er þetta ekki algild regla hjá íbúum í næstu víkum samkvæmt heimildum Bændablaðsins. Ábúendur segja því hverjum frjálst að hafa það eins og þeim er tamast. Myndir / HKr.

## Ferðaþjónustubændum í Breiðuvík gengur vel í mikilli paradís á einum afskekktasta stað Evrópu:

# Hættu rekstri þúsund kinda fjárbús og sneru sér alfarið að ferðaþjónustu 2011

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Keran ST. Ólason ferðaþjónustubóndi og Birna Mjöll Atladóttir, hótelstýra í Hótel Breiðuvík, voru þar með eitt stærsta fjárbú landsins en hafa rekið hótel í fyrrum upptökuheimili síðan 1999. Þau hættu fjárbúskap árið 2011 og sneru sér þá alfarið að gistiþjónustu og eldi ferðamanna á mat og drykk.**

Ríkið hætti rekstri vistheimilisins í Breiðuvík árið 1980. Þá hafði gengið á ýmsu varðandi meðferð barnanna sem þar dvöldu og upplýstist það reyndar ekki opinberlega fyrr en í Kastljósþætti í Sjónvarpinu 6. febrúar 2007 og úr varð mikið fjölmiðlamál. Aðallega voru sendir þangað 10–14 ára drengir og oft frá brotnum heimilum á árunum frá 1953 til 1979 þrátt fyrir að sérfræðingar hefðu gagnrýnt staðarval fyrir slíkt upptökuheimili.

### *Jörðin keypt af ríkinu árið 1981*

Jónas Hördal Jónsson og Árnheiður Guðnadóttir keyptu jörðina af ríkinu árið 1981. Var strax ljóst að hefðbundinn búskapur dugði þeim ekki til að halda jörðinni og þótti nærtækast að stunda þar einhvers konar gistiþjónustu. Keran og Birna Mjöll keyptu svo af þeim jörðina átján árum síðar og sjá ekki eftir því þótt uppbyggingin hafi kostað þrotlausa vinnu.



Birna Mjöll Atladóttir. „Þegar við keyptum hér í Breiðavík og byrjuðum á þessum rekstri höfðum við verið saman í tíu ár. Ég hafði þá aldrei komið nálægt búskap."



Breiðuvíkurkirkja. Á staðnum var bænhús framan af öldum en sóknarkirkjan var sett 1824. Kirkjan sem nú stendur í Breiðuvík var vígð árið 1964. Munir úr gömlu kirkjunni eru á Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti.

### *Með uppruna á Patreksfirði og í Örlygshöfn en ákváðu að kaupa Breiðuvík*

„Við bjuggum í Örlygshöfn þar sem Keran vann að búrekstri ásamt foreldrum sínum á bænum Geitagili í Örlygshöfn. Við vissum þá að jörðin hér í Breiðavík hafði verið á sölu í nokkurn tíma. Okkur fannst hún áhugaverð, en ásett verð var ansi hátt fyrir okkur," sagði Birna Mjöll, sem sjálf er fædd og uppalin á Patreksfirði.

Tíðindamaður Bændablaðsins heimsótti þau hjón á haustdögum 2018, en þá voru þau að undirbúa hausthátíð, sem þau nefndu töðugjöld, með sveitungum sínum sem enn búa á svæðinu og brottfluttum.

„Okkur langaði samt að gera eitthvað. Við höfðum verið með verslun í kaupfélagshúsinu í Örlygshöfn, en þegar Bónus opnaði í Reykjavík fóru allir suður og versluðu svo við urðum að hætta starfseminni. Þá vantaði mig eitthvað að gera auk þess sem okkur vantaði meiri tún til að afla fóðurs fyrir skepnurnar. Við ákváðum að reyna að kaupa Breiðavík, en samdist ekki um verð við eigendurna, Jónas Hördal Jónsson og Árnheiði Guðnadóttur ."

### *Fyrsta tilboði ekki tekið*

Keran segir að það hafi líklega verið haustið 1997 sem þau gerðu fyrst tilboð í Breiðavík. Þá var jörðin búin að vera til sölu í töluverðan tíma. Eigandinn Jónas var ekki sáttur við fyrsta tilboðið, fannst það hálfgerð móðgun og sagðist kjósa

að líta svo á að hann hafi aldrei fengið þetta tilboð.

„Að okkar mati var verðið sem sett var á jörðina mjög óraunhæft. Ég var búinn að slá flest túnin í Breiðavík í mörg ár og nytja þau fyrir búið á Geitagili, auk þess að beita jörðina.“

***Gengið frá kaupum og allt sett í fullan gang á vordögum 1999***

„Ekkert gerðist þó í sölumálum jarðarinnar svo að á endanum kom Jónas til okkar upp úr áramótunum 1999 og var þá sest niður og við töluðum okkur saman um verð,“ segir Keran.

Allt gerðist þetta á mjög skömmum tíma og þau Keran og Birna Mjöll fluttu inn á Breiðavík 1. apríl og voru búin að opna hótelið 15. maí. Byrjuðu þau á að nýta aðstöðuna sem fyrir var en Jónas og Árnheiður höfðu rekið þar farfuglaheimili og voru komin með vísi að gistihúsi.

***Búið að kosta blóð, svita og tár en sjá ekki eftir neinu***

Keran og Birna Mjöll hafa sannarlega unnið þrekvirki við uppbyggingu staðarins með fjölgun gistirýma í smekklegum gámahúsum og viðbyggingu við gamla húsið með góðu eldhúsi og veitingasal sem tekur ríflega hundrað manns í sæti. Þá hefur Keran verið að vinna við að breyta útihúsum í gistiaðstöðu auk þess að sinna skólaakstri, vitavörslu við Bjargtangavita og fleira.

„Ef ég hefði séð hvað beið mín, þá hefði ég aldrei byrjað á þessu,“ segir Keran.

„Við sjáum samt ekki eftir neinu í dag, en þetta er búið að kosta blóð, svita og tár. Við vorum með stórt fjárbú og jukum við okkur þegar við fluttum hingað til að reyna að ná endum saman. Við áttum í raun enga peninga þegar við byrjuðum á þessu og keyrðum þetta fyrst og fremst á bjartsýninni, mikilli orku og óbilandi áhuga. Við fjölguðum sauðfé og vorum komin með 1.000 fjár á vetrarfóðrum og héldum því í tvo vetur. Vorum við alltaf með féð á tveimur jörðum, bæði hér í Breiðavík og á Geitagili. Það var sannarlega allt kjaftfullt af fé á báðum stöðum.

Þetta var afskaplega líflegt og ekki síst sauðburðurinn. Samt fengum við aldrei fólk að til að hjálpa okkur við sauðburðinn. Við stóðum bara í þessu sjálf hjónin og vorum með krakkana okkar með okkur. Svo keyrði maður skólabílinn meðfram búrekstrinum, var í ullarmati, grenjavinnslu og búfjáreftirliti, það var ekki mikið sofið.“

***Eiginkonunni hent út í djúpu laugina í sveitastörfunum***

Birna Mjöll bendir á að þegar sauðburðurinn stóð sem hæst á vorin hafi þau yfirleitt verið búin að opna ferðaþjónustuna líka sem kallaði á enn meira vinnuframlag. Hún tók því að sér að vera kokkur á hótelinu.

„Þegar við keyptum hér í Breiðavík og byrjuðum á þessum rekstri höfðum við verið saman í tíu ár. Ég hafði þá aldrei komið nálægt búskap þótt hann hafi starfað á búinu á Geitagili með foreldrum sínum. Ég var því að mestu með börnin, auk þess sem ég rak verslun niðri á holtinu í Örlygshöfn. Ég var nú svo græn að ég vissi varla úr hvaða gati lömbin kæmu, hvað þá annað. Keran færði mér því hundrað rollur fyrsta vorið hér í Breiðavík til að æfa mig á hvaðan lömbin kæmu.“

***Gísli á Uppsölum hefði örugglega roðnað yfir aðferðunum***

„Þessi fyrsti vetur okkar hér í Breiðavík var mjög harður. Gísli á Uppsölum hefði örugglega roðnað yfir aðferðunum sem við þurftum að nota fyrsta veturinn. Hér snjóaði allt í kaf og við vorum ekki komin með neinar dráttarvélar eða almennileg tæki hingað yfir heiðina. Við þurftum því að draga rúllurnar að fjósinu með vélsleða.

Einu sinni var orðið rúllulaust í húsunum og brjálað veður úti. Keran var veðurtepptur á Geitagili og það kom því í minn hlut að gefa fénu sem var í gamla fjósinu, segir Birna. Rúllan var fyrir utan fjósgluggana og það var heylaust inni. Ég tók þá rúðu úr fjósglugganum og mokaði heyinu inn um gluggann. Áður hafði ég grafið snjóhús í skaflinn svo krakkarnir gætu verið þar í skjóli meðan ég reyndi að koma heyinu í hús.“

***Birna Mjöll sinnti burðarhjálp í gegnum talstöð og síma***

„Stundum kom það fyrir að ég varð að segja við gestina að matnum seinkaði aðeins af því að ég þyrfti að fara í fæðingarhjálp. Þá komu gestirnir stundum með mér til að upplifa það sem fram fór.

Ég man sérstaklega eftir einu atviki sem sýnir vel hversu fáránlegt þetta var. Þá var Keran mikið að keyra á daginn, kom svo heim og markaði lömbin og setti út féð á nóttunni. Þá var ég yfirleitt ein heima með krakkana.

Svo þurfti hann að fara með skólakrakkana í ferðalag suður til Reykjavíkur. Við vorum þá með fé niðri í refahúsinu og strákarnir koma og kalla á mig að þangað vanti hjálp. Þetta var á þeim tíma þegar gsm-farsímarnir voru ekki enn orðnir algengir og auðvitað ekkert gsm-samband hér í Breiðavík. Við vorum hins vegar með labbrabb-talstöðvar [WalkieTalkie] sem við notuðum á milli húsa.

Nú ég fer þarna niður eftir og er ein að bera og það sést í fjórar framlappir en enga snoppu. Þá voru góð ráð dýr og ég hafði í raun ekkert vit á búskap eða burðarhjálp. Ég þurfti því að fá leiðbeiningar um hvernig ég ætti að bera mig að.

Þetta fór þannig fram að ég var með talstöðina og talaði við strákinn minn sem var uppi í húsi og var í sambandi við pabba sinn í gegnum síma, en hann var þá staddur í Kringlunni í Reykjavík. Hann lýsti svo fyrir stráknum hvað ætti að gera næst og strákurinn kallaði það svo áfram til mín í gegnum talstöðina,“ sagði Birna.

***Gestir Kringlunnar hópuðust að til að hlusta á fæðingarlýsingar bóndans úr Breiðavík***

„Mér er þetta enn í fersku minni,“ sagði Keran.

„Ég var með krakkana í skólaferðalagi og var staddur með þá í Kringlunni í Reykjavík. Þar hallaði ég mér yfir grindverk og lýsti svo fyrir syninum að fyrst ætti að gera svona og svo svona. Það væri ráð að prófa að klípa í lappirnar og sjá hvaða lappir hreyfðust saman. Þá ætti að toga í þær lappir og ýta hinum inn á meðan. Síðan væri að reyna að finna hausinn og snoppuna. Þetta gekk og Birna Mjöll náði báðum lömbunum út lifandi. Þegar ég leit svo upp að samtalinu loknu var kominn hálfhringur af fólki í kringum mig sem fylgdist með þessum undarlegu fæðingarlýsingum af mikilli athygli.“

***Hefði aldrei orðið að veruleika ef þau hefðu vitað hvað beið þeirra***

Keran segir að ef þau hefðu vitað hvað beið þeirra eftir að þau tóku við Breiðavík og hefðu haft tök á að skyggnast inn í framtíðina, þá hefðu þau aldrei farið út í þennan rekstur.

„Allt hefur þetta þó gengið upp, en með ótrúlegri vinnu og útsjónarsemi. Hótelreksturinn fór svo ekkert að ganga af viti fyrr en við settum upp herbergi með baði. Við tókum þau í notkun 2004, en þá keyptum við gistieiningar sem voru tólf tilbúin herbergi með baði. Um leið og það var komið í gagnið fóru að koma hingað annars konar gestir sem áttu meiri peninga en gestirnir sem sóst höfðu eftir ódýrri farfuglaþjónustu. Það varð því allt annað upplit á fyrirtækinu sem fór um leið að gefa eitthvað af sér.“

***Gæfuspor að hafa hætt sauðfjárbúskap 2011***

„Árið 2011 ákváðum við að hætta búskapnum og losuðum okkur við rollurnar. Það var mikið gæfuspor. Ég var afskaplega heppinn, eins og oft áður í mínu lífi, að hætta þeim búskap á hárréttum tíma. Þá var lítið um notaðar vélar í landinu því þær höfðu allar verið seldar úr landi í hruninu. Ég átti þá mjög góðar vélar og það var slegist um þær og seldust þær allar á yfirverði. Ærkjötið var þá í sögulegu hámarki, þannig að það spilaði allt með okkur. Við tókum tvö ár í að hætta búskapnum til að ná sem mestu út úr þessu. Ég kláraði því að nýta allt heyið og við komum eins vel út úr þessum viðskiptum og hugsast gat.

Síðasta vorið báru hjá okkur 470 rollur og ég man að mér fannst bara ekki neitt að eiga við þann fjölda miðað við þúsund árið áður. Það hefur alltaf verið mikil frjósemi hér í Breiðavík og mun meira um þrílembur en einlembur, það þakka ég afar góðri fjörubeit hér.“

***Góð fjörubeit létti mjög á rekstrinum***

„Við vorum með mjög góða fjörubeit, þannig að þegar ég var með eitt þúsund fjár á fóðrum þurfti ég ekki nema 700 heyrúllur og það dugði vel. Vegna fjörubeitarinnar þurfti ég ekki að taka inn í hús 250

*– Framhald á næstu síðu*



**„Ef ég hefði séð hvað beið mín, þá hefði ég aldrei byrjað á þessu,“ segir Keran ST. Ólason, sem sér þó ekki eftir neinu.**



**Geitasel í Örlygshöfn þar sem Keran og Birna Mjöll hyggjast verja ævikvöldinu.**



**Keran var staddur í Kringlunni í Reykjavík með krakkana í sveitinni í skólaferðalagi. Þá barst neyðarkall frá Birnu Mjöll í Breiðuvík um að hann gæfi henni leiðbeiningar um burðarhjálp í gegnum farsíma.**

Breiðavík er vík á Vestfjörðum og er ein af svonefndum Útvíkum sem liggur milli Kollsvíkur og Látravíkur. Nokkru sunnar er Látrabjarg og þorpið Patreksfjörður er í um 50 km fjarlægð í austurátt. Í Breiðuvík er nú búskapur og ferðaþjónusta, á sumrin er rekið þar gistiheimili. Allmikill útvegur var stundaður fyrrum frá Breiðuvík.



Hótel Breiðavík. Á planinu neðan við gömlu byggingarnar eru 12 gistieiningar sem teknar voru í gagnið 2004. Þar er hvert herbergi með sér inngangi og baði. Myndir HKr.

til 300 fjár fyrr en um mánaðamótin febrúar-mars. Þurfti ég ekkert að gefa þeim fram að því, en féð var bara úti og í fjörubeit. Þetta var samt mitt vænsta fé. Þegar ég tók féð inn rúði ég það og um leið og það var borið fór það að fara út aftur.

Annars var ég með það á taði í refahúsinu og mokaði þar í það heyi þar sem ég var með sjálfgjafakerfi sem ég hannaði sjálfur. Ærnar sem voru að koma inn í endaðan febrúar, byrjun mars, úr þaranum gat innbyrt mikið magn af heyi og sparaði ég það ekki við féð. Í refahúsinu var ég með um 550 til 600 fjár og þurfti ekki að gefa þar rúllur nema svona einu sinni í viku, enda hafði ég útbúið þar sjálfgjafakerfi og sjálfvirkt vatnskerfi. Það sá því að mestu um sig sjálft."

*– Þú nefnir mikla fjörubeit. Hafði hún engin vandamál í för með sér fyrir kindurnar?*

„Nei, við lentum ekki í neinum vandamálum, ekki nokkrum. Þetta var allt mjög heilbrigt fé sem át bæði rekþara og líka söl, allt eftir því hvernig á stóð. Af þessu uppskar ég gríðarlega mikla frjósemi og vænt fé. Burðarhjálp við það var nánast engin og þegar það kom inn í hús hafði ég það á taði og stutt að sækja sand til að bera undir líka. Það var því þurrt og gott í húsinu."

### Fór aldrei í refarækt þrátt fyrir hvatningu

Þú segist þarna hafa nýtt þér refahús sem var á jörðinni þegar þið keyptuð hana, stundaðir þú eitthvað refarækt sjálfur?

„Nei, ég fór aldrei út í það. Það var samt mjög lagt að mér að fara í refarækt á sínum tíma, en ég hafði aldrei trú á þessu og leist aldrei á að slíkt gæti gengið. Fyrri eigendur voru hins vegar með refarækt og skyldu hér eftir nærri þúsund fermetra hús þegar þau hættu. Það er mjög vel byggt stálgrindarhús sem nýttist okkur ágætlega fyrir kindurnar."

### Síðasta sumar var slakt í ferðamennskunni

*– Þið eruð búin að vera alfarið í ferðaþjónustu síðan 2011, hafið þið orðið vör við aukinn straum ferðamanna á þetta vestasta horn landsins?*

„Já, aukinn ferðamannastraumur til landsins hefur auðvitað skilað sér hingað líka. Ég myndi þó segja að eftir okkar tuttugasta sumar í þessum rekstri sem við vorum að ljúka við nú 2018, þá var það mjög erfitt. Ef við værum í Reykjavík, þá væri þessu líkt við hrun. Af því að við erum hér á hjara veraldar þá tölum við bara um samdrátt.

Ég gæti trúað að ferðamönnum sem sóttu til okkar síðastliðið sumar hafi fækkað um 50% frá því sem mest var hvað gistinætur varðar. Auðvitað eru margir samverkandi þættir sem valda því. Það er í fyrsta lagi veðrið, síðan heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu, auk þess sem Ísland er dýrt ferðamannaland.

Samt þegar maður skoðar t.d. talningu á bílum inn á svæðið á teljurum Vegagerðarinnar, þá hafa ekkert komið færri bílar hingað en venjulega. Talið hefur verið að það fari út á Látrabjarg hér rétt vestan við okkur, um 100 þúsund manns á hverju sumri."

### Litlu „svefnbílarnir" eru tifandi tímasprengjur

„Þá spilar inn í að það er aukið gistiframboð á svæðinu og ýmislegt annað, eins og litlir bílaleigubílar sem fólk gistir í. Þeir bílar hafa reyndar alls staðar verið til töluverða vandræða. Það er greinilega ekki nógu vel að þeim rekstri staðið. Fólk fer illa upplýst á þessum bílum um landið og ég óttast að það verði ekkert gert varðandi þann rekstur fyrr en það verða alvarleg slys. Þessir bílar eru engan veginn almennilega útbúnir eins og húsbílar. Fólk er t.d. að skríða inn í þessa bíla og reyna að hita þá upp í köldu veðri með gaslömpum. Ég tel að þetta séu ekkert annað en tifandi tímasprengjur."

### Bjartsýnn á hag ferðaþjónustunnar

*– Hvað með framhaldið, ertu þokkalega bjartsýnn?*

„Já, já, ferðamenn munu halda áfram að koma til Íslands og þeir eiga eftir að sækja í auknum mæli út í hinar dreifðu byggðir, á því er enginn vafi. Enda hef ég oft sagt að Vestfirðir séu eitt best varðveitta leyndarmál Íslands.

Maður veit svo sem ekkert um hvernig þetta kemur nákvæmlega til með að þróast, en við erum samt ekkert hætt að fá ferðamenn, þvert á móti held ég að þeim muni fara fjölgandi. Auðvitað geta þó alltaf komið sveiflur og lægðir í ferðamennskuna."



Gamla fjósið var orðið óhrjálegt þegar þau hættu sauðfjárbúskapnum. Birna Mjöll lagði þá til að þau slettu á það málningu svo það liti betur út. Keran fór í verkið, setti á það nýtt þak, nýja og stærri glugga, nýjar hurðir og einangraði húsið auk þess að steypa nýja einangraða gólfplötu með hitalögnum. Í dag er þetta nánast orðið fullbúin íbúð sem vantar herslumuninn á að klára.



„Ferðamenn munu halda áfram að koma til Íslands og þeir eiga eftir að sækja í auknum mæli út í hinar dreifðu byggðir, á því er enginn vafi. Enda hef ég oft sagt að Vestfirðir séu eitt best varðveitta leyndarmál Íslands."

### Hyggjast flytja að Geitagili í framtíðinni

*– Sérðu fyrir þér að þið haldið lengi áfram rekstrinum hér í Breiðavík?*

„Við verðum svo sem ekkert eilíf hér. Það þarf mikinn dugnað og eljusemi að halda úti þessum rekstri. Það er því ekki gert nema fólk hafi til þess fulla heilsu."

*– Nú hafið þið staðið í mikilli uppbyggingu hér í Breiðavík, en um leið hafið þið líka verið að byggja upp á þinni gömlu bújörð og foreldra þinna, Geitagili í Örlygshöfn. Sérðu það frekar fyrir þér sem ykkar heimili í framtíðinni?*

„Já, ég geri það. Við höfum verið afskaplega heppin með smið sem hefur hjálpað okkur við alla þessa uppbyggingu. Við höfum verið með þennan sama mann í smíðavinnu hjá okkur í ein fimm eða sex sumur og hann er afskaplega fær iðnaðarmaður og heitir Sigurjón Hákonarson. Hann gengur í hvað sem er og er duglegur að benda manni á hvað þurfi að lagfæra og hvað megi gera betur.

Á Geitagili stóðu málin þannig að það var ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort að jafna húsin við jörðu og moka yfir eða laga þau til. Ég ákvað að taka seinni kostinn, laga þau til og eiga þetta þá til elliáranna. Þarna er búið að endurbyggja allt og við erum nú að klára að endurnýja síðasta húsið. Meira að segja tók ég stífluna í gegn í haust, steypti hana upp og hækkaði um metra samfara því að stækka og dýpka safnlónið fyrir virkjunina, en á Geitagili er heimarafstöð sem virkjuð var 1966 og hefur aldrei verið neitt annað rafmagn á jörðinni.

Ég endurnýjaði allan vélbúnað í virkjuninni 2001 og er nú komið að því að endurnýja búnaðinn á nýjan leik enda er ég búinn að auka vatnsmagnið mikið síðan."

### Málningarslettan varð að heilu íbúðarhúsi

Eins og fyrr segir þá voru þau Keran og Birna Mjöll með fé í gömlu fjósi í Breiðavík auk refahússins sem þar er. Fjósið var með sambyggðri hlöðu sem til stóð að lengja um helming og byggja fjárhús samhliða fjósinu. Það var þó aldrei gert. Fjárhúsi var hróflað upp um 1955 af vanefnum og átti að standa í 1–2 ár, þau stóðu þar til 2011 en voru þá alveg að hrynja og voru þá rifin. Þau tóku 200 fjár og ég var alltaf með þau full af fé.

„Fjósið var eins og önnur fjós með lítilli lofthæð og lítið hægt við það að gera eftir að við hættum sauðfjárbúskapnum. Konan lagði þá til að við slettum á þetta málningu svo það liti betur út. Ég fór þá og reif af því þakið og hækkaði veggina. Síðan setti ég nýtt þak, nýja og stærri glugga, nýjar útihurðir og einangraði húsið auk þess að steypa nýja einangraða gólfplötu með lögnum. Í dag er þetta nánast orðið fullbúin íbúð sem vantar herslumuninn á að klára. Það er búið að setja upp alla milliveggi og mála, en eftir er að klára klósettið og eldhúsið. Svo málningarslettan á gamla fjósið tók því algjörum stakkaskiptum og varð að nýju íbúðarhúsi.

Upphaflega hugmyndin þegar ég byrjaði á þessu var að gera þetta að íbúð fyrir okkur hjónin. Þannig gætum við komist út úr vinnunni á hótelinu þar sem við höfum búið í smá kytru og verið meira út af fyrir okkur. Þar sem ferðaþjónustan hefur heldur dregist saman eins og á síðastliðnu sumri, þá verðum við meira að sinna öllu sjálf og erum því alltaf á vaktinni. Meðan svoleiðis er þá getum við ekkert leyft okkur að fara úr vinnunni eins og fínir forstjórar og stimpla okkur út á miðjum dögum og fara heim í nýja húsið. Því höfum við frestað því að klára þetta hús meðan við erum hér allt í öllu."

### Forréttindi að fá að sinna áhugastarfinu

*– Það er þá ekki mikið um frí hjá ykkur?*

„Nei, en ég hef litið svo á að við búum í fríi alla daga. Þótt konan sé ekki hress með það þá höfum við ekki nokkurn tímann farið í það sem aðrir kalla frí síðan 1999. Ég hef ekki einu sinni farið í vetrarfrí. Þá hefur tekið við bullandi vetrarvinna, skólaakstur,vélavinna og annað. Svo hef ég líka verið meira og minna í viðhaldi allan veturinn líka.

Þó ég hafi aldrei farið í það sem flestir kalla frí, þá segi ég líka að það eru mikil forréttindi að fá að vinna við það sem maður hefur áhuga á og gaman af. Ég væri ekki í þessu ef ég hefði ekki gaman af og mikinn áhuga á þessu. Ég elska það sem ég er að gera og það eru forréttindin sem allur almenningur getur ekki gengið að sem sjálfsögðum hlut," segir Keran St. Ólason, ferðaþjónustubóndi í Breiðavík.

### Fyrsta alvöru fríið síðan 1999

Því er við að bæta að þau öndvegishjón létu loks verða af því að taka sér almennilegt frí frá rekstrinum eins og vel flestir Íslendingar nú fyrir áramótin. Þannig lögðu þau veg undir dekk, óku til Keflavíkur og hoppuðu þar upp í flugvél á vit ævintýranna á Gran Canaria, rétt áður en jólin gengu í garð.



Í nýju verslun SS að Fosshálsi 1 kennir ýmissa grasa. Þar er opið alla virka daga frá kl. 10.30–18.00.

# Sláturfélag Suðurlands opnar nýja verslun

**Þann 15. desember síðastliðinn opnaði Sláturfélag Suðurlands nýja verslun í höfuðstöðvum sínum í Reykjavík við Fossháls 1. Verslunin ber nafnið Búvörur SS og er þetta önnur verslunin á vegum Sláturfélagsins, en sú fyrri var opnuð þann 8. desember 2017. Hafa móttökur verið vonum framar.**

Hjá Búvörum SS fást vörur fyrir bændur, hestamenn, veiðimenn, hundaeigendur og útivistarfólk.

Sláturfélag Suðurlands er með samning við danska fyrirtækið DLG sem er einn stærsti fóðurframleiðandi Evrópu og er með starfsemi í 18 löndum. DLG framleiðir meðal annars fóður, en það sérframleiðir kjarnfóður fyrir íslenska sauðféð í samstarfi við Sláturfélag Suðurlands, sem kallast Ærblanda SS. Þar að auki býður það upp á fóður fyrir nautgripi, alifugla og fleira.

Merkið Equsana, sem framleiðir fóður, fatnað og vörur í hestamennskuna, er í eigu DLG. Equsana vörurnar hafa verið vinsælar síðan þær komu í sölu hjá Sláturfélagi Suðurlands, enda góðar vörur á frábæru verði. DLG á einnig vörumerkið Mike Hammer, en þar er að finna fatnað og vörur í veiðina.

Á síðasta ári hóf Sláturfélag Suðurlands að bjóða frían akstur á brettum af spæni og spónarkögglum í hesthúsahverfin á höfuðborgarsvæðinu og hefur sú þjónusta mælst vel fyrir. Farnar eru vikulegar ferðir í hverfin og hægt er að panta bretti af spæni eða spónarkögglum í síma 575-6071 eða í vefverslun www.buvorur.is.



Úrval af vörum fyrir hestamenn er m.a. að finna í nýju búðinni.



Skotveiðimenn finna þar líka ýmislegt áhugavert.

Í versluninni á Fosshálsi er hægt að versla fatnað frá danska merkinu DogCoach, en það eru flíkur sem eru sérhannaðar í hundaþjálfun. Einnig eru í boði vörur frá norska fyrirtækinu Non-Stop, en þær vörur eru fluttar inn af dýrahjúkrunarfræðingnum og hundasjúkraþjálfaranum Kolbrúnu Örnu Sigurðardóttur. Nýlega var haldið hundakvöld í versluninni þar sem Kolbrún hélt fyrirlestur um líkamsbeitingu og byggingu hunda, og fór hún yfir það hverju við eigum að leita eftir þegar við veljum vörur fyrir hundana okkar. Mætingin var góð og skemmtileg stemning.

Í versluninni er auk þess að finna vörur frá Jóni Sigurðssyni söðlasmið, gönguskó og reiðskó frá Grisport, hunda og kattafóður og ýmislegt fleira.





HÁGÆÐA DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

VIÐ GERUM ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ Í INNRÉTTINGAR, RAFTÆKI, VASKA OG BLÖNDUNARTÆKI

OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is




## Aðalfundarboð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn að Hótel Sögu fundarsal Kötlu II, þann 14. mars og hefst klukkan 14:00.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Málþing hefst að aðalfundi loknum, um kl. 15:00

**Efni:** Hver á Ísland?

**Frummælendur á málþingi:**
- Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri atvinnuvega– og nýsköpunarráðuneytis.
- Sigurður Jónsson, hrl. stjórnarmaður í LLÍ.
- Magnús Leópoldsson, fasteignasali

Fundurinn er öllum opinn og bæði félagar í LLÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Fyrir hönd stjórnar LLÍ
Óskar Magnússon


Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

**Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 11. febrúar til 23. mars 2019.**
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:
https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/

Lely Center Ísland
VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR




Útvegum varahluti í gömlu vélarnar
**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


## VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn ***Bændasamtaka Íslands*** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

**# Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss.**
- *Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur og sambærilegur kostnaður sem leiðir af óvinnufærni.*

**# Styrki til forvarnarverkefna.**
- *Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.*

Nánari upplýsingar á **bondi.is** og umsóknareyðublöð má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

**Umsóknir skulu berast eigi síðar en 14. mars nk. á netfangið: velferdarsjodur@bondi.is.**

Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Áföll hjá Norðlenska hafa neikvæð áhrif á afkomu:

# Segir að ekki sé grundvöllur fyrir verðuppbót á sauðfjárinnlegg

**„Að svo stöddu telur Norðlenska ekki grundvöll til að greiða uppbót vegna haustinnleggs 2018. Félagið varð fyrir áföllum vegna gjaldþrots viðskiptavina árið 2018 sem höfðu veruleg neikvæð áhrif á afkomu ársins,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, spurður um hugsanlega verðuppbót á sauðfjárinnlegg á liðnu hausti. Hann segir að afstaða verði tekin til uppbótargreiðslna að nýju þegar uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 2019 liggur fyrir.**

Kjötafurðastöð KS og Sláturhús KVH tilkynntu fyrr á árinu að þau muni greiða viðbótargreiðslu á lambakjötsinnlegg fyrir síðastliðið haust, 10% viðbótargreiðslu á innlegg í ágústmánuði og ríflega 6% viðbótargreiðslu fyrir september og október. Fyrirtækin bentu á að ágæt sala á afurðum og veiking íslensku krónunnar skapi grundvöll til þess að greiða bændum þessa viðbótargreiðslu.

Í kjölfar þessa sendu fjögur félög sauðfjárbænda á Norður- og Austurlandi, þ.e. Félag sauðfjárbænda við Eyjafjörð, Félag sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu, Félag sauðfjárbænda á Héraði og Fjörðum og Félag sauðfjárbænda á Suðurfjörðum, frá sé áskorun til Norðlenska þar sem farið var fram á að félagið greiddi innleggjendum sauðfjárafurða uppbót á haustinnlegg 2018 að lágmarki sambærilega öðrum sláturleyfishöfum.

### *Sláturleyfishafar sagðir halda sauðfjárbændum í heljargreipum*

Ásta F. Flosadóttir, formaður Félags sauðfjárbænda við Eyjafjörð, segir Norðlenska ekki hafa svarað áskorun sauðfjárbænda og sé megn óánægja í þeirra hópi með þögnina. Aðrir sláturleyfishafar hafi greitt bændum uppbót á afurðaverð síðasta hausts, „og þótt þær uppbætur hafi verið smánarlega lágar munar um þær,“ segir hún. – „Þetta er sá munnbitinn og það dúnhárið.“

Ásta segir að bændur eigi bágt með að trúa því að Norðlenska gangi verr að selja sínar afurðir en öðrum sláturleyfishöfum og þeir telji sig eiga inni uppbót á afurðaverð síðasta hausts.

„Það kemur okkur í sjálfu sér ekki við þótt félagið hafi orðið fyrir áföllum vegna gjaldþrota annarra, þeim áföllum á ekki að velta yfir á okkur. Sláturleyfishafar halda sauðfjárbændum í heljargreipum með afurðaverði sem er komið langt niður úr öllu gólfi. Það er skýr krafa sauðfjárbænda að afurðaverð til bænda hækki verulega, enda með öllu ólíðandi að fá ekki mannsæmandi laun fyrir sína vinnu,“ segir hún. /MÞÞ

# Sláturfélag Suðurlands greiðir 2% viðbót á allt afurðainnlegg

**Sláturfélag Suðurlands hefur tilkynnt að það muni greiða 2% viðbót á andvirði afurðainnleggs ársins 2018 til bænda 8. mars næstkomandi. Í heild nemur viðbótin með virðisaukaskatti 40,9 milljónum króna.**

Í frétt á vef SS segir að afkoman hafi verið ágæt á síðasta ári. „Í samræmi við stefnu félagsins um að tengja saman ávinning bænda af góðum hag SS er með þessum hætti miðlað hluta af hagnaði félagsins til innleggjenda. SS sýnir í verki samvinnuhugsjónina með þessum hætti og leggur áherslu á mikilvægi þess að bændur beini viðskiptum til félagsins til að styrkja áfram grundvöll fyrir því að félagið geti greitt viðbót á afurðaverð,“ segir í fregninni.

Fjórar afurðastöðvar hafa áður tilkynnt um viðbótargreiðslur fyrir dilkakjöt úr síðustu sláturtíð; Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga (KS), Sláturhús KVH ehf. (SKVH), SAH Afurðir og Sláturfélag Vopnfirðinga.

Holta KJÚKLINGUR

Umsjónarmenn óskast
Stofnfuglaeldi Ásmundarstöðum

Reykjagarður hf. óskar að ráða í tvö störf umsjónarmanna í stofnfuglaeldi félagsins á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu.

Helstu verkefni eru dagleg umsjón með stofnfuglum, húsum og búnaði.
Búfræðimenntun og enskukunnátta æskileg – að vera laghentur er mikill kostur.
Reynsla af umönnun dýra og virðing fyrir dýravelferð skilyrði.
Reglusemi, frumkvæði og hæfni í samskiptum mikilvæg.

Ráðið verður í annað starfið frá og með apríl n.k. og hitt seinnipart sumars eftir samkomulagi.

Störfin henta jafnt körlum og konum.

Möguleiki er á leiguhúsnæði á staðnum og hér er því upplagt tækifæri fyrir par, hjón eða fjölskyldu sem vill setjast að í sveit þar sem stutt er í alla þjónustu.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Huldar Ingþórsson, framleiðslustjóri stofna og eldis í síma 856 4425, netfang: magnus@holta.is og tekur hann jafnframt við umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 18. mars 2019.

Reykjagarður hf. er eitt stærsta fyrirtæki landsins í framleiðslu á kjúklingaafurðum. Hjá fyrirtækinu starfa um 130 manns við ræktun, eldi, slátrun, úrvinnslu og sölu kjúklingaafurða. Eldi stofnfugla og kjúklings er til staða á Suður-, Vestur og Norðulandi vestra. Slátrun og vinnsla er á Hellu og í Garðabæ. Höfðustöðvar og söludeild eru á Fosshálsi 1 í Reykjavík. Reykjagarður er í 100% eigu Sláturfélags Suðurlands.

Feed the Viking:

# Íslenskt Beef Jerky á leið á markað

## – Fylgir í fótspor Fish Jerky og Lamb Jerky

**Feed the Viking er framsækið sprotafyrirtæki sem vinnur sælkerabita úr íslenskum fiski og íslensku kjöti; harðfiskbita (fish-jerky) og lamba-jerky – og á leiðinni á markað er jerky úr íslensku nautakjöti. Margir þekkja hið bandaríska beef-jerky og er hér farið í smiðju til þeirrar hefðar, þó nálgunin sé allt öðru vísi með hið íslenska hráefni. Ekki er notast við sykurlög til að leggja kjötið í með kryddblöndu, heldur er hráefnið látið njóta sín með hófstilltu kryddi og fínlegri verkun.**

Við sögðum frá því hér í blaðinu á haustmánuðum 2017 að Friðrik Guðjónsson, stofnandi Feed the Viking, væri með vöruna Lamb Jerky í þróun, en þá var einungis Fish-Jerky varan í framleiðslu hjá honum. Síðan þá hefur ýmislegt gerst. „Staðan hjá okkur félögunum er að verða mjög góð eftir mikla og stöðuga uppbyggingu. Við byrjuðum á að framleiða Fish Jerky vöruna í ágúst 2017 og bættum svo Lamb Jerky við í maí 2018 og hafa viðtökurnar við báðum vörunum verið algjörlega frábærar,“ segir Friðrik. „Við Ari Karlsson, viðskiptafélagi minn, erum æskuvinir og hefur okkur lengi langað til að vinna saman. Hann kom inn í reksturinn í janúar 2018 eftir að hafa unnið með mér og Norðlenska í þróuninni á Lamb Jerky vörunni síðan um haustið. Ari er matreiðslumeistari að mennt og hefur mikla alþjóðlega reynslu af hinni ýmsu matvælagerð og nýtist hans reynsla gríðarlega vel hjá félaginu.“



Félagarnir í nýju pökkunaraðstöðunni. Ari Karlsson er á efri hæðinni á pökkunarvélinni og Friðrik Guðjónsson niðri. Myndir / smh

### *Góð sala í Leifsstöð*

Að sögn Friðriks hefur góð sala á þessum tveimur vörum í Leifsstöð, í verslunum IceWear og við Gullfoss gert þeim kleift að fjármagna kaup á vandaðri pökkunarvél og komið sér upp aðstöðu fyrir félagið. „Við sjáum nú afrakstur alls þessa með öllum pökkun á vörunum okkar í þessum vélum. Það er í raun ekki fyrr en núna í byrjun þessa árs sem framleiðslugetan okkar fór að bjóða upp á einhverja alvöru markaðssetningu þar sem við vorum að vigta og pakka öllu í höndunum þangað til.

Við höfum fyrst og fremst verið að vinna í að byggja upp góðan grunn fyrir áframhaldandi vöxt. Við komum til með að bæta Beef Jerky vörunni okkar við núna í apríl og höfum stofnað félag í Bandaríkjunum til að opna á möguleikann á að selja vörurnar okkar beint þar. Mikill tími hefur farið í að sníða uppskriftirnar og framleiðsluaðferðirnar að fjöldaframleiðslunni og höfum við lagt mjög mikla vinnu í alla hönnun á umbúðum og markaðsefni.

Svo tók sinn tíma að fá öll tilskilin leyfi, svo sem til pökkunarinnar og til innflutnings í Bandaríkjunum, en við byrjuðum að selja vörurnar á netverslun Amazon í nóvember síðastliðnum og höfum fengið pantanir svo gott sem daglega síðan þá, þrátt fyrir að litlu hefur verið varið í auglýsingar.“

### *Íslenskar matarhefðir*

„Vörurnar okkar eru allar með mikla skírskotun í íslenskar matarhefðir og er öllum aukaefnum, svo sem sykri og salti, stillt í eins mikið hóf og mögulegt er. Lamb Jerky varan okkar er krydduð með íslensku sjávarsalti og kryddblöndu sem líkir til lambalærisins sem foreldrar okkar elda oft á sunnudögum. Beef Jerky varan er örlítið sterkari með chili-aldini, en báðar kjötvörurnar eiga það sameiginlegt að þar er kjötbragðinu leyft að njóta sín,“ segir Friðrik um vinnsluna á vörunum. „Öll okkar framleiðsla er úr íslenskum vörum og unnin á Íslandi en um atvinnuskapandi framleiðslu er að ræða þar sem mörg eru handtökin í ferlinu.“



Núverandi vörutegundir sem framleiddar eru hjá Feed the Viking: Fish Jerky og Lamb Jerky.

### *Heilt ár í vöruþróun*

Friðrik segir að þróunin á Beef Jerky sé á lokametrunum. „Við höfum átt mjög gott samstarf með Norðlenska og verið duglegir að kíkja norður og þau suður til okkar. Uppskriftirnar til ásamt því að framleiðsluferlið er fastmótað í góðu samstarfi félaganna. Það hefur tekið um ár að þróa hvora vöruna til fjöldaframleiðslu sem hefur verið bæði áhugavert og lærdómsríkt ferli.

Oddi sér um að prenta umbúðirnar okkar en félagi minn er einn færasti vöruhönnuður landsins með margra ára reynslu á bakinu og hefur hann meðal annars starfað fyrir Coca-Cola, Latabæ og Össur og ég fæ að ónáða hann á kvöldin með hönnunarvinnu fyrir okkur.

Til að byrja með verður Beef Jerky seld á núverandi sölustöðum okkar en einnig í gegnum Amazon og vefinn okkar en við eigum í viðræðum við matvöruverslanirnar hér heima um að bjóða bæði Lamb Jerky og Beef Jerky vöruna til sölu um allt land.

Við erum mjög spenntir fyrir nýju Beef Jerky vörunni og hefur hún alls staðar slegið rækilega í gegn en við stóðum fyrir viðamiklum notendaprófunum til að velja rétta bragðið. Beef Jerky er sú útgáfa af þurrkuðu kjöti sem lang mestra vinsælda nýtur í heiminum og höfum við fulla trú á því að þarna séum við komnir með vörurnar sem koma okkur á kortið í útflutningi á íslenskum landbúnaðar- og sjávarútvegsvörum. Upphaflega hugmyndin að fyrirtækinu kom einmitt hjá mér í útkalli með björgunarsveitinni minni en þá var ég alltaf með bandarískt Beef Jerky með í bakpokanum. Þetta var svo ótrúlega orkuríkt og gott nesti að mér fannst alveg galið að það væri ekki til íslenskt svona – þannig að ég fór bara í málið,“ segir Friðrik.

### *Fyrirspurnir frá mörgum löndum*

Feed the Viking byggir framleiðslugetu sína upp hægt og rólega og þeir Ari og Friðrik vilja ekki bjóða vörurnar til sölu hjá nýjum aðilum fyrr en öruggt sé að nægilegt magn sé til í hillurnar. „Við höfum fengið fyrirspurnir frá aðilum í Noregi, Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi, Kanada, Bandaríkjunum, Katar og Kína en flestir vilja panta hjá okkur í það miklu magni að við höfum því miður þurft að segja nei við þá flesta hingað til, fyrir utan nokkrar búðir í Íslendingasamfélaginu í Kanada,“ segir Friðrik að lokum. /smh




# Framúrskarandi áburðardreifarar frá RAUCH

Eitt fullkomnasta alsjálfvirka mælikerfi sem völ er á - EMC hárnákvæm magnmæling 200 sinnum á sekúndu. Eini dreifarinn sem stjórnar og leiðréttir flæði áburðar aðskilið á sitt hvora skífu. Stöðug leiðrétting á flæði áburðar allan tímann sem dreift er, enn meiri nákvæmni á fyrstu metrum dreifingar. Hristingur og halli hefur ekki áhrif á EMC.

- Sjálfvirk aðlögun vinnslubreiddar að lögun túnsins. Beggja megin í einu eða öðru megin.
- Afburða dreifigæði, einfalt og þægilegt viðmót, stór skjár þar sem gott er að fylgjast með dreifingu.
- Vinnslubreidd frá 12- 42 metrar - 3200 burðargeta.
- Drif í lokuðu olíubaði sem eykur endingu og er viðhaldsfrítt.
- Tvöföld pólýhúðun sem eykur endingu dreifara og viðheldur glæsilegu útliti.

**Gerir þú kröfu um nákvæmni í dreifingu? - Aukin nákvæmni felur í sér sparnað til lengri tíma, betri nýtingu af hverjum hektara og betri hey.**

Hikaðu ekki - Hafðu samband

Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Upplýsingar veitir Guðrún Hildur
á netfanginu gudrunhildur@buvis.is
og í símum 465-1332 eða 848-2834

www.rauch.de

Héraðsprent


Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

## Efnistaka í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi

Íslenskir aðalverktakar hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 1. mars til 15. apríl á eftirtöldum stöðum: á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.


lamb inn
Öngulsstaðir

## „Hin gömlu kynni gleymast ei“

**Málstofa og samvera á Lamb Inn Öngulsstöðum**
**5. -7. apríl næstkomandi**

***Vettvangur fyrir þau sem voru virk í félagsmálum bænda, afurðastöðva og stofnanna landbúnaðarins á árunum 1980 til 2010 og maka þeirra að hittast og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.***

Heimsókn til bænda í Eyjafjarðarsveit og lambapizzukvöld með skemmtisögum frá hinum gömlu góðu dögum á föstudeginum. Málstofa um stöðu og horfur í landbúnaðinum á laugardeginum.

Stuttar framsögur: Þórarinn Leifsson, bóndi Keldudal. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, fagstjóri búfjárræktar hjá RML og Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur. Fundarstjóri Haukur Halldórsson og fundarlóðs Daði Már Kristófersson, prófessor við HÍ. Hann tekur niðurstöður fundarins saman. Laugardeginum líkur með móttöku í Gamla bænum Öngulsstöðum og hátíðarkvöldverði á Lamb Inn. Skemmtiatriði glens og gaman.

Á sunnudagsmorgninum verður samantekt fundarins kynnt og undirbúningsstofnfundur fyrir Öldungaráð landbúnaðarins.

Gist verður á Lamb Inn og heimagistingum í nágrenninu.
Gestgjafi og skemmtanastjóri verður Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

**Dagskrá og nánari upplýsingar: www.lambinn.is**

***Pantanir og upplýsingar: Jóhannes Geir Sigurgeirsson***
***Netfang: johannes@lambinn.is - Sími: 892-8827***








# BÍLSKÚRSHURÐIR




- ✔ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
- ✔ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
- ✔ HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR
- ✔ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
- ✔ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



IS HURÐIR

**IS Hurðir ehf.** | Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
564 0013 / 865 1237 | logi@ishurdir.is | **www.ishurdir.is**



Tveir byggðakjarnar eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnes og Brautarholt, hér sést yfir Brautarholt. Mynd / Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

### Skeiða- og Gnúpverjahreppur nýtur mjög góðs af umfangsmikilli starfsemi Landsvirkjunar í sveitarfélaginu:

# Ekkert atvinnuleysi og gjaldfrjáls leikskóli

## – segir Kristófer Tómasson sveitarstjóri – undirbúningur hafinn að uppbyggingu ferðamannastaðar í Reykholti í Þjórsárdal

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur er sveitarfélag sem liggur austast í Árnessýslu, ofanverðri, með Hofsjökul í norðri, Flóa í suðri, Þjórsá í austri og Stóru-Laxá og Hvítá í vestri. Íbúar voru 626 þann 1. janúar 2019. Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður, menntunar- og uppeldisstörf auk iðn- og verslunarstarfa.**

Ferðaþjónusta fer vaxandi í sveitarfélaginu. Náttúrufegurð er mikil og eru nokkrir þekktir staðir í hreppnum, eins og Háifoss, Hjálparfoss, Þjórsárdalur, Stöng, Gjáin, Gaukshöfði og Vörðufell. Í hreppnum er félagslíf og mannlíf, blómlegt. Tvær kirkjusóknir eru í sveitarfélaginu, Ólafsvallasókn og Stóra-Núpssókn.

Skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett í Árnesi. Kristófer Tómasson er sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Blaðamaður settist niður með honum til að fara yfir helstu fréttir og málefni sveitarfélagsins um þessar mundir.



Kristófer Tómasson á góðri stundu í Tungnaréttum í haust. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

### *Ár framfara*

„Nýtt ár leggst ákaflega vel í mig og vona ég að svo sé um mína sveitunga almennt. Reyndar hafa flest ný ár lagst vel í mig hingað til. Það er ævinlega tilefni til að horfa fram á við með hækkandi sól. Ég hef trú á að árið 2019 verði ár framfara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,“ segir Kristófer aðspurður hvernig nýtt ár legðist í hann og hans fólk.

### *24% fjölgun íbúa á sjö árum*

Íbúum í sveitarfélaginu hefur fjölgað talsvert á síðustu árum og ef síðustu sjö ár eru skoðuð kemur í ljós að íbúum hefur fjölgað um 24%, eru núna um 630. Reyndar varð fækkun frá síðasta ári sem helgast af fækkun erlendra verkamanna við stækkun Búrfellsvirkjunar. „Það er ánægjulegt að börnum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum í leik- og grunnskóla. Fólk á öllum aldri sækist eftir að búa hér, en húsnæðisskortur hefur hindrað að fleiri geti flutt hingað. Atvinnutækifæri fyrir langskólagengið fólk þyrftu vissulega að vera fleiri í samfélaginu,“ segir Kristófer.

### *Ekkert atvinnuleysi*

*– Kristófer er því næst spurður út í atvinnumál sveitarfélagsins, hvernig staðan í þeim málaflokki sé?*

„Ég tel mér óhætt að fullyrða að atvinnuleysi sé hér óþekkt um þessar mundir. En talsvert er um að íbúar starfi í öðrum sveitarfélögum og ekkert nema eðlilegt við það.“

### *Gjaldfrjáls leikskóli*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er eitt af fáum sveitarfélögum landsins, ef ekki eina sveitarfélagið, sem er með gjaldfrjálsan leikskóla á öllu leikskólastiginu.

„Já, við erum hér með mjög góðan leikskóla. Börn fá inngöngu í leikskólann á eins árs afmælinu. Biðlista þekkjum við ekki hér. Í undantekningartilfellum er tekið á móti 9 mánaða gömlum börnum. Leikskólinn okkar hefur verið gjaldfrjáls síðan 2015. Við erum með hátt hlutfall af menntuðu starfsfólki í leikskólanum. Í grunnskólanum er unnið mjög faglegt starf,“ segir Kristófer.

### *Mjólkurframleiðsla er kjölfestan*

*– Landbúnaðurinn skipar stóran sess í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og ferðaþjónustan. Kristófer er spurður hvað sé að gerast í þeim málaflokkum og hvernig stemningin sé á meðal bænda og þeirra sem eru í ferðaþjónustu?*

„Hér stendur mjólkurframleiðsla traustum fótum og er hún eins og í mörgum dreifbýlissveitarfélögum kjölfestan í landbúnaðinum. Það eru framleidd hér 6–7 prósent af allri mjólk í landinu. Það er talsverð sauðfjárrækt í sveitarfélaginu og hjá fáeinum bændum telst hún aðalbúgreinin. Eins og kunnugt er þá eru skilyrðin í þeirri búgrein mjög slæm um þessar mundir. Ferðaþjónustubændur hafa hægt og sígandi sótt í sig veðrið og hefur ferðaþjónusta í nokkrum tilfellum leyst af hólmi hefðbundinn búskap. Þar er einkum um að ræða gistiþjónustu og hestaferðir.“

Kristófer segir að til skamms tíma hafi verið í hreppnum rekið eitt af allra stærstu loðdýrabúum landsins en þar voru talsvert mörg ársverk á ársgrundvelli.

„Starfsemi þess hefur nú því miður verið hætt, ástæður er mikið verðfall minkaskinna sem hefur kippt rekstrargrundvelli undan greininni. Það er dapurlegt að svo skuli vera komið fyrir þessari búgrein, sem er í eðli sínu þjóðhagslega mjög hagkvæm hér á landi ef ytri skilyrði eru viðunandi, ekki síst með nýtingu hráefnis sem til fellur frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum. Svínarækt er stunduð á þremur bæjum í sveitarfélaginu og eitt þeirra búa hefur á síðustu misserum komið á fót kjötvinnslu í Árneshverfinu. Það er mjög metnaðarfullt og áræðið skref sem þar hefur verið stigið. Ég vænti mikils af framhaldinu.“

### *Sameining uppsveitanna í Árnessýslu*

*– Nú víkjum við Kristófer okkur að sameiningarmálum sveitarfélaga og hann er spurður hvort það sé eitthvað að gerast í þeim málum?*

„Sameiningarmál eru ekki í neinni formlegri umræðu um þessar mundir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og heldur ekki í nágrannasveitarfélögunum svo ég viti til, ég skynja ekki mikinn áhuga meðal sveitarstjórnarfólks í sýslunni í þessum efnum. En oft leitar hugurinn að slíkum vangaveltum bæði hjá mér og oddvitanum okkar. Ég held að það eigi einnig við um marga íbúa. Persónulega gæti ég trúað að sameining uppsveitanna í Árnessýslu gæti hugsanlega orðið gott skref. En fjárhagslegur styrkur allra sveitarfélaga í sýslunni er góður um þessar mundir og ef ekki verða kúvendingar þá getum við vel rekið sveitarfélögin áfram í þessum litlu einingum. Það er ekkert slæmur kostur.

Það er verið að veita hér og í grenndinni mjög góða þjónustu við íbúa. Það ekkert öruggt að hún verði sambærileg eða betri við sameiningu. Sveitarfélögin á svæðinu hafa borið gæfu til að starfa um langt skeið saman að mörgum verkefnum og málaflokkum með mjög farsælum hætti. Það er að mínu viti mjög dýrmætt. Hitt er svo annað mál, að ekki er ólíklegt að draga megi úr kostnaði sem í þessum samlögum felst ef sveitarfélögin sem um ræðir fari saman í eina sæng. En það er gömul saga og ný að það vilja allir halda sínu þegar kemur að því að ræða um að rugla saman reytum. Það er meira en eðlilegt og siðferðisleg skylda kjörinna fulltrúa að verja hagsmuni síns samfélags. En vel getur komið fyrirskipun að ofan sem þvingar til sameininga inna fárra ára.“

### *Landsvirkjun vigtar þungt*

Eins og kunnugt er þá er Landsvirkjun með mikla starfsemi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eins og Búrfellsvirkjun sem var nýlega stækkuð í júní 2018. Kristófer segir allan atvinnurekstur innan marka sveitarfélagsins mikilvægan.

„Já, fyrirtæki með umsvif af því tagi sem Landsvirkjun er með vigtar óneitanlega þungt. Eins og kunnugt er, þá eru virkjanamannvirkin mikil að vexti og gefa af sér fasteignagjöld. Það eru fast að 40 heilsársstörf í Búrfelli. Um einn fjórði starfsmanna þar er búsettur í hreppnum. Það skapast líka afleidd störf af virkjununum, til dæmis njóta verktakar og þjónustuaðilar innansveitar góðs af því. Að sjálfsögðu er það metið. Oddvitinn okkar hefur oft vakið máls á því að það færi vel á því að Landsvirkjun myndi færa fleiri störf hingað á svæðið þar sem svo stór hluti rafmagnsframleiðslu landsins fer fram.“

### *Unnið að friðlýsingu Þjórsárdals*

*– Margar náttúruperlur eru staðsettar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, m.a. Þjórsárdalur. Hvað er að frétta af þeim dal?*

„Í Þjórsárdalnum er margt fram undan, það er t.d. unnið að friðlýsingu á hluta Þjórsárdalsins. Vonir standa til að því ferli verði lokið í vor. Upphaflega var horft



**Menningarlífið blómstrar í sveitinni. Hér eru leikararnir, ásamt Kjartani Ragnarssyni leikstjóra, sem frumsýndu „Saumastofuna“ í Árnesi 16. mars 2013. Verkið naut fádæma vinsælda í sveitinni.** Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

til þess að friðlýsa aðeins Gjána. En fram kom þegar hugur íbúa var kannaður að almennur vilji var til að leggja stærra svæði undir friðlýsingu. Ég er sannfærður um að það verði til mikilla bóta fyrir svæðið. Vonandi mun það verða til þess að auðveldara verði að fá fjármagn til lagfæringa. Nýr vegur verður lagður að Hjálparfossi í vor og þar verða sett upp salerni,“ segir Kristófer og bætir við. „Metnaðarfullur undirbúningur er hafinn að uppbyggingu ferðamannastaðar í Reykholti í Þjórsárdal. Þar er um að ræða baðlón, veitingastað og gistingu. Það mun þó líða nokkur tími þar til sú aðstaða verður tilbúin.“

*Menningin blómstrar*

Kristófer segir að félags- og menningarlíf blómstri í sveitarfélaginu og til marks um það er nýtt leikrit sem verður frumsýnt í Árnesi 8. mars.

„Leikhefð hér á sér langa sögu. Hér eru starfandi tvö ungmennafélög og tvö kvenfélög. Kvenfélögin vinna mikilvægt og óeigingjarnt líknarstarf. Það gerir einnig Lionsklúbburinn sem hér starfar af myndarskap. Þá er ónefnt kórastarf. Það starfar myndarlegur kirkjukór hér. Vörðukórinn er blandaður kór sem starfar hér í uppsveitunum. Margir meðlimir hans tilheyra Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Við höfum góða aðstöðu undir menningarlífið með félagsheimilunum í Árnesi og Brautarholti,“ segir Kristófer.

*Jóga og sundleikfimi fyrir eldri borgara*

Eldri borgarar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa það gott og njóta lífsins, að sögn Kristófers.

„Já, sveitarfélagið veitir eldri borgurum húsnæði til frírra afnota undir félagsstarf þeirra. Auk þess fær félagið þeirra fjárstuðning á hverju ári. Eldri borgurum er líka boðið upp á jóga og sundleikfimi án endurgjalds. Þeir eldri borgarar sem þess óska fá sendan hádegismat á mjög vægu verði. Þar sem heilsubrestur er til staðar og umönnunar er þörf, reynir sveitarfélagið að bregðast við því.“

*Hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnessýslu*

*– Sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu hafa lengið kallað eftir hjúkrunarheimili á svæðið. Hvað er að frétta af því máli?*

„Þessi umræða hefur verið í deiglunni öðru hverju, en ég hef ekki greint að rætt hafi verið skilmerkilega um þessi mál að undanförnu. Það er á þessari stundu ekkert útlit fyrir að byggt verði hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnessýslu. Allt bendir til að slík þjónusta byggist áfram upp á Selfossi. Persónulega hefði ég viljað sjá hjúkrunarheimili byggjast upp í uppsveitunum. Það væru margir staðir hentugir fyrir það og með hjúkrunarheimili myndu auk þess verða til störf.“




**Skilti sem sýnir hluta af sveitabæjum og hverfinu í Árnesi og helstu ferðamannastaði í Skeiða og Gnúpverjahreppi.** Mynd / MHH

*Lausar lóðir*

*– Kristófer er næst spurður um aðstöðuna fyrir nýtt fólk, sem myndi vilja flytja í sveitarfélagið, hvort það séu til lóðir og af hverju fólk ætti þá að flytja í Skeiða- og Gnúpverjahrepp?*

„Það eru til nokkrar lausar lóðir í sveitarfélaginu gegn vægu gjaldi. Það hefur reyndar verið talsverð eftirspurn eftir lóðum að undanförnu og allnokkrum lóðum verið úthlutað. Sem stendur er sennilega ekkert laust húsnæði. Það er verið að byggja þriggja íbúða raðhús sem verður tilbúið í sumar og framkvæmdir hefjast að öllum líkindum við tvö önnur raðhús með vorinu. Hugmyndir eru um fleiri íbúðabyggingar. Framboð húsnæðis mun því væntanlega aukast. Það eru margir kostir við að búa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ég og mín litla fjölskylda getum vottað um það, en við fluttum hingað í Árneshverfið fyrir sjö árum og líður vel hér. Eins og áður er getið er hér frír leikskóli og engir biðlistar þar. Góður grunnskóli, gott er að ala hér upp börn. Hér er náttúran einstaklega falleg og margar perlur skammt undan. Ekki spillir það góða menningarlíf sem hér er til staðar. Flestir finna vinnu hér við sitt hæfi og vegalengdir til að sækja vinnu í öðrum hreppum eru skikkanlegar.“

*Annasamt starf að vera sveitarstjóri*

„Það starf sem ég gegni er mjög fjölbreytt og oft og tíðum annasamt. Ég hef mikinn áhuga á starfinu og því sem undir það heyrir. Það er ákaflega lærdómsríkt að vera sveitarstjóri. Samskipti við fólk og að reyna að greiða götu þess, er stór þáttur í starfinu. Það fellur mér vel.

Ég skynja ekki annað en fólk taki mér almennt vel. Það er áskorun að gera betur í dag en í gær. Auðvitað kemur fyrir að maður sé ósáttur við að hafa ekki gert eitthvað nægjanlega vel. Það er fátt sem gleður mann meira en finna að maður sé að koma einhverju gagnlegu í verk,“ segir Kristófer þegar hann var spurður hvað væri skemmtilegast við starf sveitarstjóra.

*Bjartsýnn á framtíð sveitarfélagsins*

*– Þegar Kristófer var spurður hvort hann vildi koma einhverju á framfæri í lokin var hann ekki lengi að svara.*

„Já, eins og ég hef bent ítrekað á er ég langþreyttur á ástandi vega hér í sveitarfélaginu. Það verða að koma til umbætur hvað það varðar sem allra fyrst. Auk þess minni ég á gamla rullu sem margir kollega minna hafa vakið máls á. Ríkisvaldið þarf að gyrða sig í brók hvað varðar útdeilingu fjármagns til vissra málaflokka sem hafa verið færð til sveitarfélaga. Ég er engu að síður bjartsýnn á framtíð sveitarfélagsins og þeirra sem kjósa að búa hér.“ /MHH

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

### Efnistaka í Rauðamel á Reykjanesi

Íslenskir aðalverktakar hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Rauðamel á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 1. mars til 15. apríl á eftirtöldum stöðum: á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

BRIGGS & STRATTON

## Mótorar og varahlutir á lager
## Hröð og góð þjónusta

## Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi

Sími 544-4656 | www.mhg.is

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

mast Matvælastofnun

## MAST auglýsir eftir umsóknum um fjárfestingarstuðning í nautgriparækt

Búið er að opna fyrir rafrænar umsóknir um fjárfestingastuðning í nautgriparækt á Bændatorginu.

Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa.

Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd.

Í samræmi við reglugerð um stuðning í nautgriparækt nr. 1261/2018, VII. kafla skulu umsóknum um fjárfestingastuðning skilað inn rafrænt eigi síðar en **31. mars.**

Framleiðandi í nautgriparækt sem uppfyllir skilyrði 3. gr. ofangreindrar reglugerðar getur sótt um fjárfestingastuðning.

Sé fyrirhugað að framkvæmdir sem sótt er um stuðning fyrir verði framkvæmdar á fleiri en einu ári skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við framkvæmdirnar í heild sinni í verklýsingu, verk- og kostnaðaráætlun.

Heimilt er að veita stuðning við sömu framkvæmdir til allt að þriggja ára samfellt. Umsækjendur sem hafa hug á að nýta sér þessa heimild skulu leggja inn framhaldsumsókn fyrir árið 2019 á Bændatorginu.

Umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi gögnum, sbr. 23. gr. framangreindrar reglugerðar, hefur *Matvælastofnun* heimild til að hafna.

LESENDABÁS

## One Health:

# Tenging heilsu manna og dýra við náttúrulega sjálfbærni umhverfisins

**Nútímalífsstíll hefur skilið okkur frá náttúrunni í veigamiklum þáttum og fáir staldra við til að íhuga þau gríðarmiklu áhrif sem skemmdir á umhverfinu hafa á heilsu einstaklingsins. En við getum einfaldlega ekki dregið okkur út úr samspilinu í sambýlinu við náttúruna, hvorki umhverfi né dýralífi. Umhverfisþættir hafa áhrif á heilsu dýra og manna og eru sums staðar stór ógn við lýðheilsu.**



Sigríður Ævarsdóttir.




### *Hvað er One Health?*

„One Health" er þverfagleg samstarfsaðferð til að leysa alþjóðlegar og umhverfislegar áskoranir tengdar heilsu. Verkefnið hefur það að markmiði að hanna og koma í framkvæmd áætlunum, stefnu, löggjöf og rannsóknum, þar sem saman koma mismunandi greinar til að vinna að betri heilsu almennings.

One Health nálgunin er sérstaklega mikilvæg á sviði matvælaöryggis, eftirlits með sjúkdómum sem geta borist frá dýrum í fólk svo sem flensu, hundaæði o.fl. og í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi.

### *Hvers vegna One Health nálgun?*

Menn og dýr deila með sér lífríkinu og margar sömu örverur smita bæði. Talið er að um 60% smitsjúkdóma sem fram koma í mönnum séu upprunnir í dýraríkinu og skaði á umhverfinu eykur smit enn frekar. Náttúran styður með fjölbreyttum og mismunandi hætti við það sem mannkyni er til góða. Sem dæmi þá sía skógar og hreinsa vatn, sem fólk síðan drekkur, fuglar og flugur frjóvga plöntur sem síðar verða uppskera til manneldis og þetta hvoru tveggja hefur verulegt efnahagslegt og líffræðilegt gildi. Í því flókna samspili sem þættir innan vistkerfa í náttúrunni leika hlutverk í, er margt óljóst og menn enn að læra. Ljóst er þó að innan kerfisins ríkir jafnvægi og samvirkni sem þarf að skilja og taka tillit til. Inngrip af manna völdum þurfa að vera með þeim hætti að sjálfbærni vistkerfisins sé ekki raskað og þannig komið í veg fyrir að sjúkdómar verði til og nái að verða að faröldrum.

### *Vistfræði sjúkdóma*

Ef litið er til landbúnaðar eingöngu – hvort heldur er jarðræktar eða búfjárræktar, sem stundaður er án tillits til þessa, þá býður hann uppá ýmis vandamál sem ekki verður lengur horft framhjá. Eiturefnanotkun, lyfjanotkun í þauleldi á risabúum með miklum fjölda gripa á litlu svæði, uppsöfnun úrgangs og meðfylgjandi mengun á jarðvegi og vatni, lyfjaónæmi – svo eitthvað sé nefnt, býður upp á aðstæður þar sem ójafnvægi verður til í vistkerfinu og alvarlegir dýrasjúkdómar (ss.fuglaflensa) verður til og geta smitast út í umhverfið.

Þættir innan lífkerfisins eru samtengdir og því megnar einhliða aðgerð sem tekur einungis á einum þætti vandamáls ekki að hindra eða útrýma því. Sem dæmi, þá næst ekki árangur í baráttu við fuglaflensu í mönnum nema sjónum sé beint að uppsprettu vírussins, sem er í fuglum og berst þaðan í fólk.

### *One Health og sýklalyfjaónæmi*

Sýklalyfjanotkun við búfjárhald á Íslandi er með því allra minnsta sem þekkist í heiminum.

Óhófleg notkun slíkra lyfja hefur valdið sýklalyfjaónæmi sem er einhver alvarlegasta heilsufarsógn sem að mannkyni steðjar nú um stundir og heilbrigðisyfirvöld um allan heim hafa miklar áhyggjur af. Fyrir utan að vera til staðar í hráu kjöti sýktra dýra þá berast ónæmar bakteríur í grunnvatn og jarðveg með úrgangi frá búum og menga þannig umhverfið. Þær geta átt greiðan aðgang að grænmeti og ávöxtum sem og öðru því sem vex á jörðinni og notað er til manneldis. Innflutningur á hráu kjöti er því ekki eina hættan við innflutning matvæla frá löndum þar sem sýklalyfjaónæmi er vandamál.

Augu aðila sem vinna að One Health verkefninu beinast óhjákvæmilega að þessu stóra máli og hvernig hægt sé að minnka hættu og koma í veg fyrir stórslys vegna baktería, mengunar og annarra inngripa í vistkerfi jarðarinnar.

### *One Health og Ísland*

Á Íslandi ríkja sérstakar aðstæður þegar kemur að húsdýrahaldi til manneldis þar sem bú eru minni en víða erlendis. Þá hafa bústofnar sumir hverjir verið einangraðir hér á landi um árhundruð. Þessi dýr eru laus við flesta sjúkdóma sem herja á búpening í nágrannalöndum og annarsstaðar í heiminum og afurðir þeirra lausar við lyfjaleifar, eiturefni og sníkjudýr sem oft plaga gripi annars staðar. Mikill kostnaður og vinna er í því fólginn að þurfa að bólusetja eða meðhöndla gripi með öðrum hætti gegn sjúkdómum og sníkjudýrum. Bændur erlendis líta því öfundaraugum til íslenskra kollega sinna þegar kemur að þessum hlutum, enda þekkja þeir hitt af eigin raun hitt. Aðstæður hérlendis eru einnig með þeim hætti að grasbítar fá að ganga úti og éta það sem þeim er eðlilegt, hreyfa sig og eiga félagsleg samskipti við önnur dýr sömu tegundar á landi sem laust er við eiturefni eða mengun. Þéttleiki hjarða grasbíta er minni og fyrir vikið minni hætta á sýkingum, sem komið geta upp þegar mikill fjöldi gripa er saman á litlu svæði. Það þarf varla að fjölyrða að þetta eru gríðarleg verðmæti sem þarf að passa uppá að glatist ekki.

### *Við og One Health*

Það skiptir öllu máli að gengið sé um auðlindir þær sem við höfum aðgang að með virðingu og haldið þannig á málum að landbúnaður, hvort heldur kvikfjárrækt eða jarðrækt, hafi jákvæð áhrif á umhverfi, skepnur og fólk og séu stunduð með sjálfbærum hætti. Að ekki séu búnar til þannig aðstæður að bjóði uppá vandamál í nútíð eða framtíð.

Þetta er að sjálfsögðu bara heilbrigð skynsemi ... sem því miður hefur bara alls ekki verið svo sjálfsögð í alltof langan tíma.

Fyrir almenning og fyrirtæki þýðir One Health hugtakið í raun breytta hugsun og framkvæmd. Þetta þýðir að hver og einn þarf að taka ábyrgð með því að versla matvæli á eins skynsamlegan hátt og verða má. Sniðganga vörur sem eru framleiddar við aðstæður sem ýta undir hættu á sjúkdómum. Skoða uppruna matvæla. Vera meðvitaður!

One Health er hugtak sem reikna má með að lesendur eigi eftir að sjá og heyra í vaxandi mæli í framtíðinni. Við erum nefnilega öll í þessu saman, byggjum heilsu okkar á heilsu umhverfisins og lífríkisins í kringum okkur og þurfum öll að taka þátt í lausninni.

***Sigríður Ævarsdóttir***
*vöruþróunarstjóri*
*Pure Natura ehf.*

# Heimur í heljargreipum

**Á þessum tímum þegar hryllilegar borgarastyrjaldir ýfa ásýnd jarðarinnar – borgarastyrjaldir sem verða stöðugt blóðugri og miskunnarlausari eftir því sem stríðstólin verða fullkomnari - þá er ekki óeðlilegt að maður velti fyrir sér, hversu lengi þetta brjálæði eigi að viðgangast.**

Mikilvægt er að huga að heimsfriði, samstöðu og trausti þjóða í milli nú þegar mannkynið stendur sem heild frammi fyrir örlögum sínum vegna loftslags- og mengunarmála.

### *Lömun viljans*

Vissulega er friður mögulegur. Hann er í raun meira en það, hann er óhjákvæmilegur fyrir íbúa jarðarinnar og það frekar fyrr en seinna. Því miður hefur ofbeldið og sundrungin verið svo ríkt einkenni meðal manna svo lengi að það sjónarmið hefur náð að festa rætur að ofbeldi og stríð séu manninum svo eðlislæg að þau verði ekki upprætt og því óhjákvæmilegur hluti af heimsmynd okkar.

Þegar slík sannfæring er viðtekin, að því er virðist gagnrýnilaust þá hefur það lamandi áhrif á viljann til að sækja fram í átt til friðar því menn eru fyrirfram ákveðnir í að eðli mannsins rísi eins og ókleifur hamarinn og standi í vegi.

### *Alþjóðlega friðarárið og Sevilla yfirlýsingin*

Það var á Alþjóðlega friðarárinu 1986 sem 20 fræðimenn úr ýmsum greinum vísindanna komu saman til ráðstefnu í Sevilla á Spáni einmitt í þeim tilgangi að komast að niðurstöðu, hvort maðurinn sé í raun haldinn líffræðilegri, eðlislægri ofbeldishneigð. Eftir að hópurinn lauk störfum og komst einróma að niðurstöðu var gefið úr skjal sem kallað hefur verið Sevilla yfirlýsingin. Í yfirlýsingunni setja fræðimennirnir fram fimm fullyrðingar sem urðu undirstaða ályktunar að loknu samráði þeirra. Gerð er grein fyrir niðurstöðunni í lokamálsgrein Sevilla yfirlýsingarinnar. Þar segir að hópurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að engar líffræðilegar forsendur séu fyrir því að mannkynið sé dæmt til endalausra stríðsátaka. Lokaorð yfirlýsingarinnar eru á þessa leið: „Rétt eins og stríð hefjast í hugum manna þá á friður líka upphaf sitt þar. Sama tegundin og fann upp stríðið (maðurinn) er fullfær um að finna upp friðinn. Ábyrgðin liggur hjá okkur öllum."

Árið 2011, nánar tiltekið 22.-25. september, kom saman á ráðstefnu í Róm hópur fræðimanna í ýmsum greinum frá fimm heimsálfum. Tilefnið var að 25 ár voru liðin frá fundinum í Sevilla og útgáfu Sevilla yfirlýsingarinnar. Tilgangurinn var að fara yfir og meta gildi niðurstöðunnar frá því fyrir 25 árum og skoða hvort eitthvað hefði komið fram sem kallaði á breytta afstöðu. Niðurstaðan varð sú að yfirlýsingin frá 1986 í Sevilla stóð enn fullgild

### *Er eitthvað sem styður niðurstöðuna frá Sevilla?*

Árið 1995 var gefin út í Boston bók undir nafninu „On Killing". Bókin er skrifuð af Dave Grossman sem státaði af ýmsum titlum og þéttri ferilsskrá innan bandaríska hersins. Grossman hafði til ráðstöfunar við skriftirnar mikið magn gagna frá hernum sem sýndu að allt fram undir 1995 hafi hermenn neitað að drepa og flestir hleyptu aldrei af rifflum sínum í orustu.

Í bók sinni vísar Grossman í bókina War eftir Gwynne Dyer. Þar segir á þá leið, að það fyrirfinnist þeir sem kalla má „hermenn frá náttúrunnar hendi", menn sem fá mest út úr samvistum við aðra karlmenn, spennu og að sigrast á efnislegum hindrunum. Þeir vilja ekki drepa fólk en mótmælia því þó ekki ef það gerist innan siðaramma sem gerir þeim fært að réttlæta slikt eins og t.d. stríð og ef það er gjaldið sem þarf að greiða, til þess að hafa aðgang að því umhverfi sem þeir þrá mest. Hvort þessir menn eru fæddir svona eða mótaðir segist Dyer ekki vita en segir að flestir þessara manna endi uppi í herjum og síðar sem málaliðar því herstöðválíf á friðartímum er tilbreytingarlaust og leiðinlegt. Í herjum er ekki marga slíka menn að finna og þeir hverfa því sem næst í fjölda venjulegra manna og það eru þessir venjulegu menn sem alls ekki líka orustur og það þarf að hóta þeim til að fá þá til að drepa. Þeir gera sér enga grein fyrir, hversu lélegt vinnuframlag þeirra er, segir Dyer.

Grossman ber sig aumlega í bókinni yfir því hversu kostnaðarsamt og tímafrekt það er að kenna hermönnum að drepa. Honum finnst það þó vera ljós í myrkrinu því nú er bandaríski herinn farinn að nota háþróaða sálfræðiþjálfun til að vinna á mótþróa hermannanna. Hann staðhæfir að þjálfunin sé svo árangursrík að Bandaríkjamenn séu að þjálfa upp kynslóð sem er viljug til að drepa. Þetta á sér ekki aðeins stað í hernum heldur svipar aðferðunum sem notaðar eru þar til þeirra sem er að finna í tölvuleikjum sem milljónir barna nota, þar sem verkefnið er að skjóta á mannleg skotmörk. Einnig eru taldar hjálplegar myndrænar lýsingar á morðum sem gegnsýra efni margra sjónvarpsstöðva

Upplýsingarnar hér að framan eru öflugur stuðningur við fimmtu fullyrðingu Sevilla yfirlýsingarinnar en í henni felst að það sé rangt frá vísindalegum sjónarhóli að halda því fram að upptök stríðs liggi í eðlishvöt eða einfaldlega áhuga. Tækni í nútíma hernaði hafi dregið fram eðlisþætti sem tengjast ofbeldi, bæði við þjálfun hermanna, sem og til þess að undirbyggja stuðning við stríð meðal almennings. Oft er ranglega litið á þessa eðlisþætti sem orsök fremur en afleiðingu vinnubragða í þjálfunarferli og áróðri.

### *Lokaorð*

Það sem hér hefur verið rakið er hugsað til þess að halda þeirri skoðun á lofti að ofbeldi og stríð séu áunnin og lærð en ekki meðfædd og eðlislæg. Í heimi nútímans er friður óhjákvæmilegur sem næsta stig í þróun mannkynsins. Miklar vísindalegar og tæknilegar framfarir sem urðu á síðustu öld: hnattvæðingin, framgangur félagslegrar þróunar, tjáskipti og upplýsingaflæði, loftslags- og mengunarmál um allan heim hreinlega hrópa á heimsfrið. Það er sárara en tárum taki að það skuli þurfa að hnoða mannkynið saman í deiglu þeirra óumræðilegu hörmunga sem blasa við svo víða um heiminn, hörmunga sem stafa af því að ráðamenn þjóðanna ríghalda í gamalt hegðunarmynstur í gjörbreyttum heimi þar sem efnishyggja og fordómar ráða ríkjum. Friðurinn kemur samt að lokum, um það vitna allar helgar bækur mannkynsins.

Það var um miðja nítjándu öld, fyrir allar tækniframfarirnar sem opinberandi bahaí trúarinnar sagði:

„ Jörðin er aðeins eitt land og mannkynið íbúar þess" (Bahá'u'lláh, Úrval úr ritum, bls. 214)

***Böðvar Jónsson***

# Hvað er líkt með Titanic-slysinu og orkupakka 3?

**Jú, það eru í báðum tilfellum fullyrðingar um að Titanic hafi verið ósökkvandi og það að skrifa undir orkupakka 3 hefði ekki neinar auka afleiðingar fyrir fullveldi Íslands og sjálfstæði okkar í orkumálum.**

Í tilfelli Titanic þá voru hönnuður og eigandi þess fullvissir að þeir hefðu rétt fyrir sér, að þetta glæsilega skip væri svo vel útbúið að það gæti ekki sokkið. Því flotrými þess væru 16 hólf og myndu þau halda skipinu á floti þótt hluti þeirra gætu skaddast, en eigin þyngd þess var 46.000 þúsund tonn fyrir utan vistir og eldsneyti sem voru kol. Það þurfti að brenna 600 tonnum á sólarhring til að skipið gengi 24 sjómílur á tímann þannig að ekki var auðvelt að stoppa þessa miklu þyngd, enda var það raunin, og að snúa því var ekki auðvelt heldur. Því fór sem fór er skipið straukst við borgarísjakann, þá skar ísinn 5 flothólf upp eins og dósahnífur baunadós með þeim afleiðingum að skipið sökk á nokkrum klukkutímum ásamt rúmlega 1500 manns en um 700 björguðust í lífbáta.

Þar sem eigandinn var svo viss í sinni sök, að skipið væri ósökkvandi, þá voru lífbátarnir aðeins upp á punt og ef þeir yrðu fleiri þá yrðu þeir til óprýði. Á meðan skipið var í smíðum í Belfast á N-Írlandi, en það tók 3 ár, þá voru margar aðvörunarararaddir, sem bentu á ýmsa galla í hönnun, sérstaklega í öryggishólfum, og töldu fráleitt að hafa ekki björgunarbáta fyrir alla um borð. Eins var skipstjórinn ekki sáttur við að sigla stórbaug frá Southampton til New York, þar sem hann vissi að þessi stysta leið lá inn á eitt hættulegasta hafsvæði í heimi, þ.e. skilin á milli golfstraums og pólarstraums austur af Nýfundnalandi. Eigandinn ætlaði sér hins vegar að vinna bláa borðann við komuna til New York, en það eru verðlaun fyrir að fara þessa leið á sem stystum tíma (styttri tíma en áður hefur verið farið).

Við íslenskir sjómenn þekkjum þetta hafsvæði vel því við erum bæði búnir að missa menn og skip þar á friðar- og stríðstímum. Eftir að Titanic sökk þann 15. maí árið 1912 hafa loftskeytastöðvar í Kanada og U.S.A. sent út aðvaranir og beðið sjófarendur um að fara með gát. Titanic var sokkið aðeins 4 sólarhringum frá því það lagði úr höfn í sinn fyrsta og síðasta túr, og skapaði þann mesta og frægasta harmleik skipasögunnar. Ástæðurnar voru of margar rangar ákvarðanir því menn héldu en vissu ekki.

Þegar ég sem þetta rita var nýútskrifaður úr Sjómannaskólanum um tvítugt var ég á skipi, sem fór frá Reykjavík á austfjarðahafnir, og er við vorum að nálgast Garðskagann kom skipstjórinn á stjórnpall og spurði mig hvort ég þekkti landmiðin, þar sem beygja átti fyrir Garðskagann er þau bæru saman. Ég svaraði; „Já, ég held það.“ Hann reiddist þessu svari og sagði reiðilega: „Maður heldur ekki, maður veit.“ Ég lærði af þessari ofanígjöf og svaraði aldrei að ég vissi ekki heldur kynnti mér hlutina vel.



Ásgeir Pétursson, bóndi í Dalsbúi í Mosfellsbæ, var skipstjóri á fragtskipum í fjölda ára. Þar lærði hann mikilvægi þess að að vera viss þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar sem geta varðað hagsmuni og öryggi samferðafólksins.

***Nú, hvað með orkupakka 3?***

Ég hef lesið margar greinar með og móti þessum orkupakka 3 og hef hlustað á nokkrar umræður í fjölmiðlum og það sem mér þykir alltaf merkilegast, er að þeir, sem eru því fylgjandi að rétt sé að innleiða orkupakka 3, eru að veifa því framan í okkur að þetta hafi engin áhrif á okkar stöðu í sjálfsákvörðunarrétti okkar í raforkumálum. Nema það sé lagður sæstrengur en þá getum við selt umframorku okkar, sem annars rennur á haf út.

Þarna eru á ferð lögfræðingar, sem skreyta sig með doktorspappírum í raforkurétti og viti þar af leiðandi allt um reglur og lög í raforkumálum í ESB. Það sem er sláandi fyrir okkur Íslendinga er að við höfum margoft fengið það í andlitið að lög og reglur ESB eru ofar okkar lögum og reglum. Á þetta benda andstæðingar innleiðingar orkupakka 3, sem eru rafmagnsverkfræðingar, lögfræðingar og ekki hvað síst ur norski lagaprófessorinn Peter T. Örebech, sem hélt um þessi mál erindi í fundarsal Háskólatorgsins. Þar sá maður nemendur hans (íslenska) taka undir með honum og einnig prófessor Stefán Má Stefánsson, sem áréttaði allt sem sá norski sagði. Allir þessir lærðu menn eru sammála um að undirritun orkupakka 3 er fullkomið valdaafsal og brot á okkar stjórnarskrá. Þurfum við meiri sönnun?

Mín skoðun er sú að raforkan, sem við eigum, Íslendingar, er okkur svo dýrmæt að við megum ekki undir nokkrum kringumstæðum versla með hana nema fyrir okkar eigin framleiðslufyrirtæki og framtíðarerfingja okkar. Þótt við í dag séum spennt fyrir rafbílum, sem að margra mati eru ekki eins lítið mengandi og af er látið, því efni í rafgeymum er ekki óþjótandi og er hrikalega dýrt í framleiðslu og flutningi. Ég er miklu trúaðri á að vísindamenn séu að finna lausn á að vetnisbifreiðar og önnur farartæki séu lausn á loftslagsmálum og að flytja vörur og fólk á milli staða lítið mengandi.

Við sem munum eftir Áburðarverksmiðjunni vitum að aukaaafurð hennar var vetni. Þannig ætti að vera auðvelt fyrir okkur að vera sjálfbær í framleiðslu á bæði áburði og vetni. Auk þess er öll framleiðsla á matvælum, garðyrkju og sjávarafurðum háð mikilli raforku í framtíðinni og í öllum þessum greinum á eftir að aukast vinna fyrir okkar fólk.

***Virðum stjórnarskrárrétt okkar – kjósum um orkupakka 3***

Ég skora á stjórnmálamenn okkar að virða stjórnarskrárrétt okkar og láta okkur kjósa um orkupakka 3 því við munum orkupakka 2 þar sem innleiðing hans, þrátt fyrir fullyrðingar þáverandi ráðherra, um að raforkuverð myndi frekar lækka en hækka. Þeir sem sögðu þveröfugt höfðu rétt fyrir sér. Fólk og fyrirtæki á köldum svæðum fóru fljótlega að kynda hús sín með olíu og sá sem þetta ritar keypti gufuketil fyrir olíu í sitt fyrirtæki.

Að lokum þetta. Þegar fyrrverandi forseti vor, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, var kennari í Háskóla Íslands taldi hann að stjórnarskrárgrein nr. 26 væri dauð og óvirk, en þegar hann fann þjóð sína í nauðum frammi fyrir þrælahaldi fjármálakerfisins, lét hann þjóð sína velja á milli ánauðar eða frelsis. Við vitum hvernig fór, við erum frjáls.

Ef núverandi stjórnmálamenn kjósa rangt þá ber ég þá von í brjósti að núverandi forseti leyfi þjóð sinni að kjósa frelsið. Þjóðin er búin að fá nóg af valdboði Evrópusambandsins. Það sem hr. Ólafur Ragnar Grímsson vissi ekki þá, en veit nú, er að stjórnarskrárgrein nr. 26 var í höndum konungs áður en Ísland varð frjálst lýðveldi og þurfti því ekki að spyrja fólk að neinu, en forseti lýðveldis er skyldugur að virða rétt þjóðar sinnar. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson var ekki viss áður en nú er hann viss og þjóðin öll. Eins og sagt var við mig áður, maður siglir skipi ekki með því að halda, maður verður að vera viss.

***Ásgeir Pétursson,***
*fyrrverandi sjómaður og bóndi*



RMS Titanic sigldi úr höfn í Southamton á Suður-Englandi þann 10. apríl 1912. Skipið var talið ósökkvandi, en aðfaranótt 15. apríl 2012 sökk það í Atlantshafið eftir að hafa rekist á ísjaka. Um 1.500 manns létu þar lífið vegna rangra ákvarðana eiganda og stjórnenda skipsins. Þeir virtu ekki viðvaranir er vörðuðu öryggismál þess.



RMS Titanic sekkur. Titanic var sokkið aðeins 4 sólarhringum eftir að það lagði úr höfn. Ástæðurnar voru of margar rangar ákvarðanir, því menn héldu að sitthvað gæti ekki gerst, en vissu ekki. Blákaldur veruleikinn reyndist svo vera annar en menn héldu að hann yrði.


Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



P&H L-2350 er með 2.300 hestafla mótor og hefur verið framleidd af Komatsu frá 2016 eftir 3,7 milljarða dollara yfirtöku á námuvélaframleiðandanum Joy Global.

# P&H L-2350 stærsta hjólaskófla í heimi

## – Var upphaflega framleidd af LeTourneau sem nú er í eigu Komatsu

**P&H L-2350 hjólaskóflan sem framleidd er af Komatsu Limited er stærsta hjólaskófla í heimi samkvæmt heimsmetabók Guinnes. Hún hét áður L-2350 loader og var fyrst kynnt á sýningunni MINEExpo árið 2000 og var upphaflega framleidd af LeTourneau Inc. í Bandaríkjunum.**

P&H L-2350 hjólaskóflan er 260 tonn að þyngd. Í henni er 16 silindra 65 lítra Detroit dísilfjórgengisvél sem er 2.300 hestöfl.

***Með 72 tonn lyftigetu og skóflu sem tekur 40,5 tonn***

Er hún með lyftigetu upp á 72,5 tonn en staðalskófla tekur 40,5 tonn. Hjólaskóflan tekur nærri fjögur tonn af eldsneytisolíu eða 3.974,68 lítra og 1.230 lítra af glussa. Dekkin eru 70/70-57 SRD DT sem er 4 metrar í þvermál og 1,78 metrar á breidd.



Það eru engin fólksbíladekk undir P&H L-2350 vélinni frá Komatsu.



Þarna tekur P&H L-2350 þokkalega stóra hjólaskóflu hreinlega í nefið.

***Fyrirtækið sem R. G. LeTourneau stofnaði hefur skipt margoft um eigendur***

LeTourneau Inc.var stofnað af R. G. LeTourneau í Kaliforníu árið 1929 til að framleiða jarðvinnutæki og var framleiðslustarfsemin í Texas. Fyrirtækið hagnaðist mjög í seinni heimsstyrjöldinni og framleiddi um 70% af öllum jarðvinnutækjum sem bandamenn þurftu á að halda. Það hóf að framleiða borvagna árið 1954 og hannaði öll slík tæki fyrir Rowan fyrirtækin. Síðan smíðaði LeTourneau fyrsta bolahleðslutæki sitt fyrir skógarhögg árið 1955.

Það fyrirtæki var yfirtekið af Marathon 1972 og hét eftir það Marathon LeTourneau Company. Rown Companies keyptu Marathon LeTourneau árið1985. Árið 2006 var nafninu breytt í LeTourneau Technologies, Inc. Það var síðan selt í miklum viðskiptasnúningum til Joy Global árið 2011. Eftir yfirtöku Joy Global var þessi hjólaskófla nefnd P&H L-2350. Hins vegar seldi Joy Global þá hluta fyrirtækisins sem nefndir voru LeTourneau Drilling, LeTourneau Marine og LeTourneau Power til Cameron International strax í október 2011 og virðist þessi uppstokkun í raun hafa verið liður í yfirtöku Joy Global á LeTourneau Technologies.

***Stærsta yfirtaka Komatsu frá upphafi***

Vinnuvélarisinn Komatsu yfirtók svo Joy Global 2016 og þar með framleiðslu á P&H L-2350 hjólaskóflunni í 3,7 milljarða dollara yfirtöku. Var þetta stærsta fyrirtækjayfirtaka Komatsu frá upphafi. Joy Global var fyrir þessi eignaskipti stærsti sjálfstæði framleiðandi á námutækjum til neðanjarðarvinnslu í heimi á hlutabréfamarkaði í New York. Við yfirtöku Komatsu breyttist Joy Global í Komatsu Mining Corp. Um 10 þúsund starfsmenn Joy Global fluttust þá til Komatsu sem var eftir það komið með 57.000 starfsmenn um allan heim.



Caterpillar 994H.

***Caterpillar 994***

Caterpillar 994 var um tíma stærsta hjólaskófla sem vélaframleiðandinn Caterpillar hafði smíðað og vó hún rúm 192 tonn. Hún er samt mun minni en P&H L-2350 sem nú er í eigu kepinautarins Komatsu. Frumgerðin af þessari Caterpillar hjólaskóflu var smíðuð 1989 í nýstofnaðri námutækjamiðstöð fyrirtækisins. Tengist sú framleiðsla óbeint nafni LeTourneau. Ástæðan er að dekk voru ekki sérhönnuð fyrir þennan Caterpillar 994. Það var því rétt svo að hægt væri að finna nógu stór dekk undan námubílum svo hægt væri að nota vélina.

Fyrsta vélin var fullgerð í Decatur samsetningarverksmiðju Caterpillar fyrir Cyprus Sierrita koparnámufyrirtækið í Arizona. Nokkur ár liðu þó frá því þessi vél fór úr húsi þar til hægt var að skaffa almennileg fullvaxin dekk fyrir vélina. Þau höfðu einmitt verið framleidd fyrir enn stærri hjólaskóflu, nefnilega LeTourneau L-2350.

Caterpillar 994 var 192 tonn og tók 31,5 tonn í skófluna. Það var nóg til að fylla pall á stórum 150 tonna námubílum í fjórum skóflum. Þessai Caterpillar þótti snör í snúningum þrátt fyrir stærð.

Árið 1998 hafði Caterpillar selt 200 stykki af 994 gerðinni. Var þá gerð uppfærsla í 994D sem var með meiri lyftigetu. Þá var hún búin Caterpillar 3516B TA 69L mótor sem skilaði 1.375 hestöflum. Einnig var stýrisvélin uppfærð og settur í hjólaskófluna stýripinna (joystick).



Caterpillar 994H, 1.577 hestöfl.

Nýjasta útgáfan heitir Caterpillar 994H og vegur tæp 194 tonn. Hún er 78 lítra Caterpillar 3516B HD EUI mótor sem er 1.577 hestöfl og er með gríðarlegan togkraft eða 6.289 pund/fet við 1.000 snúninga á mínútu. Hún getur tekið 34,5 tonn í skófluna. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI



Mimiro hlaut nýlega Nýsköpunarverðlaun landbúnaðarins árið 2019 í Noregi en einkunnarorð fyrirtækisins eru: „Við byggjum lausnir fyrir matvælaframleiðslu morgundagsins“.

# Öll gögn bóndans á einum og sama stað

**Á síðasta ári stofnuðu samvinnufélög bænda í Noregi, Tine og Felleskjøpet, óháð tæknifyrirtæki fyrir bændur með það að markmiði að þróa stafrænar lausnir fyrir árangursríkari og umhverfisvænni matvælaframleiðslu.**

Strax á þessu ári koma ný öpp á markað fyrir norska bændur með einfaldari skráningum og innsýn til að geta stöðugt bætt framleiðsluna. Á sama tíma ætlar fyrirtækið að þróa stafrænt vistkerfi fyrir aðila sem tengjast landbúnaði eins og birgðahaldara, vísindamenn og ráðgjafa.

Öllum gögnum bóndans, hvort sem það er fyrir húsdýr, plöntur, tæki eða bókhald, á að safna í eitt forrit sem hægt er að stjórna frá farsíma og netbretti. Hugmyndin með fyrirtækinu er jafnvel að gera upplýsingar um norskan landbúnað að útflutningsvöru og áætla forsvarsmenn Mimiro að virði gagna úr norskum landbúnaði sé nálægt fjórum milljörðum íslenskra króna.

Mimiro hlaut nýlega Nýsköpunarverðlaun landbúnaðarins árið 2019 í Noregi en einkunnarorð fyrirtækisins eru: „Við byggjum lausnir fyrir matvælaframleiðslu morgundagsins“. Fyrirtækið mun þróa vörur og þjónustu sem miðast við hagræðingu og greiningu á gögnum bóndans, lausnir sem á að vera einfalt að nota dagsdaglega á sveitabænum. Á sama tíma á bóndinn að geta sótt ráð auðveldlega í gegnum forrit fyrirtækisins sem geta gagnast við dagleg störf. Þannig er markmið fyrirtækisins að safna öllum gögnum á einn og sama stað þar sem bóndinn á sín eigin gögn.

Tækni í landbúnaði opnar á stóra möguleika til samvinnu ólíkra aðila. Skynjaratækni, snjallsímar og gervigreind hjálpar til við að breyta allri greininni og auka samkeppnishæfni hennar. Með því að hafa aðgang að gögnum bænda telur fyrirtækið sig geta framleitt og skapað nýskapandi þjónustu sem hefur mikið notendagildi. Mimiro leggur áherslu á að hlutverk þeirra sé þó ekki síst að passa upp á gögnin á tryggan og öruggan hátt. Eitt af markmiðunum er að leiða þjónustuna innan landbúnaðar á heimsvísu þegar kemur að notendahönnun, skýjalausnum og gagnaöryggi í samvinnu við Amazon Web Services. */ehg*

BÆKUR & MENNING

## Hagnýta pottaplöntubókin:

# Þörf bók um pottaplöntur

**Plöntur gefa heimilum og stofnunum fallegt og hlýlegt yfirbragð. Auk þess sem þær bæta andrúmsloftið í orðsins fyllstu merkingu með því að hreinsa úr því óæskilegar lofttegundir.**




Í hagnýtu pottaplöntubókinni er fjallað um 175 tegundir pottaplantna og meðferð þeirra. Gefin eru ráð um staðsetningu, birtu, rakastig, vökvun og næringargjöf árið um kring.

Bókinni er skipt í fjóra meginkafla, Innréttað með blómum, Pottaplöntulist, Plöntulýsingar og Umhirða og ræktun. Hún er ríkulega myndskreytt, bæði þegar kemur að hugmyndum um skreytingar með blómum og myndum af plöntunum sjálfum.

Hagnýta pottaplöntubókin er falleg og fræðandi bók sem mun fylla upp í þá vöntun sem hefur verið á góðri bók um pottaplöntur hér á landi undanfarin ár.

Höfundar eru Fran Bailey og Zia Allaway. Magnea J. Matthíasdóttir þýddi og Hafsteinn Hafliðason, handhafi heiðursverðlauna garðyrkju á Íslandi, var ráðgefandi við þýðinguna. Útgefandi er Vaka-Helgafell. */VH*

LESENDABÁS

# Á þröskuldi nýrra tíma

**Þriðjudaginn 19. febrúar sl. voru liðin þrjú ár frá undirritun núgildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Segja má að undirbúningur samningagerðarinnar hafi byrjað með framlengingu búvörusamninga í september 2012 en þar var að frumkvæði LK sett inn svofelld bókun:**

***„Samningsaðilar eru sammála um, á grundvelli greinar 8.2 samningsins, að hefja vinnu við stefnumótun fyrir greinina með því markmiði að efla samkeppnishæfni og treysta afkomu hennar til lengri tíma. Til undirbúnings þessu verði skipaður starfshópur samningsaðila til að meta þá reynslu sem komin er af framkvæmd samningsins, þ.á m. kostnaðarþróun í greininni, áhrif kvótakerfisins og stöðu verðlagningar og tolla. Starfshópurinn skal skila niðurstöðu sinni í síðasta lagi 31. desember 2013.“***


Baldur Helgi Benjamínsson.

Þrátt fyrir margítrekaða áeggjan samtaka bænda varð lítið úr þessari vinnu, enda stjórnvöld þess tíma með hugann við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu; aðildarumsóknin sú geispaði golunni fáum misserum síðar.


Jóhann Nikulásson.

Megin veganesti samtaka bænda í samningagerðinni voru þó ályktanir Búnaðarþings og aðalfundar LK 2015 um búvörusamninga. Helstu atriði ályktunar aðalfundar LK kváðu á um 10 ára samningstíma, tollvernd yrði endurskoðuð og tryggt að hún héldi verðgildi sínu, horfið yrði frá kvótakerfi og opinberri verðlagningu til bænda og sótt yrði á um aukin framlög svo nautakjötsframleiðsla njóti stuðnings.



Sigurður Loftsson.

### Breytingar forsenda samningstíma

Áherslur ríkisins vegna samningagerðarinnar birtust í ræðu Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á búnaðarþingi þetta sama ár, 2015. Í máli sínu lagði ráðherra áherslu á lengri samningstíma en áður og voru 10-15 ár nefnd í því samhengi. Einnig að dregið yrði úr vægi greiðslumarkseignar og hámark yrði sett á stuðning sem einstaka bú getur fengið úr samningnum. Þá yrði stuðningur í auknum mæli greiddur út á nytjað ræktarland, án sérstakra afskipta ríkisins af því hvað nákvæmlega væri ræktað. Markmiðið væri að stuðningurinn skilaði sér betur til frumframleiðenda en hann gerir í dag og tryggði að samningarnir styddu við landbúnað sem víðast um landið. Þær breytingar sem lagt væri til að gera, yrðu landbúnaðinum til góða, án þess að leiða af sér kollsteypur.

Áherslur ríkisins birtust síðan strax í upphafi samningaferilsins haustið 2015, en þar var lagt upp með að gerður yrði einn heildarsamningur um landbúnað, kaflaskiptur eftir einstökum búgreinum. Stuðningurinn yrði meira óháður búgreinum, áhersla yrði á aukna hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, byggðafestu, sjálfbæra nýtingu, fæðu- og matvælaöryggi, nýliðun og uppbyggingu. **Þá var sérstök áhersla lögð á að horfið yrði frá núverandi fyrirkomulagi stuðnings með framseljanlegum heimildum.** Enda leiði það af sér að stuðningur ríkisins renni í of ríkum mæli til fyrrverandi bænda og torveldi þannig nýliðun. Breytingar væru forsenda þess að semja til lengri tíma en áður.

### Markmið samningsins

Í 1. grein gildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar segir svo um markmið hans:

*„Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenska nautgriparækt, skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samningnum er ætlað að hvetja til þróunar og nýsköpunar í greininni með heilnæmi og gæði afurða, velferð dýra og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi“.*

Samningurinn stuðli einnig að áframhaldandi hagræðingu, aukinni samkeppnishæfni og fjölbreyttu úrvali gæða afurða á hagstæðu verði. Tryggt verði að greinin geti endurnýjað framleiðsluaðstöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa.

Í 14. grein samningsins er síðan kveðið á um endurskoðun tvisvar á samningstímanum og skal sú fyrri fara fram á yfirstandandi ári, en um það segir:

*„Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðslan hefur þróast, bæði í mjólk og nautakjöti, hvaða árangur hefur náðst við útflutning mjólkurafurða og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir.“*

### Flest ógert

Síðastliðið sumar voru haldnir sex vinnufundir í öllum landsfjórðungum á vegum samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga, í samstarfi við endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið KPMG. Markmið fundanna voru „að laða fram skoðanir frá aðilum um land allt á þeim þáttum sem munu skipta landbúnaðinn mestu máli á komandi árum. Þar er horft til þátta eins og byggðaþróunar, sjálfbærni og tengsla bænda við neytendur“. Boðuð var skýrsla um niðurstöðu fundanna á haustdögum en nú í byrjun góu er engin skýrsla komin fram enn. Vonandi birtist hún fljótlega, þar sem samantekt á megin viðhorfum innan landbúnaðarins er mikilvægt innlegg í endurskoðun samninganna.

Minnt er á að í aðdraganda að gerð síðasta samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, 2004, var unnin á vegum Rannsóknaráðs Íslands mjög ítarleg og vönduð samantekt um stöðu og horfur í nautgriparæktinni. Grunnurinn að endurskipulagningu mjólkuriðnaðarins, í þá mynd sem hann er í nú, var til að mynda lagður í þeirri skýrslu. Ennfremur er minnt á að núgildandi samningur var samþykktur á Alþingi með einungis 19 atkvæðum.

Ófullnægjandi undirbúningur er án vafa skýringin á litlum stuðningi á þingi. Þá er ótalin skýrsla endurskoðunarnefndarinnar sjálfrar sem samkvæmt skipunarbréfi ráðherra átti að ljúka störfum um síðustu áramót.

Tillögur nefndarinnar verður að kynna og ræða áður en hafist er handa við frekari samningavinnu. Það er því enn óljóst hver sé stefna núverandi stjórnvalda varðandi þá endurskoðunarvinnu sem framundan er. Er hún sú hin sama og gilti þegar núgildandi samningur var gerður, eða einhver allt önnur? Er hún ef til vill alls ekki nein?

### Að taka af skarið

Við þessa endurskoðun er afar brýnt að horft verði í auknum mæli til jafnræðis meðal þeirra sem greinina stunda, auk þátta sem varða ímynd greinarinnar, aðfanganotkun og landnýtingu, byggðafestu og fjölbreytileika í búskaparháttum, bústærð og rekstrarformi. Þær breytingar sem gerðar verða á samningnum þurfa styðja þessi sjónarmið. Þar leikur niðurtröppun A-greiðslnanna lykilhlutverk, að binda þær áfram fastar í framseljanlegum greiðslum þjónar ekki framtíðarhagsmunum greinarinnar, heldur fyrst og fremst skammtímahagsmunum þeirra sem rösklegast hafa gengið fram í kaupum/veðsetningu á kvóta á liðinum árum og áratugum. Það að einstakir aðilar hafi gengið óvarlega fram í sínum rekstrarákvörðunum í fortíðinni getur á engan hátt talist réttlæting þess að binda svo mikla fjármuni áfram við framseljanlegt greiðslumark til framtíðar. Það væri að okkar mati óverjandi ráðstöfun á opinberu fé.

Það skal enn ítrekað hér, að núverandi samningur býr yfir fjölmörgum tækifærum til að koma betur til móts við ný samfélagsviðhorf og tryggja um leið afkomu bænda til nýrrar framtíðar. Í því efni er mikilvægt að samtök bænda taki af skarið með víðsýni að leiðarljósi.

Ljóst hefur verið um nokkurt skeið að við stöndum á þröskuldi nýrra tíma. Við eigum val um að halla aftur hurðinni, í þeirri vonlitlu trú að framtíðin nagi ekki niður dyraumbúnaðinn. En við getum líka skerpt þau verkfæri sem núverandi samningur býr yfir og lagt þannig af stað til móts við nýja tíma. En meira um það síðar.

*Baldur Helgi Benjamínsson*
*Jóhann Nikulásson*
*Sigurður Loftsson*












## HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Laurus nobilis er sú tegund lárviðar sem mest er ræktuð og við þekkjum sem lárviðarlauf.

# Lárviður og lárviðarlauf




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Grikkir og Rómverjar litu á lárvið sem tákn um sigur og í frumkristni var sígræna lárviðarins til þess að litið var á hann sem tákn um eilíft líf og voru látnir lagðir í lárviðarlauf. Í dag eru lárviðarlauf mikið notað krydd sem er að finna í flestum eldhúsum landsins.**

Tyrkland er stærsti framleiðandi lárviðarlaufs í heiminum og hefur framleiðslan þar í landi vaxið úr um 1000 tonnum árið 1995 í rúm 8000 tonn árið 2016 sem er 97% af lárviðarlaufi á heimsmarkaði. Framleiðsla í öðrum löndum er nær eingöngu til notkunar á heimamarkaði.

Talið er að markaður fyrir lárviðarlauf eigi eftir að aukast á næstu árum og áratugum og óvíst að Tyrkland muni sitja eitt að markaðinum lengi.

Ekki fundust upplýsingar um magn innflutts lárviðarlaufs til Íslands á vef Hagstofu Íslands þar sem magnið er skráð með innflutningi á öðrum kryddum. Samkvæmt upplýsingum frá Mata heildverslun flutti fyrirtækið inn 16 kíló af ferskum lárviðarlaufum árið 2018 auk þess sem fleiri aðilar flytja inn ferskt og þurrkað lárviðarlauf í neytendapakkningum. Gróft má ætla að heildarinnflutningur á lárviðarlaufi til landsins sé milli 40 og 60 kíló á ári.

### *Ættkvíslin Laurus*

Ekki er vitað fyrir víst hversu margar tegundir teljast til ættkvíslarinnar



Þurrkuð lárviðarlauf.

Laurus en í dag eru þær sagðar tvær eða þrjár, L. azorica, sem er upprunnin á Asóreyjum úti í miðju Atlantshafi og ræktað á Spáni, L. novocanariensis er upprunnin á Kanaríeyjum og Madeira og L. nobilis og er upprunnin fyrir botni Miðjarðarhafs og Tyrklandi. Tegundirnar eru líkar í útliti og erfðabreytileiki milli þeirra lítill og margir hallast að því að L. azorica og L. novocanariensis sé staðbrigði af sömu tegund.

Lárviðir eru sígrænir og ilmandi runnar eða tré með trefjarót. Blöðin gljágræn, heilrennd og ílöng. Einkynja plöntur með gulum karl- og kvenblómum sem mynda græn og síðan svört steinaldin eftir frjóvgun.

L. nobilis er sú tegund sem mest er ræktuð og við þekkjum sem lárviðarlauf.

### *Laurus nobilis*

Ilmandi, hægvaxta stórrunni eða tré sem getur náð 18 metra hæð. Blöðin glansandi græn heilrennd og stundum bylgjótt, sex til tólf sentímetra löng og tveir til fjórir að breidd og innihalda mikla olíu. Sérbýlisplöntur sem eru annaðhvort karl- eða kvenkyns. Blómin fjögur til fimm saman í litlum sveip, gul og frjóvgast með vindi eða skordýrum. Aldinið um sentímetri að lengd, svart og með einu fræi sem svipar til ólífu.

Þrífst best við 8 til 27° á Celsíus, kýs mikla sól og hátt rakastig. Þolir að hitastig fari rétt undir núll gráður en kelur í frosti. Í ræktun dafnar plantan best í djúpum, rökum en vel framræstum og margs konar jarðvegi með pH 4,5 til 8,3.

Lauf trjánna endist yfirleitt í þrjú ár en þykir best til notkunar á fyrsta eða öðru ári.

Auk yrkja af lárvið til framleiðslu á lárviðarlaufi eru til yrki sem ræktuð eru sem skrautrunnar. Má þar nefna yrkin "Aurea", "Crispa" og "Angustifolia" sem öll eru ræktuð vegna lauffegurðar.

### *Nafnaspeki*

Ættkvíslarheitið Laurus þýðir sigur en tegundarheitið nobilis hefð, hefðarmaður eða -kona.

Á ensku kallast lárviður bay tree, bay laurel, Greek laurel, laurel eða bay leave. Á frönsku er heitið laurier, bagié og laurier d´Appolon og á þýsku lorbeerbaum og mutterlorbeerbaum. Hollendingar kalla laufið laurier og baetere en Danir laurbærblad.

Það sem í dag kallast bachelor eða fyrsta gráða í háskólanámi kallaðist áður og gerir víða enn baccalauret-gráða og er heitið dregið af lárviðarsveig sem háskólanemar fengu við útskrift.

Í Bretlandi er á hverju ári kosið lárviðarskáld og þykir slíkt val mikill heiður fyrir þann sem kosinn er hverju sinni.

### *Saga og symbólismi*

Vísbendingar eru um að víðáttumiklir lárviðarskógar hafi fyrr á tímum, þegar hita- og rakastig á jörðinni var hærra en núna, vaxið á stórum svæðum umhverfis Miðjarðarhafið og á svæðum í Norður-Evrópu og norður til Íslands. Talið er að síðustu leifar lárviðarskóganna hafi horfið við Miðjarðarhafið fyrir um tíu þúsund árum og í dag eru eftirhreytur þeirra að finna í fjalllendi Tyrklands, Sýrlands, Marokkó, á Spáni, Portúgal og á Madeira, Kanarí- og Asóreyjum.

Fundist hafa steingervingar af ýmsum framandi plöntum sem uxu á Íslandi á seinni hluta tertíertímabilsins fyrir 10 til 15 milljónum ára. Þar á meðal magnolíur, túlípantré og lárviður.

Hver veit nema að áframhaldandi hlýnun jarðar eigi eftir að valda því að lárviðarskógar breiði úr sér að nýju og klæða stór svæði í Evrópu aftur í framtíðinni.

Grikkir tengdu lárvið við vatnadísina Dafne og guðinn Apollon. Segir sagan að Gaia, Móðir jörð eða faðir hennar Pendus, guð áanna, hafi breytt Dafne í eyjuna Krít þegar að guðinn Apollon reyndi að draga dísina á tálar og sett lárviðarrunna í hennar stað. Sorg Apollon varð djúp þegar í stað dísarinnar fögru stóð lárviðarrunni fyrir framan hann. Í skúffelsi sínu fléttaði Apollon greinasveig úr greinum runnans og sagði að fyrst að Dafne gæti ekki verið ástmey hans skyldi hún þá vera tréð hans og skreyta höfuð hans. Í annarri útgáfu goðsagnarinnar segir að Gaia hafi breitt Dafne í lárvið en ekki eyjuna Krít.

Sveigir úr greinum lárviðar voru virðingar- og sigurtákn í Grikklandi til forna. Kappar sem unnu íþróttakappleiki eins og ólympísku leikana voru heiðraðir með lárviðarkransi, höfuðfati Apollons.

Gríska skáldið Lusian segir að spákonan Pythia hafi tuggið lauf lárviðarrunna sem óx í musteri Apollons í gríð og erg til að komast í spádómsstuð. Þegar þannig var komið fyrir spákonunni fyllti sjálfur Apollon vit hennar og talaði í gegnum hana. Á öðrum stað segir að hún hafi hrist runnann látlaust á meðan hún setti fram spádóma. Þeir sem fengu gæfulega spá frá Lusianu voru krýndir með

lárviðarsveigi sem tákn um að Apollon væri þeim hliðhollur.

Grikkir töldu gott að hengja lárviðarsveig yfir dyr til að bægja frá illum öndum og uppvakningum.

Peiton, fyrrum lífvörður Alexanders mikla, var gerður að landstjóra í Medíu eftir dauða Alexanders 323 fyrir Kristsburð. Árið 311 fyrir upphaf okkar tímatals lét Peiton slá gullmynt Alexander til heiðurs. Á framhlið myntarinnar er mynd af Alexander mikla en á bakhliðinni er mynd af Aþenu, gyðju viskunnar og hernaðarkænsku, þar sem hún heldur á lárviðargrein.

Lárviður var sigurtákn Rómverja til forna og þeir tengdu hann einnig við ódauðleika, ríkidæmi og góða heilsu. Greinar lárviðarins þóttu líka hreinsandi við helgiathafnir.

Rómverjinn Plini eldri sagði að ekki mætti brenna lárviðargrein á fórnaraltari vegna þess að það stuggaði guðunum frá. Auk þess sem viðurinn sjálfur brestur og gneistra frá sér í mótmælaskyni sé hann brenndur.

Ágústínus, fyrsti rómverski keisarinn, var með lárvið í potti hvort sínum megin við innganginn að húsi sínu á Palatinus-hæð í Róm og var húsið sambyggt musteri tileinkað Apollon sem Ágústínus lét reisa. Með þessu er sagt að Ágústínus hafi viljað undirstrika tengsl sín við guðinn og að hann sjálfur væri sigursæll.

Til er saga sem segir að Livia Drusilla, eiginkona Ágústínusar og fyrsta keisaraynjan í Róm, hafi gróðursett lárvið í garðinum við höll sína Prima Porta. Sagan segir að keisaraynjan hafi setið í garðinum þegar örn á flugi missti fullvaxinn hana með lárviðargrein í gogginum í kjöltu hennar. Upp af greininni, sem Livia gróðursetti, óx tré sem síðar varð að heilum lárviðarlundi sem undirstrikaði enn frekar sigursæld Ágústínusar keisara.

Þar sem lárviður þótti góður eldingavari bar Tíberíus, annar Rómarkeisari, ávallt lárviðarsveig á höfðinu í þrumuveðri til að forðast eldingar. Hluti af þessari trú stafaði af því að Rómverjar sögðu að himneskir elddjöflar sem væru ónæmir fyrir eldingum ættu sér ból í lárviðartrjám.

Sagt er að seinni tíma keisarar hafi látið flétta fyrir sig sveig úr trénu sem Livia gróðursetti sem tákn um gæfu. Það þótti einnig tákn um mikla ógæfu að trjálundurinn skyldi drepast skömmu eftir að Neró keisari var ráðinn af dögum.

Rómverjakeisarar báru lárviðarsveig í sigur- og skrúðgöngum og enn í dag skreytir lárviðarsveigur oft höfuð sigurvegara í kappaksturskeppnum þegar þeir skjóta tappanum úr kampavínsflöskunni.

Á miðöldum taldist lárviður til sólplantna og með tengsl við stjörnumerki ljónsins og veita vörn gegn nornum og púkum djöfulsins.

Í frumkristni var sígræna lárviðarins til þess að litið var á hann sem tákn um eilíft líf og voru látnir lagðir í lárviðarlauf. Þessi siður gæti einnig átt sér uppruna í að lárviður er ilmsterkur og því góður til að halda nálykt í skefjum. Sagt er að María mey hafi aldrei verið andfúl þar sem andardráttur hennar og orð ilmuðu af lárvið. Frumkristnir litu einnig á lárvið sem tákn um nýtt líf í Kristi og skírlífi sem gæti átt rætur í sögunni um Dafne og Apollon. Allt fram á síðustu öld voru lárviðarblöð lögð í götuna sem bera skyldi líkkistu til greftrunar í Wales.

Í kínverskum goðsögnum um tunglið segir frá stórum skógi lárviðartrjáa sem óx upp og dó milli þess sem tunglið var nýtt og fullt. Í einni útgáfu sögunnar segir að skógarhöggsmaðurinn Wu Gang hafi verið dæmdur vegna glæpa sinna til að fella trén jafnóðum og þau uxu upp um alla eilífð.

Til er dönsk farmskrá frá 1434 sem sýnir að kaupskip flutti þrjú tonn af lárviðarlaufi sjóleiðina til Kaupmannahafnar frá Danzig, sem er Gdansk í Póllandi í dag.

Lárviður í draumi er sagður merkja sigur, gleði og velgengni. Ógiftu fólki getur lárviður verið fyrir giftingu eða barni.



Marmarastytta sem sýnir umbreytingu Dafne í lárvið vegna ágengni Apollon. Styttan er eftir ítalska myndhöggvarann Bernini og gerð á árunum 1622 til 1625.



Lárviðarlauf og ber.



Skál úr lárviði.



Lárviðargræðlingur.



Árið 311 fyrir upphaf okkar tímatals var slegin gullmynt Alexander mikla til heiðurs.

### *Nytjar*

Lárviður einn og sér eða í kryddblöndum er mikið notaður til matargerðar í löndunum allt í kringum Miðjarðarhafið. Sem dæmi eru lárviðarlauf notuð til að gefa ítölskum pastasósum rétta ilminn en oftast fjarlægð áður en rétturinn er borinn fram enda ilmur þess yfirleitt sterkara en bragðið. Ferskt lauf er fremur rammt á bragðið.

Þurr og mulin lárviðarlauf eru góð í súpur og algengt að það sé notað til að bragðstyrkja drykkinn sem kenndur er við Bloody Mary. Lárviðarlauf var notað til að bragðbæta bjór og vín bæði í Asíu og Evrópu.

Laufið geymist vel og er sagt að hillulíf þess sé um það bil ár. Úr laufinu og aldininu er unnin olía og sé viðurinn brenndur gefur hann frá sér sterkan lárviðarilm.

Úr olíu lárviðar eru unnin varnarefni gegn stungu moskítóflugna og viðurinn þykir góður í skrautmuni.



Sagt er að gott sé að brenna lárviðarlauf eins og reykelsi til að róa taugarnar og minnka streitu.



Dönsk purusteik með lárviðarlaufi.

### *Lárviðarlauf og skordýrasöfnun*

Skordýrasafnarar nota gjarnan fersk lárviðarlauf til að drepa skordýr áður en þau eru sett upp. Laufið er sett í botn krukkunnar og pappír yfir. Eftir að paddan hefur verið sett í krukkuna og henni lokað sjá efni sem gufa upp af laufinu um að drepa kvikindið á skömmum tíma.

### *Alþýðulækningar*

Hippókrates sagði að blöð, aldin, börkur og rætur lárviðar væru græðandi bæði inn- og útvortis. Hann segir gott fyrir konur að anda að sér viðarreyk trjánna til lækningar á kvensjúkdómum eins og hann orðaði það, en á við að reykurinn geti valdið fósturláti. Í gömlum evrópskum lækningabókum segir að laufið gagnist gegn magakveisum, nýrnaveiki og gigt.

Pliny eldri sagði lárviðarolíu meðal annars góða gegn lömun, ósjálfráðum hreyfingum, krampa, máttleysi, mari, höfuðverk, bólgum og sýkingu í eyra.

Svíinn Olaus Martini segir í bók sinni En liten Läriare Book frá því á 16. öld að karlmenn sem misst hafi getuna til að sinna konu sinni eiga að nudda punginn með lárviðarolíu til að öðlast þrótt að nýju.

Í dag er lárviðarolía notuð sem ilmefni í nuddolíu og græðandi smyrsl grasalækna. Hún er í sápu sem kennd er við Aleppó í Sýrlandi eða það sem eftir er af borginni eftir borgarastyrjöld, loftárásir hinna viljugu Natóþjóða, eiturefnahernað, þurrka og hungursneyð sem staðið hefur frá 2011 og kostað yfir 350 þúsund manns lífið.

### *Lárviðarlauf og lárviðarlaufslíki til matargerðar*

Víða um heim er að finna plöntur sem notaðar eru á svipaðan hátt og lárviðarlauf enda með svipaðan ilm og bragð. Þar á meðal er lauf Umbellularia californica sem kallast Kaliforníulárviður, Oregonmyrta eða piparviður. Á Indlandi, í Indónesíu, Vestur-Indíum og Mexíkó eru lauf trjáa sem kallast Cinnamomum tamala, Syzygium polyanthum, Pimenta racemosa og Litsea glaucescens brúkuð á svipaðan hátt og lárviðarlauf til matargerðar.

Á Indlandi og í Pakistan eru lauf plantna sem gefa svipað bragð og lárviður notuð í alls kyns hrísgrjónarétti og í kryddið gara masala, sem margir nota í kjúklingarétti.

Lárviðarlauf eru höfð í súpur, sósur, kássur og með fiski og þau eru ómissandi þegar elda skal purusteik og sem krydd í marineraða síld á danska mátann.

### *Lárviður og lárviðarlauf á Íslandi*

Ekkert er því til fyrirstöðu að rækta lárvið í gróðurskála eða sem stofuplöntu á Íslandi sé vel hugsað um plöntuna. Í nágrannalöndum er lárviður víða ræktaður innan dyra, en settur út í pottunum yfir heitasta tíma ársins. Yfir vetrartímann þarf plantan að vera við um 10° á Celsíus og þarf litla vökvun.

Í Þjóðólfi frá því í maí 1880 segir að þegar kistur Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur komu til landsins til greftrunar hafi kransinn frá Norðmönnum verið „listaverk og dýrgripur; eru blöð hans öðrum megin eins og lárviðarlauf, en öðrum megin eins og eikarblöð.“

Aldamótaárið 1900 eru lárviðarlauf auglýst til sölu ásamt öðrum nýlenduvörum H.Th.A Thomsen í Reykjavík.

Samkvæmt hagskýrslu um utanríkisverslun voru flutt til landsins 4910 kíló af lárviðarlaufi árið 1922. Þar af tæplega þrjú tonn frá Danmörku, 1,3 tonn frá Noregi og 652 kíló frá Svíþjóð. Samkvæmt þessu hefur dregið verulega úr innflutningi og notkun á lárviðarlaufi hér frá því á öðrum áratug síðustu aldar. Einnig er hugsanlegt að mun meira hafi verið flutt inn af óþurrkuðum lárviðarlaufum og laufi á greinum sem eykur talsvert vigt í flutningi.

Sagt er að gott sé að brenna lárviðarlauf eins og reykelsi til að róa taugarnar og minnka streitu.

## Árni Bragason landgræðslustjóri um ný lög um Landgræðsluna:

# Sjálfbær landnýting er grunntónninn í nýjum lögum

**Í lok nýliðins árs samþykkti Alþingi lagafrumvarp um málefni landgræðslu á Íslandi. Markmið þessara laga er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Með nýju lögunum var nafni Landgræðslunnar breytt úr Landgræðslu ríkisins í Landgræðslan.**

Í nýju lögunum er mörkuð stefna í vernd og sjálfbærri nýtingu jarðvegs og gróðurs og endurheimt vistkerfa. Lögin gera ráð fyrir að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti gefi ráðherra út landgræðsluáætlanir til tíu ára í senn. Einnig er gert ráð fyrir að unnar verði svæðisáætlanir sem draga fram sérstöðu og áherslur eftir landshlutum.



Árni Bragason landgræðslustjóri.

### *Reglulegt mat á ástandi lands*

Til að tryggja sem best sjálfbæra nýtingu lands, er gert ráð fyrir því í lögunum að reglulega fari fram mat á ástandi lands og árangri landgræðslustarfs, að sett séu viðmið um sjálfbæra landnýtingu og að unnin verði áætlun um úrbætur þar sem landnýting er ekki sjálfbær.

Í lögunum segir líka að leiði framkvæmdir eða landnýting til umtalsverðs rasks á landvistkerfum eða gróðri og jarðvegi þá skuli bæta fyrir það með endurheimt sambærilegra vistkerfa.

Þá kemur fram í lögunum hvert sé hlutverk Landgræðslunnar við umsjón lands vegna landgræðslu, annars vegar lands í eigu ríkisins og hins vegar lands í einkaeigu sem ríkið hefur umsjón með samkvæmt samkomulagi við eiganda.

### *Sjálfbær landnýting*

*– En hverju breyta þessi nýju lög fyrir Landgræðsluna?*

Árni Bragason landgræðslustjóri segir að lögin séu mun skýrari en gömlu lögin sem voru við lýði í 53 ár og átta mánuði! Nú er kominn lagagrundvöllur fyrir margt af því sem er á verkefnalista Landgræðslunnar en gömlu lögin voru orðin ansi gloppótt. Einnig voru til dæmis lög um Varnir gegn landbroti færð inn í nýju lögin.

Landgræðslustjóri segir að í lögunum séu tveir meginþættir. Annars vegar að landnýting skuli vera sjálfbær og hins vegar að nú hafi Landgræðslan lagalega stoð til að taka á ósjálfbærri landnýtingu. En er búið að skilgreina hvað er sjálfbært og hvað ekki? Þeirri spurningu svarar landgræðslustjóri neitandi en vinna við verkið er hafið og má nefna verkefni sem heitir Grólind sem dæmi um það.

Lokamarkið er reglugerð um mat og nýtingu á ástandi lands, en landgræðslustjóri sagði að um reglugerðina yrði að ríkja góð sátt sem ekki fengist nema með samvinnu þeirra aðila sem að málinu koma.

### *Nefnd með umsjón með landgræðsluáætlunum*

Eins og segir í upphafi þá er gert ráð fyrir landgræðsluáætlunum til 10 ára í senn. Árni segir að þetta sé í raun bylting.

„Stofnunin hefur verið að vinna í landgræðsluáætlunum en ekki á þann hátt sem nýju lögin gera ráð fyrir. Ráðherra mun skipa nefnd sem hefur umsjón með landgræðsluáætlunum. Landgræðslustjóri er formaður en auk hans verða í nefndinni þrír sem ráðherra skipar en fimmta fulltrúann skipar Samband íslenskra sveitarfélaga. Þessum hópi er ætlað að halda utan um vinnuna. Landgræðsluáætlunin verður svo lögð fyrir Alþingi. Þegar fram líða stundir og gerð hefur verið landsáætlun um skógrækt mun ráðherra sjá til þess að þessar áætlanir verði fléttaðar saman. Varðandi landgræðsluáætlanirnar þá er gert ráð fyrir miklu samráði við sveitarfélög. Í lögunum er mjög skýr rammi og leiðbeiningar hvernig á að vinna hlutina.“

Lögin gera einnig ráð fyrir svæðisáætlunum sem unnar verða í framhaldi af landsáætlunum. Í 7. grein laganna segir: „Landgræðslan skal í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila vinna svæðisáætlanir fyrir hvern landshluta á grunni landgræðsluáætlunar.“

### *Nýmæli sem kosta aukið fé*

*– Við lestur nýju laganna kemur fljótt í ljós að Landgræðslunnar bíður gríðarlegt verk við útfærslu laganna – en er fjármagn fyrir hendi?*

„Við erum ekki með fjárveitingar fyrir öllum þessum þáttum en í greinargerð með frumvarpinu kom fram að ekki væri búið að fjármagna allt það sem er framundan en mundi rúmast innan ramma málaflokksins innan ráðuneytisins. Það er ljóst að þau nýmæli sem koma inn í lögin kalla á aukna vinnu starfsmanna Landgræðslunnar og við getum ekki endalaust forgangsraðað verkefnum. Það liggur fyrir að núverandi ríkisstjórn er þegar byrjuð að efla þennan málaflokk og ég hlýt því að treysta að við fáum nægt fjármagn.“

*– Má þá segja að þessi lög séu vopn í baráttunni við að beisla loftslagsvandann?*

„Jú, nýju lögin skipta máli þegar kemur að baráttunni við loftslagsvandann. Þannig gera sveitarfélögin sér æ betur grein fyrir því að í aðalskipulagi verður að takast á við loftslagsmálin. Í aðalskipulagi verða menn að gera sér grein fyrir því hvernig hægt er að minnka sótsporið sem mest. Jafnframt er hægt að hafa aðalskipulagið þannig að binding kolefnis aukist. Meginniðurstaðan er sú að skipulagsáætlanir og landgræðsluáætlanir tali saman – ef svo mætti segja.“

### *Smæð sveitarfélaga er visst vandamál*

*– En hafa sveitarfélög bolmagn til að stíga þau skref sem eru nauðsynleg í þessu sambandi?*

„Smæð margra íslenskra sveitarfélaga er vissulega vandamál. Þau hafa mörg takmarkaða fjármuni og getu til að taka á þessum málum eins og þarf. Ég sé fyrir mér, að auk þess sem Landgræðslan mun vinna með einstaka sveitarfélögum, en við munum vinna líka með samtökum sveitarfélaga á svæðisvísu sem er mun skynsamlegri nálgun. Mörg þessara sveitarfélaga eiga líka stór landsvæði sem getur haft áhrif á hvernig og hvar verður unnið. Þannig geta sum þeirra gert samninga við fyrirtæki um bindingu kolefnis og Landgræðslan komið inn sem leiðbeinandi.“



Landgræðslan, Fjarðabyggð og Alcoa ætla í sameiningu að láta moka ofan í skurði á Hólmum, utan við álverið í Reyðarfirði. Tilgangurinn er að endurheimta 60 hektara votlendi með plöntu- og fuglalífi og stöðva útstreymi gróðurhúsalofttegunda úr þornuðum mýrum. Verkið hófst formlega á síðasta ári þegar Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Fjarðaáls, afhenti Árna Bragasyni landgræðslustjóra styrk vegna framkvæmdanna.



Endurheimtur gróður á Geitasandi í Rangárþingi.

### *Sjálfbærni á sjó og landi*

Rauði þráðurinn í nýju lögunum er sjálfbærni. Árni bendir á að innan sjávarútvegsins sé grunntónninn líka sjálfbærni. Fólk taki mark á umsögnum vísindamanna um hafið og auðlindir þess. Hið sama sé ekki upp á teningnum þegar kemur að því sem vísindamenn segja um landið.

„Þó að vísindamenn í land- og uppgræðslu bendi á ósjálfbæra landnýtingu virðast margir halda fyrir augun og neita að sjá. Ég vona að aukin fræðsla í landlæsi hjálpi okkur til að skilja vandann sem felst í sóun verðmæta í nútímasamfélaginu. Við megum ekki ganga á land sem við erum að nýta.“

### *Byggja upp þekkingu og sjálfbærnivísa*

*– Þú nefndir verkefnið Grólind sem dæmi um sjálfbærni.*

„Já, Grólind er 10 ára verkefni sem Landgræðslan er að vinna í samstarfi við Landsamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands. Grólind gengur út á það að kortleggja nýtingu landsins; byggja upp þekkingu og sjálfbærnivísa. Við fórum af stað með Grólind 2017 en ég bind miklar vonir við Grólind en þar erum við að fá yfirsýn yfir ástand lands, hvernig það er nýtt og hvar skepnurnar ganga m.a. með gps-tæki. Allt þetta gerir okkur kleift að átta okkur betur á beitaratferli.

Það er langt í frá að gróður og jarðvegur hafi náð því jafnvægi sem að er stefnt. Við töpum jarðvegi ef við erum of ágeng í nýtingu á landi og það tekur árhundruð að mynda þann jarðveg sem hefur tapast frá landnámi. Ef gras er of mikið bitið á plantan bara það ráð að minnka rótarkerfið, gróður getur drepist í framhaldinu og land rofnar. Þetta ferli sjáum við alltof víða og þá ekki síst á gosbeltinu þar er landið ungt og mikil hætta á að jarðvegurinn verði vindi og vatnsrofi að bráð.“

### *Reka fé á milli hólfa*

*En hefur t.d. skilningur þeirra sem halda fé á þessum svæðum aukist frá því sem áður var?*

„Já, ég er ekki í nokkrum vafa um það. Jarðvegurinn á gosbeltinu er frjósamur en ofnotkun verður til þess að landið gefur sig. Við eigum það eitt ráð að fá langtímamat á ástandinu og færa til fé þegar hættumerki sjást. Aðrar þjóðir hafa gripið til þess ráðs að stýra beit en það kallar á það að reka fé á milli hólfa. Þannig fyrirkomulag mundi líka auðvelda mönnum að sækja fé og auka arðinn af búskapnum.“

### *Erum enn að beita ósjálfbært land*

Í nýju lögunum eru ákvæði um hvað gera skuli ef landnýting er ósjálfbær. Þegar slíkt á sér stað verður sett í gang landbótaáætlun sem verður unnið eftir, ef rekja má ósjálfbæra landnýtingu til ágangs vegna lausagöngu. Í svona málum mun Landgræðslan óska þess að viðkomandi sveitarstjórn – í samráði við Landgræðsluna – geri hlutaðeigandi skylt að hafa féð í vörslu allt árið eða í tiltekinn tíma. Ef þeir sem eiga í hlut bregðast ekki við verður heimilt beita sektum.

„Ég hef engan áhuga á að fara svona leið en þarna eru þessi ákvæði komin inn og undirstrikar vilja löggjafans að landnýting sé sjálfbær. Núverandi kynslóð – rétt eins og þær sem á undan eru gengnar – er vörslumenn landsins. Indíánar sögðu að þeir væru með landið að láni frá kynslóðum framtíðarinnar. Ef við förum illa með landið okkar erum við að stórskaða möguleika þeirra sem erfa það.

Því miður hefur landnýting á Íslandi ekki verið á þeim nótum sem frumbyggjar Ameríku höfðu að leiðarljósi. Á ákveðnum svæðum á Íslandi erum við með ósjálfbæra nýtingu lands. Á hverju ári töpum við kolefni – jarðvegi – sem fýkur á haf út. Ástandið er ekki eins slæmt og það var en enn erum við að beita landsvæði sem þola það ekki.“

### *Verkum verður líklega þinglýst*

*– Um langt árabil hefur sú regla verið í gildi að land, sem Landgræðslan hefur tekið og ræktað upp, er skilað til eigenda. Hver er staða þeirra mála í nýju lögunum?*

„Þau eru áþekk á margan hátt en skýrari þegar kemur því landi, sem við höfum tekið og ræktað upp. Sú jörð, þar sem land hefur verið tekið eignarnámi, á rétt á að kaupa landið til baka þegar búið er að græða það upp. Þarna kemur upp spurningin um forkaupsrétt eða kauprétt. Landgræðslan hefði viljað sjá ákvæði um forkaupsrétt. Sú staða getur komið upp að einstaklingur kaupi jörð, þar sem hluti hennar hefur verið græddur upp af Landgræðslunni. Kaupandinn getur einfaldlega tilkynnt okkur að hann ætli að fjárfesta í landinu. Engu skiptir hvað hefur verið kostað til í uppgræðslu né heldur hvort gerðir hafi verið samningar um kolefnisbindinu eða uppgræðslu. Til að koma í veg fyrir að svona sviðsmynd geti komið upp er líklegt að við óskum eftir við fjármálaráðuneytið að samningum um kolefnisbindingu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð. Reyndar er komið inn ákvæði að ef landsvæði er náttúruverndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum er það undanþegið ákvæðum um sölu.

Landgræðslan getur tekið land eignarnámi og síðan metið hvenær landið er sjálfbært. Sumir telja að það dugi að kominn sé grænn litur á landið en það er ekki svo.“

### *Samkomulag við landeigendur*

*– Í nýju lögunum eru skýr ákvæði um það að Landgræðslunni sé heimilt að gera samkomulag við landeiganda eða rétthafa lands um aðgerðir í samræmi við markmið laganna til að draga úr eða koma í veg fyrir jarðvegsrof. Ef þessi leið er farin er umráð yfir landinu á hendi Landgræðslunnar nema um annað sé samið?*

„Það var afar gott fyrir okkur að fá inn þetta ákvæði. Ég sé fyrir mér að þetta sé sú leið sem við munum fara víðast hvar og er í fullu samræmi við það sem við höfum verið að gera á liðnum árum.“

*– En sú spurning hlýtur að vakna hvort það sé rétt að hið opinbera sé að endurbæta land sem er í eigu einstaklinga?*

Árni segir að það sé vissulega umdeilanlegt að skattpeningar fari í endurbætur lands sem er í eigu einstaklinga. Hann tók sem dæmi Grímstaði á Fjöllum en einn ríkasti maður Bretlandseyja á 70% landsins á móti ríkinu. Landið er óskipt og þar er full þörf á uppgræðslu og koma veg fyrir að land tapist.

„Er rétt að við verjum tugum milljóna til að endurbæta land Grímsstaða? Ég hef reynt að ná sambandi við eigandann til að ræða þessi mál en hann hefur því miður ekki svarað mér.“

### *Hærra áburðarverð dregur úr framkvæmdagetu*

*– Að lokum?*

„Landgræðslan hefur fengið ný stöðugildi til að sinna kolefnismálum og fé til kolefnisbindingar hefur verið aukið. Hins vegar vegur þungt á móti að áburðarverð hefur hækkað um 15%. Stærstu verkefni Landgræðslunnar eru samstarfsverkefnin Bændur græða landið og verkefni á vegum Landbótasjóðs. Hækkun áburðarverðs dregur hins vegar verulega úr framkvæmdagetunni. En við erum bjartsýn og sjáum fram á verulega aukin umsvif á næstu árum. Starf okkar nú um stundir beinist að því að undirbúa okkur fyrir því sem koma skal,“ sagði Árni Bragason landgræðslustjóri að lokum. /ask

LESENDABÁS

# Innflutt eða úr heimahögum!

**Nýlega lagði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra fram frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda til að bregðast við dómum EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar Íslands. Niðurstaða dómstóla er meðal annars sú að krafa um frystingu kjöts sem hingað er flutt brjóti í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Því mun ríkissjóður þurfa að greiða skaðabætur fyrir hvert einasta kílógramm sem flutt er hingað til lands þangað til við þessu er brugðist.**


Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Forsaga þessa máls er löng og þar hafa á leiðinni verið gerð mistök, þau fyrstu að bóka ekki skýra fyrirvara í Brussel um upptöku matvælalöggjafar í EES samninginn árið 2005.

Þessi varnarlína dugar ekki lengur. Það er ótækt ástand að innflutningsaðilum sé í raun gefið sjálfdæmi um þær skaðabætur sem þeir skammta sér úr ríkissjóði með því að flytja inn kjöt þangað til úr þessu hefur verið bætt. Það er í sjálfu sér dapurlegt ef þeir finnast sem eru svo ósvífnir að nýta sér þennan glugga til að maka krókinn á kostnað skattgreiðenda þessa lands.

Þá reynir á næstu varnarlínu. En það er að grípa til mótvægisaðgerða. Landbúnaðarráðherra kynnti tólf aðgerðir sem eiga að tryggja lýðheilsu og vernd okkar einstöku búfjárstofna, m.a. að fræða ferðamenn um innflutning afurða úr dýraríkinu og að bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Við síðasta punktinn vil ég staldra í þessum greinarstúf.

Ég tel að samkeppnisstaða sé lykilatriði í þessu máli, hún snýst ekki eingöngu um framleiðslukostnað heldur einnig kolefnisfótspor þegar kjöt er flutt um langan veg til landsins. Það skýtur skökku við, á tímum þar sem aldrei hefur verið rætt jafn mikið um loftslagsbreytingar, að flytja inn samskonar kjöt erlendis frá sem við getum vel framleitt hér heima.

Að mínu mati verðum við að gera sömu kröfur til innfluttra vara og þeirra sem við framleiðum hér heima. Þar þarf að horfa til reglna um aðbúnað og framleiðsluhætti ásamt lyfjagjöf. Þeim upplýsingum þarf að miðla til neytenda með skýrum hætti. Þá þarf einnig að vera skýrt hver viðurlögin eru við brotum á reglum um merkingar. Við þurfum að taka umræðuna um hvernig við tryggjum best heilbrigðan markað með matvöru.

Það getur tæplega talist eðlileg samkeppni að aðilar spili ekki eftir sömu reglum. Bændur glíma við ákveðna markaðsbresti, þeir verða að koma vörunni á markað, hún geymist illa. Stíur fyllast fljótt ef gripirnir eru geymdir á fæti. Þeir eru því í erfiðri samningsstöðu gagnvart ægivaldi markaðsráðandi aðila. Tölur sýna að verð ákveðinna tegunda kjöts hefur lækkað talsvert að raungildi til bænda en sú lækkun hefur ekki öll skilað sér til neytenda. Það er eðlileg niðurstaða þess þegar annar aðilinn er með höndina bundna fyrir aftan bak og sagt að spreyta sig í samkeppninni. Hluti af lausninni hér hefur verið sú að hafa tolla á þeim vörutegundum sem við framleiðum sjálf til að vinna á þessum markaðsbresti. En tollarnir hafa ekki verið uppfærðir að krónutölum á þessari öld svo að sú varnarlína minnkar ár frá ári. Það kann að vera að þeir hafi verið of háir í upphafi en ég tel það ósanngjarnt og óskynsamlegt að láta íslensk fjölskyldubú ein um að glíma við markaðsbrestinn.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er talað um að Ísland eigi að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Þeirri stöðu tel ég að geti verið ógnað með því að láta tollverndina sífellt minnka að verðgildi. Hún veikir stöðu bænda þessa lands til að framleiða heilnæmar landbúnaðarafurðir. Það er afar brýnt að hafa í huga heildarmyndina þegar kemur að úrlausnum svo mikilvægra mála að lögin tryggi lýðheilsuvernd bæði manna og dýra um leið og staðinn er vörður um hagsmuni neytenda.

***Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir***
*þingflokksformaður*
*Vinstri grænna*






GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

# Dracaena – nægjusamur lofthreinsir

**Dracaena ættkvíslin inniheldur 113 tegundir sem eiga heimkynni í hitabelti Asíu og Afríku. Þessar tegundir eru tré eða runnar, stofnarnir eru oft trjákenndir og einkennandi fyrir ættkvíslina eru rætur plantnanna sem eru appelsíngular eða gular á litinn.**

Þessar tegundir eru ræktaðar vegna blaðfegurðar og afbrigði með mislit blöð eru algeng. Ættkvíslin er líkt og margar aðrar þekktar pottaplöntur af spergilsætt, Asparagaceae.



***Hvað á blómið að heita?***

Algengasta Dracaena tegundin sem ræktuð er sem pottaplanta er líklega Dracaena marginata. Þegar íslenskt heiti þeirrar plöntu er til umræðu vandast þó málið. Madagaskardreki, Skúfdreki og Drekalilja eru allt nöfn sem notuð hafa verið yfir tegundina. Flestir hafa þó líklega alist upp við að kalla tegundina Drekatré, og verður notast við það hér.

***Útlit***

Drekatré hefur trékenndan stofn og nær 2-3 metra hæð í heimahúsum. Efst á stofninum mynda blöðin glæsilega blaðhvirfingu. Blöðin eru löng og mjó, ýmist einlit, græn eða tvílit. Afbrigði með rauða blaðjaðra er algengt í verslunum. Á ungum plöntum standa blöðin beint upp í loftið, en þegar plantan eldist og þroskast slúta þau meira. Sumum sýnist plantan minna á pálmatré.

Gæludýrunum okkar finnst laufið líklega minna á gras og eiga bæði hundar og kettir það til að naga þau. Drekatré inniheldur kísilkristalla sem geta safnast upp í nýrum þessara dýra og skaðað þau. Gæludýraeigendum er því ráðlagt að koma drekatrénu fyrir þar sem þau ná ekki til.

***Engar sérkröfur um aðbúnað og umhirðu***

Drekatré þrífst best á björtum stað án þess að vera í beinu sólskini



en sættir sig alveg við að standa í skugga. Vökva þarf hóflega og moldin má þorna vel stöku sinnum. Plantan þarf ekki mikinn áburð og sé henni umpottað á u.þ.b 2 ára fresti í næringarríka mold, gjarnan gamla safnhaugamold, ætti sú næring að duga. Annars má vökva með daufum pottablómaáburði í um það bil fjórðu hverri vökvun yfir sumartímann.

Hér er komin fullkomin pottaplanta fyrir fólk sem langar í hávaxna plöntu en hefur takmarkað gólfpláss þar sem potturinn tekur lítið pláss miðað við hæð plöntunnar. Drekatrénu er eiginlegt að missa neðstu blöðin eftir því sem ný myndast. Þetta getur þó orðið til þess að plantan fái hálf veiklulegan vöxt, sérstaklega ef hún stendur í skugga. Til að sporna gegn því má klippa ofan af plöntunni með reglulegu millibili. Eftir klippinguna vaxa út nýjar greinar þar sem klippt var og afklippurnar má síðan nýta sem græðlinga.

Á þennan hátt er einnig hægt að halda plöntunni lágvaxinni en þéttri sé þess óskað.

***Afburða lofthreinsir og klassík***

Allur gróður bætir loftgæði í nærumhverfi sínu, en sumar plöntur eru þó sérstaklega duglegar hvað þetta varðar. Drekatré er einmitt ein af þeim. Samkvæmt rannsóknum NASA getur drekatré hreinsað mörg óæskileg efni úr andrúmslofti heimilisins.

Drekatré hefur verið vinsælt svo lengi að það hlýtur að flokkast undir klassík í pottaplöntuheiminum. Fáar plöntur eru nægjusamari í umhirðu en tilbúnar til að fyrirgefa vanrækslu. Það getur lifað áratugum saman og hreinsar andrúmsloftið á meðan það gleður augað. Íslenskir pottaplöntuframleiðendur hafa verið duglegir að framleiða þessa glæsilegu plöntu sem ætti að fást í næstu blómabúð.

*Elínborg Erla Ásgeirsdóttir,*
*nemi í garðyrkjuframleiðslu*
*hjá garðyrkjuskóla*
*Landbúnaðarháskóla Íslands,*
*Reykjum Ölfusi.*




# Rekstur sauðfjárbúa 2014–2017


Eyjólfur Ingvi Bjarnason
sauðfjárrækt hjá RML
eyjolfur@bondi.is


María Svanþrúður Jónsdóttir
rekstur hjá RML
msj@bondi.is

**Í síðasta Bændablaði var fjallað almennt um niðurstöður átaksverkefnis í sauðfjárrækt sem hófst haustið 2017 þar sem unnið er með bókhaldsgögn frá bændum og þau skoðuð frá ýmsum hliðum.**

Í þessari grein hér er ætlunin að skoða nánar niðurstöður fyrir árið 2017 en í gögnum hvers árs var búunum skipt í þrjá jafnstóra hópa eftir framlegð hvers bús. Með því móti var hægt að reikna meðaltöl á einstaka liði fyrir þrjá mismunandi framlegðarflokka.

Þegar gögnin eru skoðuð með þessum hætti (sjá töflu 1) sést að búin sem hafa mesta framlegð eru einnig með meiri afurðir en hin búin, þ.e. ærnar eru frjósamari, fallþungi hærri og því fleiri kíló sem koma til tekna á þessum búum en búunum sem hafa minni framlegð. Rétt er að vekja athygli á því að búin sem hafa mesta framlegð eru með 17.000 krónur á kind meðan búin með minnsta framlegð hafa 7.500 krónur á kind. Það er munur upp á 9.500 krónur á kind. 400 kinda bú í efsta þriðjungi hefur því 3,8 milljónum meira úr að moða til að greiða fastan kostnað, greiða laun og borga af lánum en sambærilegt bú í neðsta þriðjungi.

*Tafla 1 –* **Meðaltöl úr skýrsluhaldi skipt eftir framlegðarflokkum þátttökubúa**

| Árið 2017 | Miðað við framlegð kr./kind | | | Skýrsluhald* |
|---|---|---|---|---|
| Skýrsluhaldsupplýsingar: | Efsti 1/3 | Miðja | Neðsti 1/3 | |
| Fullorðnar ær (kg) | 30,90 | 29,40 | 28,20 | 27,90 |
| Fullorðnar - fædd | 1,95 | 1,94 | 1,87 | 1,85 |
| Fullorðnar - til nytja | 1,81 | 1,80 | 1,70 | 1,69 |
| Veturgamlar (kg) | 14,60 | 14,00 | 11,50 | 11,80 |
| Veturgamlar - fædd | 1,26 | 1,18 | 1,03 | 0,99 |
| Veturgamlar - til nytja | 0,87 | 0,88 | 0,73 | 0,73 |
| Fallþungi sláturlamba | 16,7 | 16,00 | 16,30 | 16,30 |
| Gerðarmat sláturlamba | 9,70 | 9,30 | 9,00 | 9,10 |
| Fitumat sláturlamba | 6,50 | 6,00 | 6,10 | 6,20 |
| Meðalaldur lamba við slátrun | 134,30 | 136,70 | 135,60 | 137,20 |

**Í aftasta dálk er meðaltal skýrsluhalds ársins fyrir öll bú með fleiri en 300 kindur.*

### *Best reknu búin hafa lægri framleiðslukostnað*

Í greininni í síðasta Bændablaði kom fram að framleiðslukostnaður á hvert kíló dilkakjöts hefur legið á milli 1.000 og 1.100 krónur árin sem þetta verkefni tekur tillit til. Þegar við skoðum búrekstrarupplýsingarnar í töflu 2 sést að búin í efsta þriðjungi eru með framleiðslukostnað upp á 933 krónur á kíló sem er 100 krónum minna á hvert kíló en meðaltal gagnasafnsins. Þó framleiðslukostnaðurinn sé þetta lægri á þessum búum er líka rétt að benda á að búin í efsta þriðjungi eru að greiða sér hæstu launin eða um 8.000 krónur á hverja kind. Framleiðslukostnaðurinn er því ekki lægri af því að dregið sé úr launakröfu.



*Tafla 2 –* **Búrekstrarupplýsingar 2017 skipt eftir framlegðarflokkum**

| Árið 2017 | Miðað við framlegð kr./kind | | |
|---|---|---|---|
| Búrekstrarupplýsingar: n=60 | Efsti 1/3 | Miðja | Neðsti 1/3 |
| Ásetningshlutfall m.v. ærgildi | 1,01 | 1,04 | 1,46 |
| Framleiðslukostnaður kr./kg | 933 | 1.018 | 1.150 |
| Afurðatekjur kr./kind | 10.444 | 9.433 | 8.937 |
| Opinberar greiðslur kr./kind | 15.329 | 13.764 | 11.410 |
| Aðkeypt fóður kr./kind | 597 | 595 | 524 |
| Áburður og sáðvörur kr./kind | 2.616 | 3.357 | 3.083 |
| Rekstur búvéla kr./kind | 1.954 | 2.166 | 3.020 |
| Rekstrarvörur kr./kind | 1.884 | 1.852 | 2.317 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta kr./kind | 1.716 | 2.098 | 3.867 |
| Framlegð kr./kind | 17.005 | 13.130 | 7.536 |
| Viðhald útihúsa og girðinga | 876 | 1.475 | 925 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.146 | 1.162 | 1.483 |
| Laun og launatengd gjöld | 8.034 | 6.546 | 6.190 |
| Þáttatekjur/EBITDA kr./kind | 9.324 | 5.572 | 5.455 |
| Afskriftir kr./kind | 4.426 | 3.773 | 2.891 |
| Fjármagnsliðir kr./kind | 1.923 | 2.126 | 3.781 |

Líkt og kemur fram í töflunni eru búin með mestu framlegðina með svipaðan fjölda ærgilda að baki sér og fjölda kinda á fóðrum. Búin með minnstu framlegðina eru með talsvert fleiri ær á fóðrum en nemur fjölda ærgilda. Greiðslumarkseign hefur því talsvert að segja um rekstrarhæfni búanna en þó skýrir hún ekki allan breytileikann í gögnunum.

Ýmsir kostnaðarliðir eru til dæmis mun hagstæðari hjá búunum í efsta þriðjungi. Má þar nefna kostnað við áburð og sáðvörur sem er lægri þar en í hinum tveimur hópunum. Á þessum búum virðist vera lögð natni í að greina þennan stóra kostnaðarlið og haga innkaupum með það að markmiði að eiga sem best gróffóður án þess að kosta of miklu til. Aðrir kostnaðarliðir sem falla undir breytilegan kostnað eru einnig lægri á þessum búum, svo sem kostnaður við búvélar og ýmis aðkeypt þjónusta.

Eins og sést á þessari töflu hafa best reknu búin meira svigrúm til að endurnýja tæki og/eða standa í framkvæmdum sem sést á því að afskriftir eru hærri á þeim búum en í hinum flokkunum. Mögulega hefur þar einnig áhrif að best reknu búin skulda minna og bera þar með minni fjármagnskostnað.

### *Að endingu*

Það eru víða tækifæri til að bæta reksturinn á hverju búi fyrir sig en engin ein lausn hentar öllum. Það er oft gott að bera sig saman við aðra og velta fyrir sér hvort hlutirnir þurfi að vera með þeim hætti sem þeir eru, ef dæmi sýna að önnur sambærileg bú ná betri árangri með minni tilkostnaði og meiri afurðum en manns eigið bú.

Greinarhöfundar ítreka að verkefnið byggir á raunbókhaldsgögnum frá sauðfjárbúum um allt land. Vilji er til að halda áfram með þetta verkefni en framhaldið hefur ekki verið útfært. Gagnagrunnurinn hefur sannað gildi sitt gagnvart opinberri stjórnsýslu og í hagsmunabaráttu fyrir bændur og þökkum við þátttakendum enn og aftur fyrir samstarfið.

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið
Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.
Lestur Bændablaðsins:
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI
20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið
Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 14. mars

LÍF & STARF

## Landvernd fagnar 50 ára starfsafmæli á árinu:

# Stefnumótun til fimm ára

## – Áfram unnið að verndun gróðurs og jarðvegs og áhersla á fræðslustarf

**Félagasamtökin Landvernd fagna 50 ára starfsafmæli á þessu ári. Fjöldi viðburða er fyrirhugaður á afmælisárinu og einn sá mikilvægasti var haldinn á dögunum þegar stefnumótandi félagsfundur var haldinn þar sem grunnur var lagður að stefnu félagsins til næstu fimm ára.**

Meðal þess sem fram kom var að fundarmenn leggja áherslu á að samtökin láti meira til sín taka í verkefninu við að sporna við loftslagsbreytingum.

### *Framtíðarsýnin rædd*

Stefnumótunarfundurinn var með svokölluðu Þjóðfundar-fyrirkomulagi; unnið var á sjö til átta manna borðum með einn borðstjóra á. Þar var framtíðarsýnin rædd, forgangsröðun málefna, aðferðir Landverndar og hvernig hægt sé að virkja félaga og nýta sérþekkingu þeirra.



Auður Anna Magnúsdóttir.

### *Áfram áhersla á verndun gróðurs og jarðvegs*

Að sögn Auðar Önnu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra Landverndar, mættu um 60 félagsmenn til að leggja grunn að stefnu félagsins. „Stefnan verður unnin út frá þeim hugmyndum sem komu fram á fundinum og lögð fram til samþykktar á fimmtugasta aðalfundi Landverndar í apríl.

Landvernd á sögulegar rætur í verndun gróðurs og jarðvegs og félagsmenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að sú vinna héldi áfram. Einnig þótti félagsmönnum mikilvægt að halda áfram því öfluga fræðslustarfi sem samtökin stunda. Þá lögðu margir fundarmenn áherslu á að samtökin láti til sín taka í þeirri nauðsynlegu vinnu sem fram undan er við að sporna við loftslagsbreytingum. Þetta var meðal þess sem fram kom á fundinum en fjöldi góðra hugmyndir um hvað samtökin eiga að fást við og hvernig komu fram og voru rædd.

Nánari útfærsla fer nú í hönd og verður spennandi að sjá fullbúna stefnu sem leggja á fyrir aðalfundinn í apríl,“ segir Auður.

Nálgast má viðburðadagatal fyrir afmælisárið á vef Landverndar á slóðinni landvernd..is/afmaelisar2019. */smh*

LESENDABÁS

# Sérstaða Íslands – hreinleiki

**Bann við innflutningi hrás kjöts og sóttvarnir landsins snúast um sérstöðu Íslands til framtíðar. Framtíðarhagsmunir íslensks samfélags eru undir (lýðheilsa og búfjárstofnar), þeir hagsmunir eru miklu stærri, en hagsmunir einstakra stétta í nútíðinni. Samningar og lög eru mannanna verk sem hægt er að breyta, en ef sérstaða landsins tapast verður hún ekki auðveldlega endurheimt.**

Nú hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra birt drög að frumvarpi til að bregðast við niðurstöðu EFTA-dómstólsins, um innflutningstakmarkanir á fersku kjöti til landsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimildum til innflutnings á hráu ófrosnu kjöti og ógerilsneyddum eggjum. Frumvarpið hefur hvorki verið lagt fyrir ríkisstjórn eða stjórnarflokka. Það er enn í vinnslu hjá ráðuneyti en opnað hefur verið á samráð um frumvarpið í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.

Samhliða hafa stjórnvöld nú kynnt aðgerðaáætlun sína sem ætlað er að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Mótvægisaðgerðirnar eru allar þýðingarmiklar og eiga fullan rétt á sér óháð breytingum á lögum. Eigi þessar aðgerðir hins vegar að skila árangri verður að gefast lengri tíma en nokkrir mánuðir til að innleiða þær. Aðgerðirnar verða að komast hratt í fulla virkni og það áður en frekari breytingar verða á innflutningstakmörkunum.


Líneik Anna Sævarsdóttir.


Halla Signý Kristjánsdóttir..

### *Ekki gefast upp*

Með samþykkt á óbreyttu frumvarpi værum við sem sjálfstæð þjóð að gefast upp fyrir reglum sem settar voru án þess að næg þekking á mögulegum áhrifum væri til staðar. Lykilatriði er að fram fari ítarlegt áhættumat, sem taki bæði á áhrifum breytinganna á Íslandi og þýðingu hreinleika Íslands fyrir lýðheilsu á heimsvísu.

Með því að leyfa innflutning á hráu kjöti án þess tímafrests sem leiðir af frystiskyldunni værum við að gera vafasama tilraun með lýðheilsu þjóðarinnar. Þar fyrir utan væri tilraun með búfjárstofna en við vitum aldrei hvernig erfðauðlindin sem í þeim liggur getur komið að notum. Þeir sem tala fyrir óheftum innflutningi á kjöti benda á að það geti skilað sér í lægra matvöruverði. Hagsmunir neytenda snúast um fleira en verð á matinn og hvað sé í matinn, það skiptir alltaf mestu hvað er í matnum.

Okkur ber skylda til að halda uppi vörnum fyrir sérstöðu okkar sem felst m.a. í tiltölulega mjög lítilli sýklalyfjanotkun í landbúnaði og lágri tíðni sýklalyfjaónæmra bakteria í fólki. Heimurinn allur þarf að verjast þeirri ógn sem blasir við vegna vaxandi sýklalyfjaónæmis. Það hefur verið sýnt fram á ótrúlega mikla fylgni milli neyslu matvæla þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er mikil og tíðni sýklalyfjaónæmra bakteria í fólki. Þessir hagsmunir eru mannkyninu dýrmætir, ekki síður en hreinleiki lofts og vatns.

### *Hagsmunir í húfi*

Þetta er stórt pólitískt mál og miklir hagsmunir í húfi. Því þurfa íslenskir ráðamenn að stíga fast til jarðar og eiga samtöl við þá sem stýra Evrópusambandinu. Dómur EFTA er unninn út frá gildandi lögum og reglum og niðurstaðan fengin frá þeim sem vinna samkvæmt þeim. Ef ná þarf fram breytingum þurfa stjórnmálamenn að ræða við þá sem hafa áhrif á endurskoðun laga og reglna en ekki eingöngu þá sem framfylgja þeim.

Stjórnvöld verða að óska eftir lengra svigrúmi til innleiðingar, aðlögun og raunverulegar varnir taka tíma. Samtímis gæfist tækifæri til að gera ítarlegt áhættumat á afleiðingum breyttra innflutningsreglna fyrir Ísland og Evrópu sem heild. Þá gætu skapast forsendur til að endurskoða reglur með heildarhagsmuni í huga. Fyrir þessu þurfa stjórnmálamenn að beita sér með samtali við aðra stjórnmálamenn. Það getur ekki verið vilji Evrópusambandsbúa að við Íslendingar verðum gerð að tilraunadýrum í þessum efnum.

Sérstaða okkar er ekki okkar einkamál, hún hefur þýðingu á heimsvísu.

***Halla Signý Kristjánsdóttir***
***Líneik Anna Sævarsdóttir***
*þingmenn Framsóknarflokksins*






# Förum okkur hægt – dálítil hugvekja

**Síðan 1993 hef ég fengist við ferðaleiðsögn um Ísland á vegum Bændaferða, eða í meira en fjórðung aldar. Oft koma fyrir mjög ánægjuleg samskipti við erlent ferðafólk og jafnvel eru þau mér mjög lærdómsrík. Mig langar til að segja frá einu slíku atviki.**

Fyrir um áratug kom einn ferðamaður á fyrstu dögum þeirrar ferðar til mín og kvaðst eiga sér dálitla ósk sem hann vissi ekki hvort unnt væri að uppfylla. Þarna var kominn þýskur bóndi sem langaði mjög mikið að hitta íslenskan starfsfélaga sinn og fá tækifæri að bera saman bækur sínar við hann.

Eftir örfá símtöl reyndist ekkert mál að koma þessari ósk ferðamannsins í kring. Að nokkrum kvöldum liðnum gistum við í Stóru-Tjarnaskólanum í Ljósavatnsskarði í Þingeyjarsýslu. Eftir kvöldverð þar á Edduhótelinu var þýski bóndinn boðinn velkominn ásamt öðrum ferðamönnum í hópnum sem þess fýstu að skoða fjósið og aðra aðstöðu á bænum í stuttu göngufæri þar skammt frá.

Mér er ætíð minnisstæð samskipti þessara tveggja ólíku bænda. Sá þýski var aðallega með nautgripi og ræktaði að einhverju leyti korn fyrir búsmala sinn. Honum lék hugur á að vita hvaða búfjársjúkdómar reyndust erfiðastir íslenskum bændum og hvaða lyf þeir notuðu. Var sá þýski mjög undrandi hversu íslenskt búfé væri heilbrigt og lauk miklu lofsyrði á að vel hafi tekist að forða öllu landinu frá mörgum þeim alvarlegu búfjársjúkdómum sem víða grasséra. Hvatti hann okkur á Íslandi að huga vel að þessu en þetta væri það sem hver bóndi erlendis myndi öfunda okkur af enda mikilsverð gæði að geta haldið notkun lyfja í algjöru lágmarki.

Einnig innti sá þýski eftir því hvaðan kjarnfóður kæmi sem íslenskir bændur keyptu. Kvað hann framboð á kraftfóðri mjög mikið innan Evrópusambandsins en oft væru vanhöld um upplýsingar um uppruna þess. Væru jafnvel dæmi um að ódýrasta kraftfóðrið reyndist þeim bændum á meginlandinu oft verða dýrkeypt enda sumt langt aðkomið, jafnvel ræktað í Afríku sem stundum fylgdi ýmsar bakteríur og kvillar sem óæskilegar væru og yllu oft alvarlegum veikindum með tilheyrandi kostnaði og jafnvel miklu tapi. Hvatti Þjóðverjinn til mikillar varkárni með innflutning, hvort sem væri á kraftfóðri eða landbúnaðarvörum ef minnsta hætta á smiti gæti orðið.

Mér hefur oft verið hugsað til þessa þýska bónda og hversu innilegar samræður hans við íslenska bóndann voru. Auðvitað gegndi ég mikilvægu hlutverki við túlkun enda kunni eðlilega sá þýski ekki íslensku og sá íslenski ekki þýsku. Hvorugur talaði ensku að marki enda var langfljótlegast að hafa samræður með aðstoð túlks.

Þegar litið er á nýjustu tíðindin úr Stjórnarráðinu þá virðist verða stórkarlaleg breyting á þessum innflutningsmálum. Nú vill ráðherra gefa innflutning á nánast öllum landbúnaðarvörum frjálsa án nokkurra takmarkana. Og á sama tíma vill sami ráðherra veita leyfi til umfangsmikilla hvalveiða, þvert á sjónarmið þorra Íslendinga sem gera sér grein fyrir því að hvalirnir í sjónum eru okkur dýrmætari lifandi en dauðir enda grundvöllur fyrir vaxandi starfsemi hvalaskoðunar með erlendu gestina okkar.

Einhvern veginn er grunur minn að ráðherrann sé undir gríðarlegum þrýstingi. Óskandi er að ekki hafi verið borið fé í ráðherrann til að liðka fyrir ákvörðunum hans en getur það mögulega verið að hann sé að einhverju leyti í vasanum á þeim aðilum sem stjórna mikilsverðum viðskiptum sem láta sér hagsmuni annarra í léttu rúmi liggja?

Þetta mál verður að skoða og ígrunda betur áður en endanleg ákvörðun er tekin. Að öðrum kosti ber öðrum ráðherrum að grípa fram fyrir hendurnar á þessum ósjálfstæða ráðherra okkar mikilvægustu hagsmuna. Ef ekki þá þarf þjóðin að stöðva ráðherrann!

Hugum að hvatningu þýska bóndans að sýna fyllstu varkárni. Kæruleysi getur orðið okkur dýrt spaug sem kemur engum að gagni nema stundarhagsmunum örfárra kaupahéðna.

***Guðjón Jensson***
*eldri borgari í Mosfellsbæ*
*og leiðsögumaður*


Lely Center Ísland



RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

UTAN ÚR HEIMI




Mjólkurlaus jógúrt búin til úr kókossafa?

# Bændur þurfa að aðlaga framleiðslu sína að breyttum tímum

**Á dögunum hélt Ian Proudfoot, landbúnaðarsérfræðingur frá ráðgjafarfyrirtækinu KPMG á Nýja-Sjálandi, áhugaverðan fyrirlestur á ráðstefnunni Matur og landbúnaður 2019 í Noregi. Í fyrirlestri sínum boðaði Ian alheims landbúnaðarbyltingu þar sem kjötneysla mun breytast verulega vegna loftslagsbreytinga, umhverfis og dýravelferðar.**



Ian Proudfoot, landbúnaðarsérfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu KPMG á Nýja-Sjálandi, hélt áhugaverðan fyrirlestur í Noregi fyrir nokkru þar sem hann spáir alheims landbúnaðarbyltingu.

Meginþema ráðstefnunnar fjallaði um það hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á bæði framleiðslu og neyslu á matnum sem við lifum á. Nýsjálendingurinn sagði í sínum fyrirlestri að þetta geti haft í för með sér dramatískar breytingar fyrir húsdýrabændur en einnig nýja möguleika. Hann spáir því einnig að fyrir þá bændur sem fylgja þróuninni geti það þýtt í framtíðinni að kjöt verði ábatasöm útflutningsvara.

### *Gríðarlegt fjárfestingarstökk*

Ian hefur þá skoðun að landbúnaður hafi lítið breyst undanfarin þúsund ár en að tækni- og líffræðileg þróun sé byrjuð og muni í nánustu framtíð færa fólki nýjar vörur sem séu sérsniðnar fyrir siðferðilegt val fólks sem hugar jafnframt að heilsunni. Hann segir landbúnað vera dínamískasta hagkerfið í alþjóðlegu samhengi og sú grein sem hafi mesta möguleika á að breytast næstu tíu til fimmtán árin. Skýringin á því eru peningar og útskýrir Ian að fyrir tíu árum var fjárfest fyrir undir einum milljarði dollara á ári í nýsköpun í tilfærslutækni, tækni sem getur orðið til þess að breyta eða rífa niður á harkalegan máta þau viðskiptamódel sem eru við lýði. Undanfarin ár hafa fjárfestingar vaxið um hátt í níu milljarða dollara í landbúnaðargeiranum. Vegna þessara miklu upphæða geta breytingarnar gerst mjög hratt að mati Ian.

### *Markaðsvæðing á ræktuðu kjöti*

Athyglin á kjöt og kolefnisfótspor eykst í hinum vestræna heimi og segir Ian að hinn mikli skriðþungi á vegan og valkosti fyrir grænmetisætur nokkuð sem skilur Evrópu að frá öðrum heimshlutum. Að mati Ian er þó ekki plöntufæði fyrir grænmetisætur ógnun við húsdýraframleiðendur, heldur sé það þróun og markaðsvæðing á því sem hann kallar ræktað eða tilbúið kjöt og fiskmeti.

Ian segir að þetta sé öðruvísi en í vegan-stefnunni þar sem þetta sé kjöt í öllum útfærslum sem sé ræktað með stofnfrumum án þess að rækta allt dýrið. Þannig verði dýravelferð óþörf og áhrif á umhverfið mun minni. Innan tíu ára muni tæknin til að framleiða slíkt kjöt þróast hratt þannig að ræktað kjöt á þennan hátt verði þá verulegur hluti af heildarkjötmarkaðnum.

### *Fleiri valkostir breyta venjum*

Í mörgum löndum er erfitt fyrir fólk að skilja og setja sig inn í líffræðilega tækni sem lýtur að því að breyta erfðaefnum. Að mati Ians þurfa bændur að skilja hvað neytendum finnst um breytingar á erfðaefnum. Margir sem áður hafa sagt að þeir muni aldrei borða mat sem búinn sé til á þennan hátt kaupa nú til dæmis The impossible foods burger, hamborgara sem hafa erfðabreyttar lífverur í sér. Fyrirtækið notar frumutækni til að búa til ekta kjötvörur og núna hefur keðjan sett á laggirnar þrjú þúsund matsölustaði í Bandaríkjunum og Hong Kong.

Sú þróun að fleiri og fleiri kjósa annan valkost en kjöt framleidd með dýrum vegna umhverfissjónarmiða verður næsta skref að fólk velur að kaupa vörur sem hafa lágt kolefnisfótspor eða kolefnisjákvæð matvæli. Þannig sé það verkefni bóndans í dag að aðlaga framleiðsluna á sveitabænum á þann hátt að hún skilji eftir sig jákvætt kolefnisfótspor. Þau lönd sem eru dugleg að miðla því út í heiminn að lítið sé um sýklalyf í framleiðslunni og að vörurnar hafi lágt kolefnisfótspor geta aukið útflutningsmöguleika sína til muna. Ian hefur trú á að neytendur séu til í að borga hærra verð fyrir slíkar vörur og að frásagnir og sögur verði mikilvægari en nokkru sinni fyrr í matvælaiðnaði. Ian telur að neytendur hafi ekki sérstakan áhuga á að stórar verslunarkeðjur stýri kaupvenjum þeirra. Úti um allan heim séu stafrænar lausnir áskorun fyrir þróuð viðskiptamódel. Hann segir að hefðbundnir sölumenn muni halda velli en að völdin og áhrifin yfir vali neytenda verði eytt á alþjóðavísu. */Bondebladet - ehg*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Wilfrida Olaly segir að kýrnar hennar mjólki núna nærri því tvöfalt meira en þær gerðu áður en hún breytti um fóðrun þeirra úr maís blöðum og stönglum í gras. Myndir / Sophie Mbugua.

# Konur í Kenía sneru á þurrkinn



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com




Lýðveldið Kenía er í austurhluta Afríku og á land að Indlandshafi. Það var hluti af breska heimsveldinu til 12. desember 1963 þegar landið lýsti yfir sjálfstæði. Þótt landið virðist lítið í samanburði við hina risastóru Afríku, þá er það samt rúmlega fimm sinum stærra en Ísland, eða 580.367 ferkílómetrar. Íbúar eru líka örlítið fleiri, eða rúmlega 49 milljónir.

**Síðasta sumar var veðurfarslega afar óvenjulegt og urðu bændur víða í norðurhluta Evrópu fyrir miklu tjóni vegna úrkomuleysis, sem orsakaði lakari uppskeru en vænta mátti.**

Að búa við úrkomuleysi er nokkuð sem bændur víða annars staðar á hnettinum þekkja vel og hefur búskapur víða aðlagast að þeim veðurfarsaðstæðum sem algengar eru á hverjum stað. Aukin þekking, kynbætur á plöntum og búfé og almennar framfarir hafa samhliða bætt lífskjör bænda víða um heim og sérstaklega einmitt í þeim löndum sem eru veðurfarslega erfið.

### *Kýr oft fóðraðar á afgöngum*

Víða í Afríku og Asíu er kúabúskapur og mjólkurframleiðsla ein helsta tekjulind bænda en fullyrða má að í meirihluta tilfella séu kýr þó afar illa nýttar, þ.e. geta þeirra til mjólkurframleiðslu. Skýringin felst fyrst og fremst í rangri fóðrun og uppeldi kúnna en einnig vali bænda á gróffóðri.

Löng hefð er fyrir því að rækta matvæli fyrir fólk á ökrum bændanna og nýta svo það af plöntunum, sem ekki er tækt til manneldis, og gefa það nautgripunum. Oft er um að ræða blöð og stöngla maísplöntunnar en þetta gróffóður er oftast með léleg fóðurgæði fyrir nautgripi og þó svo að gripirnir geti nýtt fóðrið og umbreytt í kjöt og mjólk er geta þeirra mun meiri og vannýtt. Svo þegar úrkomuleysi kemur ofan í kaupið verður þetta gróffóður enn verra og varla tækt.

### *Wilfrida Olaly*

Eitt þessara landa, þar sem fóðrun nautgripa er með framangreindum hætti, er Kenía í Afríku. Þar horfir þó til breytinga eftir að kúabændur þar í landi, sem alloft eru konur, tóku sig til og breyttu um búskaparhætti. Ein þessara kvenna er Wilfrida Olaly sem rekur kúabú í Mahuroni í Kisumu sýslu í Kenía. Þar hefur hún rekið bú sitt síðan 1998 en átti alltaf í erfiðleikum þar sem nyt kúnna var lág en það breyttist þegar hún ákvað að taka þátt í verkefni á vegum bandarískrar þróunarstofnunar.

Þetta verkefni, sem sérstaklega var sett á laggirnar til þess að efla þekkingu og reynslu kvenna í landbúnaði í Kenía, fólst fyrst og fremst í því að kenna þeim að nota sterkar og hitaþolnar grastegundir sem þegar voru fyrir í Afríku en ekki hefð fyrir því að nota sem gróffóðurgjafa fyrir nautgripi.

### *Rækta sérstakt gras*

Með þátttöku í verkefninu kynntist Olaly nýjum búskaparháttum og hóf ræktun á annars vegar grasgerð sem heitir Boma Rhodes, sem er afar harðgert og þolir einstaklega vel úrkomuleysi. Þetta gras er mest notað til beitar og heyframleiðslu. Hins vegar fór hún að rækta gras af gerðinni Brachiaria sem stundum er kallað „undragrasið“ en þessi grastegund barst til Afríku frá Brasilíu. Grasið hentar vel til fóðrunar kúa og breiðist nú hratt út meðal kúabænda í Afríku og er af mörgum talið muni gjörbreyta möguleikum bænda í heimsálfunni til þess að afla sér og sínum aukinna tekna. Ólíkt maís, sem er uppskorinn einu sinni á ári, þá gefa þessar sérstöku grastegundir af sér nýtanlega uppskeru á fjögurra mánaða fresti.

### *Selja núna gróffóður*

Eftir að Olaly fór að gefa kúnum betra gróffóður nærri tvöfaldaðist



**Wilfrida Olaly segir að kýrnar hennar mjólki núna nærri því tvöfalt meira en þær gerðu áður en hún breytti um fóðrun þeirra úr maísblöðum og stönglum í gras.**

mjólkurframleiðslan og fór úr því að vera um 4 lítrar á dag eftir kúna í 7 lítra á dag. Þetta er reyndar alls ekki mikil dagleg mjólkurframleiðsla miðað við íslenskar kýr en engu að síður gjörbreyting fyrir Olaly og aðrar konur sem tóku þátt í verkefninu. Verkefnið gekk reyndar svo vel hjá henni og öðrum stallsystrum hennar að þær framleiða nú fóður fyrir aðra kúabændur og fá tekjur af fóðursölu, nokkuð sem var óhugsandi fyrir örfáum árum.

***Umhverfisvænni kýr***

Það er athyglisvert að ein af röksemdum þess að kúabændur í Afríku eru nú hvattir til þess að fara í framleiðslu á þessum sterku og harðgerðu grastegundum er m.a. vegna umhverfisáhrifa nautgripa. Flestir vita það að nautgripir losa töluvert metan við jórtrun og það hefur skaðleg áhrif á umhverfið en með því að auka nyt kúnna lækkar hlutfallsleg metanframleiðsla við hvern framleiddan lítra af mjólk. Ríkisstjórnin og umhverfissamtök eru því áfram um að bændurnir hætti að fóðra kýrnar í takti við hefðirnar og skipti yfir í nútímalegri fóðrunaraðferðir.

***Stofna samvinnufélög***

Það er gömul saga og ný að samvinnufélög bænda hentar afar vel þegar horft er bæði til sameiginlegra kaupa og til sameiginlegrar sölu afurða. Í Kenía eru til mörg slík félög bænda en hlutverk margra þeirra hefur breyst á undanförnum árum. Dæmi um það er samvinnufélagið í Lukuyani þorpinu í Kakamega sýslu, en þetta samvinnufélag hefur 30 félagsmenn og þar af eru 26 þeirra konur. Þetta samvinnufélag var fyrst stofnað til þess að sjá um innkaup á fóðri fyrir kúabændur á svæðinu, en hefur nú breytt um hlutverk og sér um að selja hey frá þessum sömu bændum, eftir að þeir breyttu um búskaparhætti.

***Sterkara samfélag kvenna***

Víða í Kenía sjá konur um landbúnaðinn og karlarnir vinna utan bús og fram til þessa skiluðu búin afar litlum tekjum þrátt fyrir mikla vinnu kvennanna. Tekjur þeirra voru ekki nema brot af því sem karlarnir í samfélaginu unnu sér inn og staða þeirra eftir því síður góð. Nú horfir hins vegar til breyttra tíma í þessum efnum samhliða aukinni mjólkurframleiðslu og jafnvel sölu á heyi til viðbótar.

Hin breytta staða hefur gert Olaly einnig kleift að víkja frá búi sínu og nú nýtir hún m.a. tímann í að ferðast um landið og kenna öðrum bændum hvernig þeir geti, eins og hún gerði, breytt um búskaparhætti og stórbætt nýtingu landsins og kúnna.

*Byggt á grein Sophie Mbugua: Cash Crop: Women Farmers in Kenya Beat Drought With Native Grass*

# Kenía er mesta mjólkurframleiðsluland Afríku

**Samkvæmt upplýsingum af vef Food Business Afrika, er Kenía öflugasta og þróaðasta mjólkurframleiðsluland Afríku. Ætluð ársframleiðsla á mjólk er um 5 milljarðar lítra.**

Mjólkuriðnaðurinn er mikilvægur hlekkur í efnahagskerfi landsins og sömuleiðis hvað varðar framleiðslu á næringu fyrir landsmenn. Kenía hefur þá sérstöðu meðal Afríkuríkja að vera sjálfu sér nægt um mjólkurframleiðslu og selur auk þess talsvert af mjólkurvörum úr landi.

Mjólkuriðnaðurinn í landinu stendur fyrir um 14% af vergri landbúnaðarframleiðslu og um 6–8% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt tölum USAID hjálparsamtakanna standa kúabændur beint undir launum um einnar milljónar manna í sveitunum, auk starfa um 500 þúsund landbúnaðarverkamanna og 750.000 afleiddum störfum sem framleiðslunni tengist.

Kenískir kúabændur hafa þurft að takast á við margvíslegar áskoranir á liðnum árum fyrir utan þann vanda sem náttúran býður upp á. Hefur ríkisstjórn landsins m.a. haft uppi áætlanir um að sækja aukna skatta í vasa kúabænda með álagningu virðisaukaskatts. Hefur það vakið litla hrifningu meðal bænda.

Keníabúar neyta mest af mjólkurvörum af öllum íbúum svonefndra þróunarlanda. Samkvæmt könnunum USAID eru Keníabúar almenn mjög jákvæðir gagnvart neyslu á mjólkurvörum. Er þessi staðreynd talin gefa mönnum tilefni til bjartsýni um að mjólkuriðnaðurinn eigi mikla möguleika til frekari þróunar í landinu.

Um ein milljón fjárfesta eiga í Kenía stærstu mjólkurkúahjörð Afríku og er þær mjólkurkýr fleiri en allar mjólkurkýr í Suður-Afríku. Eru þær um 3,5 milljónir talsins. Veltir mjólkuriðnaðurinn í landinu um 2 milljörðum dollara samkvæmt gögnum USAID.

Auk mjólkurkúnna eru sagðir vera um 9 milljón zebus nautgripir í landinu, 12 milljón geitur og 900.000 kameldýr. Nautgripir standa fyrir um 88% af mjólkurframleiðslu Kenía en afgangurinn skiptist á kameldýr og geitur. /*HKr.*

YARA
Knowledge grows

Ert þú að kalka?
Hver vegna er kölkun mikilvæg

Sýrustig jarðvegs hefur áhrif á upptöku næringarefna, gæði fóður og uppskerumang. Kölkun hækkar sýrustig jarðvegsins, bætir vaxtarskilyrði plantna og losar um næringarefni. Til þess að meta hvort þörf sé að kalka tún er nauðsynlegt að taka jarðvegs- og heysýni. Ef sýrustig er lágt þarf að kalka. Til kölkunar er einkum notaður skeljasandur eða kornað kalk. Bæði kalsíum og magnesíum hækka sýrustig í jarðvegi og því mikilvægt að hafa þessi næringarefni í áburði.



1. Kölkun eykur endingu sáðgresis í túnum sem stuðlar að aukinni uppskeru og lystugra fóðri.
2. Kölkun eykur kalsíum innihald fóðurs og stuðlar að hagstæðum hlutföllum steinefna.
3. Kölkun eykur aðgengi plantna að næringarefnum í jarðvegi og stuðlar að bættri frjósemi og góðri nýtingu næringarefna úr áburði.
4. Kölkun bætir jarðvegslíf og stuðlar þar með að aukinni umsetningu lífrænna efna í jarðvegi sem losar um næringarefni eins og köfnunarefni.




Nytjaplöntur gera mismunandi kröfur hvað varðar sýrustig. Bygg, smári og nytjajurtir af krossblómaætt þola illa súra jörð.

Ekki er óalgengt að sjá sýrustig niður undir pH 5,0 í jarðvegssýnum hjá bændum. Við slíkar aðstæður bindast næringarefni fast í jarðvegi og aðgengi plantna að þeim verður mjög takmarkað.

Til að hámarka aðgengi og upptöku næringarefna í jarðvegi er ákjósanlegast að sýrustig sé á bilinu pH 6,0-6,5.



Sláturfélag Suðurlands svf. | Sími 575 6000 | yara@yara.is | www.yara.is
SS Síðan 1907

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# WelFur breytir ekki starfsvenjum




**Ditte Clausen**
ábyrgðarmaður í loðdýrarækt
ditte@rml.is


**Nýja matskerfið WelFur leggur áherslu á dýrin, en bóndinn mun ekki finna fyrir miklum breytingum ef hann hefur nú þegar innleitt viðeigandi bústjórn og starfsvenjur á búinu.**

Virkar vatnskerfið eins og það á að gera? Er undirburður í hreiðurkassanum? Eru dýrin forvitin, árásargjörn eða hrædd þegar menn eru nálægt? Þetta er aðeins brot af spurningunum sem matsmaður WelFur mun leita svara við þegar verið er að meta velferð dýranna á minkabúum í Evrópu. Kerfið er frekar einfalt en að baki einfaldleikanum liggja miklar og öflugar rannsóknir.

„Það er enginn hókus-pókus við framkvæmdina. WelFur-matskerfið setur bara tölur á það sem bóndinn sér dags daglega," segir Bente Krogh Hansen, en hún er umsjónarmaður prufukeyrslu WelFur-verkefnisins sem fór fram á völdum minkabúum í 10 Evrópulöndum árin 2015 og 2016, áður en WelFur-matskerfið var tekið í notkun á öllum minkabúum í Evrópu.



Bente Krogh Hansen tók út loðdýrabú um alla Evrópu árin 2015 og 2016 sem hluta af prufukeyrslu WelFur, sem er þróunarverkefni Fur Europe. Hún segir að loðdýrabændur þurfi ekki að vera smeykir við að fá heimsókn – þetta sé enginn hókus-pókus. Mynd / Jesper Clausen

### *WelFur endurspeglar staðreyndir en ekki tilfinningar*

WelFur-matskerfið breytir meira en 30 ára rannsóknum á loðdýrum í stigakerfi sem gengur frá 0 til 100, með því að fylgjast með hegðun dýranna, húsakosti og starfsvenjum á viðkomandi búi. Þegar niðurstöðurnar liggja fyrir gefur WelFur vísindalegt mat á á hvaða stigi dýravelferðin er. Svona gögn má ekki aðeins nota til að finna hvar og hvernig má gera betur til að auka dýravelferðina – gögnin má líka nota í pólitískum umræðum.

„Welfur-matskerfið skoðar og endurspeglar staðreyndir en ekki tilfinningar. Ef einhver fer að gagnrýna ákveðið minkabú má vísa í WelFur-matskerfið og þar með leggja fram vottun um raunverulegt og vísindalegt mat á búinu. Þá verður erfiðara að leggja fram rök fyrir hinu gagnstæða þar sem vísindin ljúga ekki," segir Bente Krogh Hansen.

### *Margar mismunandi mælingar*

Um það bil 4-5 klst. tekur að framkvæma allar mælingar í WelFur-matskerfinu og bóndinn er ekki skyldur að vera við á meðan mælingarnar fara fram. Reyndar krefjast mælingarnar að matsmaðurinn einbeiti sér og því vilja þeir frekar gera flestar mælingarnar einir. Matskerfið inniheldur 22 mælingar á minkabúum og 23 mælingar á refabúum.

Mælingarnar skiptist í þrjá flokka og byggjast á: Aðföngum, starfsvenjum og dýrum. Mælingar á aðföngum felast t.d. í því að skoða húsakostinn, t.d. er mælt hvort búrastærðin uppfyllir kröfur ESB og hvort vatnskerfið virkar fullkomlega þannig að öll dýrin hafi frjálsan aðgang að vatni.

Mælingar á starfvenju felast m.a. í að kíkja á venjurnar í kringum aflífun dýra á meðan mælingar á dýrum beinast eðlilega að dýrunum sjálfum, þar sem m.a. er spurt: Hafa dýrin sár, feldnag eða sýna þau óeðlilega hegðun? Hvernig er holdafarið og hvernig bregðast dýrin við fólki?

Við matið eru skoðuð 120 hólf á minkabúum og 80 hólf á refabúum og þau eiga að vera dreifð úti um allt búið, en það tryggir raunverulega mynd af því búi sem verið er að meta. Að jafnaði opnar matsmaðurinn aldrei búrin en allar athuganir fara fram frá ganginum. Aðeins í tilfellum þar sem nauðsynlegt er að athuga t.d. hreyfingu ákveðins dýrs, má nota tól til að reyna að færa dýrið nógu mikið til að hægt sé að klára athugunina.

„Það snýst allt um góðar starfsvenjur. Svo fremi að bóndinn fylgist með dýrunum og hugsar vel um þau, þá er ekki erfitt fyrir hann að fá WelFur-vottun."*– Bente Krogh Hansen, Welfur matsmaður*

### *WelFur verðlaunar góðar starfsvenjur*

Matsmaður WelFur skráir allar athuganirnar á spjaldtölvu og þaðan er gögnunum hlaðið upp á netþjón í Brussel. Gögnin eru síðan unnin og eftir þrjár heimsóknir, hverja á sínu tímabili, er matinu lokið.

Því fleiri stig sem gefin eru (hámark 100), þess meiri er dýravelferðin á viðkomandi búi. Ef búið fær 55 stig fær það merkinguna „Velferð dýra í góðu lagi" (e. „Good current standard"). Samkvæmt Bente Krogh Hansen er hins vegar ekki sérstaklega erfitt að fá góða einkunn. „Það snýst allt um góðar starfsvenjur. Svo fremi að bóndinn fylgist með dýrunum og hugsar vel um þau, þá er ekki erfitt fyrir hann að fá WelFur-vottun. Það felst í því að bóndinn eða starfsmenn hans fylgist með dýrunum daglega og að til séu vinnureglur varðandi veik dýr, þannig að þau séu meðhöndluð eða drepin ef þau sýna ekki bata eftir nokkra daga. Hafi maður 3-4 dýr saman í búri krefst það t.d. meira eftirlits. WelFur verðlaunar þá sem passa dýrin sín almennilega," segir hún.

Samkvæmt ESB-reglugerðinni, sem gildir í öllum löndum í ESB er skylda að líta eftir dýrunum daglega, t.d. þegar verið er að fóðra, til að koma í veg fyrir að dýrin þjáist af verkjum eða séu særð. Uppfylli maður þær kröfur er maður á góðri leið með að ná WelFur-vottun.

Fullkomið gagnasafn úr matskerfinu mun ekki aðeins gefa gott og vísindalegt yfirlit, það er einnig gott verkfæri til að komast að því hvað megi bæta á viðkomandi búi til að auka enn dýravelferð og fá enn fleiri stig við næstu heimsókn matsmanns WelFur.

## Um WelFur

- „European Fur Breeder" félagið var frumkvöðull að WelFur árið 2009. WelFur byggir á verkefninu „Welfare Quality" sem unnið er á vegum Evrópusambandsins (The European Commission).
- WelFur er vottunarkerfi sem metur dýravelferð á býlum. Frá árinu 2020 munu eingöngu verða boðin til sölu WelFur-vottuð skinn í evrópskum uppboðshúsum.
- WelFur matskerfið er sérstakt því þar eru teknar saman í eitt matskerfi mismunandi leiðir til að mæla dýravelferð.
- Þegar WelFur verður tekið í notkun mun það verða sterkasta og mest alhliða matskerfið til að meta dýravelferð í heilli heimsálfu.
- WelFur verður tekið í notkun í Evrópu í janúar 2020.
- Þrjár heimsóknir þarf til að leggja WelFur-mat á viðkomandi bú. Þessar heimsóknir eiga sér stað á vetrartímabilinu, mjólkurskeiðinu og vaxtarskeiðinu. Þegar WelFur-matinu er lokið þarf að meta búið einu sinni á ári til að vottunin haldist gild.
- Nú þegar eru til viðmiðunarreglur (e. Protocol) WelFur fyrir mink og ref en reglur fyrir „finn raccoon" eru í vinnslu.

---

LESENDABÁS

## Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað:

# Heimavinnsla mjólkurafurða

**Öll matarframleiðsla í heiminum er staðbundin. Stærð nærumhverfisins er eðlilega misstórt af ýmsum ástæðum, t.d. landfræðilegum og viðskiptalegum. Flestar vörutegundir, framleiðsluaðferðir og uppskriftir eiga uppruna sinn í menningu og matargerð fólksins.**

Í aldanna rás hefur mataröflunin verið byggð á heimaframleiðslu. Á síðustu 1–200 árum – frá iðnbyltingu – hefur vaxandi þéttbýlismyndun kallað á stórrekstur matvælaframleiðslu. Það þýðir samt ekki að heimavinnslu megi afleggja. Þar er upphafið, sérstaðan og undirstaðan. Þar eru hefðirnar og þar þarf nýsköpunin að vera öflug. Heimavinnsla nútímans býr við allt aðrar forsendur en heimavinnsla forfeðranna. Heimavinnsla nútímans eykur fjölbreytileika og vöruframboð. Kemur ekki í staðinn fyrir verksmiðjureksturinn.




Þórarinn hefur unnið með ungum bónda og fjölskyldu hans í Englandi. Hér með skyrdós á leið í sölu beint frá býli.

Þannig er þessu líka varið hér á landi. Í stað þess að berjast um nauðþurftirnar er heimavinnslan í dag skemmtilegt viðfangsefni, sem frumframleiðendur geta nýtt sér til að skapa betra svigrúm í framleiðslu sinni, bæta nýtingu fasteigna og skapa arðbærari rekstur með auknum tekjum. Aukin ferðamennska kallar á meiri upplifun og afþreyingu. Samtvinnun landbúnaðar og ferðamennsku kallar stöðugt eftir meiri upplifun og staðbundin matarmenning lands og þjóðar er afar mikilvæg. „Hvað er sérstakt á þessum matseðli?" er gjarnan spurt. Ef góð saga fylgir matseðlinum verður hann áhugaverðari og minningin endist með upplifun bragðkirtlanna.

### *Námskeið í heimavinnslu*

Af þessum ástæðum m.a. hefur undirritaður staðið fyrir námskeiðum um heimavinnslu mjólkur og framleiðslu mjólkurafurða. Á síðustu árum hafa nokkur hundruð manns sótt námskeiðin og keypt bókina um heimavinnslu. Mikill áhugi er á sköpun sérstöðu og þeirri verðmætasköpun er getur fylgt heimavinnslu, ef rétt er á málum haldið. Það er vaxandi skilningur innan samfélagsins á mikilvægi nýsköpunar grasrótarinnar. Nú stendur til að bjóða framhaldsnámskeið í mjólkurvinnslu – sérstaklega ostagerð. Enn er óplægður akur mörg þúsunda ostategunda, sem aðlaga þarf að íslenskri mjólk, umhverfi og náttúru.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða heimavinnslu eigin frumframleiðslu, fá ráðgjöf, meta aðstæður og möguleika og skoða tæki og tól ættu að hafa samband við Sverri Geirmundsson í VB Landbúnaði eða Þórarin Egil Sveinsson. Því fleiri sem taka skrefið því sterkari landbúnaður og arðbærari.

Þórarinn Egill Sveinsson mjólkurverkfræðingur mun halda námskeið í heimavinnslu mjólkurafurða í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað helgina 9.–10. mars.

### *Áhersla á sjálfbærni og nýtingu*

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað leggur áherslu á sjálfbærni og nýtingu hráefnis úr nærumhverfinu í kennslu sinni í matarfræði. Frá stofnun skólans, árið 1930, hefur skólinn nýtt matarkistu Austurlands í kennslu og lagt áherslu á varðveislu menningararfs í gömlum matreiðsluhefðum og handverki og tengja það nútímatækni með nýsköpun. Heimavinnsla mjólkurafurða er liður í því.

Á námskeiðinu fá þátttakendur að kynnast fjölbreytileika mjólkur og mjólkurafurða, helstu hugtök í mjólkurfræðum, hlutverk efna mjólkurinnar og þann mikla tegundafjölda sem framleiddur er úr mjólk. Grunnatriði ostagerðar eru rædd og kenndar einfaldar aðferðir við ferskar og súrar mjólkurafurðir. Innsýn í smásæjan heim gerla og hvata, nýtingu þeirra í framleiðslu – góðir og vondir gerlar ræddir, hvað ber að forðast og hvað skal kalla fram. Rætt er um tæki, tól og aðstöðu sem þarf til heimavinnslu mjólkurafurða. Þátttakendur framleiða nokkrar tegundir mjólkurvara sem næst að fullgera á tveimur sólarhringum.

Hægt er að skrá sig á námskeiðið á vefslóðinni ***https://goo.gl/forms/hZHjtzLbKTrfIyHE2***

***Þórarinn Egill Sveinsson***
*mjólkurverkfræðingur*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Erfðaframfarir með nýju erfðaefni af Angus – *fyrsti hluti*

## – Hvernig hámörkum við erfðaframfarir og frjósemi holdakúnna okkar?



**Jóna Þórunn Ragnarsdóttir**
ráðunautur í fóðrun
jona@rml.is



**Þegar kemur að sæðingu borga rólegheitin sig. Kýrnar þarf að reka saman í rólegheitum, þær þurfa að þekkja sæðingamanninn á rólegheitum sínum og helst á allt að fara fram eins og í góðri messu, hægt og hljótt.**

**Nú þegar fyrstu Angus-kálfarnir á Stóra-Ármóti eru að nálgast hálfsárs aldurinn er rétt að minna holdakúabændur á mikilvægi þess að nýta þetta nýja erfðaefni á sem bestan hátt.**

Alla jafna nota menn þarfanaut í hjarðir sínar og lítið er um að holdakýr séu sæddar með sæði af holdastofnum vegna skorts á aðstöðu og vandkvæða við beiðslisgreiningu. Fanghlutfall við sæðingar á holdakúm á Íslandi er því alla jafna mjög lágt. Hvernig bætum við frjósemina til að nýta nýja erfðaefnið og sæðingar sem best?

### *Tamning hjarðarinnar út frá náttúrulegu atferli*

Tamning holdakúa felur ekki í sér að lónsera, venja við hnakk og laumast á bak, heldur venja gripina við daglega umgengni og meðhöndlun við ormalyfsgjöf, sæðingar, merkingar og flokkun gripa í ólíka hópa. Góð aðstaða til meðhöndlunar er lykilatriði. Hér skiptir góð rétt, flokkunargangur og tökubás mestu máli. Best er að fá gripina inn í réttina að eigin frumkvæði t.d. með því að lokka þá á eftir sér inn í rétt með kjarnfóðurfötu eða heytuggu. Nautgripir eru forvitnir að eðlisfari, en einnig flóttadýr og læra því ekkert sé þeim ógnað eða ef þeir spennast upp af adrenalíni í blóðinu. Hægt er að hugsa sér að nota réttina sem fóðrunaraðstöðu hluta úr ári með læsigrindum til að venja þá við að láta læsa sig fasta við sæðingar, fangskoðun eða aðra meðhöndlun, en þá verður líka að umbuna þeim með kjarnfóðurgjöf.

Nautgripir leita alltaf til baka til uppruna síns. Þannig er hægt að nota eðli þeirra þegar gripir eru flokkaðir. Séu þeir reknir inn í rétt til suðurs vilja þeir alltaf leita til baka til norðurs, þannig er t.d. gott að reka kálfa á bíl til norðurs aftur. Allar sveigur og beygjur í flokkunarkerfi skulu vera ávalar og mjúkar því nautgripir eru stirðbusar sem eiga t.d. erfitt með að ganga fyrir horn. Leitast skal við að hafa alla aðstöðu lárétta án stalla eða breytinga á undirlagi sem getur fælt eða dregið úr því að gripirnir gangi yfir þær. Augu nautgripa eru staðsett það utarlega á höfði þeirra að þeir hafa frekar lélega dýptarskynjun og verða því að fá langan tíma til að átta sig á mishæðum og misfellum fyrir framan sig.

Eins þurfa hliðar réttar og flokkunaraðstöðu að vera lokaðar svo ekki sjáist vel út, nema þá að ofanverðu (í eða ofan augnhæðar gripanna). Þannig drögum við úr því að umhverfið trufli gripina, t.d. sé verið að bakka með kerru að tökubás eða þess háttar „óvenjulegri" umferð.

### *Holdstig við sæðingar*

Holdstig kúnna okkar og fóðrun eftir burð skiptir mjög miklu máli fyrir gæði eggjanna sem losna þegar við ætlum að koma í þær kálfi, og þar með fanghlutfalli hjarðarinnar. Leggi kýrnar mikið af eftir burð dregur það úr gæðum eggjanna og fanghlutfallið lækkar. Kýrnar eru í hættu á að seinka næsta burði eða jafnvel halda ekki leggi þær meira af en sem nemur hálfu holdstigi. Þarna skiptir sumarhaginn og viðbótarfóðrun miklu máli. Kálfurinn sýgur mikið fyrstu mánuðina sem veldur því að kýrnar leggja af hafi þær ekki nógu góða beit. Gott er að miða við að hæð beitargróðurs sé a.m.k. þverhandarbreidd og þumallengd að auki þegar þörfin er hvað mest. Gangi kýrnar á beitina getum við reiknað með að tapa kúm yfir á seinni gangmál en hagstætt þykir.



**Árangur við sæðingar holdakúa á Íslandi hefur oft verið lélegur og því hafa margir gripið til þarfanautsins.**

### *Holdakýr liggja niðri eftir burð*

Hormónaáhrif vegna þess að kálfurinn gengur undir valda því líka að kýrnar festa síður fang og slíkt er erfitt að hafa áhrif á. Það er ekki hið neikvæða orkugap sem verður við það að kýrnar séu sognar sem veldur því að beiðsli liggi niðri eftir burð, heldur hin flókna hormónastarfsemi sem viðhelst þegar kálfurinn sýgur. Ekki ólíkt þeirri mýtu um að konur með barn á brjósti geti ekki orðið óléttar aftur.

Tilraunir með að skilja kýr og kálfa að í 48 tíma hefur reynst vel til að koma egglosi af stað hjá kúnum. Þá fer af stað stutt gangmál sem mætti nýta eða bíða þá eftir því næsta sem er í eðlilegri lengd. Þetta er ekki ólíkt folaldsgangmáli hjá hryssum sem margir nýta. Á móti má svo spyrja, hvað tapast mikill vöxtur hjá kálfunum fái þeir ekki móðurmjólkina og tengslin við móður þessa 48 tíma? Sú aðferð að venja kálfana á auka kjarnfóðurgjöf strax við fæðingu gæti komið sterk inn, en þá er kjarnfóður gefið í frjálsu aðgengi fyrir kálfana á stað þar sem mæðurnar komast ekki að. Þetta gæti verið t.d. hæðarslá, mjótt hlið eða þess háttar hindrun inn í gerði eða skýli. Kjarnfóðrið þarf að vera lystugt og það verður að vera hægt að útiloka ágang fugla í fóðrið. Jafnvel mætti bæta inn einstefnuhliði við þetta kerfi þegar „veiða" á kálfana og taka þá undan þegar líður á haustið?

### *Beiðslisgreining*

En hvernig greinum við beiðslin á sem bestan hátt? Gott eftirlit þrisvar á dag skilar árangri, að morgni, rétt eftir hádegi og að kvöldi skal gá að beiðslum. Að skrá hjá sér öll beiðsliseinkenni í góða dagbók til þess að nota við sæðingar á næsta gangmáli er lykilatriði. Gangmáladagatal er líka mjög heppilegt hjálpartæki, þó það sé ekki í heppilegu broti þegar maður er úti í haga að eltast við kýr. Blóð getur lekið frá skeiðinni 1-2 daga eftir hábeiðsli og það er besta tákn þess að kýrin hafi verið að beiða. Þá skal leita að beiðsliseinkennum 16-20 dögum síðar.

Gott er að vera með góðan kíki séu kýrnar í stóru hólfi, og þá þarf að vera búið að fjarlægja hárbrúskinn úr eyrunum á þeim svo eyrnamerkin sjáist séu þær margar og bóndinn ekki glöggur á sínar kýr. Fátt er eins róandi eins og að sitja úti með góðan kaffibolla og fylgjast með kúnum, fyrir utan að það skilar okkur tekjum!

### *Sæðingar*

Þegar kemur að sæðingu borga rólegheitin sig. Kýrnar þarf að reka saman í rólegheitum, þær þurfa að þekkja sæðingamanninn á rólegheitum sínum og helst á allt að fara fram eins og í góðri messu, hægt og hljótt. Að hitta á réttan tíma getur verið flókið. Alla jafna varir hábeiðslið 18 klst. hjá mjólkurkúm en reikna má með að það sé styttra hjá holdakúm. Fyrstu beiðsliseinkenni kúnna koma 1-3 dögum fyrir hábeiðsli, en þá eru kýrnar órólegri og betur vakandi fyrir umhverfinu en í annan tíma, leita frekar eftir snertingu við aðra gripi, skapabarmar eru þrútnir og frá þeim lekur jafnvel gráleitt slím. Of snemmt er að sæða á þessum beiðsliseinkennum, ekki er óhætt að sæða fyrr en sést að kýrnar standa undir öðrum. Besti tími til sæðinga er þegar slím frá skeið er orðið glært og í því myndast loftbólur.

Árangur við sæðingar holdakúa á Íslandi hefur oft verið lélegur og því hafa margir gripið til þarfanautsins. Rétt er að impra á því að halda kúnum á stuttu tímabili og reyna þannig að gera burðartímabilið stutt. Gott er að miða við að fengitími holdakúnna sé ekki lengri en 9 vikur og hjá kvígum ekki lengri en 6 vikur. Nautið á líka stóran þátt í frjóseminni og sé hann illa fóðraður, lítill eða með lítil og óþroskuð eistu eru ekki miklar líkur á að fá marga kálfa árið eftir. Vanda verður valið á því nauti sem á að nota og leitast við að hann sýni góða vaxtargetu og sé skapgóður.

### *Nokkur viðmið fyrir frjósemi holdakúa*

- 95% fanghlutfall, því fleiri kálfar skila meiri tekjum.
- 65% kúnna beri á fyrstu 3 vikum burðartímabils (fengnar á fyrsta gangmáli), því þéttur burður minnkar vinnuliðinn, dregur úr vaxtarmun við fráfærur og gefur betri vísbendingar um vaxtarhraða kálfanna og mjólkurlagni kúnna.
- Innan við 3% kálfadauði.
- Ásetningshlutfall sé innan við 15%, góð ending kúnna skilar sér í fleiri sláturgripum og markvissari ræktun séu aðeins álitlegustu gripirnir notaðir til undaneldis.



# Nýr og umhverfisvænni Honda CR-V Hybrid



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Laugardaginn 16. febrúar frumsýndi Bernhard Vatnagörðum nýjan Honda CR-V hybrid. Eftir frumsýninguna fékk ég bílinn til prufuaksturs það sem eftir lifði af helginni.**

Í þessari nýju árgerð hefur bíllinn verið endurhannaður og endurbættur með hliðsjón af því að gera bílinn umhverfisvænni, hljóðlátari og þægilegri fyrir notendur.

### *Góður kraftur og hljóðlátari en fyrri árgerðirnar*

CR-V hefur verið söluhæsti jepplingur í sínum flokki í heiminum um nokkurt skeið og miðað við hönnun og þægindi ætti hann að halda þessu sæti sínu sé gengið út frá þeirri setningu að „lengi er hægt að gera gott enn betra“.

Vélin er tvískipt, annars vegar kraftmikil og hljóðlát bensínvél sem mætti kalla „aðalvél“, í akstri framleiðir bíllinn aukarafmagn sem hleðst inn á rafhlöðu og knýr rafmótor sem mætti kalla „hjálparmótor“. Saman vinna þessir mótorar skemmtilega saman og gefa bílnum góðan kraft, en samt næstum hljóðlaust miðað við mikinn kraft.

### *Innrými óvenju stórt í CR-V*

Miðað við stærð bílsins og sé samanburður gerður á CR-V og þeim jepplingum sem eru í sama flokki og hann þá hefur mér alltaf fundist Honda CR-V vera með besta rýmið, sérstaklega í aftursætunum þar sem er óvenju mikið pláss og sem dæmi þá er að jafnaði á bilinu 5–15 cm lengra frá hnjám þess sem situr í aftursætinu í bak framsætisins miðað við aðra bíla. Engin furða þó að ég hafi nefnt í fyrri umfjöllunum mínum um Honda CR-V að þessi bíll sé kjörinn fyrir Álftanesbóndann á Bessastöðum þar sem hann er oftast í aftursætinu og „ráðsmaðurinn keyrir“.

### *Nýi Hybrid CR-V bíllinn eyðir litlu*

Fyrri árgerðirnar af Honda CR-V eru mjög sparsamir bílar á eldsneyti, bæði bensínbíllinn og dísilbíllinn, en þessi nýi bíll er með uppgefna eyðslu á hundraðið í blönduðum akstri 5,5 lítrar á hundraðið. Lítil eyðsla kemur til af rafmagnsvélinni sem vinnur með bensínvélinni, en rafmagnið hleðst inn á rafhlöðuna þegar ekið er í mjúkum áreynslulausum akstri og þegar bremsað er. Rafhlaðan er aftast í bílnum þar sem í flestum bílum er staðurinn fyrir varadekkið, en því miður er ekkert varadekk í bílnum og var það eini mínusinn sem ég fann að bílnum. Í prufuakstrinum, sem var tæpir 170 km, sagði aksturstölvan að ég hefði verið að eyða miðað við 100 km akstur ekki nema 6,9 lítrum þrátt fyrir snjó og hálku.

### *Heyrist lítið í vél, en aðeins veghljóð frá hjólbörðum*

Undanfarið hef ég tekið eftir því þegar ég er að prófa nýja bíla að nánast allir bílar sem ég prófa eru orðnir betur hljóðeinangraðir og lítið heyrist inni í bílunum af utanaðkomandi hljóðum.

Flesta bíla sem ég prófa hávaðamæli ég með símanum mínum og þegar ég byrjaði á þessu var algengt að hávaðinn mældist á bilinu 74-78 db. Nú er svo komið að fáir bílar mælast í meðalmælingu á 90 km hraða með meiri hávaða en 72-74db. Í mælingunni á Honda CR-V mældist meðalhávaðinn vera 70,5db. Stærstan hluta af þeirri mælingu vil ég meina að hafi komið frá gröfum vetrarhjólbörðunum sem gáfu nokkurt veghljóð.



Honda CR-V Hybrid. Myndir / HLJ





Of algengt er að sjá CR-V ljóslausa að aftan í umferðinni.





Langbest er að vera bara alltaf með ljósatakkann svona á CR-V og þá fær maður aldrei sekt fyrir að aka án afturljósa.



Eini mínusinn á bílnum er að það vantar varadekkið, en í staðinn er tjakkur, felgulykill, rafmagnspumpa og efni til að setja í lekt dekk.





Flottur og snyrtilegur frágangur á gírskiptibúnaðnum.





Þó að ég hafi töluvert verið á sporttakkanum var ég ekki að eyða miklu.

### *Skriðvörnin einstaklega góð í Honda CR-V*

Margir nýir bílar koma til landsins með þannig ljósabúnaði að eingöngu kvikna ljós að framan og engin ljós að aftan, en á þessum bílum þarf alltaf að kveikja ökuljósin til að vera löglegur í umferðinni. Honda CR-V kemur svona útbúin og er mjög algengt að sjá CR-V í umferðinni án afturljósa, hins vegar er Honda CR-V þannig útbúin að það má kveikja ljósin og hafa þau alltaf kveikt því að um 10 sekúndum eftir að drepið er á bílnum slokkna ljósin sjálfkrafa.

Í prufuakstrinum sem var í töluverðum snjó og hálku gafst mér tækifæri á að prófa ítarlega skriðvarnarbúnaðinn í bílnum, en áður hef ég sagt frá því að mér hefur fundist Honda CR-V vera með einhverja bestu skriðvörn af öllum þeim bílum sem ég hef prófað. Ég er ekki frá því að skriðvörnin í þessum bíl sé enn betri en þegar Honda kom með sína eigin hönnun á skriðvörn fyrst í CR-V.

### *Flott verð fyrir vel lukkaðan umhverfisvænan bíl*

Honda CR-V Hybrid er fáanlegur í þrem mismunandi útgáfum á verði frá 6.190.000 upp í 6.990.000. Hægt væri að skrifa mikið meira um þennan bíl, en vegna plássleysis verður að stoppa hér, en fyrir áhugasama vil ég benda á sölumenn og heimasíðu Bernhard Vatnagörðum.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.614 kg |
| Hæð | 1.649 mm |
| Breidd | 1.855 mm |
| Lengd | 4.600 mm |

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Hálkuvarnir ekki beint umhverfisvænar í núverandi mynd

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Snjóþyngsli og hálka hafa ekki verið mikil nú í vetur fyrir utan síðastliðinn mánuð. Nóg hefur verið að gera hjá þeim sem moka snjó og hálkuverja síðan í janúar. Ekki er vinsælt hjá öllum það gífurlega magn af salti sem sett er á göturnar til að hálkuverja, saltpækillinn fer afar illa með farartæki.**

Bílar þola misvel saltpækilinn, en þess eru dæmi að skipta hafi þurft út öllu sem viðkemur bremsum á bílum á allt að 20.000 km fresti, bremsubúnaði sem á að öllu jöfnu að duga í 60–80.000 km. Sjálfur hef ég séð tveggja ára gamlan bíl ekinn 24.000 km koma á verkstæði í bremsuviðgerð með tvær af fjórum bremsudælum fastar, en þessum bíl var mest ekið á stóru stofnbrautunum í Reykjavík þar sem mest er saltað.



Margir tóku eftir ljótu sárinu í vegköntunum eftir saltausturinn í fyrravetur. Til að klóra í sköllóttan vegkantinn þá voru settar túnþökur á um eins metra breiðum kafla meðfram Miklubrautinni.

### *Aðgerðir sem mætti líkja við barn sem heldur um rassinn þegar kúkurinn er dottinn*

Saltið sem dreift er á malbikaðar götur slær vissulega á hálkuna og er til góðs fyrir þá sem aka um á ónegldum hjólbörðum og er vissulega mikið öryggismál fyrir vegfarendur. Hins vegar er það óumhverfisvæna hliðin á saltnotkun sem virðist ekki vera mikið í umræðunni, sem eru áhrifin sem saltið hefur.

Saltið mýkir og leysir upp tjöruna í malbikinu, tjaran (olían úr malbikinu) fer svo í snjóinn og því næst kemur snjóruðningstækið og ryður snjónum út í vegkantinn bæði með tjörunni og saltinu í. Í vegkantinum bráðnar svo ruðningurinn með saltinu og tjörunni og lekur í jarðveginn. Þegar þessi blanda af óumhverfisvænum efnum er komin í vegkantinn eftir heilan vetur er jarðvegurinn orðinn svo mengaður að þar virðist ekkert lifa á sumrin.

Svo slæmt var þetta síðastliðið sumar að margir tóku eftir ljótu sárinu í vegköntunum og til að klóra í sköllóttan vegkantinn þá voru settar túnþökur á um eins metra breiðum kafla meðfram Miklubrautinni. Við þær götur sem mest eru saltaðar yfir veturinn virðist ekkert gras vaxa í vegkantinum yfir sumarmánuðina. Það væri forvitnilegt og örugglega vert rannsóknarverkefni að taka jarðvegssýni um 30 cm frá kantsteininum á Miklubrautinni um 500 metrum fyrir neðan Ártúnsbrekkuna. Ég þori að fullyrða að niðurstaðan komi mörgum á óvart.

Sennilega frekar vonlaust verk því að ekki er ólíklegt að jarðvegurinn þar sé mettaður af mengandi efnum sem ekki gefa vonir um grassprettu þarna í vegkantinum.

### *Nagladekk eða ekki?*

Fyrstu bílarnir sem koma á nagladekk á haustin hljóma fyrir mörgum eins og jarðýta sé keyrð á klöpp og í grjóti, svo hátt heyrist í nöglunum berja malbikið. Margir vilja meina að þegar líður á veturinn venjist maður hljóðinu í nagladekkjunum og heyri það ekki, en í maí þegar göturnar hafa ekki verið saltaðar lengi byrja menn að heyra aftur í þeim seinustu nagladekkjum sem enn eru undir bílum.

Eflaust eru einhverjir sem venjast hljóðinu, en að mínu mati er skýringuna að finna á því að við heyrum ekki í nöglunum að þegar búið er að salta fyrstu tvær þrjár saltanirnar sem mýkja malbikið svo mikið að það heyrist ekkert í nöglunum því malbikið er svo mjúkt. Svo þegar hætt er að salta á vorin herðist malbikið aftur og þá byrjar að heyrast í nöglunum aftur.

Þegar malbikið er svona mjúkt er hætta á skemmdum á malbikinu, þá sérstaklega við gatnamót og þar sem eru samskeyti á malbikinu. Í síðustu viku sendi Vegagerðin út viðvörun um að hætta væri á holuskemmdum í malbikinu.

### *Hætta ætti söltun gatna – minna salt, minna slit á götum og minna svifryk*

Persónulega er ég á þeirri skoðun að það ætti algjörlega að hætta öllum saltaustri á götur og í staðinn væru einfaldlega allir á nöglum því það eru ekki naglarnir sem skemma göturnar heldur saltið. Með saltinu fer tjaran úr malbikinu og eftir verður fínn sallinn sem seinna verður að svifryki. Ef ekkert er saltað verður malbikið harðara og göturnar endast einfaldlega lengur, holurnar verða færri.




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR

**Birkir Ármannsson og Brynja Rúnarsdóttir keyptu jörðina Brekku í Þykkvabæ vorið 1998 af Ágústi Helgasyni og Þóru Kristínu Runólfsdóttur.**

Árið 2002 keyptu þau hluta af jörðinni Skinnum og 2015 fjárfestu þau í landi á jörðinni Húnakoti. Á jörðinni er stunduð kartöflurækt, sauðfjárrækt ásamt rækt á nokkrum hrossum.

**Býli:** Brekka.

**Staðsett í sveit:** Þykkvibær í Rangárþingi ytra.

**Ábúendur:** Birkir Ármannsson og Brynja Rúnarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Í Brekku búa Brynja og Birkir ásamt börnum sínum, Bjarnveigu Björk, 19 ára, Bergrúnu Önnu, 17 ára, Birki Hreimi, 15 ára og hundinum Ösku Snælist. Uppkomin börn eru tvö, Guðmundur Gunnar, 31 árs, maki Guðrún Ýr, og Glódís Margrét, 28 ára, maki Eiríkur. Barnabörnin eru Gunnar Baltasar, 10 ára, Mikael Máni, 9 ára, Ólafur Kolbeinn, 4 ára, Brynja María, 2 ára og Brynjólfur Marvin, 2 mánaða.

**Stærð jarðar?** 300 hektarar þar af 45 ræktaðir.

**Gerð bús?** Kartöflurækt, sauðfé og hestar.






**Fjöldi búfjár og tegundir?** 70 kindur og 30 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Á veturna er byrjað á gegningum á morgnana, yfir daginn er sinnt kartöfluplöntunum, svo í lok dags er litið í fjárhúsin.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er sauðburðurinn á góðum vordegi ásamt því að taka upp kartöflur með allri stórfjölskyldunni í góðu haustveðri.

Leiðinlegasta starfið er án efa að taka upp kartöflur í vondu og votu veðri, sérstaklega þegar það dregst fram í október.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Vonandi í blóma með auknum tækifærum.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þau eru í góðum farvegi. Það er ekkert sjálfgefið að fólk gefi sig í þau, en þeir sem sinna þeim gera sitt besta.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Það verður smá brekka núna ef frumvarp landbúnaðarráðherra nær fram að ganga. En við höfum sérstöðu með okkar landbúnaðarafurðir. Við treystum íslenskum neytendum til að velja hreinleika íslenskra afurða.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Það verða alltaf tækifæri að flytja út íslenskar landbúnaðarvörur. Nýjasta dæmið er að Danir er farnir að kaupa íslenska agúrku. Hverjum hefði dottið það í hug fyrir 10 árum?

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Það eru alltaf til berjasultur, egg, mjólk og gulrætur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Á sumrin eru nýuppteknar kartöflur með smjöri og salti langvinsælastar.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar við gáfum fólki færi á því að koma á akurinn og taka upp kartöflur því vætan var svo mikil það haustið að vélar komust ekki um í honum.

## MATARKRÓKURINN

# Lágkolvetna eggjakökuvefjur



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

**Hvort sem þið gerið tacos úr venjulegum pönnukökum eða tortillas-kökum – eða úr eggjakökuvefjum (eins og hér er gert), þá hentar vel að framreiða steik með, sem skorin er þunnt, og fylla vefjuna líka með grænmeti og sósu að eigin vali.**

Það er líka hægt að nota svartbaunabollur inn í vefjur, en þær henta fólki sem er að breyta mataræðinu og vill taka út glúten og sykur.

### Eggjakökuvefjur

- 8 stórar eggjahvítur
- 1/3 bolli kókoshveiti eða glútenlaust mjöl, til dæmis maís eða kartöflusterkja
- 10 msk. vatn
- 1/4 tsk. lyftiduft
- 1/4 tsk. hvítlaukur (saxaður)
- 1/4 tsk. laukduft
- 1/4 tsk. chili duft eða saxaður chili
- 1/4 tsk. salt

**Aðferð**

Blandið saman eggjahvítu, kókoshveiti (glútenlausu mjöli), lyftidufti og vatni í skál. Hrærið vel saman (ætti að vera eins og þunnt deig).

Bætið við kryddi og blandið vel saman.

Hitið pönnu (þá stærð sem þú vilt að tortillan þín sé) á miðlungs hita. Bíðið þar til pannan er heit. Spreyið þá eða penslið pönnuna með olíu og hellið hluta af blöndunni í miðjuna á pönnunni (úr til dæmis ¼ bollamáli).

Hallið pönnunni á öllum brúnum eins fljótt og mögulegt er, til að dreifa deiginu eins þunnt og hægt er.



Þú getur alltaf bætt við deigi. Látið pönnukökurnar eldast í nokkrar mínútur þar til þær byrja að blása aðeins upp. Snúið þeim við og eldið í eina mínútu á hinni hliðinni.

Endurtakið ferlið þar til allt deigið er búið.

Ef deigið er ekki nógu þunnt bætið meira vatni við eggjahvítublönduna og blandið saman.

Framreiðið með salsa og kjöti (eða hakki) og fersku kryddi eins og kóríander.

### Svartbaunabollur (án kjöts)

Kjötlausar kjötbollur eru kannski ekki fyrir alla, en það er algengt í Mið-Austurlöndum að borða falafel með þunnu brauði svipað og gert er með kebab. Í þessari uppskrift er kjúklingabaunum skipt út fyrir svartbaunir fyrir kjötlausan lífsstíl eða bara þá sem vilja bragðgóðan og næringarríkan mat til tilbreytingar.

- ½ bolli hafrar
- 1 ½ bolli niðursoðnar svartar baunir, skolaðar og settar í sigti
- 1 msk. egg (eða vegan útgáfa með 1 msk. hörfræ /chiafræ) blandað með 3 msk. (45 ml) vatni
- ⅓ bolli ferskur eða frosinn maís,



afþíddur ef það er frosinn maís

- ¼ bolli hakkaður vorlaukur
- ¼ bolli ristuð paprika
- 3 msk. salsa, heimagerð, eða bara úr dós
- 3 hvítlauksrif, söxuð
- 2 tsk. cumin-duft
- ½ tsk. þurrkuð oregano
- ½ tsk. þurrkuð basilika
- ½ tsk. reykt paprikuduft
- ¼ tsk. cayenne-pipar
- ⅛ tsk. salt
- svartur pipar

**Aðferð**

Hitið ofninn í 175 gráður.

Vinnið saman hafra (3 eða 4 sinnum mjög stutt ) í matvinnsluvél. Bætið við baunum (án safa) og haldið áfram að vinna saman þar til baunirnar eru gróft hakkaðar. Það er gott að hafa smá bit í baununum. Hrærið eggið eða (fræin í vatni) saman við og hvílið blönduna í nokkrar mínútur.

Setjið blönduna í skál og bætið maís, papriku eða hvaða grænmeti sem er við höndina við. Bætið svo kryddi við, sem má líka leika sér með; til dæmis, lauk, salsa, hvítlauk, cumin, oregano, basiliku, papriku, cayenne-pipar, salt og pipar. Blandið saman þar til allt hráefni hefur blandast vel saman. Best er að nota hreinar hendur í verkið.

Takið handfylli af blöndunni – á stærð við golfbolta – og myndið kúlu. Ef blandan er of blaut skaltu bæta við einni til tveimur teskeiðum af höfrum. Ef blandan er of þurr, bætið einni eða tveimur teskeiðum af vatni.

Setjið formaðar kjötbollurnar á smjörpappír á ofnplötu og setjið í forhitaðan ofninn í um 20 mínútur, eða þangað til þær eru stífar viðkomu. Snúið kjötbollunum varlega á fimm mínútna fresti til að tryggja að þær brúnist jafnt. Góðu fréttirnar eru að þær eru enn betri daginn eftir beint úr ísskápnum! Þær má nota í vefjur, í tómatsósu eða borða bara með sósu og salati.

### Hnetusmjörs- og granólastykki

Þessi óbökuðu súkkulaði-hnetusmjörstykki eru gerð með nokkrum hollum hráefnum og auðvelt að gera. Þessi orkustykki eru fullkomið millimál eða morgunmatur fyrir þá sem eru að flýta sér og eru mikið á ferðinni.

- 1/2 bolli fínt hnetusmjör
- 1/2 bolli hunang
- 1/4 bolli kakóduft eða sykurlaust súkkulaðismjör
- 1/2 tsk. vanilludropar
- 1/4 tsk. salt



- 2 bollar valsaðir hafrar (170 g) eða granola /musli blanda
- 1 bolli poppað kínóa eða rice crispies
- 1/4 bolli saxað lífrænt súkkulaði
- Og skraut að eigin vali, hnetur, kókos, gojiber

**Aðferð**

Setjið smjörpappír eða álpappír inn í fat og setjið til hliðar.

Blandið saman hnetusmjöri og hunangi í skál. Hitið í örbylgjuofni í um það bil 20–30 sekúndur eða þar til það er orðið nógu heitt til að blanda saman. Blandið þar til allt er sameinað.

Bætið í kakóduftinu eða súkkulaðismjöri, vanilluþykkni og salti og blandið vel saman.

Hrærið höfrunum saman við þar og bætið síðan við poppuðu kínóa og smáhökkuðu súkkulaði.

Blandan ætti að vera þykk, en ef ykkur finnst það of þykkt má bæta við smá minna af poppuðu korni og granóla.

Setjið blönduna í formið. Notið hendurnar til að þrýsta þétt niður.

Kælið í 1–2 klukkustundir eða þar til grunnurinn eru nógu harður til að skera í bita. Fjarlægið álpappír/smjörpappír og skerið í um 10–12 bita.

Geymið í loftþéttu íláti í kæli í allt að eina viku.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Kryddað garðaprjónssjal

## – úr Delight

**Einfalt og skemmtilegt sjal prjónað frá hlið með garðaprjóni og röndum. Garnið Delight er á 30% afslætti í mars.**




**Stærð:** Hæð fyrir miðju ca 52 cm. Lengd efst ca 172 cm.

**Garn:** Drops Delight (fæst í Handverkskúnst)

- Litur 1: grænn/beige nr 08: 100 g
- Litur 2: ólífa/ryð/plómu nr 10: 100 g,

**Prjónar:** Hringprjónn 60-80 cm, nr 4

**Prjónfesta:** 21 lykkja = 10 cm

**GARÐAPRJÓN (prjónað fram og til baka):** Lykkjurnar prjónast slétt í öllum umferðum.

**Rendur:**

Allt sjalið er prjónað í röndum. Prjónið *2 umferðir garðaprjón með lit 1 og 2 umferðir garðaprjón með lit 2*, endurtakið frá *-* allt stykkið. Klippið ekki frá þráðinn á milli randa. Látið þráðinn fylgja með meðfram hlið á stykki, passið uppá að þráðurinn verði ekki of strekktur.

**SJAL:** Stykkið er prjónað fram og til baka á hringprjóna. Allt sjalið er prjónað með garðaprjóni (þ.e. allar umferðir slétt).

Fitjið upp 3 lykkjur á hringprjón 4 með lit 1 og prjónið 1 umferð slétt. Nú er prjónað áfram með útaukningum, úrtökum og rendur – sjá útskýringu að ofan. Prjónið þannig:

UMFERÐ 1 (= rétta) litur 1: Prjónið 1 lykkju slétt, sláið uppá prjóninn, 1 lykkja slétt, sláið uppá prjóninn, 1 lykkja slétt = 5 lykkjur.

UMFERÐ 2 (= ranga): Prjónið allar lykkjur og uppsláttinn slétt. Skiptið yfir í lit 2.

UMFERÐ 3 (= rétta): Prjónið 2 lykkjur slétt saman (aðeins laust), prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir, sláið 1 sinni uppá prjóninn og 1 lykkja slétt.

UMFERÐ 4 (= ranga): Prjónið allar lykkjur og uppsláttinn slétt. Skiptið yfir í lit 1.

UMFERÐ 5 (= rétta): Prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir af umferð, sláið uppá prjóninn, 1 lykkja slétt, sláið uppá prjóninn og 1 lykkja slétt.

Endurtakið síðan umferð 2-5 (alltaf skipt um lit í umferð frá réttu) þar til ca 221 lykkjur eru á prjóninum eða prjónið að óskaðri lengd (passið uppá að nægilegt magn af garni sé eftir fyrir affellingu).

Til að fá kant sem er teygjanlegur er fellt af þannig: *fellið af 2 lykkjur, sláið uppá prjóninn og fellið uppsláttinn af eins og venjuleg lykkja*, endurtakið frá *-* þar til allar lykkjur hafa verið felldar af. Klippið frá og festið enda. Þvoið sjalið og leggið í mál.









Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 6 | | 3 | 4 | | 1 |
| | 9 | | | 7 | | | 8 | 6 |
| 4 | | 7 | 8 | | 1 | 5 | | |
| | | 1 | 4 | | | | 6 | 5 |
| | 4 | 6 | | 1 | | 7 | 2 | |
| 2 | 8 | | | | 9 | 3 | | |
| | | 9 | 1 | | 8 | 6 | | 2 |
| 3 | 2 | | | 5 | | | 4 | |
| 6 | | 4 | 2 | | 7 | | | 9 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 1 | | | | 7 | 2 |
| | 3 | | 5 | | 4 | | | 8 |
| 9 | 1 | | 8 | 3 | | | | |
| | | 2 | 3 | 9 | | 5 | | |
| 3 | | 9 | | | | 6 | | 7 |
| | | 8 | | 5 | 7 | 9 | | |
| | | | | 2 | 5 | | 3 | 9 |
| 4 | | | 7 | | 6 | | 1 | |
| 7 | 2 | | | | 3 | | | 4 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 6 | | | | 8 | 3 | |
| | | 5 | 6 | | 8 | 1 | | |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| | 6 | | | 3 | | | 2 | |
| | | 8 | 1 | | 2 | 7 | | |
| | 9 | | | 4 | | | 6 | |
| 6 | | | | | | | | 3 |
| | | 3 | 2 | | 6 | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | | 2 | 7 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 5 | | | | | |
| 2 | 5 | | 6 | | | | | 9 |
| | | 8 | | 3 | | | 4 | |
| | 3 | 2 | 8 | | | | | |
| 1 | | | | | | | | 2 |
| | | | | | 9 | 7 | 5 | |
| | 2 | | | 1 | | 9 | | |
| 3 | | | | | 6 | | 8 | 1 |
| | | | | | 4 | | 7 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Ætla að verða húsasmiður eða bóndi

**Bjarki Snær á kindur og folald, hann er duglegur að sinna dýrunum sínum og hjálpa til við bústörfin.**

Bjarki er líka fótboltaáhugamaður og hefur áhuga á flestum íþróttum.



**Nafn:** Bjarki Snær.

**Aldur:** 12 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Hemra, Skaftártungu/ Klaustur.

**Skóli:** Kirkjubæjarskóli á Síðu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir og náttúrufræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundar og hestar.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa og grillað lambakjöt.

**Uppáhaldshljómsveit:** Jói P. og Króli.

**Uppáhaldskvikmynd:** Engin sérstök en margar skemmtilegar.

**Fyrsta minning þín?** Að vera í girðingavinnu.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Æfi fótbolta og blak.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Húsasmiður eða bóndi.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Vera í Bændablaðinu.

**Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já, ég ætla að borða páskaegg og vera með fjölskyldunni að gera eitthvað skemmtilegt.

**Næst** » Bjarki skorar á Margréti Blandon að svara næst.

LESENDABÁS

# Landsbankinn – Lands bankinn?

**Nokkur umræða hefur skapast síðustu mánuði vegna stöðu ríkisins á bankamarkaði. Ekki þarf að fjölyrða um að ríkið á sem stendur tvo af þremur viðskiptabönkum landsins, Landsbankann (98,2%) og Íslandsbanka (100%).**

Flestir virðast sammála um að slíkt fyrirkomulag gangi ekki til lengdar og ráðamenn þjóðarinnar standa nú frammi fyrir ákvörðunum sem munu hafa gríðarleg áhrif á framtíð bankakerfisins. En hvað er til ráða?



Helgi Héðinsson.

### *Hvítbókin*

Nýverið kom út hvítbók um fjármálakerfið sem ætlað var að skýra línur í þessum efnum. Hópur sérfræðinga á sviði bankamála skilaði afurð sem varpar ákveðnu ljósi á núverandi stöðu og færir sterk rök fyrir því að æskilegt væri að laga rekstrarumhverfi bankanna og að því loknu að selja þá. Það kemur þó á endanum í hlut stjórnmálamanna að marka stefnuna. Að marka stefnu er ekkert einfalt mál, slíkt krefst þekkingar, færni, hugrekkis og skýrrar sýnar á stóru myndina. En hver er stóra myndin?

### *Stóra myndin*

Til að forðast allar vífillengingar má orða það svo. Bankakerfið okkar er einsleitt, illa samkeppnishæft með tilliti til þeirra breytinga sem nú eru að verða og leitt af ríkinu sem hagar sér nákvæmlega eins og hvar annar eigandi myndi gera, en slíkt staðfestir nýútkomið uppgjör Landsbankans fyrir 2018. Kemur þá að kjarna málsins. Hagnaður Landsbankans var 19.260 milljónir króna á liðnu ári og ávöxtun eigin fjár þ.e. hagnaður/eigin fé = 8,2%. Tillaga bankaráðs til aðalfundar í mars verður svo að greiða út 9.900 milljónir króna til hluthafa. Allt saman æðislegt! Frábært að fá meiri peninga í ríkiskassann. Eða hvað?

### *Hverjir borga?*

Við fyrstu sýn kann einhverjum að þykja stórfínt að ríkisbankinn hagnist verulega, ávaxti það fé sem bundið er í starfseminni vel og skili ríkulegum arði til ríkissjóðs. En hverjir eru það sem standa undir hagnaði bankans? Undir hagnaði bankans stendur fólk. Annars vegar einstaklingar sem borga vexti og þjónustugjöld, en hins vegar fyrirtæki sem greiða vexti og þjónustugjöld. Hér verður að hafa í huga að fyrirtæki eru ekkert annað en fólk. Fólk sem á þau, fólkið sem vinnur fyrir þau og fólkið sem verslar við þau. Fólkið borgar. Þú borgar! Við borgum 19.260 milljónir til ríkisins umfram það sem kostar að reka Landsbankann, árið 2018.

Þegar sú mynd rennur upp fyrir manni vakna ótal spurningar. Er það hlutverk ríkisins að reka viðskiptabanka? Er það hlutverk ríkisins að reka viðskiptabanka með kröfu um ávöxtun sambærilega því sem nákvæmlega hver annar eigandi myndi gera? Er það hlutverk ríkisins að reka fyrirtæki sem hagnast verulega af viðskiptum við íbúa landsins? Hver er munurinn á þessu háttalagi og hverri annarri skattlagningu?

### *Mætti hugsa hlutina upp á nýtt?*

Eigendur fyrirtækja eins og Landsbankans hafa í hendi sér hver stefnan er og ýmsir, meðal annarra Frosti Sigurjónsson, hafa leyft sér að velta vöngum yfir því hvort ekki megi nýta Landsbankann með öðrum og skynsamlegri hætti. Það er ekkert náttúrulögmál að viðskiptabanki í ríkiseigu verði að hámarka arðsemi með óhóflegum álögum á viðskiptavini sína í skjóli fákeppni, aðgangshindrana og einsleitni. Til dæmis gæti Landsbankinn orðið hryggjarstykki í fjármálakerfi sem byggði á lægri ávöxtunarkröfu [lesist: álögum á viðskiptavini] líkt og þekkist víða um heim og nærtækast að líta til Þýskalands. Það eina sem þarf til er pólitískur vilji, þekking og þor. Vilji til að marka Landsbankanum skýra stefnu um hóflega ávöxtunarkröfu. Þor til að marka honum stefnu um samfélagslega ábyrga nálgun og þekking til að útfæra stefnuna. Í því samhengi þyrfti að líta til áforma um uppbyggingu höfuðstöðva á dýrustu lóð landsins og nýverið voru launamál bankastýrunnar í brennidepli. Ef til vill mætti jafnframt setja bankanum reglur um að þjónusta byggðir landsins t.d. með ákveðinni þjónustu í öllum landshlutum og/eða skilgreindum byggðalögum.

Gildir einu hvort sú vegferð sem hér er lýst yrði kölluð samfélagsbanki eða endurreisn Sparisjóðanetsins. Lykillinn er þó að slíkt verður ekki gert ani menn að því að selja frá sér einstakt tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt. Tækifærið er núna.

*Helgi Héðinsson*








Landssamtök sauðfjárbænda stefna að kolefnisjöfnun sauðfjárræktarinnar fyrir 2022. Má gera því skóna að skógrækt sauðfjárbænda þurfi að stórauka á allra næstu árum ef það takmark á að nást.

# Samspil sauðfjár og skógræktar – vitum við nóg?

**Í skógarstefnu 21. aldar er talað um að höfuðviðfangsefnið sé að auka flatarmál skóga og að því verði meðal annars náð með friðun lands fyrir beit og með breytingum á fyrirkomulagi beitar. Með aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var haustið 2018 varð kolefnisbinding eitt meginhlutverk Skógræktarinnar.**

Landssamtök sauðfjárbænda stefna einnig að kolefnisjöfnun sauðfjárræktarinnar fyrir 2022. Má gera því skóna að skógrækt sauðfjárbænda þurfi að stórauka á allra næstu árum ef það takmark á að nást.



Skóglendi getur verið frábært beitiland, gróskumikið og skjólgott.

### *Beitarskemmdir eða beitaráhrif?*

Í gegnum tíðina höfum við heyrt að ef skógur verður fyrir beit þá séu það skemmdir. En skógarskemmdir eru afstætt hugtak, þær geta verið efnahagslegar, útlitslegar eða tilfinningalegar. Það er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á þessum þáttum. Þó birkiskógur sé bitinn þannig að hann sé lauflaus eins langt upp og sauðfé nær, eru það útlitslegar eða tilfinningalegar skemmdir en ekki endilega efnislegar. Ef skógurinn fær hinsvegar ekki tíma og frið til að endurnýja sig þegar þess er þörf þá skemmist hann og eyðileggst. Ef ræktaður ungskógur er beittur þannig að einhver tré missa toppsprotann, önnur eru tröðkuð niður eða brotin, eru það ekki endilega skemmdir á skógi, ef nægilega mörg tré eru eftir óskemmd miðað við endanleg markmið skógarins.

„Sérhver grein bitin þýðir ekki skemmt tré. Sérhvert tré bitið þýðir ekki skemmdan skóg," er góð tilvitnun úr erlendri vísindagrein sem vert er að hafa í huga.

### *Mikill kostnaður af friðun*

Kostnaður við friðun og vörslu skóga er gríðarlegur, en það er á könnu Skógræktarinnar að meta hversu lengi hennar er þörf hjá einstökum bændum sem eru í skógrækt á lögbýlum. Stytting þess tíma, eða jafnvel að sleppa friðun fyrir ákveðnar trjátegundir þar sem beitarþungi er lítill, þýðir sparnað og þann sparnað má vega upp á móti hugsanlega auknum kostnaði við nýskógrækt fyrstu árin vegna einhverra aukinna affalla samhliða hugsanlegri beit. En í dag er ekki til næg þekking til að almennt skipuleggja skógrækt samhliða beit, eða skipuleggja beit í grónum skógi. Þó vissulega hafa nokkrir einstaklingar mikla og góða reynslu af beit í sínum skógi.

### *Hvernig má beita?*

Varasamt er að draga of almennar ályktanir af einstökum beitarrannsóknum. Grunninn þarf að breikka og styrkja. Niðurstöður í meistaraverkefni mínu um sauðfjárbeit í ræktuðum ungskógi gilda t.d. bara fyrir sumarbeit lerkis í mólendi. Þó niðurstöður þess hafi bent til að óhætt sé að beita ungan lerkiskóg yfir sumartímann ef nægur annar gróður er til staðar, má ekki álykta sem svo að sauðfjárbeit í skógi sé í fínu lagi við allar aðstæður. Verkefnið var bara lítill biti í það púsluspil sem sem setja þarf saman um beit í íslenskum skógum.



Æ fleiri bændur spyrja nú hvenær óhætt sé að sleppa búsmala og þá í hversu miklu magni á skógræktarland sem vaxið er úr grasi án þess að valda óásættanlegum skemmdum eða afföllum á trjágróðrinum.

Skóglendi getur verið frábært beitiland, gróskumikið og skjólgott. Æ fleiri bændur spyrja nú hvenær óhætt er að sleppa búsmala og þá í hversu miklu magni á skógræktarland sem vaxið er úr grasi án þess að valda óásættanlegum skemmdum eða afföllum á trjágróðrinum. En það er alveg ljóst að engar algildar reglur eru til og virk beitarstýring er alltaf nauðsynleg í skógarbeit og því þarf að fylgjast vel með hegðun sauðfjár í skógi og vera tilbúinn að grípa inn í ef þess er þörf.

### *Við þurfum að rannsaka meira*

Skógræktarfólk býr yfir gríðarlegri og góðri þekkingu á áhrifum veðurfars, jarðvegsskilyrða, skordýra og sjúkdóma á tré og skóga og hvernig megi bregðast við þeim. Áhrif húsdýrabeitar hafa nánast ekkert verið rannsökuð. Einnig hefur lítið farið fyrir beitarrannsóknum í sauðfjárrækt síðan rannsóknir RALA fóru fram fyrir um 40 árum.

Mest er þörf á frekari rannsóknum á mun á beitaráhrifum milli trjátegunda og mismunandi beitartíma sauðfjár. Best væri að þær rannsóknir væru gerðar með mismunandi beitarþunga, vegna þess hve erfitt er að gefa út leiðbeiningar um beitarþunga ef meðferðirnar eru einungis beit/ekki beit. Allt land er hægt að eyðileggja með of þungri beit, hvort sem það er skóg eða mólendi. Og engin þörf er á að rannsaka HVORT beit geti skemmt skóga heldur HVERNIG. Rannsóknir ættu bæði að beinast að hvort og hvenær óhætt er að beita skóg, bæði alders-, stærðar- og tímalega og áhrifum á endurnýjun skógar. Fyrr er ekki hægt að gefa út neinar traustar leiðbeiningar um hvernig skógrækt og beit fara saman. Einnig væri áhugavert að skoða mun á áhrifum skógarbeitar milli sauðfjár, nautgripa og hrossa, en þó eru rannsóknir á sauðfjárbeit brýnastar þar sem sauðfjárbeit er sú nýting sem mest áhrif hefur á úthaga.

### *Breytt nálgun nauðsynleg?*

Á tímum skipulagðrar skógræktar sl. öld hefur þess verið vandlega gætt að aðskilja skóglendi og beitardýr. Eðlilega, þar sem fyrri reynsla af nýtingu náttúrulegra skóga á Íslandi gaf ekki ástæðu til annars. Beit birkiskóga var af illri nauðsyn stunduð hér á landi með hagsmuni búfjár í huga frekar en skógarins. Í dag lifum við á öðrum og breyttum tímum og er því ekki kominn tími til að skógræktarfólk og sauðfjárbændur hugi að breyttri nálgun?

***Guðríður Baldvinsdóttir**, sauðfjár- og skógarbóndi á Lóni*
*Höfundur er skógarbóndi og MSc í skógrækt með áherslu á sauðfjárbeit í lerkiskógi*

LESENDABÁS

# Ráðherra slær ryki í augun á bændum!

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggur til að við afnemum leyfisveitingakerfi sem við reiðum okkur á til að verja heilbrigði búfjárstofna okkar og heilnæmi matvæla. Þetta er samkvæmt frumvarpi sem hann kynnti 20. febrúar sl.**

Um leið og hann reynir að fullvissa okkur um að ekkert sé annað í stöðunni þá slær hann ryki í augun á mönnum og segir að farið verði í heilmiklar aðgerðir samhliða þessu.

Aðgerðir sem vel á minnst væri flestar auðvelt að fara í án þess að afnema leyfisveitingakerfið.

Þetta eru líka aðgerðir sem við höfum enga vissu fyrir því að virki eða séu varanlegar.

Í stað þess að narta sífellt af íslenskum bændum ættu stjórnvöld frekar að sjá sér hag í því að gefa frekar í þegar kemur að íslenskri landbúnaðarframleiðslu.

Þetta eru staðreyndir sem skipta máli:



Einar Freyr Elínarson.

- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein stærsta ógn við lýðheilsu í heiminum. Sú ógn hefur farið ört vaxandi.
- Ísland hefur frábæra stöðu. Viljum við í alvörunni fórna henni til þess eins að stórkaupmenn Íslands geti grætt meiri pening á íslenskum neytendum?
- Búfjársjúkdómar sem hingað til lands bárust með misráðnum innflutningi hafa ýmist verið upprættir eða þeim haldið í skefjum með markvissu varnarstarfi af hálfu bænda.

Okkur er sagt að aðrir og mikilvægari hagsmunir trompi allt það sem hér hefur verið rakið. Það gæti haft svo svakalega slæm áhrif á sjávarútveginn ef að stjórnvöld myndu reyna að taka slaginn með landbúnaðinum.

Fólk verður að hafa okkur sauðfjárbændur afsakaða. Okkur sem höfum upplifað stöðugan tekjusamdrátt á einu mesta hagvaxtarskeiði þjóðarinnar. Hafið okkur afsakaða meðan við neitum að taka þátt í því að vera þröngvað enn nær bjargbrúninni á meðan við horfum á kvótagreifana á snekkjum úti á sjóndeildarhringnum!

Allt það sem við höfum barist fyrir, allt það sem við höfum unnið fyrir og allt það sem við skuldum næstu kynslóðum má ekki verða kastað á glæ til þess eins að þeir allra ríkustu á Íslandi verði enn ríkari!

*Einar Freyr Elínarson,*
*formaður Félags sauðfjárbænda í Vestur-Skaftafellssýslu*



Þingeyrarakademían að störfum. Mynd / Haukur Sigurðsson

## Þingeyrarakademían ályktar:
# Enn þá meira um bankamálin

**Höfuðstöðvar Landsbankans, banka allra landsmanna í Austurstræti, er hús með sál og sögu. Þeir eru ekki margir bankarnir norðan Alpafjalla sem eiga svona fallega byggingu. En nú skal byggja nýja peningahöll úr steypu, járni og gleri á dýrasta stað í höfuðborginni og bílakjallara við hæfi. Níu milljarðar þar.**



Gangur í höfuðstöðvunum. Ómetanleg listaverk Kjarvals prýða þar veggi og víðar í bankahúsinu.

Sennilega 15 milljarðar þegar upp verður staðið. Þingeyrarakademían leggur eindregið til að þessari vitleysu verði hætt nú þegar og lóð og heila klabbið selt.

Drottningin í væntanlegri voða stórri höll hefur á skömmum tíma fengið launahækkun sem er á við fimmföld mánaðarlaun verkamanns. Fimmföld. Þar með hefur hún ellefu sinnum hærri laun en gjaldkerinn í bankanum. Rök bankaráðsins eru þau að hún átti að fá þessa hækkun! Frúin í Íslandsbanka er svo sér á báti sem við höfum ekki þrek til að ræða. Ef fer sem horfir verða þessar ofurkonur fljótlega komnar með 10-15 milljónir á mánuði. Þingeyrarakademían leggur hins vegar til að enginn ríkisstarfsmaður hafi hærri laun en 2 milljónir á mánuði.

Allt sem hér hefur verið rakið er eins og blaut gólftuska framan í landsmenn. Bankasýslan og ráðherra koma af fjöllum og biðja náðarsamlegast um upplýsingar. Er enginn maður með viti sem fylgist með bönkum allra landsmanna?

Spyrja verður einnig: Hvað eru bankaráðsmennirnir með í árslaun fyrir dómgreindarleysið?

***Þingeyrarakademían***

# Alþingi hafnaði „hráakjötinu“ alfarið

**Það var ófrávíkjanlegt skilyrði Alþingis fyrir samþykkt sk. matvælalöggjafar Evrópusambandsins 2009 að áfram væri bann við innflutningi á hráu ófrosnu kjöti, hráum eggjum, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum ósútuðum skinnum.**

Málið hafði fjórum sinnum verið lagt fyrir Alþingi Íslendinga sem hafnaði því afdráttarlaust að leiða „matvælapakka ESB“ í heild sinni sinni í íslensk lög þrátt fyrir yfirlýsingu sameiginlegu EES nefndarinnar á sínum tíma um að það yrði gert.

### *Lýðheilsa og heilbrigði búfjár er ekki verslunarvara*

Það var mat Alþingis 2009 að það væri réttur Íslendinga að ákveða sjálfir öryggiskröfur sínar varðandi vernd heilsu manna og dýra og á þeim forsendum var „matvælapakkinn“ samþykktur á Alþingi með skýrt skilgreindum frávikum.

Heilbrigði íslenskra búfjárkynja og lýðheilsa þjóðarinnar er á pólitískri ábyrgð íslenskra stjórnvalda en ekki verslunarvara í almennri samkeppni sem lýtur lögmálum frjálsra viðskipta. Á þeim forsendum var „matvælakaflinn“



Jón Bjarnason.

samþykktur á Alþingi, annars hefði hann aldrei verið afgreiddur.

Mín skoðun sem ráðherra á þeim tíma er sú að „Matvælakafli“ ESB og innleiðing hans sé allur fallinn úr gildi eftir dóm Hæstaréttar í málinu. Í meðferð þingsins voru öll þessi ákvæði samningsins óaðskiljanleg og ekki hægt að fella einn þátt úr gildi án þess að það taki til samningsins í heild. Alþingi var því fullkomlega ljós á þeim tíma alvara málsins.

### *Gangur málsins á Alþingi*

Við innleiðingu á „matvælapakka“ ESB þurfti að breyta ýmsum lögum.

Mest var tekist á um hráakjötið, breyting á þeim undanþágum sem Ísland hafði haft frá I. kafla í viðauka I við EES samninginn, þ.e. undanþága frá frjálsu flæði á lifandi dýrum, hráum sláturafurðum o.fl.

Lögð voru fram fjögur frumvörp fyrir jafnmörg þing sk. bandormar til breytinga á ofangreindum lögum, sem öll fylgja hér með, merkt frv.1-4.

Fyrst var lagt fram frumvarp á vorþingi 2008 (135. löggjafarþ. þskj. 825-524. mál, merkt hér frv. 1). Í því var gert ráð fyrir að leyfisveitingakerfi fyrir hrátt kjöt o.fl. yrði fellt niður. Það frumvarp mætti mikilli andstöðu í þingnefnd og var ekki afgreitt.

Næsta frumvarp (frv. 2) sama efnis var lagt fram í janúar 2009 (136. löggjafarþ. þskj. 418-258. mál). Það mætti áfram mikilli andstöðu og var heldur ekki afgreitt úr þingnefnd.

Frumvarp 3 var lagt fram á sumarþingi 2009 (137. löggjafarþ. þskj. 241-147. mál). Þar var gerð sú meginbreyting að innflutningur á hráum sláturafurðum o.fl. var áfram gerður leyfisskyldur m.a með frystikvöðum.

Þetta frumvarp varð heldur ekki að lögum, en fjórða frumvarpið var lagt fram haustið 2009 (138. löggjafarþ. þskj. 17-17. mál).

Í því frumvarpi var ein efnisleg breyting frá því þriðja, þ.e. að bætt var við hráum eggjum, ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum við bannvörur í 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (32. gr. frv.).Þetta frumvarp varð að lögum nr. 143/2009.

### *Alþingi hafnaði „hráakjötinu“ alfarið*

Það var fullreynt sumarið 2009 að lög sem heimiluðu innflutning á hráu ófrosnu kjöti yrði ekki afgreidd á Alþingi.

Því var ákveðið í frumvarpinu sem flutt var sumarið 2009 að halda innflutningsbanninu og frystiskyldunni, en tekið fram í greinargerð að það væri ekki í samræmi við samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þannig var málið einnig kynnt í ríkisstjórn og fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu 2009 að bannið við innflutningi á hráu ófrosnu kjöti, hráum eggjum og ógerilsneyddri mjólk væri í samræmi við það sem Ísland hafði samið um við EES og vísaði þar til 13. gr. EES-samningsins. Þannig var frumvarpið samþykkt samhljóða og mótatkvæðalaust á Alþingi sumarið 2009. Það var mín ætlan sem ráðherra að fylgja þessum málum eftir beint á pólitísku plani við stjórnendur ESB en fékk því miður ekki ráðrúm og tíma til þess.

### *Þjóðaröryggismál í höndum forsætisráðherra*

Hér er um eitt dýrasta lýðheilsumál þjóðarinnar að ræða og mikið í húfi. Ég legg til að forsætisráðherra Íslands, Katrín Jakobsdóttir, taki matvælalöggjöfina og „hráakjötsmálið“ beint upp í viðræðum við þjóðarleiðtoga ESB og leiti eftir staðfestingu þeirra á sameiginlegum skilningi þjóðanna á þessu mikilvæga hagsmunamáli Íslendinga

*Jón Bjarnason,*
*fyrrum landbúnaðarráðherra*

# Þunglyndislyf og atferli fiska

**Nýlega var birt grein sem ber heitið „Behavioural alterations induced by the anxiolytic pollutant oxazepam are reversible after depuration in a freshwater fish“ í tímaritinu Science of the Total Environment, þar sem Magnús Thorlacius, sérfræðingur á botnsjávarlífríkissviði Hafrannsóknastofnunar, er einn höfunda.**

Á vef Hafrannsóknastofnunar segir að mengandi efni frá lyfjaiðnaði hafi fundist í náttúrunni víðs vegar á jörðinni en rannsóknir hafa nýverið leitt í ljós margs konar neikvæð áhrif á heilsu villtra dýra.

Þar á meðal eru efni á borð við benzodiazepam, sem er virka efnið í þunglyndislyfinu oxazepam, og getur borist út í umhverfið með þvagi neytenda. Slík lyf verða sífellt útbreiddari, en í vatnakerfum þéttbýlla svæða getur styrkleiki þeirra náð slíkum hæðum að atferli fiska gjörbreytist. Hingað til hefur hins vegar lítið verið skoðað hvort áhrifin séu afturkræf. Í greininni var sýnt fram á að þunglyndislyfið oxazepam, í styrkleika sem er að finna í ánni Fyrisån í sænsku borginni Uppsölum, breytir atferli vatnabobba (Lota lota), en að áhrifin ganga til baka eftir fáeina daga í hreinu vatni.

Fiskarnir urðu minna varir um sig og meira aktívir á meðan lyfjanna var vart og þar af leiðandi auðveldari bráð fyrir ránfiska og fugla. Mikil áhersla hefur víða verið lögð á að rannsaka áhrif lyfja sem þessara á vatnalífverur, sem hefur sýnt sig að eru misnæmar fyrir lyfjunum, en lítið verið skoðað hvort áhrifin séu afturkræf. Hér er sýnt fram á að of er allavega ein tegund sem verður ekki fyrir varanlegum áhrifum af þunglyndislyfinu oxazepam.

Tilraun þessi átti sér stað í Svíþjóð þar sem áhrif mengunar frá lyfjaiðnaði hefur verið rannsökuð í tæpan áratug í kjölfar þess að hár styrkleiki þunglyndislyfja mældist í ám og vötnum í og við þéttbýli.

Hvort áhrif sem þessi eigi sér stað á Íslandi er ekki vitað en þau hafa lítið verið rannsökuð. Þéttleiki byggðar hér á landi er augljóslega lægri en í erlendum stórborgum en notkun þunglyndislyfja á Íslandi er á móti mjög algeng. /VH



# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.


**STARFSMENN**
**til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma**

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta

**551 5000**
**proventus@proventus.is**

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is




Til sölu **hlaupaköttur**, nýr og ónotaður eins og á mynd. Lyftir 1500 kg. Bitar, fylgihlutir, rafmagnsbraut og fjarstýring fylgja með.



Til sölu 90 KW **glussadælustöð**, 100 l, 250 bör.



Til sölu **hakkari**, 2000x3600 mm. Hentar til hökkunar á brotmálmi og plasti, knúinn með dælustöð.



Til sölu **hita element** fyrir heitt vatn, með fjórum viftum. Málin á elementi eru 4100x1520 mm. Mótorar eru 4x2,2 KW. Hentar fyrir þurrkara til að þurrka korn eða hita upp stór rými.

**Þörungaverksmiðjan hf.**
**S. 892-3387**



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu. Erum með tvo grillskála á útsölu, tilvaldir til að lengja grilltímabilið út árið. Verð 756.000 kr. Eigum einnig 60m² bílskúr á gamla verðinu. Standard stærðir: 40m², 60 m², 84 m², 112 m², 140 m² Einnig nokkrar stærðir af hesthúsum og reiðskemmum. Fermetraverð byrjar ca. í 19.500 kr. +vsk. í óeinangruðu. Tökum einnig við sérpöntunum. Upplýsingar fást á vefsíðunum www.bruarsmidir.is og www.sparenergihus.dk Netföng: raggi@bruarsmidir.is og grs@sparenergihus.dk eða í síma 862-8810, Ragnar.



Íbúðargámur og wc/sturtugámur. Íb.gám er skipt í 2 rými með kojum og hillum (kr.1.375.000). WC/sturtugámur er með vegg á milli. Uppl. 893-2550, Halldór.



Þak fæst gefins gegn því að það verði fjarlægt, ca 500 m2 eða ca 17x29,4 metrar að stærð. Það eru límtrésburður og yleiningar í þakinu. Áhugasamir hringi í síma 820-9720. Húsið er staðsett að Furugrund 3 Kópavogi.



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til leigu er 40 hektara land í Fljótshlíð, þar af um helmingur gamalræktuð tún. Hægt að nýta til slægna og/eða beitar. Mikil náttúrufegurð og stuttar og langar reiðleiðir í allar áttir. Áhugasamir sendi póst á ehgrein@gmail.com.

**BÍLJÖFUR VARAHLUTIR**

Eigum á lager varahluti í Jeep, Chrysler og Dodge. Sérpöntum í allar tegundir frá USA. Hagstætt verð. Bíljöfur - varahlutir ehf. Smiðjuvegi 72, Kóp. Sími 555-4151 – varahlutir@biljofur.is



Vorið kemur! Til sölu harðdugleg og einföld tæki til niðursetningar og upptöku á kartöflum. Innflutt nýtt fyrir tveimur árum. Verð 550.000 kr. settið. Uppl. í síma 849-1995.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.




Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Komatsu 130 til leigu. Góð lítið notuð vél í toppstandi, fjórar skóflur, tilt skófla, skurð skófla og skurð skóflur. Er með tönn. Uppl. í síma 822-8844.



Steinmeyer orgel í safnaðarheimili Grensáskirkju er til sölu. Orgelið er 6 radda frá verksmiðjunni Steinmeyer í Þýskalandi. Orgelið er með einu hljómborði og viðtengdum pedal. Í pedal er 16' sjálfstæð rödd – Subbas. Orgelpípur eru í svellskáp með sveller. Orgelið hefur mekanískan traktur. Orgelið er til sýnis á opnunartíma kirkjunnar frá mánudegi–fimmtudags kl. 10-14. Uppl. gefur Ásta Haraldsdóttir, organisti Grensáskirkju, í síma 892-3162 og astahar@internet.is.




Til sölu brynningarskál fyrir hesta eða nautgripi. Hannað á IBC tank, IBC tankur er þessi hvítu 1.000 lítra tankar. Ég er með alls konar tengi fyrir þessa tanka. Þú getur skoðað hvað ég er með á alltfalt.com eða á alltfalt.is



Kia Rio EX 1,4 - árg. 2015. Til sölu vel með farin Kia Rio, ekin 53.000 km. Uppl. í síma 860-0781.



Fjarðabyggð hefur til sölu veghefil af gerðinni O&K Fauna 156A. Nánari upplýsingar veitir Ari Sigursteinsson gegnum netfangið ari.sigursteinsson@fjardabyggd.is



Til sölu nýtt klósetthús 19,2 fm +6,5 fm verönd. 4 wc básar og 3 vaskar m/hitaelimenti. Tilvalið fyrir ferðaþjónustuna. Ásett 3,9 milljón kr. Uppl. í síma 698-3730 og 483-1818.



Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 L / mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is


**KRAFTVÉLAR**

# Til sölu

**TILBOÐ**

## Valtra
**N123 HiTech 3**











- Árgerð: 2014
- Hestöfl: 135
- Vinnustundir: 2.000
- Gírkassi 36×36
- Vökvaúttök 3 ventlar (6 úttök)
- Aflúttak - 2 hraða
- Miðstöð
- Góð dekk

Lítið notuð vél með góða sögu og vel útbúin

**Verð:**
**7.560.000.- kr. án vsk.**

**Tilboð:**
**7.290.000.- kr. án vsk.**

**TILBOÐ**

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „M" Diagonal
Án festinga
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „HD"
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 175.000 kr. + vsk



Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 315.000 kr. + vsk



Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 692 kg,
Tveir glussatjakkar
Verð: 625.000 kr + vsk

AFLVÉLAR
Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, sími: 480-0000
aflvelar.is - sala@aflvelar.is



Til sölu Arctic cat El Tigre 6000, árg. 2014, ekinn 1.044 km. Ný reim fylgir. Eðaleintak. Uppl. í síma 660-6633.



Aðeins 45.000 kr. Þessi göngubraut er algjör draumur, því hægt er að fella hana næstum alveg saman eftir notkun. Frí heimsending. Hámarks þyngd notanda 90 kg. Uppl. í síma 661-1902.



Göngubraut / hlaupabretti aðeins 69.500 kr. Hámarks þyngd notanda: 110 kg. 8 prógrömm. Max hraði 14 km/klst. Þrektæki, sími 661-1902. Frí heimsending.



Taðgreip, Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður vandaður búnaður frá Póllandi. Allar festingar fáanlegar. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Samasz snjótennur. Verð frá kr. 666.000.- án vsk. Búvís sími 465-1332.



Samasz snjóplógar. Verð frá kr. 495.000. Búvís sími 465-1332.



Göweil brýnsluvél fyrir rúlluvélahnífana. Verð kr. 272.000 án vsk. Tryggið ykkur eintak fyrir heyskapinn 2019. Nánari uppl. í síma 465-1332.



Til sölu er dráttarbíll og vélavagn. Dráttarbíll: Scania LBS 140, árgerð 1976. Bíll í góðu standi, vel dekkjaður og gott viðhald. Vélavagn: Borco, árg. 1992. Þriggja öxla á loftpúðum, vel dekkjaður og í góðu standi. Verð alls kr. 3.000.000 +vsk. Er einnig með til sölu Hyundai Rolex 160LC-3, árg. 2000, vinnustundir 6.735. Gott ástand og umhirða. Verð 2.800.000 kr. + vsk. Uppl. í síma 761-1685.



Vantar nýjan eiganda að Ford F600, árg. 1964, dísil. Alvöru vörubíll, nærri eins og nýr. Gaman að eiga og varðveita. Verð eftir samkomulagi. Uppl. í síma 854-3716.



Land Rover Defender árg. 2005, ekinn 240 þús. Verð 2.450.000 kr. 9 sæta og 5 bólstruð leðursæti. Heill og snyrtilegur. Skipti á ódýrari. Uppl. í síma 898-9078.



Til sölu Toyota Tundra Crewmax LIMITED 5,7 hemi 382 hö, árg. 2008. Ekinn 190 þús. km. Metanbreyttur með nánast öllum aukabúnaði. Verð 2.990.000 kr. Frekari upplýsingar hjá IB ehf Selfossi s. 480-8080 eða raðnúmer 201155 inn á bilasolur.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Polaris Sportman x2 700cc, árg. 2008 til sölu. Ekið 6.380 km. Spil. Hiti í handföngum og þumli. Dráttarkúla. Sturtanlegur pallur. Ný olía og sía. Hvít númer. Skoðað 2019. Verð kr. 1.080.000. Flott hjól. Uppl. í síma 893-1367 .



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485 með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Til sölu Polaris Sportsman turing 2018, ekið 2.7xx km. Fullt af aukabúnaði, töskur o.fl. Ný dekk. Verð 1490.000 kr. +vsk. Uppl.gefur Ragnar Böðvarsson í s. 698-0086. Netfang: raggibobo@gmail.com



Jarðtætarar, pinnatætarar og diskaherfi í ýmsum stærðum og útfærslum. Þessi er 180 cm og kostar 295.000 kr. +vsk. www.hardskafi.is - s. 896-5486.



Notuð bílskúrshurð, „Hörmann", örlítið skemmd. Passar fyrir op sem er 3x2,5 m. Virkar eðlilega. Nýjar brautir fylgja. Fæst fyrir 110.000 kr. (Nývirði 212 þús.) Áhugasamir hafi samband við Hörð Þórleifsson, Mosateig 10, Akureyri. Sími 895-7981 eða netfang: hordurthor@simnet.is



Búnaður á stórvirkar vinnuvélar. Skóflur með vængjum, allt að 6 m3. Skóflur í mörgum útfærslum fyrir allt að 16 m3. Snjóplógar í mörgum útfærslum. Allur annar frambúnaður fyrir verktaka. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl.13-16.30. www.brimco.is



Nýkomnir á lager. VERDO gæða spónaköggla í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is Opið frá kl. 13-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafm. læsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg. Í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 21.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og -önnur störf. Álskaft og plast greiða nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Skóbursti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv. grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 8.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



**Bobcat E16**
Árg. 2013, 1.908 vst. 1.600 kg, 3 skóflur og ný Ifor Williams tækjakerra með sliskjum. 2,7 tonn - 2,18 tonna burðargeta.
*Verð: 2.900.000 kr. + vsk.*



**Yanmar SV18 smágröfur**
1,95 tonn. Til á lager



**JCB 3CX traktorsgrafa**
Árg. 2016. 2.560 vst.
Þrjár skóflur.
*Verð: 11.500.000 kr. + vsk.*



**Liebherr R926 LC beltagrafa**
Árg. 2011, 4.900 vst.
Vökvahraðtengi, ein skófla.
*Verð: 12.000.000 + vsk.*



**Liebherr 13HM, byggingakrani**
Árg. 2014. 22 m bóma.
500 kg í 22 m. 1,5 tonn max.
*Verð: 7.900.000 + vsk.*



**Liebherr L538 hjólaskófla**
Árg. 2007. Vökvahraðtengi, skófla og gafflar.
*Verð: 6.000.000 + vsk.*



**Eichinger** steypusíló og brettagaflar í miklu úrvali.



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali.



**Weber** jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.



**PMC** snjóplógar og skóflur. Til á lager.

**Uppl. í síma 660-6051**

MERKÚR
www.merkur.is



Ford Transit 350L4 Trend´17. Ekinn10.400 km. Pallur 2,4 x 3,4 m. Dísel 2.0 131HP, frammdr., 7 manna, dráttarkrókur, bakkmyndavél, vinnuljós. Verð 3.990.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 893-2550.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning &kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á Facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com



Traktorsdrifnar rafstöðvar (AgroWatt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís, sími 465-1332.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Vorum að fá ýmsar stærðir af traktorsdekkjum. Búvís, sími 465-1332.



Lipur hjólaskófla til sölu. Caterpillar IT 14. Keyrð 6.500 klst. Uppl. í síma 767-5050, Heimir.




Keðjutalía og hlaupaköttur. Búvís. Sími 465-1332.



Áburðardreifarar fyrir dráttarvélar. Pólskir dreifarar á mjög hagstæðu verði. Galvaniseraður belgur, hnífar og vængir SS stál. Kastlengd: 12 - 28 metrar. Glussadrifin opnun / lokun. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Snjótönn og snjóskófla. Upplýsingar í síma 892-5050.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Wendel



**Hilltip Icestriker 550–1600 L**
Salt og sanddreifarari í þremur stærðum, fyrir pallbíla sem og minni vörubíla. Rafdrifin 12V.



**Hilltip Icestriker 120–200 L**
Salt og sanddreifari fyrir jeppa, pallbíla eða lyftara. Rafdrifin 12V.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa . Fáanlegir í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótennur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegar í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SML**
Snjótennur fyrir minni vörubíla ca. 7,5 tonn. Fáanlegar í 260–300 cm breidd.



**Hilltip Rotating Sweeper**
Vökvadrifinn sópur fyrir pallbíla og minni vörubíla. Fáanlegur í 180-200-220 cm breiddum.

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S: 551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

# ÞUNGLYNDI – KVÍÐI OG VANLÍÐAN

**Margir þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni að leita sér lækninga vegna þunglyndis-einkenna. Bændur eru þar engin undantekning.**

Möguleikarnir á að læknast af þunglyndi eru góðir og meðferð, svo sem lyfja- eða samtalsmeðferð, styttir sjúkdómstímabil og getur dregið úr einkennum.



*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

**ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?**

PORT hönnun

**Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303**

**Bændablaðið**

## Til sölu

Hestastíur, nýjar 17 stk. á Akureyri. Galvaníseraður rammi með boga og hurð með boga 90 cm breið. 14 stíur eru 2 metrar á breidd og 2,27 m á lengd/dýpt, ein stía er 3,7 m á breidd og 2,27 m á lengd, og tvær stíur eru 2,1 m á breidd og 2,27 m á lengd. Timbur heflað og nótað lerki. Myndir og teikningar með öllum málum í gegnum tölvupóst. Verð 278.000 stk. m. vsk. Uppl. í síma 863-8810, netfang: vidarholt@vidarholt.com

Fagor rafmagnshitari, 15 lítra. Eitthvað notaður. Selst á 15.000 kr. Uppl. í síma 663-2179.

A4 Audi, árg. 1995. Keyrður 182.000 km. Demantssvartur. Leðraður, rafmagn, auka dekkjagangur. Yfirfarinn og skoðaður 2020. Tveir eigendur. Uppl. í s. 891-9900.

Til sölu bjálkahús 15-20 fm. rétt utan við Borgarnes. Uppl. í síma 893-4958.

Til sölu 2 stk. kælivélar. Uppl. í síma 898-8711.

## Óska eftir

Kaupi gamlar hljómplötur, kasettur og tónlistartengt efni. Staðgreiði stór plötusöfn. Uppl. í síma 822-3710 og netfangið olisigur@gmail.com

Járnrennibekkur óskast til kaups. Margt kemur til greina. Uppl. sími 852-3538 eða senda á gudmundurhg@internet.is

Óska eftir Bronco 2 - skel eða boddý. Ástand bíls skiptir litlu en skel þarf að vera þokkalega heil. Má þarfnast temmilegra ryðbætinga. Á sama stað óskast árg. ´94- ´98 Dodge Ram til varahluta. Uppl. í s. 787-2159.

Halló, er ekki einhver þarna úti sem liggur með keramik helluborð? Stærð 50-60 cm. Gjörið svo vel og hringið í s. 553-8449 eða 847-4581.

Vantar gott ryðlaust boddý af Nissan Patrol. Uppl. í síma 868-3539, Árni.

## Atvinna

Chiara, tvítug frá Þýskalandi, óskar eftir starfi á sauðfjárbúi eða garðyrkjubúi. Hún verður hér á landi 22. maí – 6. júní. Upplýsingar gegnum netfangið fritzchi@web.de

Cheref, 54 ára frá Alsír, langar að kynna sér aðferðir íslenskra bænda meðan hann dvelur hér í ágúst 2019. Upplýsingar í gegnum netfangið charef.tassani@gmail.com eða í s. 00213773392773.

Silke óskar eftir fullri vinnu á búfjárbúi. Hún getur hafið störf í apríl og væntir þess að vera í eitt ár við störf. Nánari upplýsingar í gegnum netfangið Silke.Joosten@gmx.de eða í s. 0049 177 8687082

## Einkamál

22 ára gömul stúlka óskar eftir að kynnast lífsförunauti á aldrinum 27-37 ára. Áhugasamir hafi samband í gegnum netfangið elsaemilsd@gmail.com eða símanr. 822-5428.

## Húsnæði

Fjölskylda óskar eftir að flytja í sveitina! Árborg og Ölfus eru draumastaðsetningin en skoðum allt. Erum að leitast eftir langtímaleigu. Erna s. 662-5417, ernasofie85@gmail.com

Hann rétti út hönd sína frá himni og greip mig, dró mig upp úr vötnunum djúpu... Hann leiddi mig út á víðlendi, leysti mig úr áþján.
Sálm. 18.17,20
biblian.is






















## Matarmarkaður Íslands um helgina í Hörpu

**Matarmarkaður Búrsins heitir nú Matarmarkaður Íslands. Hann verður haldinn í Hörpu í Reykjavík helgina 2.–3. mars.**

Fjöldi söluaðila koma í bæinn og bjóða sínar vörur: bændur, sjómenn og smáframleiðendur með alls konar matarhandverk víðs vegar af landinu.

Uppruni, umhyggja og upplifun eru einkunnarorð markaðarins en aðgangur er ókeypis.















# CLAAS dráttarvélar – Augljós valkostur

**Fjölbreytt lína CLAAS dráttarvéla frá 75 til 530 hestöfl tryggir bændum og verktökum vél við sitt hæfi.**
**Ríkulegur staðalbúnaður og aukabúnaður sniðin að þörfum hvers og eins.**
**Hafið samband við sölumenn okkar og kynnið ykkur framúrskarandi nýjungar í CLAAS línunni.**

FRUM - www.frum.is



- CLAAS Arion 510-550
- 125-165 hp 4 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 150 l LS vökvaflæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS  Arion 610-660
- 135-205 hp 6 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 120 – 150 l LS vökvaflæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS Axion 810-960
- 205-445 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 220 l LS vökvaflæði



- CLAAS Arion 410-460
- 90 - 140 hestöfl. Quadrishift eða Hexashift
- Panoramic ökumannshús
- Framúrskarandi aðbúnaður og útsýni
- 60 l - 110 l LS  vökvaflæði

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is**